



Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 - 2020



TGJ

TEIKNISTOFA GUÐRÚNAR JÓNSDÓTTUR

TJARNARGÖTU 4 101 REYKJAVÍK SÍMI 5627750 FAX 5627710 TGJ@TGJ.IS WWW.TGJ.IS

Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 - 2020

24. nóvember 2009

Unnið fyrir Sveitarstjórn Djúpavogshrepps



TGJ

TEIKNISTOFA GUÐRÚNAR JÓNSDÓTTUR

TJARNARGÖTU 4 101 REYKJAVÍK SÍMI 5627750 FAX 5627710 TGJ@TGJ.IS WWW.TGJ.IS

Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 – 2020

Útgefandi: Djúpavogshreppur

Verkið var unnið á TGJ Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur ark.fái.

Ábyrgðarmaður: Guðrún Jónsdóttir

Höfundar: Páll Jakob Línal og Guðrún Jónsdóttir

Aðstoð við framsetningu efnis og frágang:

Andrés Skúlason

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir

Kápumynd: Andrés Skúlason

Höfundum lesmáls og myndefnis eru áskilin öll réttindi

©2009 Djúpavogshreppur og höfundar

Staðfestingarsíða greinargerðar

Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 – 2020, aðalskipulagsuppdráttur í m: 1:50.000, þéttbýlisuppdráttur í m: 1:5.000 og skipulagsgreinargerð (5. kafli) var auglýst og kynnt skv. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Eftir lögboðinn auglýsingafrest, afgreiðslu sveitarstjórnar á athugasemdum og samþykkt sveitarstjórnar á tillögunni var hún send Skipulagsstofnun til afgreiðslu

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps samþykkti svör við athugasemdum og Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 – 2020 þann 3. september 2009.

Djúpavogi _____2009

Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 – 2020, aðalskipulagsuppdráttur í m: 1:50.000, þéttbýlisuppdráttur í m: 1:5.000 og skipulagsgreinargerð (5. kafli) var afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar ráðherra.

Þann _____2009

Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 – 2020, aðalskipulagsuppdráttur í m: 1: 50.000, þéttbýlisuppdráttur í m: 1:5.000 og skipulagsgreinargerð (5. kafli) var staðfest af ráðherra með fyrirvara um mat á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem falla undir ákvæði laga nr. 106/2000 og með fyrirvara um bráðabirgðahættumat Veðurstofunnar vegna ofanflóða við gerð deiliskipulags og afgreiðslu einstakra bygginga- og framkvæmdaleyfisumsókna sbr. kafla 5.17 um náttúruvá í greinargerð.

Þann _____20



Eggin í Gleðivík
Listaverk eftir Sigurð Guðmundsson, vígt 14. ágúst 2009

Formáli

Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 - 2020 er fyrsta aðalskipulag fyrir sameinað sveitarfélag en árið 1992 sameinuðust Búlands-, Geithellna- og Beruneshreppur undir nafni Djúpavogshrepps. Af þessum þremur hreppum lá aðeins til grundvallar aðalskipulag fyrir Búlandshrepp unnið af Guðrúnu Jónsdóttur, arkitekt og staðfest af ráðherra árið 1990. Því má segja að þurft hafi að vinna það aðalskipulag sem hér liggur fyrir frá grunni.

Mikill metnaður hefur verið lagður í aðalskipulagið og hafa nokkrir heimamenn lagt ríka hönd á plóg í þeirri yfirgripsmiklu vinnu sem innt hefur verið að hendi og ber hér með að þakka þeim öllum framlag sitt. Það hefur verið undirrituðum sérstaklega mikil ánægja að koma að þessari vinnu, sem hefur notið handleiðslu Guðrúnar Jónsdóttur frá upphafi en Guðrún hefur unnið með heimamönnum að skipulaginu af einstakri næmni og innsæi á staðháttum hér í Djúpavogshreppi. Með sönnu má segja að Páll Jakob Línal, sem vann sömuleiðis að þessu aðalskipulagi af miklum krafti, hafi náð jarðsambandi við Djúpavogshrepp frá fyrsta degi af sömu næmni og móðir hans Guðrún.

Það ber því að þakka þeim mæðginum Guðrúnu og Páli einstaklega góða samvinnu og frábært starf í þágu Djúpavogshrepps sem birtist okkur hér í þessu metnaðarfulla aðalskipulagi.

Þá skal hér einnig þakka starfsmanni Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur, Ólöfu Guðnýju Valdimarsdóttur, arkitekt sem vann kortagrunn skipulagsins af stakri fagmennsku.

Það er von þeirra er komu að gerð þessa aðalskipulags að það viðamikla efni sem hér liggur til grundvallar muni verða íbúum, sem og gestum bæði til gagns og gamans. Að sama skapi vonum við, sem komum að þessari vinnu, að stefna sú sem hér liggur fyrir megi verða komandi kynslóðum leiðarljós til langrar framtíðar og sömuleiðis verða til heilla fyrir sveitarfélagið Djúpavogshrepp um ókomin ár.

Oddviti / form. skipulagsnefndar Djúpavogshrepps,

Andrés Skúlason



Efnisyfirlit

1. kafli - Inngangur	i
1.1 Landfræðilegt umfang aðalskipulagsins	2
1.2 Efnislegt umfang aðalskipulags.....	3
1.3 Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir	6
1.4 Framsetning efnis, uppdættir og greinargerð	7
1.5 Skipulagsferlið	7
2. kafli - Náttúra	11
2.1 Staðhættir og landslag	12
2.2 Veðurfar	14
2.3 Náttúruvá	18
2.4 Jarðfræði	19
2.5 Vatnafar	26
2.6 Lífríki	27
2.7 Náttúruvernd.....	38
2.8 Náttúruauðlindir	40
2.9 Niðurstöður	41
3. kafli - Samfélag.....	43
3.1 Söguágrip.....	44
3.2 Þjóðminjar	49
3.3 Íbúápróun og aldursskipting.....	63
3.4 Byggð	63
3.5 Atvinna	64
3.6 Opinber þjónusta, frjáls félagastarfsemi og afþreying	79
3.7 Samgöngur	84
3.8 Veitur, lagnir og fjarskipti	91
3.9 Úrgangsmál	94
3.10 Niðurstöður	95
4. kafli – Skipulagsáætlunin – Umhverfisskýrsla	96
Samantekt.....	97
Umhverfisáhrif	97
Heildarniðurstaða.....	98
4.1. Inngangur	99
4.2 Helstu leiðir við gerð umhverfismats	99
4.3 Tengsl við aðra áætlanagerð.....	99
4.4 Heildarstefna sveitarstjórnar.....	100
4.5 Yfirlit yfir umfang og efni umhverfismatsins.....	102
4.6 Umhverfisþættir	103
4.7 Umhverfisviðmið.....	104
4.8 Einkenni og vægi áhrifa, einkunnagjöf	104
4.9 Vöktun – mat á umhverfisáhrifum	105
4.10 Greinargerð sveitarstjórnar sbr. 9 gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006	120
5. kafli – Skipulagsáætlunin – Landnotkun og þróun byggðar.....	121
5.1 Landbúnaður	126
5.2 Miðsvæði.....	129
5.3 Verslunar- og þjónustusvæði.....	131
5.4 Frístundabyggð	133
5.5 Athafnasvæði.....	135
5.6 Iðnaðarsvæði.....	136
5.7 Hafnarsvæði	137
5.8 Þjónustustofnanir	139
5.9 Íbúðarsvæði.....	142
5.10 Náttúru- og menningarminjar.....	144
5.11 Opin svæði til sérstakra nota	167

5.12 Óbyggð svæði	171
5.13 Samgöngur	171
5.14 Veitur	175
5.15 Efnistökusvæði.....	177
5.16 Úrgangsmál, sorp og sorphirða.....	182
5.17 Náttúruvá og önnur vá	183
6. kafli – Svæðisskipulag og um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda	185
6.1 Breytingar á Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015	186
6.2 Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda sbr. lög nr. 106/2000	186
7. kafli – Framfylgd aðalskipulags.....	187
8. kafli – Ýmsar hugmyndir.....	187
9. kafli – Heimildir	187
Viðauki.....	187

Töflur

Tafla 1. Yfirlit yfir staðfestar / samþykktar skipulagsáætlanir í Djúpavogshreppi fram til 1. mars 2008.	7
Tafla 2. Skipting gróðurfars í Djúpavogshreppi.....	28
Tafla 3. Veiðitölur í Selá í Álfafirði á tímabilinu 2004 - 2008.	37
Tafla 4. Svæði í Djúpavogshreppi sem njóta friðlýsingar skv. lögum um náttúruvernd nr. 44/1999.	38
Tafla 5. Svæði í Djúpavogshreppi sem eru á Náttúruminjaskrá 1996.	38
Tafla 6. Svæði sem voru meðal tillagna Umhverfisstofnunar um friðlýsingu fyrir Náttúruverndaráætlun 2004 – 2008.....	39
Tafla 7. Friðlýstar fornminjar skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001 í Djúpavogshreppi.....	49
Tafla 8. Dýrleiki jarða í Djúpavogshreppi árið 1686/1696 og árið 1847.	50
Tafla 9. Tegundir þjóðminja og fjöldi í Djúpavogshreppi.....	52
Tafla 10. Skráning þjóðminja, staðsetning og aldursgreining.....	53
Tafla 11. Friðuð hús í Djúpavogshreppi skv. lögum um húsafriðun nr. 104/2001.	55
Tafla 12. Önnur merk hús í Djúpavogshreppi.	57
Tafla 13. Friðaðar kirkjur í Djúpavogshreppi skv. lögum um húsafriðun nr. 104/2001.	61
Tafla 14. Vitar í Djúpavogshreppi	62
Tafla 15. Yfirlit yfir heiti, flokkun, lengd og legu vega í Djúpavogshreppi.....	85
Tafla 16. Yfirlit yfir umferð á vegum í Djúpavogshreppi á árunum 2000 og 2005.	86
Tafla 17. Sundurliðun framkvæmda í Djúpavogshöfn, skv. Samgönguáætlun 2007 - 2010. Kostnaðarhlutur ríkis í sviga.	90
Tafla 18. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna uppbyggingar Axarveggar (939) og Hringveggar um botn Berufjarðar	106
Tafla 19. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum ef ekki verður ráðist í uppbyggingu Axarveggar (939) og uppbyggingu Hringveggar um botn Berufjarðar.....	107
Tafla 20. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna gerðar Lónsheiðarganga og vegar frá þeim.....	108
Tafla 21. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum ef ekki verður af gerð Lónsheiðarganga og vegar frá þeim	109
Tafla 22. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna lengingu flugbrautar	110
Tafla 23. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum ef lenging flugbrautar fer ekki fram.....	111
Tafla 24. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum efnistöku	113
Tafla 25. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum ef engin efnistaka fer fram.....	114
Tafla 26. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum ef ræktun skóga fer fram.	116
Tafla 27. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum ef ræktun skóga fer ekki fram	117
Tafla 28. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna hverfisverndar.....	118
Tafla 29. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum ef engin hverfisvernd er fyrir hendi.....	119
Tafla 30. Landnotkun jarða í Djúpavogshreppi samkvæmt Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020.....	123
Tafla 31. Jarðir með skógræktarsvæðum samkvæmt Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020. ...	128
Tafla 32. Tillögur sveitarstjórnar Djúpavogshrepps um friðlýsingu náttúruminja í sveitarfélaginu.	145

Tafla 33. Tillaga sveitarstjórnar Djúpavogshrepps um friðlýsingu þjóðminja í sveitarfélaginu skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001	150
Tafla 34. Flokkun svæða og fyrirbæra innan þéttbýlismarka Djúpavogs sem aðalskipulagstillaga gerir ráð fyrir að njóti hverfisverndar.	153
Tafla 35. Flokkun svæða utan þéttbýlis sem aðalskipulagstillaga gerir ráð fyrir að njóti hverfisverndar.	159
Tafla 36. Staðsetning og umfang efnistökusvæða í Djúpavogshreppi.....	178

Myndir

Mynd 1. Meðalhitastig hvers árs á Teigarhorni, Reykjavík og Akureyri á árunum 1979 - 2008.	14
Mynd 2. Meðalhitastig hvers mánaðar á Teigarhorni, Akureyri og Reykjavík á árunum 1979 – 2008.....	14
Mynd 3. Ársúrcoma á Teigarhorni*, Akureyri og Reykjavík á árunum 1979 - 2008.....	15
Mynd 4. Meðalúrcoma hvers mánaðar á Teigarhorni, Papey, Reykjavík og Akureyri á árunum 1979 - 2008.....	15
Mynd 5. Vindrósir (tíðni vindátta í %) fyrir fjórar athugunarstöðvar.	16
Mynd 6. Meðalvindhraði hvernar vindáttar í metrum á sekúndu á fjórum veðurathugunarstöðvum.	17
Mynd 7. Vetrartalningar hreindýra í Djúpavogshreppi á tímabilinu 1991 – 2007.	34
Mynd 8. Heildarfjöldi veiddra hreindýra á ári á landsvísu og í Djúpavogshreppi á tímabilinu 2005 – 2008.	35
Mynd 9. Veiðitölur fyrir ref og mink í Djúpavogshreppi á tímabilinu 1997 – 2006.....	36
Mynd 10. Íbúðpróun í Djúpavogshreppi á árunum 1992 - 2008.	63
Mynd 11. Aldurskipting íbúa Djúpavogshrepps á árunum 1992 og 2008.....	63
Mynd 12. Próun í fjölda starfandi einstaklinga eftir atvinnugreinum í Djúpavogshreppi á tímabilinu 1998 – 2005.....	64
Mynd 13. Fjöldi starfandi einstaklinga í frumvinnslugreinum í Djúpavogshreppi á tímabilinu 1998 – 2005.....	64
Mynd 14. Löndun sjávarafla á Djúpavogi á tímabilinu 1992 - 2007.	65
Mynd 15. Löndun helstu fiskitegunda á Djúpavogi á tímabilinu 1992 - 2008.....	65
Mynd 16. Heyfengur bænda í Djúpavogshreppi eftir heyverkunum í þúsundum rúmmetra (m ³), á árunum 1992, 1999 og 2006.	65
Mynd 17. Fjöldi nautgripa, kúa og hrossa í Djúpavogshreppi á árunum 1992 - 2007.	66
Mynd 18. Fjöldi sauðfjár og áa í Djúpavogshreppi á árunum 1992 - 2007.	66
Mynd 19. Próun í fjölda starfandi einstaklinga í iðngreinum í Djúpavogshreppi á tímabilinu 1998 – 2005.....	67
Mynd 20. Próun í fjölda starfandi í þjónustu í Djúpavogshreppi á tímabilinu 1998 – 2005.	67
Mynd 21. Fjöldi gistinátta Íslendinga og erlendra ferðamanna á Austurlandi eftir mánuðum árið 2008. .	73
Mynd 22. Hlutfall íslenskra ferðamanna sem kusu tiltekna tegund afþreyingar á Austurlandi árið 2003.	74
Mynd 23. Hlutfall íslenskra ferðamanna sem kusu tiltekna tegund afþreyingar á Austurlandi sumarið 2005.....	75
Mynd 24. Próun í fjölda erlendra ferðamanna á Íslandi á 30 ára tímabili (1979 - 2008).....	75
Mynd 25. Hlutfallsleg skipting erlendra ferðamanna sem komu til Íslands árið 2008.	76
Mynd 26. Hlutfall erlendra ferðamanna sem kusu sér tiltekna tegund afþreyingar, þegar þeir komu til Íslands árið 2004.....	76
Mynd 27. Hlutfall erlendra ferðamanna sem kusu tiltekna tegund afþreyingar á Austurlandi sumarið 2004.....	77
Mynd 28. Hlutfall erlendra ferðamanna sem kusu tiltekna tegund afþreyingar á Austurlandi sumarið 2005.....	77
Mynd 29. Próun í fjölda erlendra ferðamanna á Íslandi á 30 ára tímabili (1976 - 2005) og spá um fjölda ef aukning þeirra verður 3%, 6% eða 9% á ári til ársins 2015. Í spánni er einungis gert ráð fyrir þeim fjölda ferðamanna sem koma í gegnum Leifsstöð.	130
Mynd 30. Svæði / staðir sem stefnt er á að verði friðaðir skv. lögum um náttúruvernd nr. 44/1999, svæði / staðir sem njóta friðunar skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001 og svæði / staðir sem stefnt er að verði friðuð skv. þjóðminjalegum nr. 107/2001 á gildistíma Aðalskipulags Djúpavogshrepps 2008 - 2020.	147

Mynd 30. Friðaðir staðir / svæði skv. lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 og þjóðminjalögum nr. 107/2001. Staðir / svæði sem stefnt er að verði friðaðir skv. lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 og þjóðminjalögum nr. 107/2001 á gildistíma Aðalskipulags Djúpavogshrepps 2008 - 2020.....	Error! Bookmark not defined.
Mynd 30. Byggingar sem njóta friðunar skv. lögum um húsafriðun nr. 104/2001, byggingar sem stefnt er að verði friðuð skv. lögum um húsafriðun nr. 104/2001 og, staðir / svæði sem stefnt er á að verði friðuð skv. lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 á gildistíma Aðalskipulags Djúpavogshrepps 2008 - 2020.....	148
Mynd 31. Hús sem njóta friðunar skv. lögum um húsafriðun nr. 104/2001. Hús sem stefnt er að verði friðuð skv. lögum um húsafriðun nr. 104/2001, staðir / svæði sem stefnt er að verði friðuð skv. lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 og svæði sem njóta hverfisverndar skv. Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020.....	148
Mynd 33. Helstu svæði í dreifbýli sem njóta hverfisverndar skv. Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020.....	157
Mynd 34. Svæði í þéttbýli sem njóta hverfisverndar skv. Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020..	158

Skýringakort

Skýringarkort 1. Jarðfræðikort af Djúpavogshreppi og næsta nágrenni.	20
Skýringarkort 2. Tillaga að afmörkun búsvæðis tjarnarklukku skv. Náttúruverndaráætlun 2009 – 2013.	40
Skýringarkort 3. Heiti húsa og gatna	58
Skýringarkort 4. Aldur húsa	59
Skýringarkort 5. Staðsetning horfinna húsa og eldri mannvirkja.....	60
Skýringarkort 6. Núverandi vegakerfi í Djúpavogshreppi.....	87
Skýringarkort 7. Gönguleiðakort	89
Skýringarkort 8. Fyrirhugað stofnvegakerfi í Djúpavogshreppi.....	173

Fylgiskjöl

- I. Íbúakönnun á Djúpavogi
- II. Íbúakönnun í dreifbýli Djúpavogshrepps
- III. Kristinn Haukur Skarphéðinsson (2007). Fuglalíf í Djúpavogshreppi. Bliki, 28, bls. 1 – 18.
- IV. Árni Hjartarson, Freysteinn Sigurðsson og Þórólfur H. Hafstað (1981). Vatnsbúskapur Austurlands III – Lokaskýrsla (OS81006/VOD04). Unnið fyrir Samband sveitarfélaga á Austurlandi.
- V. Haukur Jóhannesson. Jarðfræði Djúpavogs og nágrennis. Júlí 2006.
- VI. Guðný Zoëga (2004). Hálsþorp í Djúpavogshreppi – Fornleifaskráning (35/2004). Byggðasafn Skagafjarðar.
- VII. Sædis Gunnarsdóttir (2004). Menningarminjar í Djúpavogshreppi – Svæðisskráning (FS239-03191). Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Ljósmyndir

Höfundur myndefnis að mestum hluta: Andrés Skúlason

Aðrar ljósmyndir: Páll Jakob Línal, Guðrún Jónsdóttir og Snæfríður Þórisdóttir

1. kafli - Inngangur



1.1 Landfræðilegt umfang aðalskipulagsins

Djúpavogshreppur er syðsta sveitarfélagið í Suður-Múlasýslu og varð til við sameiningu Búlandshrepps, Geithellahrepps og Beruneshrepps, þann 1. október 1992.

Aðalskipulagið tekur til alls lands Djúpavogshrepps og er heildarstærð sveitarfélagsins 1.133 km².

Afmörkun sveitarfélagsins er sem hér segir:

- **Í suðri:** Um klettabríkina Hlaupgeira norðan undir Krossanesi og Hlaupgeirabotn hátt í Krossanesfjalli liggur markalína milli Djúpavogshrepps og Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Þaðan fylgir línan vatnaskilum um Hvaldalsháls, að Seltindi, áfram að Snjótindi, þar fer hún niður í Hvalvarp og upp á Ljósártungutind. Fer svo til vesturs yfir Lónsheiði um sýslustein, yfir hæsta tind Rjúpnadalsfjalls, sveigir til norðurs með hæstu hæðarlínunum að hæsta tind Flötufjalla og svo vestur að Hvannagilstindi. Línan liggur svo um hæstu tinda og vatnaskil allt vestur í Kálfadalshrepp í botn Starmýrardals.
- **Í vestri:** Frá botni Starmýrardals að Flötufjöllum norður í Kolhólatind, þaðan í beinni línu um Mosfellsheiði í Jökulgils- og Flugustaðatinda, þaðan norður í Hofsjökul miðjan og þá með markalínu Fljótsdalshrepps og áfram norður að Norðurhnútu, þá í vestur að Leiðaröxl og norður í Sauðahnjúk áfram að Hamarsdalsdrögum og þar austur yfir að Bótarhnjúk. Síðan með markalínu við Fljótsdalshérað milli Ódádavatns og Líkárvatns að Leirdalshrauni, þaðan í línu að Merkjahrygg og þá í beina línu að Kjalfjalli.
- **Í norðri:** Frá Kjalfjalli með markalínu við Breiðdalshrepp í austur, í Berufjarðartind, þaðan í Flögutind um Slött og að fjallinu Stöng.
- **Í austri:** Frá Stöng áfram með markalínu við Breiðdalshrepp í austur eftir fjallseggjum í Bæjartind, þaðan í Grjóthólatind, Hrossatind, Klukkutind, Krosstind og Núpstind, þaðan í Naphorn og þá sveigir til suðurs niður á Berufjarðarströnd að Langatanga í sjó fram.



Sveitarfélög sem liggja að Djúpavogshreppi eru Fljótsdalshreppur, Fljótsdalshérað, Breiðdalshreppur og Sveitarfélagið Hornafjörður.

1.2 Efnislegt umfang aðalskipulags

1.2.1 Hvað er aðalskipulag?

Aðalskipulag er skv. gr. 1.3 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998:

„... skipulagsáætlun fyrir eitt sveitarfélag þar sem fram kemur stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar í sveitarfélaginu á minnst 12 ára tímabili.“

Skipulagsáætlun þessi er byggð á skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998. Í 1. gr. laganna segir:

„Markmið laga þessara er:

- Að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir sem hafi efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi að leiðarljósi,
- Að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru- og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi,
- Að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulagsmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi.
- Að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi, endingu, útlit og hagkvæmni bygginga og annarra mannvirkja sé fullnægt.“



Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 – 2020 fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

1.2.2 Leiðarljós

Við gerð Aðalskipulags Djúpavogshrepps 2008 – 2020 er haft að leiðarljósi að draga fram kosti svæðisins til búsetu, hvort sem um er að ræða heilsárs- eða sumarbúsetu. Að því er stefnt eftir fremsta megni að tryggja þeim sem þar búa eða dvelja í lengri eða skemmri tíma, örugg og áhugaverð búsetuskilyrði. Í því skyni er sérstaklega litið á hina sérstöku náttúru svæðisins og menningarminjar sem auðlind og / eða uppsprettu sem beri að horfa til í sambandi við skilgreiningu á landnotkun innan sveitarfélagsins, s.s. svæði fyrir landbúnað í víðum skilningi, náttúruvernd, minjavernd, ferðamennsku, ferðaþjónustu, útivist og sjálfsímynd íbúanna.

Skipulagsáætlunin miðast við að íbúum með lögheimili í sveitarfélaginu fjölgi á skipulagstímabilinu.

1.2.3 Meginmarkmið sveitarstjórnar

Rannsóknir

- Stefnt er að því að dýpka þekkingu manna á svæðinu einkum hvað snertir náttúrufar og sögu. Fyrstu rannsóknarsvæðin gætu t.d. verið Fossárdalur og Gautavík, húsakönnun í sveitarfélaginu og rannsóknaraðstaða við söfnin.
- Stefnt er að áframhaldandi rannsóknum á heitu vatni.

Félagsleg markmið

- Stefnt er að því að styrkja sjálfsmynd íbúanna m.a. með því leggja aukna áherslu á íbúalýðræði og kynningu á skipulagsáætlunum og því fjölmarga sem svæðið hefur upp á að bjóða.
- Stefnt er að því að í sveitarfélaginu sé ávallt fyrir hendi aðstaða fyrir opinberar stofnanir sem veiti öllum íbúum þess sem besta þjónustu, hver á sínu sviði.
- Stefnt skal að styrkingu fjölskyldunnar og félagslífs í sveitarfélaginu og tengsl á milli þeirra, sem hafa þar fasta búsetu og hinna, sem þar hafa aðsetur hluta úr ári.
- Lögð er áhersla á umhverfissvæna og eftirsóknarverða ímynd svæðisins, þar sem haldið verði frá athöfnum, sem valdið geta neikvæðum samfélagslegum áhrifum, svo sem hvers kyns mengun, hernaðarstarfsemi, vímuefnum o.fl.
- Stefnt er að heilsuefningu í sveitarfélaginu, sem m.a. felst í því, að þar sé fyrir hendi, til afnota fyrir alla, góð sundlaug, íþróttahús, íþróttasvæði, áhugaverðar og fjölþættar gönguleiðir, aðstaða til siglinga og aðstaða fyrir frístundabúskap.

Atvinna

- Gert er ráð fyrir að landbúnaður verði hér eftir, sem hingað til, ríkjandi landnotkun á skipulagssvæðinu.
- Stefnt er að eflingu hliðargreina hefðbundis landbúnaðar.
- Stefnt er að uppbyggingu menningar-, rannsókn- og menntastofnana á Djúpavogi og fjölgunar opinberra starfa því samfara. Þetta felst meðal annars í því að koma á fót byggingu safns um Ríkarð Jónsson sem jafnframt verði alhliða menningarhús, eflingu byggðasafns staðarins, fuglasafns og uppbyggingu safns á Teigarhorni í húsi Þjóðminjasafns Íslands. Gert er ráð fyrir að rannsóknir og fræðsla verði í öllum tilvikum hluti af starfseminni.
- Stefnt er að aukningu á verslunar- og þjónustuhúsnæði.
- Stefnt er að því að styðja við og auka fjölbreytta en hreinlega atvinnustarfsemi.
- Stefnt er að því að möguleikar séu fyrir hendi innan skipulagssvæðisins fyrir smá iðnaðarstarfsemi, í tengslum við borun eftir heitu vatni og frekari þróun sörpmála.
- Stefnt er að því að auka vöxt og viðgang hafnsækkinnar starfsemi á Djúpavogi.



- Stefnt er að því að skapa aðstöðu á hafnarsvæðum fyrir skemmtibáta og skútur meðal annars geymsluaðstöðu yfir veturinn o.fl.
- Stefnt er að því að efla og þróa atvinnutækifæri í ferðaþjónustu í Djúpavogshreppi m.a. með því að leggja áherslu á uppbyggingu góðra tjald- og hjólhýsasvæða og annarra gisti- og dvalarúrræða, góðan mat og viðurgjörning, framleiðslu vandaðs handverks og framboðs á skipulögðum fræðsluferðum um sveitarfélagið á hinum ýmsu sviðum. Þá þarf að leggja áherslu á að nýta þá aðstöðu, sem er í sveitarfélaginu fyrir fundi og ráðstefnuhald og bæta aðstöðu til sýningarhalds af ýmsum toga. Með þessu skapast möguleikar á fleiri heilsársstörfum í ferðaþjónustu, sem er vaxandi atvinnugrein á svæðinu.

Íbúar

- Stefnt er að fjölgun íbúa í sveitarfélaginu, svo sem með auknu framboði á skipulögðum svæðum fyrir íbúðarbyggð.
- Stefnt er að eflingu frístundabyggðar í sveitarfélaginu, meðal annars í þeim tilgangi að skapa fólki fjölpætta aðstöðu á svæðinu og lengja dvalartíma þess.

Veitur

- Stefnt er að lagningu hitaveitu fyrir Djúpavog, verði forsendur fyrir hendi.
- Stefnt er að eflingu fjarskipta í sveitarfélaginu öllu með það að markmiði að íbúar þess njóti sambærilegrar þjónustu við það sem best gerist í landinu.

Menningarminjar

- Stefnt skal að verndun og / eða lagfæringum menningarminja og í þeim tilfellum sem við á skal þeim fundið nýtt og/eða viðeigandi hlutverk.
- Lögð verður áhersla á gerð áætlunar um hvernig skuli staðið að verndun og/eða lagfæringum menningarminja.
- Stefnt skal að gerð áætlunar um lagfæringu merkra svæða sem hafa verið í niðurniðslu á undanförunum árum.

Náttúra og umhverfismál

- Lögð verður áhersla á verndun svæða, sem hafa mikilvæg náttúrufarsleg og/eða jarðfræðileg gildi, eða eru mikilvæg með tilliti til fugla- og dýralífs.
- Lögð verður áhersla á að vanda val á efnistökusvæðum og þar verði jafnhliða tekið tillit til umhverfissjónarmiða.
- Lögð verður áhersla á fyrirbyggjandi varnir gegn hvers kyns mengun, svo sem loft-mengun, hljóðmengun, jarðvegsmengun, skólpmengun og sjónrænni mengun.
- Lögð verður áhersla á flokkun sorps og vinnslu lífræns úrgangs frá heimilum og fyrirtækjum.
- Lögð verður áhersla á að þrýsta á lagningu rafmagns í jörð á viðkvæmum svæðum, meðal annars friðuðum svæðum og svæðum á náttúruminjasrá.
- Lögð verður áhersla á gerð Staðardagskrár 21 fyrir Djúpavogshrepp.



Ferðamál

- Stefnt verður að því að koma upp leiðbeiningaskiltum fyrir ferðamenn við þekkt kennileiti og á mikilvægustu útivistarsvæðum sveitarfélagsins.
- Lögð verður áhersla á að svæðið undir Hálsunum (t.d. Kambshjáleiga og Háls) verði gert að sérstöku útivistar- og minjasvæði, meðal annars vegna óraskaðra menningarminja.
- Lögð verður áhersla á að svæðið á Útlandinu / Búlandsnesi verði nýtt sem fjölbreytt útivistarsvæði, m.a. til fuglaskoðunar, gönguleiða um sandana og um hinar landföstu eyjar.



Samgöngumál


- Lögð verður áhersla á að auka öryggi vegfarenda með fullkomnum samgöngubótum, svo sem á Öxi, fyrir Berufjarðarbotn, gerð Lónsheiðarganga og viðhaldi vega í sveitarfélaginu.
- Hvatt verði til notkunar annars ferðamáta en vélknúinna ökutækja, til dæmis með öruggum og aðlaðandi göngustígum og hjólaleiðum innan þéttbýlisins á Djúpavogi.
- Lögð verði áhersla á að viðhalda núverandi gönguleiðum í sveitarfélaginu og merkja nýjar.
- Lögð verður áhersla á tengingu svæðisins við Vatnajökulspjóðgarð og fylgst grannt með þeim möguleikum, sem þar skapast fyrir svæðið.

1.3 Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir

Aðalskipulag fyrir Búlandshrepp og Djúpavog 1989 – 2009, sem var staðfest 14. júní 1990, er enn í gildi. Síðar eða árið 1992 sameinuðust Búlandshreppur, Geithellahreppur og Beruneshreppur og hlaut nýi hreppurinn nafnið Djúpavogshreppur.

Á svæðinu er einnig í gildi Svæðisskipulag Miðhálandis Íslands 2015, staðfest 10. maí 1999 með síðari breytingum, sem nær yfir vestari hluta Djúpavogshrepps.

Í töflu 1 er yfirlit yfir staðfestar og samþykktar skipulagsáætlanir í Djúpavogshreppi.



Tafla 1. Yfirlit yfir staðfestar / samþykktar skipulagsáætlanir í Djúpavogshreppi fram til 1. mars 2008.

	Afgreiðsla	Skipulagsstig
Svæðisskipulag Miðhálandis Ísl.	Staðfest	Svæðisskipulag
Búlandshreppur og Djúpivogur (1989 – 2009)	Staðfest	Aðalskipulag
Breyting á aðalskipulagi vegna byggingar byggðalínustöðvar RARIK í landi Teigarhorns.	Staðfest	Aðalskipulag
Breyting á aðalskipulagi og deiliskipulagi vegna íbúðarsvæðis við Borgarland og Hlíð.	Staðfest	Aðalskipulag / deiliskipulag
Djúpivogur – iðnaðar- og athafnasvæði við Innri Gleðivík	Staðfest	Deiliskipulag
Djúpivogur – hafnargerð í Innri Gleðivík	Staðfest	Deiliskipulag
Djúpivogur – Hammersminni	Staðfest	Deiliskipulag

Heimild: Skipulagsstofnun

Fyrir liggur Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2002 – 2014, sem staðfest var 20. apríl 2004. Aðalskipulag Hornafjarðar 1998 – 2018, sem var staðfest 23. janúar 2001. Vinna stendur yfir við gerð aðalskipulagsáætlana fyrir Breiðdalshrepp og Fljótsdalshérað.

1.4 Framsetning efnis, uppdrættir og greinargerð

Skipulagsáætlunin er sett fram annars vegar á aðalskipulagsuppdráttum í mælikvarða 1:50.000 fyrir allt sveitarfélagið og hinsvegar 1:5.000 fyrir þéttbýlið á Djúpavogi. Auk þess er settur fram skýringaruppdráttur yfir Búlandsnes í mælikvarða 1:20.000. Öll kort voru unnin á kortagrunn frá Landmælingum Íslands og Loftmyndum ehf.

Efni aðalskipulagsins er sett fram í greinargerð, þar sem greint er frá og settar fram í máli og myndum, töflum, línuritum og skýringarkortum, helstu forsendur einstakra málaflokka og sjálf skipulagsáætlunin (sjá nánar í efnisyfirliti).

1.5 Skipulagsferlið

1. áfangi. Undirbúningur

Snemma á skipulagsferlinu var gerð könnun meðal íbúa Djúpavogs og íbúa í dreifbýli. Spurt var ýmissa spurninga varðandi framtíðarsýn manna og áherslur. Þessar tvær kannanir eru fylgiskjöl með aðalskipulagsáætluninni. Þá var leitað eftir skýrslum um afmarkaða þætti frá sérfræðingum á viðkomandi sviði og eru þær einnig fylgiskjöl með áætluninni. Um er að ræða eftirfarandi skýrslur:

- Kristinn Haukur Skarphéðinsson – Fuglalíf í Djúpavogshreppi. Mótt. 17. apríl 2005.
- Freysteinn Sigurðsson – Djúpavogshreppur, vatnsmál. Mótt. 5. nóvember 2004. Með þessu fylgdi Vatnsbúskapur Austurlands III – Lokaskýrsla (OS81006/VOD04).
- Haukur Jóhannesson – Jarðfræði Djúpavogs og nágrennis. Júlí 2006.
- Fornleifastofnun – Menningarminjar í Djúpavogshreppi - Svæðisskráning (FS239 – 03191). 2004.

Þá var rannsóknaskýrsla Guðnýjar Zoëga um Hálsþorp notuð við gerð og stefnumótun aðalskipulagsins og er hún einnig fylgiskjal með áætluninni. Auk þess sem þegar er nefnt var leitað til fjölmargra annarra stofnana og aðila eftir upplýsingum, vettvangsferðir farnar og fundað með heimamönnum.

2. áfangi. Forsendur og meginmarkmið

Náið samstarf var haft við sveitarstjórn um forsendur og meginmarkmið skipulagsins.

3. áfangi. Fyrstu drög að skipulagstillögu kynnt

Íbúafundur var haldinn 14. apríl 2007 á Hótel Framtíð á Djúpavogi. Á fundinn mættu 45 manns.

Í framhaldi af honum, það er þann 16. apríl 2007, sendi Djúpavogshreppur til umsagnar vinnuskýrslu aðalskipulagstillögu dags. 14. apríl 2007 til Skipulagsstofnunar, ásamt drögum að aðalskipulagsupprætti Djúpavogshrepps (1:50.000) dags. 31. mars 2007 og þéttbýlisupprætti af Djúpavogi (1:5.000) dags. 11. apríl 2007.



4. áfangi. Önnur drög að skipulagstillögu kynnt

Önnur drög að skipulagstillögu voru kynnt skipulags- byggingar- og umhverfismálanefnd Djúpavogshrepps á sérstökum fundi í janúar 2008. Í tengslum við kynningu á drögum að skipulagstillögu dvaldi starfsmaður ráðgjafa í 10 daga á Djúpavogi og vann þar náið með oddvita Djúpavogshrepps, Andrési Skúlasyni að frekari mótun skýrslunnar. Skipulagstillagan var síðan send samráðsaðilum til umsagnar/kynningar á tímabilinu 15. mars - 9. apríl sama ár. Samanber grein 3.2 í skipulagsreglugerð 400/1998 var aðalskipulagstillagan send til eftirfarandi samráðsaðila:

- Flugstoðir. Svar barst í bréfi dags. 16. apríl 2008.
- Fornleifavernd. Svar barst ekki.
- Húsafriðunarnefnd ríkisins. Svar barst með bréfi dags. 6. maí 2008.
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Svar barst ekki.
- Landsnet. Svar barst með bréfi dags. 28. apríl 2008.
- Siglingastofnun. Svar barst með tölvupósti dags. 3. júlí 2008.
- Umhverfisstofnun. Svar barst með tölvupósti dags. 16. maí 2008.
- Veðurstofa. Svar barst með tölvupósti dags. 18. apríl 2008.
- Vegagerðin. Svar barst með tölvupósti dags. 9. maí 2008.

5. áfangi. Seinni íbúafundur og lokafrágangur fyrir auglýsingu

Unnið hefur verið m.a. úr athugasemdum samráðsaðila og að endanlegri skýrslu- og kortagerð. Mjög náíð samstarf var við heimamenn og þá sérstaklega oddvita Djúpavogshrepps, sem hefur haldið marga vinnufundi með ráðgjöfum, veitt upplýsingar og verið mótandi hvað verkið varðar.

Almennur íbúafundur, sá hinn síðari, var haldinn á Hótel Framtíð á Djúpavogi 7. febrúar 2009. Á fundinn mættu 52.



Aðalskipulagstillagan var send nágrannasveitarfélögum til kynningar 9. febrúar 2009.

- Breiðdalshreppur. Svar barst með tölvupósti þann 3. júní 2009.
- Fljótsdalshreppur. Svar barst með tölvupósti þann 15. maí 2009.
- Fljótsdalshérað. Svar barst með tölvupósti þann 14. maí 2009.
- Sveitarfélagið Hornafjörður. Svar barst með tölvupósti þann 3. júní 2009.

Á fundi sveitarstjórnar Djúpavogshrepps, þann 11. júní 2009, var samþykkt að auglýsa tillöguna. Aðalskipulagstillagan var auglýst í Lögbirtingablaðinu þann 6. júlí 2009.

Auglýsingafresti lauk 19. ágúst 2009. Þá höfðu borist tvær athugasemdir:

- Frá eigendum Teigarhorns, undirrituð af Jónínu B. Ingvarsdóttur f.h. Herberts Hjörleifssonar og var athugasemdin í sex liðum.
- Frá eigendum Múla 1, undirrituð af Guðmundi Erni Traustasyni, Þebu Björku Karlsdóttur og Ragnhildi Traustadóttur og var athugasemdin í níu liðum.

Á fundi sveitarstjórnar Djúpavogshrepps, þann 3. september 2009, voru samþykkt svör við athugasemdum, sem og skipulagstillagan í heild sinni. Sveitarstjórn fól síðan sveitarstjóra að senda Skipulagsstofnun tillöguna til afgreiðslu sbr. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 97/1997 m.s.br.

Skipulagsstofnun sendi aðalskipulagstillöguna til umsagnar Samvinnunefndar um miðhálendið 7. október 2009.

Þá hélt oddviti Djúpavogshrepps kynningu á aðalskipulagstillögunni á fundi nefndarinnar á Hallormsstað 26. október 2009.

Svar frá nefndinni barst með bréfi 28. október 2009 og gerði hún engar athugasemdir.

Aðalskipulagstillagan var svo send Skipulagsstofnun til lokayfirferðar 26. nóvember 2009.

2. kafli - Náttúra



2.1 Staðhættir og landslag

Innan marka Djúpavogshrepps eru þrír firðir, Álftafjörður, Hamarsfjörður og Berufjörður og undirlendi þeirra, ásamt fjöllum sem skilja firðina að og hálendi sem rís í dalbotnum og gengur inn á miðhálandi Íslands. Að auki telst Papey innan marka sveitarfélagsins.

2.1.1 Álftafjörður

Álftafjörður, sem er syðstur fjarðanna, er nokkurs konar sjávarlón en Starmýrarfjörur, sem eru ekki breiðari en svo að stórbrim ganga yfir þær, skilja á milli lóns og hafs. Fjörðurinn er allmikill um sig, en tiltölulega grunnur og þorna stór svæði hans um fjöru. Nokkrar eyjar eru í honum og er Brimilsnes þeirra stærst.

Fyrir sunnan fjörðinn rís Krossanesfjall, rúmlega 700 m hátt beint upp úr sjó en þar fyrir norðan eru Mælifell og Sellönd. Þegar þessu sleppir taka við fjórir dalir sem ganga upp af Álftafirði, til vesturs. Þeirra syðstur er Starmýrardalur. Mynni dalsins er þröngt, en þegar innar kemur opnast hann lítillega, en há fjöll, Flötufjöll og Miðfell að sunnan og Selfjall að norðan, rísa hratt upp. Um dalinn liggur Selá og á hún upptök sín efst í Starmýrardal. Í dalsmynninu fellur áin um Sjónarhraun og þaðan í sveig til norðvesturs yfir Stekkjartún þar sem hún sameinast Starmýrará, sem á upptök sín í Hæðum. Þaðan fellur Selá í Krossavík við sunnanverðan Álftafjörð.



Norðan Selfjalls liggur Flugustaðadalur, um 14 km langur. Líkt og Starmýrardalur er hann þröngur og undirlendi lítið.

Til austurs, um dalinn fellur Suðurá / Flugustaðaá, sem á upptök sín í Bláskriðum í botni dalsins, undir Tungutindum og Flugustaðatindum. Undir Tungutindum við Tungusporð sameinast áin Hofsá, sem kemur ofan úr Hofsvötnum austan Hofsjökuls og saman falla þær til austurs um Hofshólma í vestanverðan Álftafjörð.

Mynni Flugustaðadals er sunnanvert við árnar en mynni Hofsdals að norðanverðu, helst skipting þannig uns Tungutindar taka við og skilja dalina að, þannig að Flugustaðadalur teygir sig áfram í vestur, en Hofsdalur sveigir til norðvesturs. Báðir dalirnir eru nokkuð vel grónir og er þar talsvert birkikjarr. Þegar upp í dalina er komið blasa við Jökulsgilsgrindur, Grísatungur og Hofsjökull (1280 m).

Við norðanverðan Hofsdal taka við snarbrattar fjallshlíðar og er Selfjall (950 m) hæst tinda og handan fjallgarðsins er Geithelladalur, um 18 km langur. Há fjöll eru beggja vegna dalsins allt vestur fyrir Þrándarjökul (1248 m), en þegar í dalbotninn er komið rís land hratt og hásléttan norðaustur af Vatnajökli, svokölluð Hraun blasa við. Dalurinn er grösugur og töluverður skógur er þar. Um dalinn rennur Geithellaá. Hún er talsvert vatnsfall, sem hefur meginupptök sín í Þrándarjökli og hálendinu vestan hans. Fellur hún um Geithelladal í fossum og gljúfrum uns niður á láglendi er komið. Þaðan rennur hún um malareyrar og fellur í kvílum í vestanverðan Álftafjörð.

2.1.2 Hamarsfjörður

Norðan Álfafjarðar tekur við annað sjávarlón, Hamarsfjörður. Melrakknes skilur á milli Álfafjarðar og Hamarsfjarðar og út af því er Melrakknesós sem er þröngt sund á milli Stapaeyjar á Starmýrarfjöllum og Þvottáreyja sem eru í mynni Hamarsfjarðar, en um ósinn falla firðirnir til hafs. Annað þröngt sund, Holusund er austan megin Þvottáreyja og liggur þar að Búlandsnesinu.



Við norðanverðan Hamarsfjörð er Hálsfjall, en upp af firðinum til vesturs gengur Hamarsdalur og eru efstu drög hans við rætur Þrándarjökuls. Í dalnum er að finna grösuga staði en þó er hann víða nokkuð uppblásinn. Um dalinn fellur Hamarsá, sem hefur meginupptök uppi á Hraunum og Hamarsdalsdrögum. Í hana blandast jökulvatn frá Þrándarjökli og getur hún oft verið æði vatnsmikil. Áin rennur fram af mörgum klettabríkum á leið sinni niður framdalinn og myndar fallega fossa. Þegar í dalbotninn er komið fer áin um eyrar, þar til hún rennur til sjávar í botni Hamarsfjarðar.

Úti fyrir Hamarsfirði og Búlandsnesi á Papagrunni er stærsta eyja Austfjarða, Papey um 2 km² að stærð. Á Búlandsnesi við sunnanverðan Berufjörð er kaupúnið Djúpvogur.

2.1.3 Berufjörður

Berufjörður er um 20 km langur og liggur á milli Hamarsfjarðar og Breiðdalsvíkur. Við Berufjörð sunnanverðan teygir Búlandsnes sig til hafs en upp af því rís eitt tignarlegasta og formfegursta fjall Íslands, Búlandstindur (1069 m). Búlandstindur er hæsta fjall sem rís beint úr sjó við Íslandsstrendur.



Að norðanverðu er fjallasýnin þrýdd hvössum og fögrum eggjum og gnípum og ríólitinnskot eru áberandi. Þeir þrír megindalir sem ganga upp af Berufirði eru, Búlandsdalur ystur sem opnast suðaustan við Búlandstind og fylgir fjallinu að sunnanverðu til vesturs. Innan við fjallið, er Fossárdalur, grösugur og kjarri vaxinn að hluta og með miklum klettabeltum Fossárfells og Axlarfjalls til sitthvorrar áttar. Í dalnum er Fossá. Áin á upptök sín í Líkárvatni, skammt neðan við Brattháls og fellur hún í fjölmörgum fossum, þar til hún steypist niður í miklum fossi rétt ofan þjóðveggar og rennur til sjávar í Fossárvík í Berufirði.

Við botn Berufjarðar er dalverpi umlukið háum fjöllum, þar sem Berufjarðará rennur til sjávar. Um er að ræða fremur vatnslitla á, sem á upptök sín í rótum Kistufells og fellur til sjávar í botni Berufjarðar.

2.2 Veðurfar

Skráning veðurfars á sér langa sögu á svæðinu. Á Teigarhorni við Berufjörð hafa verið stundaðar veðurathuganir sleitulaust frá árinu 1881, en upplýsingar um hitafar ná allt aftur til ársins 1873. Þar er nú sjálfvirk veðurstöð á vegum Veðurstofu Íslands, sem sett var upp árið 2001.

Veðurathugunarstöð var sett upp í Papey árið 1873 og hefur hún verið starfrækt síðan með hléum, þó segja megi að hefðbundnar mælingar hafi lagst af árið 1968. Þar er nú sjálfvirk stöð, í eigu Siglingastofnunar, sem sett var upp árið 1998.

Árið 1992 var skeytastöð sett upp að Núpi á Berufjarðarströnd eftir að veðurathugunarstöðin á Kambanesi var lögð niður og hefur hún starfað síðan.

Þá hafa verið gerðar einhverjar veðurmælingar á Djúpavogi.

Þó geta veðurmælingar á þessum stöðum ekki gefið nema grófa mynd af veðurfari á svæðinu. Þar kemur annars vegar til að veðurgögn eru oft ekki fyllilega sambærileg milli veðurstöðva og hitt að stórbrotið landslag hefur óhjákvæmilega staðbundin áhrif á veðurfar víða á svæðinu.


Heimild: Saga Veðurstofu Íslands og www.vedur.is

2.2.1 Hitafar

Á mynd 1 er meðalhiti hvers árs á Teigarhorni, í Reykjavík og á Akureyri á árabílinu 1979 – 2008 sýndur. Þar sést að meðalhitastig á Teigarhorni er oftast nær heldur lægra en í Reykjavík en hærra en á Akureyri.


Á umræddu tímabili var meðalhiti á Teigarhorni hæstur árið 2003 eða 5,2°C, sem jafnframt er hæsti meðalhiti árs þar frá því mælingar hófust. Lægstur var meðalhitinn hinsvegar árið 1979, 2,2°C. Til samanburðar var hitinn á tímabilinu hæstur í Reykjavík árið 2003 6,1°C og á Akureyri 5,1°C sama ár, en lægstur 2,8°C í Reykjavík og 1,5°C á Akureyri árið 1979.

Mynd 2 sýnir meðalhitastig á Teigarhorni, í Papey og að Núpi á Berufjarðarströnd eftir mánuðum á árunum 1979 - 2008* og er það borið saman við meðalhitastig á Akureyri og í Reykjavík á sama tíma. Eins og þar kemur fram þá er hitastig á Teigarhorni, í Papey og að Núpi, mun áþekkara hitastigi í Reykjavík á haustin og veturna en mun lægra yfir vor- og sumartímann og þá sérstaklega í Papey. Sem dæmi má nefna að sveiflan frá janúar, sem er að meðaltali kaldasti mánuður



Mynd 1. Meðalhitastig hvers árs á Teigarhorni, Reykjavík og Akureyri á árunum 1979 - 2008.

Heimild: Veðurstofa Íslands



Mynd 2. Meðalhitastig hvers mánaðar á Teigarhorni, Akureyri og Reykjavík á árunum 1979 – 2008.

* Veðurgögn fyrir Papey og Núi eru frá árunum 1971 – 2000.

Heimild: Veðurstofa Íslands

* Gögn yfir meðalhita í Papey og að Núpi eru frá árunum 1971 – 2000.

ársins á Teigarhorni, til ágúst, sem að jafnaði er sá hlýjasti er 9,3°C, sem er nokkuð minni en bæði í Reykjavík og á Akureyri.

Meðalhitastig á ári á þessu sama tímabili var 4,1°C á Teigarhorni, 3,7°C á Akureyri en 4,6°C í Reykjavík. Þess má svo geta að meðalhitastig í Papey var 3,5°C og að Núpi á Berufjarðarströnd 4,1°C en þau gögn eru ekki fyllilega sambærileg þar sem þau ná ekki að öllu leyti yfir áður nefnt tímabil.

Íslandsmet í hita

Þrátt fyrir margir aðrir staðir á landinu geti gortað sig af hærri meðalhita yfir sumarmánuðina en Teigarhorn í Berufirði, verður ekki hjá því komist í umræðu um hitafar á svæðinu að nefna að hæsti hiti sem mælst hefur á landinu, frá upphafi mælinga, var á Teigarhorni þann 22. júní 1939, 30,5°C. Til samanburðar má geta þess að hiti hefur aldrei mælst hærri en 25,7°C í Reykjavík árið 2008 og 29,9°C á Akureyri árið 1911.


2.2.2 Úrkoma

Magn úrkomu á hverju ári á Teigarhorni er nokkuð breytilegt eins og sést á mynd 3. Á tímabilinu 1979 - 2008 var úrkoma mest árið 2002 eða 1.720 mm en minnst var hún árið 2000 eða 905 mm. Til samanburðar má geta þess að úrkoma á sama tímabili, var mest í Reykjavík 1095 mm árið 1990 og á Akureyri 740 mm árið 1989 en minnst var hún 624 mm í Reykjavík árið 1995 og 368 mm á Akureyri árið 1979.

Á umræddu tímabili var meðalúrkoma á Teigarhorni um 1330 mm á ári en 527 mm á Akureyri og 845 mm í Reykjavík og á mynd 4 sést meðalúrkoma hvers mánaðar á Teigarhorni, Akureyri og í Reykjavík. Þar sést að meðalúrkoma á Teigarhorni er meiri allan ársins hring en á samanburðarstöðunum. Mestur er munurinn á haustin og veturna og sker októbermánuður sig sérlega úr. Þegar vora tekur og fram eftir sumri dregur heldur saman með þessum þremur stöðum hvað úrkomumagn varðar.

Í Papey hefur meðalársúrkoman mælst heldur minni en að Teigarhorni eða rúmlega 1000 mm/ár. Í gögnum Veðurstofu Íslands er þess þó getið að um mjög mikla óvissu sé að ræða.


Á árabílinu 1961 - 1990 mældust úrkomudagar á Teigarhorni á ári að meðaltali 164 og þar af var sólarhringsúrkoma meiri en 1 mm í 126 daga. Á tímabilinu 1971 - 1990



Mynd 3. Ársúrkoma á Teigarhorni*, Akureyri og Reykjavík á árunum 1979 - 2008.

*Veðurgögn vantar fyrir Teigarhorn á árunum 1996 - 1997.

Heimild: Veðurstofa Íslands



Mynd 4. Meðalúrkoma hvers mánaðar á Teigarhorni, Papey, Reykjavík og Akureyri á árunum 1979 - 2008.

* Mjög mikil óvissa er í úrkomugögnum fyrir Papey en þau eru frá árunum 1971 - 2000.

Heimild: Veðurstofa Íslands

mældist snjóhula á Teigarhorni mest frá desember til mars eða að meðaltali 47% yfir þessa mánuði. Snjór var sjaldgæfur í maí og október og nánast óþekktur frá júní og fram í september og gróflega má áætla að alauð jörð hafi verið 160 - 180 daga á ári. Vegna straummóta úti fyrir Suðausturlandi þar sem Norður-Atlantshafsstraumurinn, sem ber hlýjan og saltan sjó mætir Austur-Íslandsstraumnum, sem ber kaldan svalsjó, er þoka algengari á skipulagssvæðinu en víða annars staðar á landinu. Samkvæmt Veðurstofu Íslands var fjöldi þokudaga að Teigarhorni á árunum 1961 - 1990 að meðaltali á ári hverju, 29 dagar.


2.2.3 Vindafar

Á mynd 5 eru sýndar vindrósir fyrir Teigarhorn, Djúpavog, Núp á Berufjarðarströnd og Papey, en vindrósir sýna tíðni tiltekinnar vindáttar í prósentum.

Eins og greinilega sést á myndinni er vindafar á svæðinu allbreytilegt eftir því hvar vindur er mældur, þrátt fyrir að fjarlægð milli mælingastaða sé í raun ekki mikil.

Á mynd 5A er vindrós fyrir Teigarhorn og þar sést að norð-norðvestanátt er tíðasta vindáttin en norðaustlægar áttir eru afar sjaldgæfar.

Á Djúpavogi, þar sem staðhættir eru aðrir en að Teigarhorni eru vindáttir allt aðrar, því í kaupúninu eru norðvestlægar og vestlægar áttir mjög fátíðar, svo og suðsuðauktan átt en þeim mun meira ber á norðanátt, norðaustanáttum og austanátt, að ógleymdum suðvestan og suðsuðvestanáttum (sjá mynd 5B). Handan Berufjarðar að Núpi er vindur mun einstrengingslegri, þar sem hann blæs oftast af norðri, en suðvestan og austanáttir eru algengar (sjá mynd 5C) og nánast einu áttirnar sem blæs af. Þá er athyglisvert að í um 18% tilfella er logn að Núpi. Úti í Papey er hinsvegar aldrei logn og mynda tíðustu vindáttirnar mynstur sem ekki er ólíkt bókstafnum Y. Þar eru norðaustlægar og norðvestlægar áttir algengastar, ásamt suðsuðvestan og sunnanáttum (sjá mynd 5D).



Mynd 5. Vindrósir (tíðni vindátta í %) fyrir fjórar athugunarstöðvar.

A) Teigarhorn á árunum 2001 – 2006. B) Djúpavogur á árunum 1949 – 1968.

C) Núp á Berufjarðarströnd á árunum 1992 – 2004. D) Papey á árunum 1998 – 2004.

Heimild: Veðurstofa Íslands

Meðalhraði hvernar vindáttar er einnig afar misjafn eftir veðurathugunar-stöðvum og sýna myndir 6 A) og B) það. Mynd 6 A) sýnir vindhraða á Teigarhorni og í Papey en mynd 6 B) sýnir vindhraða á Djúpavogi og á Núpi.


Nauðsynlegt er að sýna niðurstöður þessara mælinga á tveimur myndum, þar sem skráning niðurstaðna er á tvo mismunandi vegu. Framsetning niðurstaðnanna er þó þannig að mögulegt er að bera saman myndirnar.

Það kemur ekki á óvart að vindstyrkur er öllu jafna mestur í Papey eða að meðaltali um 8 m/s óháð vindátt, vindstyrkur að Núpi er tæpir 6 m/s og um 4 m/s bæði á Teigarhorni og á Djúpavogi.

Á mynd 6 A) sést að á Teigarhorni er vindstyrkur mestur þegar hann stendur af austnorðaustri eða austri, en einnig geta norðnorðvestan og suðsuðvestanáttir verið nokkuð hvassar.

Í Papey eru norðaustanátt, suðsuðvestanátt og norðvestlægar áttir einna hvassastar en minnstur er vindstyrkurinn að meðaltali, þegar vindur er af vestsuðvestan.

Á mynd 6 B) sést að norðlægar áttir eru alla jafna heldur hvassari en þær suðlægu bæði á Djúpavogi og að Núpi en suðlægar áttir eru einna lygnastar.



Mynd 6. Meðalvindhraði hvernar vindáttar í metrum á sekúndu á fjórum veðurathugunarstöðvum.

Mynd A gildir fyrir Teigarhorn á árunum 2001 – 2006 og Papey á árunum 1998 – 2006. og mynd B gildir fyrir Djúpavog á árunum 1949 – 1968 og Núp á Berufjarðarströnd á árunum 1992 – 2004.

Heimild: Veðurstofa Íslands



2.3 Náttúruvá

Almennt séð steðjar ekki mikil hættu af náttúruhamförum í Djúpavogshreppi og má leiða líkur að því að sveitarfélagið sé með þeim öruggari hér á landi. Þessi kafli er unninn upp úr frásögnum heimamanna.

2.3.1 Óveður

Óveður eða ofsaveður eru ekki algeng í Djúpavogshreppi en koma þó stundum 1 – 2 á vetri. Norðvestan áttin er skæðust. Við slíkar aðstæður skipast oft skjótt veður í lofti og verða þá firðirnir þ.e. Berufjörður, Hamarsfjörður og Álftafjörður oft rjúkandi á augabragði og hafa sjómenn á minni bátum frá Djúpavogi þá stundum lent í erfiðleikum við að ná landi.

Ekki hefur, á síðari árum, orðið stórkostlegt tjón vegna óveðurs, þó vissulega hafi orðið einhverjar skemmdir á fasteignum af þeim sökum.

2.3.2 Skriðuhætta og snjóflóð

Á Hringvegi um Hvalnes- og Þvottárskriður falla reglulega skriður og hefur þar oft á tíðum skapast umtalsverð hættu gagnvart vegfarendum bæði vegna grjóthruns og aurskriðufalla, einnig hafa fallið þar nokkuð reglulega snjó- og krapaflóð. Þá hefur það gerst að vegstæðið við Þvottárskriður hefur runnið á kafla í sjó fram.

Hætta á grjóthruni úr skriðunum er hvað mest á haustin í kjölfar stórrigninga. Á Berufjarðarströnd eru nokkrir bæir sem standa undir brattri fjallshlíð, en ekki hefur verið gert sérstakt áhættumat fyrir þá.

Þéttbýlið Djúpivogur stendur á öruggum stað fjarri fjallshlíðum þannig að ofanflóðahætta er ekki fyrir hendi á því svæði, auk þess sem Djúpavogshreppur er fremur snjólétt svæði.

2.3.3 Vatns- og sjávarflóð

Ár í Djúpavogshreppi hafa flætt yfir bakka sína í stórrigningum í gegnum aldirnar, m.a. Hofsá, Hamarsá, Geithellaá og Fossá. Víða í sveitarfélaginu má sjá umtalsvert landbrot vegna þessa.

Sjógangur er ekki mikill í og við Djúpavog, en þó gekk sjór á land á haustdögum 2006, þannig að hann náði upp á lægstu götu bæjarins, sem telst mjög sjaldgæft. Í Djúpavogshöfn getur myndast töluverð alda og þá hafa í einstaka tilfellum skapast vandræði þar fyrir báta, sérstaklega ef stórstreymi helst í hendur við sterka austanátt.

2.3.4 Jarðskjálftar

Á svæðinu hafa ekki mælst umtalsverðir jarðskjálftar og hættu frá eldgosum er ekki talin vera til staðar.

Heimild: Andrés Skúlason og aðrir heimamenn

2.4 Jarðfræði

2.4.1 Walker og rannsóknir hans

Á 6. áratug síðustu aldar vann G.P.L. Walker prófessor í jarðfræði við Imperial College í London ásamt nemendum sínum, merkilega jarðfræðivinnu á Austfjörðum. Fólst sú vinna í kortlagningu jarðlaga á stórum svæðum, einkum frá Norðfirði og suður í Hornafjörð og var afrakstur þessarar vinnu birtur í fjölmörgum vísindaritum og doktorsritgerðum. Það sem gerir þessa vinnu einstaka er að Walker bjó til flokkunarkerfi fyrir berglögin sem hægt var að nota í mörkinni, án þess að efnagreina bergsýni og er þetta flokkunarkerfi notað enn þann dag í dag og annað betra hefur ekki komið fram. Það má því segja, að Walker hafi opnað jarðfræðingum og reyndar öðrum dyr að tertíera jarðlagastaflanum á Íslandi sem fyrir hans daga var mönnum lokað bók. Þótt Walker og félagar hafi einkum beint sjónum sínum að hinum hefðbunda basaltstafla þá kortlögðu þeir einnig fyrstir manna rofnar megineldstöðvar, meðal annars Breiðdals-, Þingmúla- og Álftafjarðareldstöðvarnar. Þar að auki sá Walker fljótt, í raun um leið og ný heimsmynd kom fram skömmu fyrir 1960, tengslin milli tertíerastaflans og landreksins.



2.4.2 Jarðfræði Djúpavogshrepps


Jarðfræði Djúpavogshrepps er ákaflega fjölbreytt og vel til þess fallin að nýta til náttúruskoðunar og rannsókna. Svæðið er mjög vogskorið og einkennist landslagið af löngum fjörðum og bröttum hlíðum en undirlendi er tiltölulega lítið. Höfuðdrættirnir í jarðfræðinni eru að verulegt hallamislægi er innst í dölum og í fjöllum vestan við. Mislægi þetta má rekja norðan frá Vopnafirði og allt suður í Lón. Í hallamislæginu eru þykk setlög með stökum hraunum á milli. Meginhluti jarðlagastaflans í Djúpavogshreppi, þar er átt við jarðlög undir mislæginu, á því uppruna sinn í fornu rekbelti, sem minjar sjást um á Snæfellsnesi og í Húnavatnssýslum. Jarðlög ofan við mislægið eiga uppruna sinn aftur á móti að rekja í Norðurgosbeltið, sem enn er virkt (það er Ódáðahraun).



Mjög glögglega má sjá þegar farið er um, að jarðlög í Djúpavogshreppi halla inn firðina og eru elstu jarðlögin yst á nesjunum en yngjast eftir því sem innar dregur. Elstu jarðlögin eru neðst í Streitishvarfi og munu þau vera um 11 milljón ára gömul en yngsta bergið er inn á hálendinu og þar er yngst Hornbrynja sem er 2-3 milljón ára gömul. Mislægið er í efstu drögum Geithelladals og Hamarsdals en meginhluti staflans er reglulegur, eitt basalhraun ofan á annað. Á milli þeirra eru oftast örpunn rauð millilög, sem eru jarðvegur að uppruna.

Skýringarkort 1. Jarðfræðikort af Djúpvogshreppi og næsta nágrenni.

Heimild: Hjörleifur Guttormsson (2002), bls. 64.




Á Suðausturlandi hafa jöklar ísaldar rofið staflann meira en víðast annars staðar á landinu og er landslagið sem nú sést að miklu leyti mótað af jökulrofi. Jöklarnir gengu út alla firði og jökulrákir og hvalbök má sjá víða. Þegar jöklar síðasta jökulskeiðs hörfuðu skildu þeir eftir jökulruðning hér og þar. Á jökulskeiðum þrýstist landið niður undan fargi jöklanna og þá var mikið vatn bundið í þeim þannig að sjávarborð var mun lægra en nú er. Þegar jöklarnir tóku að bráðna, hækkaði hratt í sjónum og land tók að rísa hægt upp úr sjó. Glögglega má sjá mismunandi stöðu sjávar af nær láréttum malarhjöllum sem eru áberandi víða utarlega í fjörðum á svæðinu.

Enn eru nokkrir skálarjöklar í fjöllum upp af Álftafirði en stærsti jökullinn er Þrándarjökull, sem er lítill jökulskjöldur norðaustan Vatnajökuls.

Megineldstöðvar

Megineldstöðvar eru áberandi á þessu svæði og víða hefur rofið náð niður í innviði þeirra. Á svæðinu gætir áhrifa fjögurra fornra og útkulnaðra megineldstöðva.

Nýrst er hin velþekkt Breiðdalseldstöð, sem er inn í afdölum Breiðdals, en áhrifasvæði hennar nær suður í innri hluta Berufjarðar og þar eru mikil gulleit líparíthraun. Þá mun innarlega í Flugustaðadal og Hamarsdal vera eldstöð og frá henni hafa verið rakin líparíthraun allt norður í Hamarsdal. Sunnan við Álftafjörð er svonefnd Álftafjarðareldstöð. Í henni er lítil askja, sem hefur barmafyllst af gosefnum áður en hún huldist yngri jarðlögum. Syðst er svo megineldstöð í Kollumúla í Lóni en áhrifa hennar gætir á jarðlagastaflann innst á Geithelladal.



Þessar megineldstöðvar eru flestar um 10 km í þvermál og í þeim er sigketill eða askja af svipaðri stærð, þó að undanskilinni öskju í Álftafjarðareldstöðinni, sem er nokkru minni. Það sem einkennir megineldstöðvarnar er að þar er fjölbreytilegt berg að finna, líparít, andesít auk basalts og þar að auki oftast djúpberg, eða innskot, bæði gabbró og granófýr. Meðan þær voru virkar, var í tengslum við þær háhitasvæði og hefur háhitinn soðið bergið og gert það ákaflega litskrúðugt en mjög laust í sér. Því eru svæðin næst megineldstöðvunum oft mikið skriðurunnin.

Virkum megineldstöðvum fylgja sprungureinar. Í tertíerastaflanum koma þær fram sem misgengja- og gangareinar. Misgengin stefna NA-SV og má sjá í hlíðum fjarðanna því þar sem misgengi sker hlíðina standast einstök hraun (belti) ekki á því sig hefur orðið í aðra hvora áttina. Misgengin eru ekki áberandi og getur verið erfitt að greina þau, ólíkt göngunum sem eru mjög áberandi þar sem þeir mynda dranga og strengi. Ein slík gangarein liggur til norðausturs frá Álftafjarðareldstöðinni og er áberandi í nesinu utan við Búlandstind.

Ummyndun

Jarðlagastaflinn sem fergist í gosbelti sígur niður og hitnar um leið, því volgt og síðan heitt vatn streymir um jarðlögin. Vatnið leysir upp ýmis efni í grannberginu og er það streymir til yfirborðs verður það mettað og efnin fara að falla út í sprungum og

blöðrum í berginu sem steindir, það sem nefnt er holu- og sprungufyllingar. Tegundir steindanna eru bæði háðar því hitastigi sem þær falla út við og einnig í hvaða berggerð það gerist. Kallast þessi ferill ummyndun og steindirnar gjarnan ummyndunarsteindir og eru mismunandi eftir dýpi.

Í jarðfræði Djúpavogshrepps hefur átt sér stað nokkuð mikil ummyndun og mjög fjölbreyttar ummyndunarsteintegundir, til dæmis í þóleiít-hraunlögum eru kalsít, kalsedón og jafnvel bergkristall en í dyngjubasalti (ólivínbasalti) eru kabasít, analsím, stilbít, tompsonít, skólesít og heulandít og reyndar mun fleiri tegundir. Þá er einn frægasti fundarstaður geislasteina í heiminum í landi Teigarhorns.

Urðarbingir

Urðarbingir eru algengir á Íslandi og ber mest á þeim í svonefndu alpínsku-landslagi. Allharðar deilur hafa staðið á undanförunum árum um uppruna þeirra og sitt sýnist hverjum. Annars vegar er hin hefðbundna framhlaupskenning sem gerir ráð fyrir að í lok ísaldar hafi sumar fjallahlíðar verið óstöðugar eftir rof ísaldarjökla og þegar jöklarnir hopuðu þá hafi hlíðarnar fallið fram í miklum framhlaupum.



Hin kenningin gengur út á að bingirnir séu leifar fornra grjótjökla sem hafi myndast í lok ísaldar með þeim hætti að skaflar hafi verið í bröttum hlíðum og grjót hafi fallið fram á þá og myndað eins konar brynju ofan á ísnum og einangrað hann. Síðan hafi svo allt skriðið eins og jökull. Kenningin gengur út á stöðugt hrun úr hömrnum ofan við.

Hér skal ekki lagður dómur á þessa kenningar en báðir deiluaðilar hafa eitthvað til síns máls. Allmargir slíkir urðarbingir eru á svæðinu en þó mun færri heldur en norðar á fjörðunum. Mest ber á þessum fyrirbærum innst í Berufirði.

Hér skal ekki lagður dómur á þessa kenningar en báðir deiluaðilar hafa eitthvað til síns máls. Allmargir slíkir urðarbingir eru á svæðinu en þó mun færri heldur en norðar á fjörðunum. Mest ber á þessum fyrirbærum innst í Berufirði.

2.4.3 Hagnýt jarðefni

Svæðið er sérlega ríkt af steinategundum og einkar áhugavert fyrir þær sakir. Þá er víða að finna malarhjalla frá síðasta jökulskeiði.

Geislasteinar

Á Íslandi eru geislasteinar mjög algengir sem holufyllingar í bergi og er landið þekkt á alþjóðavísu fyrir geislasteina. Að jafnaði eru geislasteinar hvítir eða glærir að lit en stundum litaðir af aðkomuefnum. Steinarnir samanstanda af natríum, kalíum og/eða kalsíum álsilikötum og innihalda laust, bundið vatn. Þeir eru stundum greindir eftir lögun, það er hvort þeir eru geislóttir (stöngullaga), plötulaga (blaðlaga) eða kubbalaga (teningslaga). Þá er kristallagerð þeirra



fjölbreytileg og eru um 20 tegundir þekktar hér á landi, en afar erfitt getur verið að greina geislasteina til tegundar eftir útliti, því kristalformið er líkt og kristallar oft svo fíngerðir að nauðsynlegt er að greina þá í smásjá.

Teigarhorn í Berufirði er einn frægasti fundarstaður geislasteina í heiminum. Samkvæmt hugmyndum G.L.P. Walker á hið auðvelda aðgengi að geislasteinum að Teigarhorni sér þær skýringar að um 1500 metrar hafi rofist ofan af blágrýtisstaflanum og landið risið vegna flotjafnvægis og það leitt til þess að holufyllingar sem mynduðust djúpt í jörðu komu í ljós á yfirborði.

Heimild: Haukur Jóhannesson

Önnur hagnýt jarðefni og efnistaka

Malarhjallar þeir sem mynduðust í lok síðasta jökulskeiðis, og finnast víða í Djúpavogshreppi, eru taldir gott byggingarefni, m.a. efni úr Rauðuskriðum í Hamarsfriði en það efni þykir mjög gott drenefni á svæði þar sem ekki er um þungaflutninga að ræða. Efnið úr Rauðuskriðum er því ekki notað sem burðarefni til vegagerðar.

Heimild: Heimamenn

2.4.4 Jarðhiti

Frá árinu 1992 hefur iðnaðarráðuneytið veitt sérstaka styrki til jarðhitaleitar á köldum svæðum og hefur sú leit borið árangur í Djúpavogshreppi, þar sem allt að 260°C/km hitastigull hefur fundist í grunnum holum og hefur það gefið góðar vonir um að allt að 80°C heitt vatn sé að finna í landi Djúpavogshrepps við Hálsarætur í nágrenni Merkis.

Heimild: Stapi ehf. og heimamenn.







2.5 Vatnafar

Vatnafar í Djúpavogshreppi hefur ekki verið kannað nema að hluta til og byggist eftirfarandi umfjöllun á þeim gögnum, sem fyrirleggjandi eru.

Vatnafar Berufjarðar er fátæklegt. Grunnvatnsrennsli um berggrunninn er snautlega lítið og grunnvatn í lausum jarðlögum virðist vera með minna móti.

Hryggir ofan Skála er eina berghlaup fjarðarins þar sem umtalsverðar lindir finnast.



Bæjarlækurinn að Skála er hreinn lindarlækur, sem á upptök sín í framhlaupsurðinni og er meginuppsprettan í 180 m.h.y.s. Þann 5. febrúar 1980 mældist vatnsmagn 10 – 20 l/sek og hitastig 2,6°C eftir langvarandi frost. Neðar með læknum bætast í hann smálindir. Árið 1950 var lækurinn virkjaður með 5 kW stöð og reyndist vel. Annar lækur Kaldilækur dregst saman úr lindavætlum neðst í urðinni rétt austan Bæjarlækjar. Mældist vatnsrennsli í honum 5 l/ sek þann 5. febrúar 1980. Lækir þessir renna niður í Skálabót. Vatnið úr lindunum er að langmestu leyti komið úr Skálaá og sígur úr henni í urðina, á þeim stað sem hún fossar neðan Skálárgljúfurs. Um skamma hríð, átti áin

farveg niður með brothömrum um bæjargilið til sjávar, en nú sígur vatn frá henni um urðina þessa leið og kemur fram í lindunum. Sjálf hefur áin fundið sér leið austur af framhlaupsurðinni og niður með henni þar.

Þegar komið er yfir í Hamarsfjörð eru litlar lindir í Rauðuskriðu á tveimur stöðum. Aðra er að finna í miðri skriðunni í um 15 – 20 m h.y.s. Hin er í vesturjaðri skriðunnar í um 30 m.h.y.s.

Fast innan við Hengla í Hamarsfirði er lækjargil sem breiðir skriðuvæng í sjó. Í austurjaðri hans undir rótum Henglanna eru fallegar lindir með afbragðsgóðu vatni, sem mynda læk þann er Vígðilækur nefnist. Vatnsrennsli hans var síðast mælt í febrúar 1980 og reyndist það vera 15 –20 l/sek og hitastig vatnsins 4,8°C.

Veruleg lindasvæði er ekki að finna nær þéttbýlinu á Djúpavogi, en í upptökum Vígðalækjar. Lindaaugun eru þrjú og rennur úr þeim í tveimur kvíslum í lítið lón við Ytri Henglavík.

Þegar komið er í Álftafjörð hefur vatnafar lítið sem ekkert verið kannað. Vafalítið er þó talið að grunnvatnsstreymi sé í áreyrum og mætti því að öllum líkindum ná þaðan töluverðu vatni. Neðan til í skriðuvængjum við Geithella er nokkuð um lindir en allar eru þær smáar eða að jafnaði undir 10 l/sek.

Ein er sú lind í Álftafirði sem meðal annars er ókönnuð en það er Þangbrandsbrunnur, en þaðan fellur lækur er Brunnlækur nefnist. Gömul munnmæli herma að Þangbrandur hafi vígt brunn þennan. Besta vatn er í honum og trú manna að vatnið sé heilagt og lækni meinsemdir bæði á mönnum og skepnum.

Þéttbýlið á Djúpavogi fær neysluvatn af Búlandsdal og er vatnsmagn stofnæðar veitunnar allt að 28 l/sek.



Heimild: Árni Hjartarson, Freysteinn Sigurðsson og Þórólfur Hafstað (1981)

2.6 Lífríki

Tiltölulega fáar rannsóknir hafa verið gerðar á lífríki í Djúpavogshreppi. Ekki eru til neinar sérstakar úttektir á gróðurfari á svæðinu, utan þeirrar úttektar sem gerð hefur verið fyrir tilstilli Nytjaland. Engar rannsóknir hafa verið gerðar á dýralífi á svæðinu, ef frá eru taldar þær rannsóknir, sem gerðar hafa verið á hreindýrum á Austurlandi, en Djúpavogshreppur er meðal þeirra svæða sem hreindýr leita á.



Sveitarfélagið státar sig hins vegar af mjög fjölbreytilegu fuglalífi, sem hefur verið talsvert athugað og ritað um af fræðimönnum. Hvað varðar lífríki áa og vatna hafa litlar athuganir verið gerðar en veiði sem stunduð er í ám á svæðinu ætti að gefa einhverjar hugmyndir um slíkt, auk þess sem þekking hefur áunnist samhliða veiðinni.

2.6.1 Gróðurfar

Eftirfarandi kafli um gróðurfar byggir á gögnum frá Nytjalandi, verkefni sem miðaði að því að búa til samræmda jarðabók yfir allar bújarðir á Íslandi og var á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands (áður Rannsóknastofnun landbúnaðarins), Landgræðslu ríkisins, Bændasamtaka Íslands og Landbúnaðarráðuneytisins.



Við gróðurfarsflokkunina notaði Nytjaland Landsat 7 og SPOT 5 gervitunglamyndir til að greina gróðurflokka á yfirborði landsins. Áður en verkinu lauk fullkomlega hafði ekki tekist að gera grein fyrir gróðurfari á um 25% landsvæðis í Djúpavogshreppi með óyggjandi hætti, þar sem ský eða snjóhula torveldaði vinnuna. Þau svæði sem greind voru, voru greind með 80 - 85% áreiðanleika.

Eins og segir í *kafli 2.1*, þá er undirlendi víða lítið í Djúpavogshreppi. Þröngir dalir umluktir háum fjöllum og tiltölulega landlítill strönd. Undirlendi er hvað mest í dalsmýnnunum og á nesjum sem teygja sig í sjó fram, svo sem á Búlandsnesi og Starmýrarteigum í Álftafirði. Í töflu 2 eru sýndir stærstu gróðurflokkar í Djúpavogshreppi og lýsingar á þeim samkvæmt skilgreiningum Nytjaland.

Tafla 2. Skipting gróðurfars í Djúpavogshreppi

Gróður-flokkur	Hlutfall af yfirborði	Lýsing	Helstu svæði
Lítt gróið	20 - 25%	Lítt gróin svæði, þar sem gróðurþekja er ávallt undir 20% miðað við lóðrétt ofanvarp og einkennast þau svæði fyrst og fremst af urð og grjóti, klettum og sandauðnum. Sérkenni gróðurfars á svæðunum eru plöntur með víðtækt rótarkerfi og plöntueinstaklingarnir standa oft fjarri hver öðrum.	Ofan 400 - 500 metra hæðarlínu eru ógróin svæði algengust ásamt hálfgrónum svæðum. Ógróin svæði finnast þó víða á láglandi, svo sem í Starmýrarfjörum, á klapparsvæðum á Búlandsnesi o.s.frv.
Hálfgróið	10 - 12%	Hálfgróin svæði þekja um 10 - 15% af yfirborði svæðisins. Þar er átt við land með litla framleiðslugetu og gróðurhulu sem þekur 20 - 50% landsins, annað er mold, sandur, grjót eða klöpp. Tegundasamsetning platna er breytileg og getur gróður bæði verið að nema land á þessum svæðum, en einnig getur verið um gróðurleifar að ræða í röskuðu landi.	Ofan 400 - 500 metra hæðarlínu eru hálfgróin svæði algengust ásamt ógrónum svæðum. Hálfgróin svæði finnast einnig á láglandi.
Mosi	3 - 4%	Land telst til þessa flokks þar sem mosi þekur um eða yfir 2/3 hluta yfirborðsins og framleiðni annars gróðurs er takmarkaður. Með mosa vaxa oft grös, starir og smárunnar.	Mosi finnst á víð og dreif um sveitarfélagið.
Rýrt mólendi	20 - 25%	Rýrt mólendi þekur um 30 - 35% þess svæðis sem hefur verið greint með nokkuð óbyggjandi hætti af Nyttjalandi. Yfirleitt er hér um að ræða fremur þurrland móasvæði sem einkennast af lélegum beitarplöntum, á borð við lyng, þursaskegg og móasef. Oft er hér um að ræða svæði sem hefur hnignað verulega vegna beitar, eða svæði sem umhverfisaðstæður draga úr framleiðslugetu landsins, svo sem hátt til fjalla.	Rýrt mólendi finnst mjög víða á svæðinu, þar sem það teygir sig inn til með dölum upp í 400 - 500 metra hæð og fram á annes.
Ríkt mólendi	6 - 8%	Í ríku mólendi er uppskeran mun meiri en í rýru mólendi, vegna aukinnar hlutdeildar vinsælla beitarplantna (grasa og blómplantna) í gróðurþekjunni. Jarðvegur er yfirleitt þykkur og yfirborðið oftast þýft. Landið er mjög fjölbreytilegt hvað gróðursamsetningu varðar. Þar eru ýmsir smárunnar oft áberandi, sem og víðir. Alltaf er talsvert af grösum og oftast nokkur mosi í sverði.	Ríkt mólendi finnst víða inn með dölum svo sem í Búlandsdal, Geithelladal, Hofsdal, Flugustaðadal og Snædal, en einnig í mynni Hamarsdals, á Starmýrar-teigum og út með Berufjarðarströnd.
Graslendi / ræktað land	2 - 4%	Grös einkenna graslendi, en í þennan flokka falla einnig svæði þar sem blóm eru ríkjandi og alla jafnan nefnast blómlendi. Graslendi er alla jafna uppskeruríkt og er það einkum að finna þar sem umhverfisaðstæður eru hagstæðar gróðri. Jarðvegur er fremur þurr. Graslendi þekur oft stór svæði við brekkurætur og gróður ár- og lækjarbakka telst oft einnig til þessa flokks. Ræktað land, þar er fyrst og fremst átt við tún og önnur ræktað svæði, s.s. kornakra og grænmetisrækt.	Talsvert graslendi og ræktað land er yst á Berufjarðarströnd, svo og í botni Berufjarðar og Hamarsfjarðar sem og í Álfafirði. Langt inn með dölum er víða graslendi að finna, sem teygir sig oft býsna hátt upp eftir hlíðum, allt upp í 800 - 900 m metra hæð yfir sjó.

Gróður-flokkur	Hlutfall af yfirborði	Lýsing	Helstu svæði
Votlendi / Hálfdeigja	2 - 3%	Í flokkinn votlendi falla gróðurlendin mýri, hallamýri og flói og er fjölbreytileiki þess mikill. Í þennan flokk falla gróðurlendin hálfdeigja, jaðar og framræst votlendi sem ekki er farið að bera augljós merki gróðurbreytinga yfir í þurrlendi (vallendi eða mólendi). Hálfdeigja einkennist af tegundum sem ýmist eru komnar úr votlendi eða af þurrlendi.	Votlendi/hálfdeigja finnst í Hofsdal og við Hofsráðhólma, í Flugustaðadal, Geithelladal, Starmýrarteigum, Starmýrardal, en auk þess eru flákar á víð og dreif á Búlandsnesi og Berufjarðarströnd.
Skógur / Kjarrlendi	0,5%	Um getur verið að ræða náttúrulegan birkiskóg, lágvaxið kjarr eða ræktaðan skóg. Trjágróðurinn rís upp fyrir graslagið en getur verið mjög mishár. Mörkin á milli mólendis og kjarrgróðurs miðast við hnéháan kjarrgróður (víði og birki) og þekja hans þarf að vera 50% í lóðréttu ofanvarpi.	Skógur eða kjarrlendi finnst fyrst og fremst í dölum, svo sem Geithelladal, Flugustaðadal og Hofsdal.
Vatn	0,5%	Í sumum tilvikum kann að koma upp spurning um hvort flokka skuli tjarnir sem vatn eða sem hluta votlendisins. Í þessum flokki eru þær tjarnir og þau vötn sem ekki eru talin hluti votlendis.	Vötn samkvæmt skilgreiningu Nyttjálands finnast aðallega á Hraunum.
Ský / snjór	25%	Í þennan flokk fara þau svæði sem ekki hafa enn verið greind með tilliti til gróðurfars. Ástæður eru ský á himni eða snjór á jörðu.	Finnst á hálendinu upp af dölum, kringum Hofsráðhólma og Þrándarjökul, einnig á hæstu fjalltoppum.

Heimild: www.nyttjaland.is

2.6.2 Fuglar


Alls hafa 57 tegundir fugla orpið í Djúpavogshreppi, þar af eru 50 tegundir árvissar. Til samanburðar má geta þess að hér á landi hafa um 100 tegundir fugla orpið og eru 73 þeirra árvissir varpfuglar.

Hér á eftir verður stiklað á stóru varðandi fuglalíf á svæðinu, en umfjöllunin er unnin upp úr grein Kristins H. Skarphéðinssonar „Fuglalíf í Djúpavogshreppi“, en greinin er fylgiskjal með skipulagstillögunni.

Sjófuglar

Sjófuglar setja mestan svip á fuglalíf í Djúpavogshreppi, en alls hafa orpið þar 17-18 tegundir sjófugla. Ef litið er til fjölda einstaklinga hefur lundinn sennilegast vinninginn, en talið er að meira en 20 þúsund pör verpi í Papey, sem er líklegast að verða eini varpstaður lundans á svæðinu.

Aðrar algengar tegundir sjófugla eru fýll, sem telur nokkur þúsund pör á svæðinu bæði með ströndum og í giljum langt inn til dala og æðarfugl, sem er útbreiddur við sjávarsíðuna, svo sem við Framnes, þar sem er friðlýst æðarvarp, Teigarhorn og í Gautavík. Úti í Papey verpa nokkur þúsund ritur, en árið 1984 samsvaraði varpið í eyinni tæplega 1% af ritum á landinu. Einnig verpur mikill fjöldi langvíu og teistu í eyinni.




Að þessum allra algengustu tegundum sjófugla slepptum, þá má einnig á svæðinu finna dílaskarf, sem er nokkuð algengur vetrargestur, kjóa, sem er nokkuð strjáll varpfugl, en verpur þó meðal annars í Papey og skúm, sem reyndar hefur átt erfitt uppdráttar á svæðinu. Þá er kría algengur og útbreiddur varpfugl með ströndum fram um allt svæðið, en einnig í Papey.

Fimm tegundir máfa, að ritunni undanskilinni, verpa í Djúpavogshreppi. Hettumáfur, sem er nokkuð algengur og áberandi, u.þ.b. 500 pör hafa orpið á svæðinu síðustu ár, en stormmáfur, sílamáfur, silfurmáfur og svartbakur eru mun sjaldséðari.

Endur og aðrir vatnafuglar

Til þess hóps teljast andfuglar (álftir, gæsir og endur), auk lóms, himbrima og flórgoða. Fjórtán tegundir anda hafa orpið á svæðinu, þ.e. allar íslenskar varpendur fyrir utan tvær.

Næstalgengasta andategundin á eftir æðarfugli, sem rætt var um hér á undan, er stökkönd, sem er allalgeng einkum í votlendi með ströndum fram. Aðrar tegundir eru brandönd, rauðhöfðaönd, hávella, hrafnönd, gargönd, urtönd, grafönd, skeiðönd, straumönd, toppönd, gulönd og skúfönd. Margar þessara andartegunda eru tiltölulega fáséðar á svæðinu.



Álft er afar strjáll varpfugl á Austfjörðum. Stök pör hafa orpið í Djúpavogshreppi á síðari árum, en grunnsævi og fitjar í Álftafirði og Hamarsfirði eru afar mikilvægir viðkomustaðir fyrir fuglana vor og haust. Heiðagæs er tiltölulega nýr landnemi á svæðinu og frekar strjáll varpfugl. Grágæs er á hinn veginn algeng tegund á svæðinu, og er varp hennar einkum við ströndina en einnig til dala.

Af þeim fuglategundum sem eftir standa í flokki vatnafugla á svæðinu eru himbrimi, sem líkast til er ekki árviss varpfugl, lómur sem er faliðaður og hinn afar sjaldséði flórgoði.

Mófuglar

Til mófugla á svæðinu teljast 10 tegundir vaðfugla og 8 tegundir spörfugla og verpa allar nema ein þeirra mófuglategunda sem telst reglulegir varpfuglar hér á landi, í Djúpavogshreppi. Þá má telja hér með keldusvínið sem er útdauður varpfugl.

Í flokki vaðfugla er tjaldurinn sennilega algengastur á svæðinu, en hann verpur í Papey og nokkuð samfelld með ströndinni frá Þvottáskriðum að hreppamörkum við Streiti.



Sandlóa verpur á sömu slóðum og tjaldurinn, þó að Papey undanskilinni, þar sem hún virðist ekki vera reglulegur varpfugl. Heiðlóa, spói, stelkur og hrossagaukur eru algengar tegundir og útbreiddar víðast hvar á láglendi.

Minna útbreiddur er sendlingur, sem er skráður varpfugl í Búlandsdal en verpur án efa á hásléttunni og sennilega víðar til fjalla. Óðinshani er fremur staðbundinn og virðist einna algengastur við Djúpavog og í Papey.

Lóupræll er strjáll varpfugl og jaðrakan verpur aðeins á einum stað með vissu á þessum slóðum, þ.e. við Starmýri. Þá verpur rjúpan líkast til strjált um allt svæðið, en er vanskráð þar sem hún er einungis þekkt sem varpfugl í þremur reitum af 16.

Úr flokki spörfugla eru skógarþröstur, þúfutittlingur, steindepill og maríuerla algengir og útbreiddir varpfuglar á svæðinu. Músarrindill er sennilega strjáll varpfugl.

Auðnutittlingur er ekki skráður sem varpfugl, en verpur líkast til stundum þar sem birkið er vöxtulegast. Snjótittlingur er einkennilega vanskráður á þessu svæði; er raunar einungis þekktur sem varpfugl í Papey, við Djúpavog, Berufjarðarbotn og í Geithelladal. Hann verpur án efa víða til fjalla og á hásléttunni.



Ránfuglar

Þrjár tegundir ránfugla hafa orpið á svæðinu, örn, fálki og smyrill en auk þeirra má skipa hrafninum í þennan hóp enda alræmd eggja- og ungaæta.

Haförn varp áður á 3-4 stöðum á þessu svæði en síðasta parið (á Melrakknesi) hætti varpi laust fyrir 1920. Ernir eru nú sjaldgæfir gestir og líða oft mörg ár á milli þess sem þeir sjást. Smyrill er strjáll en útbreiddur varpfugl um allt svæðið; verpur í klettum og giljum allt frá fjöru og til afdala. Fálki er strjáll og verpur á sömu slóðum og smyrillinn en þó yfirleitt fjær ströndinni.

Hrafninn er af vísindamönnum flokkaður til spörfugla og raunar stærsti fugl þess ættbálks. Hann er fremur algengur og útbreiddur varpfugl á svæðinu, frá strönd til dala og verpur yfirleitt á sömu stöðum ár eftir ár en líklegt er að 20-30 pör verpi á svæðinu.

2.6.3 Athyglisverð fuglasvæði í Djúpavogshreppi

Í Djúpavogshreppi er að finna mikilvæg búsvæði fugla, jafnvel svæði sem hafa alþjóðlega þýðingu. Aðgengi að svæðum er yfirleitt mjög gott og því auðvelt að nýta þau til fræðslu og ferðamennsku.

Þau svæði sem einna mikilvægust eru, fyrir fuglalíf á svæðinu eru fjörur og grunnsævi í Álfafirði-Hamarsfirði og Papey, en þessi svæði voru meðal tillagna Umhverfisstofnunar um friðlýsingu í Náttúruverndaráætlun 2004 - 2008, þó svo ekki yrði úr (sjá nánar *kafla 2.7*). Önnur mikilvæg svæði eru Þvottáarskriður, votlendi, tjarnir og fjörur á Búlandsnesi og fjörur og grunnsævi í Berufirði.

Álftafjörður - Hamarsfjörður

Fjörur og grunnsævi Álftafjarðar - Hamarsfjarðar eru afar mikilvæg fæðuöflunarsvæði fyrir margar fuglategundir, jafnvel svo að sumar þeirra byggja afkomu sína eingöngu á þeim. Þá eru leirur (Starmýrarvogar/Leiruvogar) og flæðiengjar (Starmýrarteigar) sunnan Álftafjarðar mikilvægur viðkomustaður anda og vaðfugla. Svæðið er þó einn mikilvægasti viðkomustaður jaðrakans á landinu, sem fer þar um í þúsundatali á vorin en talið er að um 13% stofnsins fari þar um ár hvert.



Þá fellir talsvert af álfum flugfjaðrir á svæðinu og koma þar að auki við vor og haust. Eins fellir mikið af grágæsum þar fjaðrir.

Papey

Lítið hefur birst á prenti um fuglalíf Papeyjar, enda hafa fuglamenn verið fremur fátíðir gestir í eyinni, en í eyinni er talið að verpi 26 fuglategundir auk þess sem allmargar eru tíðir gestir. Eins og í öðrum úteyjum setja sjófuglar mestan svip á fuglalífið og í eyinni er einu fuglabjörgin í Djúpavogshreppi. Papey hefur um langt skeið verið á náttúruminjaskrá m.a. vegna mikilvægis síns fyrir sjófuglabyggð (sjá einnig *kafli 2.7*).



Þvottárskriður

Undir Þvottárskriðum er afar þýðingarmikið æðarfuglasvæði, líklega árið um kring. Þangað hópast æðarfuglar í þúsundatali og fella þar flugfjaðrir. Þar safnast einnig stór hluti íslenska hrafnasandarstofnsins snemma vors og síðan í júní – júlí á ferð sinni til og frá varpstöðvum á Norðausturlandi. Talsvert af straumönd sést einnig á þessu svæði.

Búlandsnes

Votlendi, tjarnir og fjörur á Búlandsnesi eru mikilvægt varpland votlendisfugla, m.a. mikið og fjölbreytt andavarp en þar verpa að minnsta kosti níu andartegundir og talsvert af öndum hefur þar viðkomu vor og haust. Svæðið fellur undir tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingu Álftafjarðar og Hamarsfjarðar.

Berufjörður

Fjörur og grunnsævi í Berufirði eru mikilvæg búsvæði fyrir fugla árið um kring og sjávartjarnir og votlendi upp af fjörunni eru mikilvægt varpland, m.a. hettumáfs.



2.6.4 Spendýr

Hreindýr

Þau hreindýr, sem nú lifa villt á Íslandi, eru afkomendur 35 dýra sem flutt voru frá Noregi árið 1787. Í upphafi voru dýrin flutt inn með það að augnamiði að efla íslenskan landbúnað, í kjölfar þess að fjárkláði og lungnaveiki herjuðu á íslenskt sauðfé, en ekkert varð af þeim áætlunum. Aftur komu upp hugmyndir um hreindýrabúskap, þegar mæðuveikin náði fótfestu á landinu á 20. öldinni en líkt og áður gengu þær ekki eftir. Af þessum sökum lifa um 4000 villt hreindýr á austurhluta landsins og frá árinu 1790 hefur veiði á þeim ýmist verið leyfð eða bönnuð. Nú um stundir er hreindýraveiði leyfð að uppfylltum ströngum skilyrðum og hefur Umhverfisstofnun umsjón með eftirliti veiða, en ráðgjafar eru Náttúrustofa Austurlands og Hreindýraráð. Mikil ásókn er í veiðarnar og sífelld aukning ár frá ári.



Rannsóknir á hreindýrum

Fylgst hefur verið með hreindýrastofninum á Austurlandi allt frá árinu 1940, þegar eftirlitsmaður hreindýra tók til starfa. Hlutverk hans var að telja dýrin, fækka törfum til að hjörðin dafnaði eðlilega, fylgjast með veiðipjöfnuði og vera ráðgefandi um aðgerðir varðandi dýrin sjálf. Urðu þessar aðgerðir til þess að á örfáum árum fjölgaði dýrunum úr nokkrum hundruðum í yfir tvö þúsund dýr.

Fyrstu árin fóru eftirlitsstörfin einungis fram á jörðu niðri en frá og með árinu 1956 hefur talning hreindýra á Snæfellsöræfum verið gerð úr flugvél. Flest urðu dýrin á svæðinu 3500 árið 1976 og leituðu þau í kjölfarið töluvert af hálendinu niður á firðina. Frá árinu 1978 hefur fjöldi dýra á svæðinu að sumri til verið kringum 1500 en allra síðustu ár hefur sá fjöldi nálgast 2000 dýr. Frá árinu 2000 hefur Náttúrustofa Austurlands annast vöktun og rannsóknir á hreindýrastofninum og samkvæmt tölum stofnunarinnar taldi stofninn árið 2006 um 4.000 dýr.




Hreindýr í Djúpavogshreppi

Töluvert er um hreindýr innan marka sveitarfélagsins, enda svæðið hluti af hreindýrahögum á Austurlandi. Í talningum ársins 2006 var áætlaður vetrarstofn í Djúpavogshreppi um 400 dýr. Samkvæmt vetrartalningum Veiðistjóraembættisins og Náttúrustofu Austurlands hefur það sýnt sig, að af heildarstofni hreindýra á Austurlandi, eru að meðaltali um 11% hans innan marka Djúpavogshrepps. Hlutfallið er þó mjög breytilegt milli ára, en sveiflur á milli ára þurfa ekki að endurspeglarunverulegan fjölda heldur alveg eins misgóðar talningar.

Mynd 7 sýnir niðurstöður vetrartalninga í Djúpavogshreppi á vegum veiðistjóraembættisins og Náttúrustofu Austurlands fyrir tímabilið 1991 – 2002, og talningar Náttúrustofu Austurlands fyrir tímabilið 2003 – 2007. Til að betur megi staðsetja dýrin innan sveitarfélagsmarkanna er fjöldi þeirra flokkaður samkvæmt fyrri hreppamörkum, þar sem því verður við komið.

Innan marka sveitarfélagsins sækja hreindýr inn á mörg svæði, líkt og sést á mynd 7. Ásóknin er þó mismunandi eftir því um hvaða svæði ræðir, en mest er ásóknin á svæðinu sem tilheyrði fyrrum Geithellahreppi, en með góðri nálgun má segja að um 60 – 70% dýranna séu á því svæði. Um 15 - 20% eru á svæðinu sem tilheyrði fyrrum Beruneshreppi og minnstur er fjöldi hreindýra í fyrrum Búlandshreppi eða 10 - 15%.



Mynd 7. Vetrartalningar hreindýra í Djúpavogshreppi á tímabilinu 1991 – 2007.

Gögn vantar frá árinu 2004. Fjöldi árin 2006 og 2007 er áætlaður.

Heimild: Náttúrustofa Austurlands.

Veiðar á hreindýrum

Hreindýraveiðisvæðum á Austurlandi er skipt upp eftir sveitarfélögum og telst Djúpavogshreppur vera svæði 7. Veiðistjórnunarsvið Umhverfisstofnunar sér um stjórn veiðanna sem felst í að:

- Sjá um sölu veiðileyfa.
- Sjá um eftirlit með hreindýraveiðum og ráða til þess eftirlitsmenn.
- Gera tillögu um árlegan veiðikvóta og skipta veiðiheimildum eftir ágangssvæðum.
- Skipta arði af sölu veiðileyfa og afurða felldra dýra í samræmi við reglugerð um skiptingu arðs af hreindýraveiðum, sem umhverfisráðherra setur.

Hver veiðimaður sem fær úthlutað veiðileyfi, verður að hafa með sér leiðsögumann á hreindýraveiðum. Reiknað hefur verið út að hvert veiðileyfi skili um einu dagsverk hjá leiðsögumanni og um þessar mundir er miðað við að 1333 veiðileyfi séu gefin út á hverju ári og því um að ræða um það bil 700 dagsverk í leiðsögn við veiðarnar. Segja má að það sé sú atvinna sem veiðarnar skapa beint á Austurlandi.

Landeigendur hafa ráðstöfunarrétt á veiðum á landareign sinni samkvæmt landslögum og fá 85% af arði af sölu veiðileyfa á landareign sinni. Allt fram til ársins 2000 voru hreindýraveiðar fyrst og fremst stundaðar til þess að halda stofninum í skefjum og afla hreindýrakjöts til sölu í verslunum og til veitingahúsa. Gerðu lög ráð fyrir að selt kjöt væri heilbrigðisskoðað og stimplað af dýralæknum en við lagabreytingu árið 2000 má segja að sportveiðin hafi tekið við af kjötveiðinni og eins og málum er háttað nú getur hver sá sem áhuga hefur á hreindýraveiðum sótt um leyfi til yfirvalda og fengið úthlutað einu leyfi á tarf eða kú á tilteknu veiðisvæði. Þegar dýrið hefur verið fellt, er




skrokkurinn eign veiðimannsins og kjósi hann að selja kjötið á löglegan hátt þarf fláning að fara fram í viðurkenndu húsnæði og dýralæknir að heilbrigðisskoða það.

Heimild: Þróunarfélag Austurlands

Veiðitölur hreindýra liggja ekki fyrir á nákvæmu formi fyrr en seinustu ár, það er árin 2005 – 2008. Á mynd 8 er sýnd heildarfjöldi veiddra hreindýra á landinu á ári hverju. Um 10% dýra hafa verið felld innan marka Djúpavogshrepps.

Heimild: Umhverfisstofnun



Mynd 8. Heildarfjöldi veiddra hreindýra á ári á landsvísi og í Djúpavogshreppi á tímabilinu 2005 – 2008.

Heimild: Umhverfisstofnun

Selir

Innan marka Djúpavogshrepps kæpa bæði landselir og útselir, en lítið er vitað um flækingstegundir sela á svæðinu. Þó hefur sést til kambels á Djúpavogi og rostungar hafa sést við Papey. Á sunnanverðu Melrakknesi og sandeyrunum þar sunnan við er eitt af stærri selalátrum landsels á Austurlandi, en eingöngu landselur hefst við að staðaldri og kæpir í Álfafirði og Hamarsfirði. Selir hverfa þó þau tímabil vetrar sem Álfafjörð og Hamarsfjörð leggur, en íslögn á fjörðunum er þó ekki árviss. Talið er að 2,5% landsela við Ísland séu innan marka sveitarfélagsins.

Útselir kæpa í Papey, þó í litlum mæli sé, en talið er að um 1% stofnsins við Ísland, hafist þar við um kæpingartímann. Auk þess að þvælast í kringum eyjuna þá hefur sést til útsela kringum skerin út af Djúpavogi, í Hamarsfirði og langt inni í Berufirði. Á þeim stöðum kæpir hann ekki og er því ekki á svæðinu að staðaldri.

Samkvæmt gömlum heimildum voru að minnsta kosti átta selveiðijarðir innan marka núverandi Djúpavogshrepps. Í gamla Beruneshreppi var selveiði stunduð á Eyjófsstöðum, í Berufirði I og II, Kelduskógum og Lindarbrekku en upplýsingar liggja ekki fyrir um fjölda veiddra kópa. Í gamla Geithellahreppi voru aðalselveiðijarðirnar: Hof með 50-150 landselskópa (vorkópa), Geithellar með 60 vorkópa og Melrakknes með 100 vorkópa.

Heimild: Erlingur Hauksson.


Refir og minkar

Fjöldi refa á Íslandi var árið 2006 talinn vera á bilinu 6 – 8 þúsund dýr en stofninn hefur farið vaxandi allt frá miðjum 8. áratug síðustu aldar. Nákvæmar tölur fyrir fjölda refa í Djúpavogshreppi liggja ekki fyrir en veiðitölur gefa vísbendingar, þó ekki sé nema um breytingar á stofnstærð. Heildarfjöldi veiddra refa í Djúpavogshreppi á síðustu 10 árum var



844 einstaklingar eða um 1,8% veiddra refa á landinu öllu á 2006.

Stofnstærð minka á landinu er ekki þekkt og eru veiðitölur einu vísbendingarnar, sem til eru, en líkt og með refi segja þær mest fyrir um sveiflur í stofnstærð, fremur en stofnstærðina sjálfa. Samkvæmt því hefur mink fjölgað á Íslandi nánast jafnt og þétt allt frá árunum fyrir 1960. Í Djúpavogshreppi voru á tímabilinu 1997 – 2006 veiddir 715 minkar eða um 1,1% af heildarveiði á landinu öllu á tímabilinu. Á mynd 9 er sýndur fjöldi veiddra minka á hverju ári umrædds tímabils í Djúpavogshreppi.



Mynd 9. Veiðitölur fyrir ref og mink í Djúpavogshreppi á tímabilinu 1997 – 2006.

Heimild: Umhverfisstofnun

Hvalir

Ekki eru til neinar samantektir á svæðinu sem fjalla um hvali og er fjöldi hvala óviss, en líklegt má telja að allnokkurt líf sé á svæðinu enda oft mikið líf í kringum eyjar og sker. Þau gögn sem til eru, hafa fengist úr hvalatalningaleiðöngrum Hafrannsóknarstofnunarinnar bæði á sjó og í flugi, en þar sem leitarlínur liggja ekki mjög nálægt svæðinu er óvissa mikil.

Sé horft á þær tegundir hvala sem gætu verið á svæðinu er talið líklegt að hnísa, hnýðingur og hrefna séu algengar og háhyrningur og hnúfubakur séu reglulegir gestir, ekki síst í tengslum við síldar- og loðnugöngur. Aðrar tegundir fara þó um svæðið, því bæði andanefju og grindhval hefur rekið á land í Djúpavogshreppi á síðustu 10 árum.



Heimild: Hafrannsóknarstofnunin

2.6.5 Lífríki áa og vatna

Gerðar hafa verið nokkrar rannsóknir á lífríki áa á svæðinu og hafa niðurstöðurnar verið notaðar í umfjöllunum um flokkun íslenskra vatnsfalla, þar sem þær voru hluti af hnitunargreiningum og öðrum tölfræðiútreikningum um íslensk vötn. Ekki hafa verið birtar greinar eða skýrslur um þessar ár sérstaklega.

Heimild: Gísli Már Gíslason

Tjarnarklukka finnst í tjörnum á Innrahálsi í Berufirði. Um er að ræða eina af sex tegundum vatnabjöllu af brunnskluætt. Almenn séð eru brunnskluættir algengar á landinu í flestum gerðum vatna, þó að tjarnarklukkunni undanskilinni, en hún hefur aðeins fundist á Innrahálsi.

Heimild: Gísli Már Gíslason

Veiði í ám

Fiskur gengur upp eftir öllum meginám á svæðinu í misjöfnu magni þó. Selá í Álftafirði er fiskgeng frá ósi upp að svonefndu Skógarmannagljúfri, alls um 9 km og í henni skráðir 20 veiðistaðir. Neðst í ánni og í ósnum veiðist sjóbleikja, en sjóbirtingur gengur í ána. Á síðustu árum hefur orðið vart aukinnar laxa-gengdar í ánni og hafa sumir talið að slepping laxaseiða í Breiðdalsá og jafnvel Laxá á Nesjum sé orsök þess. Fyrst og fremst hefur laxinn veiðist í efri hluta árinna.



Fiskgengur hluti Geithellaár er um 8 km eða upp að Kambsfossi. Mestu veiðisvæðin eru frá brúnni á núverandi þjóðvegi niður að ósi, þar fellur áin í kvíslum til sjávar, auk ósasvæðanna sjálfra. Mest veiðist af bleikju í ánni, en reynt hefur verið að rækta upp lax í ánni, með heldur litlum árangri. Fiskur gengur inn Hofsdal að Stórafossi eða um 15 km leið. Fyrst og fremst er sjógenginn bleikja í ánni, fremur smá, þótt svo veiðst hafi nokkurra punda bleikjur. Stöku lax fæst yfirleitt í efri hluta árinna. Fiskur á greiða göngu inn Suðurá / Flugustaðaá en í henni er ekki mikið veitt. Hamarsá er ekki fiskgeng nema um 6 km frá ósnum, en þrátt fyrir það eru veiðistaðir við ána fjölmargir. Mest er veitt af sjógenginni bleikju í ánni og stærð hennar er mjög misjöfn. Það kemur því fyrir að stórir fiskar séu dregnir á land. Þá hefur lax fengist í Hamarsá. Ekki fer miklum sögum af veiði í ánum sem falla í Berufjörð, þó fiskgengd sé í þeim öllum. Í Búlandsá er veiði þokkaleg, en áin er þó ekki geng fiskum nema 2 kílómetra, eða þann spöl sem hún fellur á malareyrum og grefur hylji. Berufjarðará er fiskgeng inn að Ástufossi, samtals tæpa 3 kílómetra og Fossá er aðeins geng upp að Fossavík, þar sem mikill foss steypist af dalbrúninni. Í Berufjarðaránum veiðist nánast eingöngu bleikja.

Veiðitölur í ám á svæðinu hafa verið mjög stopulár á liðnum árum en samkvæmt lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, ber sérhverjum veiðiréttarhafa að gera skýrslu í samræmi við reglugerð ráðherra.

Í Selá liggja fyrir veiðitölur fyrir tímabilið 2004 – 2008 og eru þær sýndar í töflu 3.

Tafla 3. Veiðitölur í Selá í Álftafirði á tímabilinu 2004 - 2008.

	Lax		Silungur	
	Stórlax	Smálax	Urriði	Bleikja
2004	13	96	1	4
2005	7	79	6	49
2006	6	127	8	3
2007	7	66	1	2
2008	16	125	2	0

Engin veiðifélög eru í sveitarfélaginu og ræður því hver ábúandi veiði í sínu landi í Selá, Hofsa, Hamarsá og Geithellaá. Í Suðurá / Flugustaðaá, Búlandsá og Fossá er ekki mikið veitt. Í Berufjarðará eru veiðileyfi ekki seld á almennum markaði.

Heimild: Veiðimálastofnun; www.althingi.is; Gylfi Pálsson; www.svfr.is

2.7 Náttúruvernd

Í Djúpavogshreppi er samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999, náttúruvætti að Teigarhorni í Berufirði, sbr. töflu 4.

Tafla 4. Svæði í Djúpavogshreppi sem njóta friðlýsingar skv. lögum um náttúruvernd nr. 44/1999.

Svæði	Friðunarlýsing	Þinglýsing	Mörk og stærð svæðis
Teigarhorn í Berufirði	Náttúruvætti	Auglýsing í Stjórnartíðindum B, nr. 518/1975.	Frá stórstraumsfjöruborði að núverandi þjóðvegi milli Búlandsár að innan og Eyfeyjunesvíkur (Prófastsgötu) að utan. Stærð svæðis 120 ha.

Fimm svæði í Djúpavogshreppi eru á Náttúruminjaskrá 1996 og í töflu 5 má lesa lýsingu á svæðinu.

Tafla 5. Svæði í Djúpavogshreppi sem eru á Náttúruminjaskrá 1996.

Nr.	Svæði	Lýsing
622	Blábjörg við Berufjörð	Klettur við sjó í landi Fagrahvamms, ásamt tanganum Haga og Gatkletti við hann og tveimur hölmum utar, Stórhólma og Kálhólma. Blábjörg eru hluti af sérkennilegu og víðáttumiklu flikruberagslagi (Skessulagið).
623	Hálsar og Hálsarætur við Djúpavog	Hálsar og svæði ofan þjóðveggar frá Kambshjáleigu út fyrir Rakkaberg og inn með því að norðan að norðurbakka Búlandsár. Með norðurbakkanum upp fyrir gljúfrið og þaðan beina línu um Ból að þjóðvegi á móts við Hálstanga. Fjölbreytilegt landslag með sérkennilegum berggöngum, skógarreit og góðum gróðurskilyrðum. Útivistarsvæði í nágrenni Djúpavogs.
624	Papey	Papey og úteyjar. Stór, vel gróin eyja með fjölbreyttu landslagi og miklu fuglalífi. Menningarminjar.
625	Hofsdalur, Tunga (Hofstunga), Hofsá, Geithelladalur, (Múladalur) og Þrándarjökull	Hofsdalur innan Eyðikinnargils, Flugustaðadalur norðan Hofsár syðri (Sauðár) og Geithelladalur innan Árness. Að vestan og norðan ráða vatnaskil. Til austurs ræður Hákonará, Nóngil og Eyðikinnargil. Hofsá ásamt 100 m breiðu belti sitt hvoru megin árinna allt fram í sjó. Gróðursælir dalir með vöxtulegu kjarri og skógarteigum kringdir litríkum og háum fjöllum. Margir fallegir fossar, einkum í Hofsá. Tilvalið svæði til útivistar í tengslum við Lónsöræfin.
652	Álftafjörður	Grunnsævi, fjörur, eyjar og rif á milli suðausturhorns Melrakkaness í norðri og Biskupshöfða í suðri. Í Álftafirði eru víðáttumiklar ísaltar leirur með einstæðum gróðri. Mikið fuglalíf.

Náttúruverndaráætlun 2004 - 2008

Árið 2003 lagði Umhverfisstofnun fram tillögu, sem bar heitið *Náttúruverndaráætlun, aðferðafræði - Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar*, til umhverfisráðherra og var þar lagt til að 75 svæði á Íslandi yrðu vernduð. Tilgangur þessa var að með friðlýsingu svæðanna ásamt friðlýsingu sjaldgæfra tegunda plantna myndi verndun þeirra tegunda fugla og plantna sem helst eru verndarþurfi á landinu vera tryggð sem og verndun helstu flokka íslenskra jarðminja, verndun mikilvægustu náttúrulegu birkiskóga landsins og verndun mikilvægra vatnakerfa.

Í tillögu Umhverfisstofnunar var að finna þrjú svæði í Djúpavogshreppi, sem lagt var til að unnið yrði að friðlýsingu á, og sýnir tafla 6 þau svæði.

Tafla 6. Svæði sem voru meðal tillagna Umhverfisstofnunar um friðlýsingu fyrir Náttúruverndaráætlun 2004 – 2008.

Svæði	Friðunarlýsing	Lýsing	Stærð svæðis
Geithelladalur	Friðland	Gróinn dalur inn af Álftafirði með vöxtulegu kjarri og skógarteigum kringdur litríkum og háum fjöllum. Skógur, gras- og mólendi og mosagróður. Birkiskógur með sérstæðu gróðurfari, m.a. nokkrar sjaldgæfar fléttur. Tilvalið útivistarsvæði.	140,4 km ²
Álftafjörður - Hamarsfjörður	Búsvæðavernd	Grunnsævi, fjörur, eyjar, sjávarfitjar, tjarnir og sandrif, ásamt votlendi og graslendi við Djúpavog og Malvíkurhöfða. Í Hamarsfirði er ós opinn til sjávar og gætir þar sjávarfalla. Þar er leiruvottur, víðast skeraleirur og sums staðar sandmaðksleirublettir. Skarkoli er á botni og þangfjörur með löndum. Í Álftafirði eru víðáttumiklar ísaltar leirur með einstæðum gróðri. Þar er ós opinn til sjávar og gætir sjávarfalla. Leirur eru töluverðar, ánaleirur innarlega en utar eru skeraleirur. Við Starmýrar eru líklega mestu sjávarfitjar á Austfjörðum. Ríkulegt fuglalíf og mikilvægur viðkomustaður vaðfugla á fartíma. Aðrar fuglategundir en grágæs sem hafa alþjóðlegt náttúruverndargildi eru álftr, en um 200 álftrir eru á svæðinu á fellitíma og jaðrakan, um 1200–3600 á fartíma að vori. Athuganir á litmerktum fuglum benda til þess að um 13% íslenska jaðrakanastofnsins fari um svæðið á vorin.	131,4 km ²
Papey	Friðland	Vel grónar eyjar, fuglabjörg og fjörur. Papey er vogskorin með lágum fuglabjörgum og rís hæst 58 m y.s. Fjölbreytt gróðurfar en þar hafa fundist um 124 tegundir háplantna. Menningarlandslag, en Papey var eina byggða eyjan við austurströnd landsins. Við fornleifarannsóknir 1972 var grafinn upp bær frá 10. öld, bæði íbúðarskáli og fjós. Í Papey er friðlýst kirkja (1902). Kirkjan er nýppgerð og húsakosti vel við haldið. Nafnið dregur eyjan af írskum munkum en heimildir eru um dvöl papa í Papey. Papey er talin vera dólerít innskot eða mjög þykkt hraunlag.	23,3 km ²

Heimild: Umhverfisstofnun.

Í tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004 – 2008 (þskj. 716) sem byggði á tillögu Umhverfisstofnunar kemur fram að Alþingi álykti „ ... með vísan til 65. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, að á næstu fimm árum skuli unnið að friðlýsingu fjórtán svæða á landinu til að stuðla að traustari vernd íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd hér á landi.“

Heimild: Umhverfisstofnun og Alþingi.

Tillaga ráðherra var samþykkt á 130. löggjafarþingi Alþingis, árið 2004. Þó svo ofangreind svæði í Djúpavogshreppi hafi ekki verið meðal þeirra fjórtán sem tekin voru inn í Náttúruverndaráætlun 2004 - 2008, hefur verndargildi þessara svæða verið undirstrikað með tillögum Umhverfisstofnunar og því enn brýnna en fyrr að raska ekki verndargildi þeirra.

Náttúruverndaráætlun 2009 – 2013

Í þingsályktunartillögu um Náttúruverndaráætlun 2009 – 2013 er lagt til að friða tjarnarklukkku og vernda búsvæði hennar sem eru tjarnasvæði að Innrihálsunum í Berufirði (sjá skýringarkort 2).

Aðrar tillögur að friðun í Djúpavogshreppi

Sveitarstjórn Búlandshrepp
samþykkti (ár ótilgreint)
friðun á Kaupstaðarkambi,
Rakkabergi og Fólalda-
kambi.

Þá hafa Náttúruverndar-
samtök Austurlands
(NAUST) bent á að þörf sé á
því að friða sem
náttúruvætti, Valtýskamb,
Sauðakamb, Borgargerðiskamb og Rauðuskriðu ásamt spotta af gamla reiðveginum.
Öllum þessum svæðum eru gerð nánari skil í *kafla 5.10.1*.

Heimild: Heimamenn

2.8 Náttúruauðlindir

Eins og komið hefur fram í köflunum hér á undan eru náttúruauðlindir Djúpavogshrepps margvíslegar, svo sem óvenju fjölbreytilegt steinaríki, mjög fjölskrúðugt fuglalíf, margvíslegt dýralíf, gjöful fiskimið og góðar veiðiár.

bá eru náttúra og jarðfræði svæðisins einkar athyglisverð og á svæðinu er að finna náttúrulega skóga og kjarr, ásamt fágætum smáplöntum.

Boranir eftir heitu vatni í sveitarfélaginu hafa gefið von um að þar sé að finna heitt vatn í jörðu.

Efnistaka er víða á svæðinu og raunhæft að telja jarðefni sem henta til margvíslegra nota, til náttúruauðæfa.



2.9 Niðurstöður

- Meðalhitastig á ári á Teigarhorni í Berufirði, á tímabilinu 1979 – 2008, var 4,1°C. Janúar var að jafnaði kaldasti mánuður ársins en ágúst sá hlýjasti. Þar mældist úrkoma um 1325 mm á ári að meðaltali á tímabilinu og var október jafnan votviðrasamasti mánuður ársins en maí sá þurrasti. Á Teigarhorni er norðnorðvestanátt tíðasta vindáttin, en bæði vindátt og vindstyrkur eru mjög breytileg eftir því hvar í sveitarfélaginu mælingar fara fram.
- Almennt séð er lítil hættu af náttúruhamförum á svæðinu, en þó er skriðuhætta talsverð í Hvalnes- og Þvottárskriðum.
- Jarðfræði sveitarfélagsins er ákaflega fjölbreytileg og vel til þess fallin að nýta til náttúruskoðunar og rannsókna. Þá er svæðið sérlega ríkt af steinategundum og einkar áhugavert fyrir þá sem áhuga hafa á slíku. Í landi Teigarhorns í Berufirði er einn frægasti fundarstaður geislasteina í heiminum. Á síðustu árum hefur verið borað eftir heitu vatni í landi Merkis með nokkuð góðum árangri.
- Í Djúpavogshreppi eru nokkur meginvatnsföll og veiði í mörgum þeirra.
- Engar sérstakar úttektir hafa farið fram á gróðurfari á svæðinu, en gróflega má gera ráð fyrir að meira en 50% lands einkennist af lítt grónu landi og / eða rýru mólendi.
- Geysilega fjölbreytt fuglalíf er í sveitarfélaginu og er talið að 57 tegundir fugla hafi orpið þar. Sjófuglar setja hvað mestan svip á fuglalífið á svæðinu. Mörg athyglisverð fuglasvæði eru í sveitarfélaginu, svo sem í Álftafirði og Hamarsfirði og í Papey.
- Eins og víða á Austurlandi er hreindýr að finna í Djúpavogshreppi og hafa verið gerðar talsverðar rannsóknir á þeim í gegnum tíðina. Að öðru leyti hafa afar fáar rannsóknir verið gerðar á dýralífi svæðisins, en í sveitarfélaginu eru selir, refir, minkar og hvalir svo eitthvað sé nefnt.
- Í Djúpavogshreppi er eitt friðlýst náttúruvætti samkvæmt lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd og fimm svæði eru á Náttúru-minjaskrá 1996. Þá voru þrjú svæði tilgreind í tillögum Umhverfisstofnunar vegna friðlýsingar fyrir Náttúruverndaráætlun 2004 – 2008, en ekkert þeirra komst inn á hina endanlegu áætlun. Eitt svæði er á tillögu til þingsályktunar um Náttúruverndaráætlun 2009 – 2013.

3. kafli - Samfélag



3.1 Söguágrip

Sú sögn hefur lifað að fóstbræðurnir Ingólfur Arnarson og Hjörleifur hafi haft vetursetu að Geithellum í Álftafirði veturinn, sem þeir voru hér áður en þeir fluttust alfarir til Íslands. Bústaður þeirra átti að hafa verið við hól neðst í túninu. Sögunni fylgir að um vorið hafi konur gengið upp á fjall og séð reyk úti í Papey. Konurnar voru að leita að geitum, sem hurfu frá þeim og fundu þær í hellisskúta uppi í fjallinu. Þegar farið var að athuga um reykinn, voru þar Papar fyrir.

Samkvæmt Landnámu má rekja upphaf byggðar við Berufjörð til Þjóðreks, er nam Breiðdal allan, en hraktist þaðan og nam alla nyrðri strönd Berufjarðar og suður um Búlandsnes og bjó þrjá vetur að Skála. Síðar keypti Björn hávi jarðir af honum og eru Berfirðingar af honum komnir. Þess er ekki getið hvar Björn hávi bjó, en sagt er að það hafi verið á Búlandsnesi. Líklegt verður að telja að hver sá er byggði Berufjörð hafi búið á kostabúinu Berufirði miðað við dýrleika þess og það víðlenda landsvæði sem tilheyrði jörðinni.



Á milli Lónsheiðar og Búlandsness er stuttur og breiður flói og inn úr honum ganga síðan tveir firðir. Til forna hétu þeir Álftafirðir hinn eystri/nyrðri og syðri. Nyrðri fjörðurinn er nú nefndur Hamarsfjörður.

Samkvæmt Landnámu nam Björn sviðinhorni Álftafjörð hinn nyrðra frá Rauðuskriðu að Sviðinhornadal. Þetta eru því að öllum líkindum Hamarsfjörður og Hamarsdalur og hafa menn leitt að því líkur að Björn hafi búið á Hamri.

Frá suðurenda Hamarsfjarðar, út um Melrakknes og að sýslumörkum eru nefndir til þrír landnámsmenn, allir frá Hörðafylki. Brand-Ögmundur, Böðvar hvíti og Þorsteinn trumbubein. Brand-Ögmundur nam land fyrir norðan Múla, Kambsdal (Geithelladal) og Melrakknes inn að Hamarsá. Um búsetu hans er ekki vitað. Böðvar hvíti nam að öllum líkindum land frá Geithelladal sunnanverðum (eða yfir allan dalinn), yfir allan Hofstaðadal og sunnanverðan Flugudal. Hann bjó að Hofi. Þorsteinn trumbubein nam land í Starmýrardal, eða eins og segir „fyrir utan Leiruvog til Hvalnesskriða“. Sennilegt þykir að hann hafi búið á Þvottá.

En víkjum þá örlítið að afkomendum Böðvars hvíta á landnámsjörðinni Hofi. Sonur hans Þorsteinn tók við goðorði eftir föður sinn. Hans sonur var Síðu-Hallur. Síðu-Hallur fluttist að Þvottá eftir lát Þiðranda sonar síns, en við búi tók Þorsteinn Síðu-Hallsson. Hann fór ungur utan til Orkneyja og barðist í liði Sigurðar jarls Hlöðvinssonar í Brjánsbardaga árið 1014.

Oft fór Þorsteinn utan eftir þetta m.a. í pílgrímsför til Rómar. Elsta barn Þorsteins Síðu-Hallssonar hét Guðríður, móðir Jóreiðar er átti Þorgils Gellisson. Þeirra sonur var Ari fróði. Síðu Hallur var því langlangafi Ara fróða.

Síðu-Hallur var fluttur að Þvottá þegar Þangbrandur kom til Íslands til þess að boða kristna trú. Þangbrandur var saxneskur eða af Flandri, en hlaut kirkjulega mótun í Englandi. Talið er að hann hafi komið út í Gautavík. Síðu-Hallur bauð Þangbrandi að Þvottá nokkru síðar. Líklegt er talið að hann hafi þá siglt skipi sínu frá Gautavík til

Álftafjarðar að þangbrandsbryggju og sett upp skip sitt við þangbrandshróf þar skammt frá. Síðu-Hallur og öll hans hjú tóku skírn. Hallur gerðist síðan liðsmaður þangbrands í trúboði hans. Talið er að þangbrandur hafi dvalist hérlandis einn eða tvo vetur. Hann var farinn af landi brott fyrir kristnitöku á Alþingi árið 1000. Þar var Síðu-Hallur aftur á móti í gildu hlutverki.

Þvottá var kirkjustaður um aldaraðir. Prestsetur þar var lagt niður árið 1755, kirkjan felld nokkru síðar og sóknin lögð til Hofskirkju.

Af því sem hér hefur verið sagt má ætla að bæir í Djúpavogshreppi hafi byggst snemma þar sem fór saman sæmileg höfn, góð skilyrði til búfjárræktar og fjölbreytileg hlunnindi, s.s. fjörubeit, sumarbeitiland, reki, æðarvarp og selveiði svo eitthvað sé nefnt, auk útróðra.

Heimild: Haraldur Matthíasson (1982), Ingimar Sveinsson (2003)

3.1.1 Tyrkjaránið

Árið 1627 gerðist sá atburður sem hvað mest hefur verið í minnum hafður af því sem gerst hefur í Djúpavogshreppi. Það var rán sjóræningja frá Alsír, nefnt Tyrkjaránið. Í eftirfarandi texta verður aðeins dregið á örfá atriði sem tengjast þessum sögulega atburði.

Tvö skip Tyrkja komu í Berufjörð 5. júlí það ár og fóru skipverjar rænandi og ruplandi bæði á Djúpavogi og um næstu byggðir. Tyrkirnir munu hafa tekið höndum og haft á brott með sér á annað hundrað manns, auk þess sem þeir drápu að minnsta kosti níu manns. Sumar heimildir telja fleiri.

Í Djúpavogshreppi eru staðir sem tengjast sögu þessa atburðar, svo sem Tyrkjaflöt, skammt frá bænum Núpi, en þar á drengur að hafa bjargast frá Tyrkjunum eftir að yfir dró dimma þoku. Þá má nefna Helgurák í landi Hamars í Hamarsdal, sem nefnd er eftir stúlku, sem sögð er hafa flúið þangað undan misyndismönnunum og falið sig, meðan þeir tóku þrettán manns höndum heima á bænum og höfðu á brott með sér. Á svipuðum slóðum segir sagan að ung stúlka frá Hamri hafi drekkt sér í fossi til þess að lenda ekki í höndum Tyrkja.

Bærinn Háls varð hart út í Tyrkjaráninu en þar bjó þá aldriður prestur, séra Jón Þorvarðarson. Fundu ræningjarnir heimilisfólkið í seli á Búlandsdal og handtóku þar ellefu manns, en smalanum tókst að forða sér á hlaupum og gat gert viðvart á kirkjustaðnum Berufirði. Varð það til þess að fólki þar tókst að flýja yfir Berufjarðarskarð áður en ránsmenn náðu inn í Berufjarðarbotn.

Á Hálsi unnu ræningjarnir margvísleg spjöll á kirkjunni, hjuggu meðal annars altarið í sundur og urðu þau ummerki söfnuðinum lengi vitnisburður um þennan atburð.

Heimild: Hjörleifur Guttormsson (2002)

3.1.2 Djúpvogur

Kauptúnið Djúpvogur stendur á Búlandsnesi milli Hamarsfjarðar og Berufjarðar og er þéttbýliskjarni svæðisins. Djúpvogur er nátengdur verslunarsögu landsins en þar hefur verið stunduð verslun frá því Hamborgarkaupmenn fengu leyfi til verslunar á staðnum árið 1589.

Sjávarútvegur hefur verið stundaður að einhverju marki á Djúpavogi frá því á 19. öld.

Þaðan er stutt í gjöful fiskimið og um aldamótin 1900 var Djúpvogur ein helsta útgerðarstöð á Austurlandi.



Ágrip af verslunarsögu Djúpavogs

Verslun á sér mjög langa sögu í sveitarfélaginu, bæði í Gautavík og á Djúpavogi. Gautavík var um langt skeið þýðingarmikil siglingahöfn og ein af aðalhöfnum Austurlands fyrr á öldum, en bæði í Njálssögu og Fljótsdælasögu segir frá skipakomum þangað.

Verslun flutti svo frá Gautavík, fyrir tilstilli kaupmanna frá Bremen í Þýskalandi eða Brimarkaupmanna, yfir Berufjörð, fyrst til Fýluvogs (Fúlúvíkur). Frá Fýluvogi fluttist verslun á Djúpavog og fengu Hamborgarkaupmenn, með hálfgerðum prettum einkaleyfi til verslunar með sérstöku verslunarleyfi Friðriks annars Danakonungs, hinn 20. júní 1589. Er sá dagur talinn stofndagur verslunar á Djúpavogi.

Líkt og annars staðar á landinu markaði einokunarstaða Dana djúp spor í verslun á svæðinu í næstum 200 ár eða frá 1602 – 1787. Á þeim tímum var verslunarsvæði Djúpavogs býsna víðfeðmt og náði milli Gvendarness og Skeiðarár, eða samtals yfir 10 sveitir.

Við afnám einokunarinnar keypti danski kaupmaðurinn J. L. Busch verslun á Djúpavogi og rak til ársins 1818, uns verslunarfyrirtækið Ørum & Wulff keypti húseignir og rekstur. Fyrirtækið var að mestu einrátt um viðskipti á Djúpavogi í rúm 100 ár, eða þar til Kaupfélag Berufjarðar keypti eignir þess árið 1920. Rak kaupfélagið umfangsmikla starfsemi á svæðinu, allt til ársins 1986.

Kaupfélag Austur-Skaftfellinga (KASK) tók við rekstrinum af Kaupfélagi Berufjarðar og annaðist hann til ársins 2001, þar til Kaupás tók við. Árið 2004 keypti Kaupfélag Héraðsbúa (KHB) reksturinn af Kaupás og rak verslunina í samvinnu við Samkaup hf. þar til rekstur KHB fór í þrot í febrúar 2009 en þá yfirtók Samkaup hf. alfarið reksturinn.

Heimild: Þorsteinn Jósefsson og Steindór Steindórsson (1980) og heimamenn

Ágrip af útgerðarsögu Djúpavogs

Sjávarútvegur virðist ekki hafa verið stundaður að marki frá Djúpavogi, fyrr en komið var á 19. öld, við upphaf hákarlaútgerðar á staðnum. Þrátt fyrir gott gengi um áratugaskeið fór á 7. áratug aldarinnar verulega að draga af henni og lagðist hún af upp úr 1870. Á síðustu áratugum 19. aldarinnar var síldarútgerð nokkuð fyrirferðarmikil en varð ekki langlíf.

Um aldamótin 1900 tóku aðstæður að breytast, heimamenn eignuðust sína fyrstu fiskibáta og árið 1912 komu vélbátar til sögunnar.

Árið 1946 var Búlandstindur hf. stofnaður af frumkvæði Kaupfélags Berufjarðar og annarra heimamanna og hóf byggingu frystihúss á Djúpavogi. Tók það til starfa um áramótin 1947 – 1948. Um sama leyti komu til staðarins fullkomnari bátar, eins og Mánatindur, sem þá var stærsti bátur á Austfjörðum.

Næstu áratugi á eftir rak Búlandstindur hf. margþætta starfsemi á Djúpavogi, svo sem fiskvinnslu, bræðslu og fiskimjölsverksmiðju, auk fiskvinnslu á Breiðdalsvík. Nýtt frystihús var byggt upp úr 1980 og fiskiskipaflotinn efldur jafnt og þétt og náði hámarki á 10. áratugnum þegar fyrirtækið gerði m.a. út frystitogarann Sunnutind SU og aflamarksskipið Mánatind SU.

Í desember 1998 keypti Vísir hf. í Grindavík meirihluta í Búlandstindi hf. og urðu þá verulegar breytingar á starfsemi Búlandstinds, svo sem með sölu fiskvinnsluaðstöðunnar á Breiðdalsvík til heimamanna, sölu skipanna og kaupum á öðru skipi í staðinn. Þá var fiskimjölsverksmiðjan seld Gautavík hf., sem var í meirihlutaeigu Festis hf. í Grindavík. Árið 2004 hætti Gautavík hf. starfsemi á Djúpavogi og dróst löndun á uppsjávarfiski þá gríðarlega saman í kjölfarið.

Djúpavogshreppur ásamt öðrum fjárfestum keypti fiskimjölsverksmiðjuna af þrotabúi Gautavíkur og hélt uppi vinnslu þar tímabundið á árinu 2005 en síðan þá hefur verksmiðjan ekki verið starfrækt.

Árið 2004 yfirtók Búlandstindur hf. Fiskvinnsluna Fjölni hf. á Þingeyri, Fiskiðjusamlag Húsavíkur hf. og Útgerðarfélagið Garðey ehf.

Sögu Búlandstinds hf. lauk árið 2005 þegar öll félög Vísis hf. voru sameinuð undir einu nafni. Starfsemi Vísis hf. á Djúpavogi eru nú fyrst og fremst framleiðsla á saltfiskflökum og hefðbundnum SPIG-fiski.

Heimildir: Aðalskipulag Búlandshrepps og Djúpavogs 1989 – 2009; Andrés Skúlason; Ingimar Sveinsson (1989); www.visirhf.is



Smábátaútgerð fór að eflast í byrjun síðustu aldar og óx hröðum skrefum fram eftir öldinni. Ástæða öflugar smábátaútgerðar frá Djúpavogi var fyrst og fremst gjöful fiskimið á nálægum slóðum, auk skjólgóðrar og öruggrar hafnar. Smábátaútgerðin náði hámarki á upphafsárum 10. áratugarins þegar kvóti var settur á alla báta, sem voru um og yfir 30 talsins. Flestir gerðu út á handfæri og línu, auk þess sem nokkrir smærri bátar notuðu þorskanet tímabundið meðan á vertíð stóð.

Þá hafa smærri snurvoðarbátar gert töluvert út frá Djúpavogi í gegnum tíðina, bæði aðkomnir bátar og heimabátar.

Smábátum á Djúpavogi fór ört fækkandi í lok aldarinnar og á árunum 2000 – 2006 varð svo nánast hrun í hinni hefðbundnu einyrkja smábátaútgerð.

Trillur hafa vikið fyrir um 15 tonna plastbátum með tveggja til fjögurra manna áhöfn. Gera bátarnir ýmist út með handbeittar línur eða nota beitningavélar sem eru um borð. Af þeim sökum hafa handfæraveiðar dregist stórlega saman á síðustu árum.

Grásleppuveiðar hafa verið stundaðar í mjög litlum mæli frá Djúpavogi, þó hafa 1 til 2 bátar gert tilraunir með grásleppuútgerð í Berufirðinum á síðustu árum með fremur litlum árangri.

Heimild: Andrés Skúlason

Markviss uppbygging laxeldis í Berufirði hófst formlega árið 2002, en árið áður var fyrirtækið Salar Islandica ehf. stofnað af heimamönnum og tveimur fjölskyldum er fluttu búferlum frá Noregi til Djúpavogs með það að markmiði að hefja fiskeldi í sjókvíum í Berufirði. Tilskilin leyfi fengust í firðinum fyrir allt að 8000 tonna laxeldi.

Árið 2003 keypti HB Grandi í Reykjavík 70% hlut í Salar Islandica og í kjölfar þess, eða árið 2004 hófust samhliða laxeldinu tilraunir með þorskeldi í firðinum.

Ákveðið var jafnframt að færa laxeldið niður á stig tilraunaeldis og var því dregið verulega úr sleppingum.

Slátrun á eldislaxi hófst í verkunarstöðvum Vísis hf. á Djúpavogi árið 2005. Það ár var um 1500 tonnum slátrað. Skilyrði til laxeldis þykja

góð í Berufirði og gekk eldið sem slíkt mjög vel. Á vordögum árið 2007 var hinsvegar tekin sú ákvörðun að hætta tilraunaeldi á laxi í Berufirði og samhliða ákveðið að fækka starfmönnum hjá Salar Islandica.

Í staðinn hyggst fyrirtækið nú einbeita sér alfarið að tilraunaeldi á þorski á næstu árum með það að markmiði að byggja upp umfangsmikið þorskeldi til framtíðar í Berufirði.



Heimild: Andrés Skúlason; www.visirhf.is; www.hbgrandi.is; www.lfh.is

3.2 Þjóðminjar

3.2.1 Friðlýstar þjóðminjar

Friðlýstar þjóðminjar í Djúpavogshreppi eru taldar upp í töflu 7.

Tafla 7. Friðlýstar fornminjar skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001 í Djúpavogshreppi.

Staður	Lýsing	Friðlýsingarár
Gautavík	Allar búðatóftir í Búðavík, báðum megin við Búðaa og eru það einkum tvær búðabyrpingar, sín hvorum megin við ána, ein einnig niðri á sjávarbakkanum austan við ána.	1964
Háls	Djárnadys, stór grjótdys rétt neðan við veginn innan við Rauðuskriðu, utan undir svonefndri Ytri-Sandbrekku.	1964
Flugustaðir	1. „Völvuleiði“, svonefnt, nálægt bænum.	1931
	2. Nausttóft, fornleg og óglögg, kölluð Þangbrandshróf, innanvert við snös þá við vogana, er Þangbrandsbryggja er kölluð.	1931
Hof	Forn grjótrúst efst uppi á Goðatindi.	-
Múli I	Skálatóft svonefnd í túninu suðaustur frá bænum.	1972
Papey	„Papatóft“ eða „papatóftir“, svonefndar, við Írskahól, austan á eyinni.	1931
Þvottá	1. „Tjaldstæði Þangbrands“, er svo kallast, ferhyrnd girðing fyrir neðan túnið.	1931
	2. Túngarðsbrot fornt fyrir neðan „tjaldstæðið“.	
	3. Tóftar-upphækkun forn, sem er í túninu fyrir ofan „tjaldstæðið“.	

Heimild: Skrá um friðlýstar fornminjar 1. útgáfa

3.2.2 Úttektir á þjóðminjum í Djúpavogshreppi

Fornleifastofnun Íslands hefur unnið að úttekt á svæðisskráningu þjóðminja í Djúpavogshreppi og sett niðurstöður fram í greinargerð sem nefnist Menningarminjar í Djúpavogshreppi (FS 239-0319), en hún kom út árið 2004.

Engin kuml hafa fundist á skráningarsvæðinu, en rómverskir peningar frá 3. öld hafa fundist í landi Bragðavalla. Þar eru minjar um ónafngreind eyðibýli þar sem peningar fundust ásamt ýmsum forngripum öðrum með víkingaöldaryfirbragði. Flest bendir til að þar hafi verið forn byggð þó ekki sé hægt að tímasetja hana nákvæmlega. Talið er að byggð hafi verið orðin nokkuð stöðug á svæðinu á 11. öld, og þær jarðir sem vænta má að búið hafi verið á voru Kross, Berunes, Skáli, Berufjörður, Búlandsnes, Háls, Hamar, Melrakkanes, Geithellar, Múli, Hof, Starmýri og Þvottá. Einnig þykir líklegt að byggð hafi verið í Papey. Aðrir bæir sem verið hafa í stöðugri byggð á seinni öldum eins og Núpur, Karlsstaðir, Gautavík, Kelduskógar og Flugustaðir gætu vel hafa verið komnir í byggð þá og hafa í það minnsta ekki byggst löngu seinna. Fyrstu bæir á svæðinu, sem nefndir eru í fornritum eru Gautavík, sem bæði er nefnd í Njálssögu og Fljótsdælasögu og Karlsstaðir sem eru nefndir í Þorsteinssögu Síðu-Hallssonar. Þá má draga ályktanir af dýrleika jarða. Dýrleikinn var fasteignamat, sem virðist hafa verið fastsett snemma, að minnsta kosti þegar á 12. öld. Í töflu 8 eru teknar til samanburðar heimildir um fasteignamat. Matið frá 1696 er úr skrá um dýrleika og landskuld jarða á Íslandi frá því ári og síðara matið frá 1847 úr Jarðatali Johnsens.

Tafla 8. Dýrleiki jarða í Djúpavogshreppi árið 1686/1696 og árið 1847.

Nafn jarðar	Dýrleiki 1686/1696 í hdr.	Eigandi	Dýrleiki 1847 í hdr.	Eigandi
Berufjörður	60			
Berunes	12	bændaeign	12	bændaeign
Bjargarrétt			2	bændaeign
Borgargarður			4	bændaeign
Búlandsnes	12	kristfé	6	fátækraeign hreppsins
Eiríksstaðir			2 eða 3	
Flugustaðir	6	kirkjueign	6	kirkjueign
Fossárdalur			4	
Fossgerði	3	bændaeign	3	bændaeign
Gautavík	6	bændaeign	6	bændaeign
Geithellur	50	bændaeign	50	fátækraeign hreppsins
Hamar	14	kirkjueign	12	kirkjueign
Háls	Staður	kirkjueign	8	kirkjueign
Hof	Staður	kirkjueign		kirkjueign
Hærukollsnes			3	kirkjueign
Kambshjáleiga			4	bændaeign
Kársstaðir	10 (tvískipt)	bændaeign	16	bændaeign
Kelduskógur	6	kirkjueign	6	kirkjueign
Kross	20	bændaeign	20	bændaeign
Krossgerði	6	bændaeign		
Markúsarsel				kirkjueign
Melrakkanes	16	bændaeign	16	bændaeign
Múli	30	bændaeign	30	bændaeign
Núpur	15	kirkjueign	15	kirkjueign
Papey	12	konungseign	12	bændaeign
Skáli	16	¼ kirkjueign	16	¼ kirkjueign
Starmýri	20	bændaeign	20	bændaeign
Steinaborg	4	bændaeign	4	bændaeign
Stekkhjáleiga			3	bændaeign
Teigarhorn			3	bændaeign
Tittlingur			3 eða 6	bændaeign
Tunguhlíð				kirkjueign
Urðarteigur			6	kirkjueign
Veturhús	3	konungseign	2	sýslueign
Þvottá	Staður	kirkjueign	10	kirkjueign

Heimild: Sædís Gunnarsdóttir (2004).

Ólafur Olavíus fór um Austurland á áttunda áratug 18. aldar og ritaði ferðabók um ferðir sínar. Hann heimsótti meðal annars Papey og lýsir þar ýmsu sem vakti áhuga hans. Einnig tók hann saman merkilega heimild um forna hjáleigubýggð á svæðinu. Mikill áhugi var á þjóðminjum í Danmörku í upphafi 19. aldar. Árið 1817 voru sendir út spurningalistar til sóknarpresta á Íslandi í tengslum við varðveislu þjóðminja í Danaveldi. Sr. Sveinn Pétursson sem ritaði fyrir Hofssókn nefndi í svari sínu þrjá meinta fornmannahauga, Úlfshaug, Eskilshaug og Hrómundarhaug og tók fram, að þeir sæjust allir hver frá öðrum. Einnig taldi sr. Sveinn upp fjögur grettistök. Hann gat einnig um rúnastein í kirkjudyrum á Hofi og Goðaborg í Hofsfjalli þar sem sagt er að menn hafi gengið til blóta.

Árið 1818 sendi Hið íslenska bókmenntafélag spurningalista til sóknarpresta á Íslandi til undirbúnings Lýsingu Íslands. Sr. Jón Bergsson þjónaði þá Hof- og Hálsasókn og skrifaði meðal annars ítarlega greinargerð um byggð í sóknunum, túnstæði allra byggðra jarða, seljabúskap þeirra og hjáleigubýggð. Hann greinir einnig frá helstu höfnum og leiðum um sveitina. Hann nefnir Hrómundarhaug, hella sem nýttir voru til búskapar eða í tengslum við búskap svo og hella á Melrakknesi og Selfjalli.



Á seinni hluta 19. aldar áttu skipulagðar rannsóknir á Íslendingasögunum sitt blómaskeið. Á árunum 1872 - 1874 ferðaðist handritafræðingurinn Kristian Kaalund um svæðið. Hann nefnir verslunarstaðarminjarnar í Gautavík. Mestan áhuga hans vekja minjar um Þangbrand prest, sem á að hafa komið á svæðið og kristnað ýmsa svo sem Síðu-Hall sem bjó á Þvottá.

Árið 1879 var Hið íslenska fornleifafélag stofnað og gerði félagið út leiðangra á sumrin til að kanna sögustaði. Sigurður Vigfússon fór í leiðangra á vegum félagsins meðal annars til Austfjarða árið 1890 og ritaði um þjóðminjar tengdar Þangbrandi í landi Þvottár, einnig Þangbrandsbryggju í landi Starmýrar og Þangbrandshróf. Daniel Bruun kom til Papeyjar 1901 og lýsir þar staðháttum og þjóðminjum sem vísuðu á tilvist Papa.



Á árunum kring um 1930 friðlýsti Matthías Þórðarson þjóðminjavörður Völvuleiði og Þangbrandshróf í landi Flugustaða, Papatóftir í Papey og ýmsar minjar kenndar við Þangbrand í landi Þvottár. Kristján Eldjárn friðlýsti hinn forna verslunarstað Búðavík í landi Gautavíkur og Djáknadys í landi Háls. Auk þess stundaði hann rannsóknir bæði í Papey, Engihlíð og Broddaskála á árabílinu 1953 til 1981. Þá friðlýsti Þór Magnússon skálatóft í landi Múla I.

Í kringum 1980 rannsakaði Guðmundur Ólafsson kaupstaðarminjar í Búðavík í landi Gautavíkur. Þar fundust 30 - 40 búðir frá 16. öld í nokkrum þyrpingum. Að lokum skal getið skráningar Guðrúnar Sveinbjarnardóttur á þjóðminjum í Fossárdal, Berufjarðardal og Búlandsdal árið 1983 þar sem hún rannsakaði helst dreifingu býla á svæðinu.

Helstu tegundir menningarminja og ástand þeirra

Alls hafa verið skráðar 1447 fornleifar á 48 jörðum. Tegundir þjóðminja á skráningarsvæðinu eru sýndar í töflu 9.

Tafla 9. Tegundir þjóðminja og fjöldi í Djúpavogshreppi.

Tegundir þjóðminja	Fjöldi	Tegundir þjóðminja	Fjöldi
Álagablettir	1	Hellar	11
Áletrun	1	Hleðslur	4
Brunnar	5	Hús	10
Bæjarhólar	44	Sögustaðir	2
Bæjarstæði	132	Þjóðsögur	32
Dysjar	2	Tóftir	31
Garðlag	5	Vörður	41
Gripir	3	Vegir	2
Heimild	897	Örnefni	224

Heimild: Sædís Gunnarsdóttir (2004)

Í töflu 10 er að finna yfirlit yfir skráningu þjóðminja, staðsetningu þeirra og aldursgreiningu.



Tafla 10. Skráning þjóðminja, staðsetning og aldursgreining

Númer	Nafn á býli	Í byggð	Númer	Nafn á býli	Í byggð
SM-212:008	-	ekki vitað	SM-228:029	Krossgerðisstekkur	ekki vitað
SM-213:008	Engihlíð	f. 1362	SM-228:030	Ísleifskambur	ekki vitað
SM-213:022	-	ekki vitað	SM 230:026	Guðrúnarhús	ekki vitað
SM-213:023	-	ekki vitað	SM-232:014	Liljustaðir	ekki vitað
SM-213:058	Broddaskál	f. 1362	SM 232:036	Goðatættur	10. öld
SM-213:064	Sómastaðir	ekki vitað	SM-232:060	-	e. 17. öld
SM-213:072	Hæli	ekki vitað	SM-236:012	Hringur	
SM-213:073	Tómasarsund	19. öld	SM-236:027	Klapparhjáleiga	
SM-214:003	Hali	19. öld	SM-239:025	Salómonshús	
SM-214:004	-	ekki vitað	SM-240:008	Eiðshólahjáleiga	f. 1759
SM-214:007	Bakki	ekki vitað	SM-240:009	Einarsgil	15.öld
SM-214:008	-	ekki vitað	SM-240:010	Fossbrekkur	1608/1826-52
SM-215:013	Kambshjáleiga	ekki vitað	SM-240:011	Helgusel	ekki vitað
SM-215:017	Selnes	ekki vitað	SM-240:012	Jónssel	f. 1707
SM-215:018	Hjalli	ekki vitað	SM-241:014	Refsstaðir	miðaldir?
SM-215:023	Árnahús	18.-19. öld	SM-242:008	Selhússtaðir	f. 1608
SM-215:024	Guðfreðarstekkur	ekki vitað	SM-243:033	Gróutóft	ekki vitað
SM-215:039	Innri-Hjáleiga	ekki vitað	SM-244:011	-	ekki vitað
SM-218:009	Hraunanes	19. öld	SM-244:012	Karlstættur	f. 1744
SM-218:013	Magnúsartættur	ekki vitað	SM-244:013	Kálfeyri	ekki vitað
SM-221:015	Borg	18.-19. öld	SM-244:014	Krosshóll	f. 1744
SM-221:017	Eiði	ekki vitað	SM-244:015	Fossbrekkur	19. öld
SM-221:023	Gunnlaugsstaðir	ekki vitað	SM-245:018	Þormóðshvammur	f. 1885
SM-221:029	Lögrétta	18.-19. öld	SM-245:022	Virkishólasel	1860/1886-94
SM-222:016	Þiljuvallastekkur	ekki vitað	SM-247:021	Efribær	ekki vitað
SM-223:002	Gíslatangi	ekki vitað	SM-247:034	Tobbutótt	ekki vitað
SM-223:004	Grundarstekkur	ekki vitað	SM-247:097	Þórarinskot	ekki vitað
SM-223:006	Hali	ekki vitað	SM-249:021	-	ekki vitað
SM-223:020	Karlsstaðahvammur	um 1900	SM-250:014	Bessastaðir	f. 1831
SM-223:021		ekki vitað	SM-250:019	Þorkelssel	ekki vitað
SM-223:022	Karlsstaðaborg	í byggð 1703	SM-254:012	Grenjaðarstaður	f. 15. öld
SM-226:008	Ráðleysa	ekki vitað	SM-254:013	Mosfell	f. 15. öld
SM-227:027	Þorlákstekkur	19. öld	SM-255:023	Stekkjartún	ekki vitað
SM-227:034	Alda	19. öld	SM-255:024	Halldórshús	ekki vitað
SM-227:043	Nýibær	ekki vitað	SM-256:010	Kambar	í byggð 1760
SM-228:020	Halldórstættur	ekki vitað	SM-256:011	Pisjubakkar	í byggð 1760
SM-228:021	Steingrímskofi	ekki vitað	SM-256:017	Fauskasel	í byggð 1760
SM-228:028	Höfn	ekki vitað	SM-256:022	Krúrunartótt	ekki vitað

Heimild: Sædis Gunnarsdóttir

Yfirleitt hafa bæir staðið á sama stað öldum saman og þannig myndast bæjarhólar sem eru samsettir úr byggingarleifum og mannvistarlögum. Í bæjarhólum er mestra og fjölbreytilegastra fornminja að vænta. Bæjarhólar eru því lang mikilvægasta tegund þjóðminja. Fyrir utan bæjarhóla á lögbýlum sem verið hafa í byggð fram á þessa öld eru fjölmargir staðir þar sem byggð hefur annaðhvort varað í stuttan tíma eða þar sem hjáleigur eða afbýli hafa lagst í eyði, eins og sjá má af töflu 10.


Frá sjónarmiði fornleifafræðinnar eru staðir af þessu tagi ekki síður mikilvægir en bæjarhólar á lögbýlum, því oft er meira af byggingum í kringum bæjarhólinn þ.e. útihúsum og gördum. Mjög margir slíkir staðir eru á skráningarsvæðinu, sérstaklega í dölum upp af höfuðbólum og mun þar vera mikið um þjóðminjar, sem gætu nýst vel til kynningar á sögu svæðisins. Líkur eru á að meirihluti þjóðminja innan túna á skráningarsvæðinu hafi verið eyðilagður á 20. öld vegna umsvifa í landbúnaði. Nú stafa þjóðminjum mest hættu af skógrækt og sumarbústaðabyggð (byggingarframkvæmdum). Skógur eyðileggur hins vegar ekki þjóðminjar á sama hátt og skurðgröftur.

Hálsþorp

Í maí 2004 unnu Hjörleifur Guttormsson náttúrufræðingur og Guðný Zoega fornleifafræðingur að fornleifaskráningu í Hálsþorpi við Djúpavog. Nafnið Hálsþorp er gamalt og vísar til kirkjustaðarins á Hálsi með aðliggjandi hjáleigum sem sumpart fengu stöðu sjálfstæðra jarða áður en byggðin fór í eyði. Nær svæðið sem samfelld skráning tók til frá Vígðalæk á mörkum við Hamar út að landamerkjum við Búlandsnes og eyðibýlið Merki. M.ö.o. yfir jarðirnar Háls, Strýtu, Kambshjáleigu og Stekkjarhjáleigu.

Á heildina litið telja þau Hjörleifur og Guðný að svæðið hafi að geyma afar athyglisverðar þjóðminjar.

Þær sýnilegustu frá 19. öld og fyrri hluta 20. aldar, en nokkrar eflaust mun eldri jafnvel frá því skömmu eftir landnám. Á það ekki síst við um selstæðið á Búlandsdal, sem heimild er um að heitið hafi Búland og gæti hafa verið fornþýli. Líklegt er að bæjarstæði hafi lengi haldist hin sömu á jörðum í Hálsþorpi en ekki er hægt að segja fyrir um aldur þeirra nema með ítarlegri rannsóknum. Hálshöfn var útróðrarstaður fyrir öll býlin og þar eru vel varðveittar rústir af naustum o.fl. Skærasta djásnið í Hálsþorpi að öðrum ólöstuðum er Kambshjáleiga þar sem innan túngarðs er að finna afar vel varðveitt sýnishorn af rústum bæjar eins og hann leit út fyrir nær einni öld. Skráningarmenn telja að Hálsþorp sé vel til þess fallið að varðveita í heild sinni sem óraskað búsetulandslag með fjölbreyttum minjum frá fyrri tíð. Jarðmyndanir sem



þarna eru í formi fornra bergganga svonefndir kambar gefa öllu svæðinu sérstæðan svip og auka á sérstöðu þess. Fyrir ferðapjónustuna á svæðinu opnar Hálsþorp marga möguleika til fræðslu og skoðunar.

3.2.3 Húsvernd í Djúpavogshreppi

Í 1. gr. laga um húsafriðun nr. 104/2001 segir: „Tilgangur þessara laga er að varðveita íslenska byggingararfleifð sem hefur menningarsögulegt gildi.“

Í 6. gr. segir eftirfarandi: „Öll hús, sem reist eru fyrir 1850, eru friðuð, svo og allar kirkjur reistar fyrir 1918. Eigendum húsa, sem reist eru fyrir 1918, er skylt að leita álits hjá húsafriðunarnefnd [...] ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa. Húsafriðunarnefnd skal innan 4 vikna tilkynna viðkomandi aðilum, að fenginni umsögn minjavarðar, hvort hún telur ástæðu til friðunar.“



Húsafriðunarnefnd ríkisins leggur mikla áherslu á að gerðar séu húsakannanir um allt land, sem liggi til grundvallar við gerð aðalskipulags og verði þannig einn af þeim þáttum, sem tekið verði tillit til við gerð umhverfismats aðalskipulags. Liggi húsakönnun ekki fyrir þegar aðalskipulag er samþykkt þarf að minnsta kosti að vera þannig frá því gengið, að stefnumörkun varðandi varðveislu eldri bygginga sé skýr.

Í Djúpavogshreppi hefur verið unnið ötult starf við endurbætur á elstu húsum þéttbýlisins. Við gerð Aðalskipulags Djúpavogshrepps 2008-2020 gefst tækifæri til að skoða þau einstöku hús í víðara samhengi og kveða á um hverfisvernd þess hluta byggðarinnar, sem telst vera innan áhrifasvæða friðaðra bygginga sem og annarra bygginga, húsa eða húsaþyrpinga sem teljast hafa varðveislugildi.



Friðuð og áhugaverð hús

Í Djúpavogshreppi eru tvö hús friðuð samkvæmt lögum um húsafriðun nr. 104/2001 og eru þau talin upp í töflu 11.

Tafla 11. Friðuð hús í Djúpavogshreppi skv. lögum um húsafriðun nr. 104/2001.

Hús	Byggingarár	Húsgerð	Forsmiður	Friðun
Langabúð	1790	Timburhús		Vegna aldurs
Faktorshús	1848	Timburhús		Vegna aldurs

Langabúð

Langabúð er elsta hús á Djúpavogi og jafnframt eitt elsta verslunarhús landsins og hefur meðal annars gegnt hlutverki vörugæmslu og sláturhúss. Suðurendi hússins var reistur árið 1790 á grunnnum húsa sem áður höfðu staðið þar, allt frá því þýskir kaupmenn hófu starfsemi á Djúpavogi árið 1589 en húsið tók á sig núverandi mynd upp úr 1850, þegar eystri endi þess var byggður.

Árið 1989, á 400 ára verslunarafræmli Djúpavogs, fékk Djúpavogshreppur húsið að gjöf og var síðar ráðist í viðamiklar endurbætur, sem lauk árið 1997.

Langabúð gegnir nú hlutverki menningarmiðstöðvar Djúpavogshrepps (sjá ennfremsur *kafla 3.6.10*).



Faktorshús

Árið 2007 var hafist handa við endurbyggingu Faktorshússins en húsið á sér langa sögu og er með elstu timburhúsum hér á landi.

Faktorshúsið, sem byggt var árið 1848, er eign Djúpavogshrepps og skipar stóran sess í langri verslunarsögu staðarins.

Ekki er ljóst við gerð þessa aðalskipulags hvenær endurbyggingu Faktorshússins verður lokið, en húsinu er meðal annars ætlað að styrkja og auka á fjölbreytni safna í Djúpavogshreppi og efla ferðaþjónustu.

Við endurgerð hússins var viðbygging frá árinu 1929 fjarlægð svo hið upprunalega útlit fær nú notið sín í alla staði.

Áhugaverð hús í þéttbýli

Í þéttbýlinu á Djúpavogi er nokkur fjöldi húsa sem byggður var fyrir árið 1940 og gætu talist áhugaverð í menningarsögulegu tilliti og ástæða væri til að kanna sérstaklega (sjá einnig *kafla 5.10.2*).

Á skýringarkorti 3 eru sýnd heiti húsa innan þéttbýlisins á Djúpavogi og á skýringarkorti 4 er sýndur aldur húsa á Djúpavogi.



Á skýringarkorti 5 er sýnd staðsetning horfinna húsa og eldri mannvirkja.

Áhugaverð hús í dreifbýli

Í dreifbýli Djúpavogshrepps er einnig töluverður fjöldi húsa sem gætu talist áhugaverð með tilliti til sérstaks byggingarstíls og/eða sögu og ástæða væri til að kanna sérstaklega. Þar ber einna hæst Weyvadthús.

Weyvadthús

Weyvadthús að Teigarhorni hefur verið í vörslu Þjóðminjasafns Íslands frá árinu 1992, enda um menningarsögulegt hús að ræða.

Húsið var byggt fyrir tilstuðlan Níelsar Weyvadt kaupmanns (1814 – 1883) á árunum 1880 – 1882. Húsið er timburhús, byggt undir dönskum áhrifum, reist á steinhlöðnum kjallara. Hefur húsið allmikla sérstöðu meðal annars vegna þess að útveggir og þak þess voru upphaflega klædd pappa en það var afar fátítt hér á landi á byggingartíma hússins.

Búið var í húsinu í rúm 100 ár eða allt til ársins 1988. Þá hefur skrifstofa Weyvadt kaupmanns verið varðveitt þar eins og hún leit út við andlát hans árið 1883.

Unnið er að endurbyggingu hússins og ljósmyndaskúrs, sem dóttir Weyvadt, Nicoline (1848 – 1921), lét reisa við húsið á sinni tíð.



Önnur hús

Önnur áhugaverð hús á svæðinu eru talin upp í töflu 12.

Tafla 12. Önnur merk hús í Djúpavogshreppi.

Jörð (íbúðarhús)	Byggingarár
Berufjörður	1939
Berunes	1907 / 1947
Fossárdalur / Eyjólfstaðir	<1920
Fossgerði	1928
Gamli bærinn í Papey	1904
Hamar	1910 - 1920
Karlsstaðir	1927 / 1954
Rannveigarstaðir	1937
Skáli	1924
Steinaborg	1918
Strýta	1918



Heimild: Heimamenn


Skýringarkort 3. Heiti húsa og gatna



Skýringar:

- | | |
|------------------|---------------------|
| 1. Sjólyst | 65. Dalsmynni |
| 2. Birkhlið | 66. Sólhól |
| 3. Hammersminni | 67. Dalir |
| 4. Dynheimar | 68. Hlíðarhús |
| 5. Reymihlið | 69. Steinhóll |
| 6. Skjölbrekka | 70. Steinar |
| 7. Bergholt | 71. Festi |
| 8. Hraunprýði | 72. Röst |
| 9. Hátún | 73. Mötún |
| 10. Bjarg | 74. Túnberg |
| 11. Holt | 75. Vogaberg |
| 12. Dagsbrún | 76. Dalberg |
| 13. Höfn | 77. Hlíðarberg |
| 14. Ásbyrgi | 78. Þinghóll |
| 15. Véberg | 79. Lyngbrekka |
| 16. Hraunbær | 80. Laufás |
| 17. Háaleiti | 81. Sólhlið |
| 18. Þóðull | 82. Hamrahlíð |
| 19. Stapi | 83. Samnuhvöll |
| 20. Höfði | 84. Hvoll |
| 21. Triton | 85. Úthlið |
| 22. Rein | 86. Áshlið |
| 23. Austurbrún | 87. Grænahlið |
| 24. Sólvangur | 88. Ás |
| 25. Sigurhæð | 89. Hlið |
| 26. Hrafnabjörg | 90. Bær |
| 27. Grund | 91. Borgarholt |
| 28. Framtíð | 92. Hvarf |
| 29. Miðhús | 93. Steinstaðir |
| 30. Geysir | 94. Melar |
| 31. Sættún | 95. Sólgerði |
| 32. Gryta | 96. Sólheimar |
| 33. Vogur | 97. Svarthamrar |
| 34. Ásgarður | 98. Sólberg |
| 35. Rjóður | 99. Mánaberg |
| 36. Strandhöfn | 100. Réttarholt |
| 37. Sæból | 101. Borgarhóll |
| 38. Hlégarður | 102. Borgargarðurur |
| 39. Sæbakki | 103. Borgargerði |
| 40. Vík | 104. Hraungerði |
| 41. Grenivík | 105. Hraunborg |
| 42. Brekka | 106. Faxatún |
| 43. Sólbrekka | 107. Borg |
| 44. Lögberg | 108. Steinhlið |
| 45. Lögberg 1 | 109. Hlíðarendi |
| 46. Flókalundur | 110. Túborg |
| 47. Hamraberg | 111. Borgartún |
| 48. Dvergasteinn | 112. Heiðarlundur |
| 49. Sunnhlið | 113. Þorshamar |
| 50. Brimnes | 114. Birkilundur |
| 51. Hvammur | 115. Birkimelur |
| 52. Silfurtún | 116. Hraunberg |
| 53. Hjallaberg | 117. Espilundur |
| 54. Vegamót | 118. Tjarnarlundur |
| 55. Naust | 119. Stjörnuþorg |
| 56. Kambstún | 120. Sambúð |
| 57. Kambur | 121. Langabúð |
| 58. Þórsörk | 122. Faktorshús |
| 59. Árblik | 123. Búlandstindur |
| 60. Ekra | 124. Vogur |
| 61. Garður | 125. Naustavogur |
| 62. Nýborg | 126. Helgafell |
| 63. Hlymsdalur | 127. Bjarkatún |
| 64. Hraun | |

Skýringarkort 4. Aldur húsa



Skýringarkort 5. Staðsetning horfinna húsa og eldri mannvirkja



Staðsetning horfinna húsa og annarra eldri mannvirkja.

1. Bryggja við Trítón
2. Bryggja við Sigfúsarskúra
3. Bryggja við Friðgeirsskúra
4. Bryggja við Framtíðina
5. Lifrarbræðsla
6. Fiskireitur
7. Íshús
8. Smelterið
9. Fiskireitur
10. Suðurkaupsstaður
11. Neisti
12. Grund
13. Steinholt
14. Bjarki
15. Garðar
16. Höskuldsstaðir
17. Hvammur
18. Hlíðarhús eldra
19. Miðhús eldra
20. Hlíðarendi
21. Lundur
22. Kolabyrgið
23. Mörbúðin (Síbería)
24. Kornmyllan
25. Hjallurinn
26. Barnaskólinn eldri
27. Von
28. Ekra eldri
29. Mörk
30. Sólhólsstekkar
31. Vegamót eldra
32. Hjalli
33. Blómsturvellir
34. Fiskireitur
35. Svalbarð eldra
36. Fabrikken foss
37. Fagrahlíð
38. Melar eldri
39. Sólheimar eldri
40. Sunnuhlíð eldri
41. Borgargarður eldri
42. Berg

3.2.4 Friðaðar kirkjur og gamlir kirkjustaðir

Friðaðar kirkjur samkvæmt lögum um húsafriðun nr. 104/2001 eru fimm í Djúpavogshreppi og eru taldar upp í töflu 13.

Tafla 13. Friðaðar kirkjur í Djúpavogshreppi skv. lögum um húsafriðun nr. 104/2001.

Kirkja	Byggingarár	Húsgerð	Forsmiður	Friðun
Berufjarðarkirkja	1938	Timburkirkja	Ragnar Guðmundsson	Vegna gerðar sinnar (árið 2008)
Beruneskirkja	1874	Timburkirkja	Haraldur Ó. Briem	Vegna aldurs
Djúpavogskirkja eldri	1893	Timburkirkja	Lúðvík Jónsson	Vegna aldurs
Hofskirkja	1896	Timburkirkja	Lúðvík Jónsson	Vegna aldurs
Papeyjarkirkja	1904	Timburkirkja	Haraldur Ó. Briem	Vegna aldurs

Heimild: Húsafriðunarnefnd ríkisins

Byggingu þeirrar kirkju sem nú stendur í Berufirði lauk árið 1938, eftir að Ragnar Guðmundsson, bóndi í Berufirði réðst í það verk að byggja nýja kirkju á staðnum. Ástæða þess var sú að gamla kirkjan sem reist hafði verið árið 1874, af Haraldi Ó. Briem var orðin mjög fúin. Við byggingu kirkjunnar notaði Ragnar efni gömlu kirkjunnar þar sem því var við komið og byggði hana í sama stíl að mestu.

Í ritinu Íslensk byggingararfleifð II kemur fram að kirkjurnar í Berufirði, Berunesi og í Papey séu sérstæður hópur turnlausra kirkna. Í Berufirði og Berunesi eru kirkjurnar af eldri gerð turnlausra kirkna, en í Papey er um að ræða yngri gerð. Eru allar þessar kirkjur í góðu ástandi og vel hefur verið staðið að viðgerðum á þeim.

Kirkjurnar á Djúpavogi og að Hofi eru af turngerð eldri, að því fram kemur í Íslenskri byggingararfleifð II. Þar kemur fram að báðar kirkjurnar séu nú nokkuð frábrugðnar upprunalegu útliti sínu, enda gert við báðar oftar en einu sinni á liðinni öld.



3.2.5 Gamlir kirkjustaðir

Á því svæði sem Djúpavogsprestakall nær yfir, er talið að í gegnum tíðina hafi staðið fjölmörg guðshús, það eru kirkjur, hálfkirkjur og bænhús. Í grein sinni „Um guðshús í Djúpavogsprestakalli“ tilgreinir sr. Sigurður Ægisson staði þar sem nokkuð öruggar heimildir eru fyrir að einhvern tímann hafi staðið guðshús. Fyrir utan þá sem enn standa kirkjur á, nefnir Sigurður Búlandsnes (bænhús), Fossárdal (kirkja/bænhús?), Gautavík (kirkja),



Geithella (hálfkirkja), Grenjaðarstað (kirkja), Háls (kirkja), Hamar (bænhús), Kross (kirkja), Melrakkane (bænhús), Múla (bænhús), Refsstaði (bænhús), Skála (bænhús), Starmýri (bænhús) og Þvottá (kirkja).

Vel getur verið að bænhús hafi verið fleiri en hér er nefnt, en tæpast hafa kirkjurnar verið fleiri, segir Sigurður í grein sinni. Þá getur Sigurður sér til um að sex prestaköll hafi verið á svæðinu upphaflega, sem smám saman hafi týnt tölunni og orðið að einu og sóknunum fækkað úr níu í fjórar.

3.2.6 Vitar

Í Djúpavogshreppi eru fjórir vitar, sem allir teljast athyglisverðar byggingar. Þeir eru allir í eigu og umsjón Siglingastofnunar Íslands og eru taldir upp í töflu 14.

Tafla 14. Vitar í Djúpavogshreppi

Heiti	Byggingarár	Lýsing/Staðsetning
Karlstaðatangaviti	1922	Steinsteyptur, ferstrendur (2,7 x 2,7 m), 5,5 m hár, gluggalaus með áttstrent ljóshús og steipt handrið umhverfis ljóshúsið (64°41,3 N, 14°13,7 V)
Ketilsflesjarviti	1945	Steinsteyptur, sívalur og kónískur (5,2 m í þvermál neðst og 4,2 m efst), 9,3 m hár, með fjóra glugga, áttstrent ljóshús og steipt handrið umhverfis ljóshúsið (64°37,0 N, 14°14,8 V)
Papeyjarviti	1922	Steinsteyptur, ferstrendur (2,7 m x 2,7 m), 5 m hár, með tvo glugga, áttstrent ljóshús og handrið úr álstoðum og tréslám (64°35,5 N, 14°10,5 V)
Æðarsteinsviti	1922	Er sömu gerðar og Karlstaðatangaviti (64°40,1 N, 14°17,6 V)

Heimild: Vitar á Íslandi




3.3 Íbúaþróun og aldursskipting

3.3.1 Þróun íbúafjölda

Fjöldi íbúa í Djúpavogshreppi þann 1. desember 2008 var 456 og hafði þá fækkað um 23% frá árinu 1992 eða að meðaltali um 1,7% milli ára.

Mest varð fækkunin 8% milli áranna 1997 og 1998 en fjölgun var mest á árunum 1999 og 2000 eða 4%.

Tæplega 80% íbúa í sveitarfélaginu býr á Djúpavogi og hefur það hlutfall haldist að miklu leyti óbreytt síðustu ár. Mynd 10 sýnir þróun íbúafjölda í sveitarfélaginu og á Djúpavogi á tímabilinu 1992 - 2008.




Mynd 10. Íbúaþróun í Djúpavogshreppi á árunum 1992 - 2008.

Heimild: Hagstofa Íslands

3.3.2 Aldurs- og kynjaskipting íbúa

Meðalaldur íbúa Djúpavogshrepps hefur farið hækkandi á síðastliðnum árum og sýnir mynd 11 aldurskiptingu íbúa árin 1992 og 2008. Á mynd 11 sést að fækkun hefur orðið í tveimur yngri aldurshópum, frá 0 – 39 ára. Mest er fækkunin í yngsta aldurshópnum, 0 – 19 ára eða um 50% og rúmlega 25% í aldurshópnum 20 – 39 ára.

Heldur hefur aukist í eldri aldurshópum. Um 14% fjölgun er í aldurshópnum 40 – 59 ára og 7% í aldurshóp 60 – 79 ára. Þá hefur fjölgað nokkuð í elsta aldurshópnum, það er 80 og eldri eða um 29%. Þann 1. desember 2008 bjuggu 251 karl í Djúpavogshreppi og 205 konur og sýnir mynd 11 aldurskiptingu íbúa sveitarfélagsins á árunum 1992 og 2008.



Mynd 11. Aldurskipting íbúa Djúpavogshrepps á árunum 1992 og 2008.

Heimild: Hagstofa Íslands

3.4 Byggð

3.4.1 Heilsársbyggð og frístundabyggð í dreifbýli

Í Djúpavogshreppi eru 54 jarðir þar af 15 sem eru skráðar sem lögbýli.

Meðalaldur íbúðarhúsa í dreifbýli í sveitarfélaginu er rúm 50 ár, það elsta frá árinu 1884 en hið yngsta frá árinu 2006. Víða í dreifbýlinu hefur verið unnið að endurbótum á eldri húsum.

Í Djúpavogshreppi eru frístundahús á eftirfarandi jörðum: Eyjólfstöðum, Gautavík, Geithellum, Hálsi, Múla, Starmýri og Teigarnhorni.

Heimild: Fasteignamat ríkisins; Andrés Skúlason, Sveitarstjóri Djúpavogshrepps

3.5 Atvinna

Í gegnum tíðina hafa flestir íbúar Djúpavogshrepps haft sitt viðurværi af sjávarútvegi og landbúnaði. Sveitarfélagið hefur því orðið fyrir miklum áhrifum í atvinnulegu tilliti vegna breytts vægis og samdráttar þessara fyrrum meginatvinnugreina landsins og þeim skorðum sem laga- og regluumhverfi setur þeim. Meðal annars vegna þessara sviptinga í atvinnumálum hefur íbúum á svæðinum fækkað, en reynt hefur verið að bregðast við með sköpun nýrra atvinnutækifæra.

Nýjar tölulegar upplýsingar um atvinnu í Djúpavogshreppi eru takmarkaðar og mun því eftirfarandi umfjöllun í kafla þessum byggja á tölum frá tímabilinu 1998 – 2005.


Árið 2005 voru starfandi í Djúpavogshreppi um 290 manns en voru árið 1998 um 250. Helsti atvinnurekandinn á svæðinu, fyrir utan hið opinbera, er útgerðarfélagið Vísir hf. með um 50 - 60 starfsmenn. Þá eru einnig fyrirtæki á sviði iðngreina s.s. fiskvinnslu og mannvirkjagerðar, auk ýmissa þjónustufyrirtækja og verslana.

Þá hafa margir bændur lagt áherslu á þjónustu við ferðafólk, samhliða búskap.

Nokkrir einstaklingar stunda atvinnu utan sveitarfélagsins.

Ef litið er á þróun helstu atvinnugreina í sveitarfélaginu á tímabilinu 1998 – 2005 sést hvernig æ fleiri höfðu lífsviðurværi sitt af þjónustu af einhverju tagi. Iðngreinar gáfu eftir á síðari hluta tímabils en frumvinnslugreinarnar, það er landbúnaður og fiskveiðar tóku við sér á tímabilinu 2003 – 2005.

Mynd 12 sýnir þróun helstu atvinnugreina á tímabilinu 1998 – 2005. Athygli skal vakin á því að allar tölur tengdar atvinnu eru námundaðar að heilum tug, svo ekki sé hægt að persónugreina niðurstöður.




Mynd 12. Þróun í fjölda starfandi einstaklinga eftir atvinnugreinum í Djúpavogshreppi á tímabilinu 1998 – 2005.

Heimild: Hagstofa Íslands.

3.5.1 Frumvinnslugreinarnar

Við nánari flokkun frumvinnslugreina kemur í ljós að fjöldi fólks sem starfar við landbúnað hefur minnkað á tímabilinu en fjöldi starfa í fiskveiðum verið sveiflukenndari, en aukist töluvert frá árinu 2003. Mynd 13 sýnir þróun í fjölda starfa í frumgreinum í sveitarfélaginu á tímabilinu 1998 – 2005.



Mynd 13. Fjöldi starfandi einstaklinga í frumvinnslugreinum í Djúpavogshreppi á tímabilinu 1998 – 2005.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Fiskveiðar

Eins og sést á mynd 13, var fjöldi starfandi einstaklinga í fiskveiðum um

60 árið 2005 og hafði þá aukist frá árunum 2002 og 2003 þegar fjöldinn var um 30.

Löndun sjávarafla á Djúpavogi

Augljóslega hefur atvinnugreinin, eftir gildistöku laga um veiðiheimildir, ekki staðið jafn traustum fótum á Djúpavogi og hún áður gerði. Eftir nokkuð samfellda aukningu á löndun sjávarafla á staðnum, allt frá árinu 1992 hefur orðið mikill samdráttur eftir árið 2003 og munar þar mestu um brotthvarf Gautavíkur hf. en með því lagðist af löndun uppsjávarafla, bæði loðnu og síldar. Á síðustu árum hefur engu að síður verið aukning á löndun botnfisksafli, sem helst skýrist af aukinni löndun á þorski og ýsu.


Á mynd 14 sést þróun á lönduðum afla á Djúpavogi á tímabilinu 1992 – 2007 í þúsundum tonna.

Á mynd 15 eru sýnd línurit yfir löndun afla á Djúpavogi hvert ár hjá mest veiddu fiskitegundunum (einungis eru sýndar tegundir sem landað hefur verið í meira magni en 4 þúsund tonnum á tímabilinu 1992 - 2008).

Landbúnaður


Margar jarðir eru komnar í eyði og sumar hafa verið teknar undir annað en hefðbundinn búskap, í kjölfarið hefur hefðbundinn búskapur dregist saman á svæðinu, líkt og annars staðar á landinu.

Í þessu samhengi er athyglisvert að skoða þróun í heyfeng bænda í sveitarfélaginu á 15 ára tímabili, það er frá 1992 til 2006 og sýnir mynd 16 þá þróun. Árið 1992 var heyfengur bænda í Djúpavogshreppi um 22 þúsund m^3 en dróst svo verulega saman og var árið 2006 rúmlega 16 þúsund m^3 , sem samsvarar tæplega 30% samdrætti. Þá hafa heyverkunaraðferðir breyst mikið á tímabilinu, þar sem bændur kjósa votheysrúllur fremur en þurrhey og hefur þurrheysverkun nánast lagst af. Mynd 16 sýnir þróun í heyfeng, eftir verkunaraðferðum í Djúpavogshreppi á árunum 1992, 1999 og 2006.




Mynd 14. Löndun sjávarafla á Djúpavogi á tímabilinu 1992 - 2007.

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 15. Löndun helstu fiskitegunda á Djúpavogi á tímabilinu 1992 - 2008.

Heimild: Hagstofa Íslands



Mynd 16. Heyfengur bænda í Djúpavogshreppi eftir heyverkunum í þúsundum rúmmetra (m^3), á árunum 1992, 1999 og 2006.

Heimild: Bændasamtök Íslands

Búfé


Eigendur búfjár í Djúpavogshreppi í byrjun árs 2008 voru 28. Hér á eftir er gerð grófleg flokkun á búum eftir bústofni:

- 2 blönduð bú, það eru bú með fleiri en 5 kýr og fleiri en 40 kindur
- 19 sauðfjárbú, það eru bú með yfir 40 kindur og færri en 5 kýr.
- 7 bú eru með færri en 40 kindur og/eða nokkur hross.



Heimild: Bændasamtök Íslands


Árið 2007 var fjöldi nautgripa á svæðinu 312 en fjöldi þeirra hefur sveiflast nokkuð á tímabilinu 1992 – 2007. Á mynd 17 sést þróun í fjölda mjólkurkúa. Hann hefur sveiflast nokkuð á tímabilinu, flestar voru kýrnar 94 árið 1995 en fæstar árið 2005 eða 56. Árið 2007 voru þær hinsvegar 73. Fjöldi hrossa hefur einnig dregist saman á tímabilinu, þrátt fyrir að hafa aukist nokkuð um tíma, sbr. mynd 17. Mestur var fjöldinn rúmlega 100 hross árið 1999 en árið 2007 var hann kominn niður í 46.



Mynd 17. Fjöldi nautgripa, kúa og hrossa í Djúpavogshreppi á árunum 1992 - 2007.

Heimild: Bændasamtök Íslands

Sauðfé á svæðinu voru tæplega 7.000 gripir árið 2007 en sauðfjárbúskapur hefur dregist saman á tímabilinu. Á mynd 18 er sýnd þróun í fjölda sauðfjár á tímabilinu 1992 – 2007. Mestur var hann árið 1994 eða rúmlega 9.300 gripir en minnstur árið 2004 tæplega 6.500 gripir.



Mynd 18. Fjöldi sauðfjár og áa í Djúpavogshreppi á árunum 1992 - 2007.

Heimild: Bændasamtök Íslands

Ferðapjónusta

Ferðapjónusta hefur verið hliðargrein í landbúnaði um langt skeið. Í Djúpavogshreppi er ferðapjónusta rekin á þremur jörðum, Berunesi I, Eyjólfstöðum og Lindarbrekku (sjá nánar *kafla 3.5.4*).

Skógrækt

Djúpavogshreppur er í umdæmi Héraðs- og Austurlandsskóga og eru ráðgjafar starfandi á Egilsstöðum. Á vorþingi Alþingis árið 2006 voru lög nr. 95/2006 um landshlutabundin skógræktarverkefni samþykkt og segir þar að megintilgangur og markmið þeirra sé að „*skapa skógarauðlind á Íslandi, rækta fjölnytjaskóga og skjólbelti, treysta byggð og efla atvinnulíf, skal eftir því sem nánar er ákveðið í*



fjárlögum hverju sinni veita fé til verkefna í skógrækt sem bundin eru við sérstaka landshluta. Í hverju landshlutaverkefni skal stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglandis fyrir neðan 400 m yfir sjávarmáli.“


Árið 2008, voru tíu jarðir í Djúpavogshreppi með samning við Héraðs- og Austurlandsskóga og eru þær eftirfarandi: Bragðavellir, Eyjófsstaðir, Fagrihvammur, Geithellar, Hvannabrekka, Múli, Skáli, Starmýri, Teigarhorn og Piljuvellir.

Heimild: Héraðs- og Austurlandsskógar

3.5.2 Iðngreinar

Eins og fyrr segir, fækkaði störfum í iðngreinum á síðari hluta tímabilsins, það er frá 2002 – 2005 en fjöldi þeirra náði hámarki árið 2001, en þá voru þau um 130 (sjá mynd 19). Í umræddri niðursveiflu munar mest um fækkun starfa í fiskvinnslu í kjölfar lokunar Gautavíkur ehf. árið 2003. Árið 2005 var mestur fjöldi starfandi fólks í iðngreinum í Djúpavogshreppi hjá fiskvinnslu Vísis, en iðngreinastörf hafa einnig skapast við saltfiskvinnslu Ósness ehf. og hjá Salar Islandica.

Þá störfuðu um 30 manns á sviði hvers konar mannvirkjagerðar árið 2005. Þá eru smíðaverkstæði, vélaverktakastarfsemi og vélsmíðja auk smærri starfsemi af ýmsum toga í sveitarfélaginu.




Mynd 19. Þróun í fjölda starfandi einstaklinga í iðngreinum í Djúpavogshreppi á tímabilinu 1998 – 2005.

Heimild: Hagstofa Íslands

3.5.3 Þjónustugreinar

Eins fram kemur hér að framan óx atvinnu í tengslum við hvers kyns þjónustu, fiskur um hrygg á tímabilinu 1998 – 2005, en fjöldi þeirra jókst úr um 70 manns árið 1998 í 120 manns árið 2005.

Í tölulegum gögnum frá Hagstofu Íslands er þjónustu skipt upp í nokkra flokka, sbr. mynd 20 og mun umfjöllunin hér á eftir taka mið af þeirri skiptingu. Á mynd 20 sést að fjöldi starfandi einstaklinga í flokkunum opinber þjónusta og önnur þjónusta var nokkuð breytilegur á tímabilinu, meðan hinir þrír flokkarnir stóðu nokkuð í stað.



Mynd 20. Þróun í fjölda starfandi í þjónustu í Djúpavogshreppi á tímabilinu 1998 – 2005.

Heimild: Hagstofa Íslands





Í flokkunum önnur þjónusta á tímabilinu 1998 – 2004, en þeim flokki tilheyrir t.a.m. fjármálaþjónusta, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta, varð umtalsverð aukning á árabílinu 1998 – 2004. Í kjölfar hennar kom töluverð niðursveifla árið 2005, en það ár störfuðu um 30 manns við þá þjónustu sem fella má undir flokkinn í stað um 60 árið 2004.

Í flokknum opinber stjórnsýsla varð niðursveifla árið 2004, en öll hin árin var aukning í fjölda starfandi í þeim geira.

Í eftirfarandi texta er í stórum dráttum greint frá hverjum flokki þjónustu fyrir sig, sbr. flokkun á mynd 20.

Verslun og viðgerðarþjónusta

Á mynd 20 kemur fram að starfandi einstaklingum á sviði verslunar og viðgerðarþjónustu fækkaði á tímabilinu, úr um 30 í um 20.

Samkaup hf. starfrækir matvöruverslun á Djúpavogi undir merkjum Samkaup-Strax. ÁTVR rekur útibú í sama húsnæði. Þá rekur N1 sjálfsafgreiðslustöð fyrir bensín og olíu á Djúpavogi í samstarfi við Samkaup-Strax. Einnig rekur N1 sérstaka olíuafgreiðslu og birgðastöð við Djúpavogshöfn.

Á Djúpavogi selur verslunin Við Voginn ýmsa mat- og smávöru.

Á Djúpavogi er rekin margvísleg viðgerðarþjónusta, s.s. bifreiðaverkstæði.

Hótel og veitingahús

Á mynd 20 sést að fjöldi starfandi einstaklinga í flokknum hótél- og veitingarekstur hélst nokkuð stöðugur á tímabilinu 1998 – 2005, þó fækkað hafi á síðari hluta tímabilsins, eða úr um 30 í um 20.

Á Djúpavogi er Hótel Framtíð starfrækt allt árið (sjá *kafla 3.5.4*).

Þá er matsala í versluninni Við Voginn, auk veitingasölu í Löngubúð.

Í dreifbýli er veitingasala í Gestastofu að Berunesi I (sjá ennfremur *kafla 3.5.4*).

Heimild: Heimamenn

Samgöngur og flutningar

Fjöldi þeirra einstaklinga sem starfaði á sviði samgangna og flutninga var nokkuð stöðugur á tímabilinu 1998 – 2005.

Á Djúpavogi fara samgöngur eingöngu fram á landi eftir að sjóflutningar lögðust af með öllu. Flutningafyrirtækið Aðalflutningar hófu starfsemi með flutningastöð á árinu 2004 og sinntu því hlutverki til ársins 2008 en þá tók flutningafyrirtækið Flytjandi við og hefur verið með starfsstöð á Djúpavogi síðan. Við fyrirtækið vinnur einn starfsmaður.

Flugvöllur er í nágrenni Djúpavogs og þjónar hann sjúkra- og einkaflugvélum.

Áform eru uppi um stækkun á flugvellinum við Djúpavog vegna sjúkraflugs.

Heimild: Andrés Skúlason

Opinber stjórnsýsla

Fjöldi einstaklinga sem störfuðu við opinbera stjórnsýslu var mjög breytilegur eða frá um 10 einstaklingum allt upp í 50 einstaklinga þegar mest var á árunum 2002 og 2003.

Önnur þjónusta

Á mynd 20 sést að fjöldi starfandi einstaklinga við það sem kallast önnur þjónusta óx mikið á tímabilinu 1999 – 2004. Árið 2004 voru um 60 starfandi einstaklingar á þessu sviði, en árið 2005 féll sá fjöldi niður í um 30 einstaklinga.

Á Djúpavogi er rekið útibú frá Sparisjóði Hornafjarðar og nágrennis, en Sparisjóðurinn tók við eftir að Landsbankinn hætti starfsemi árið 2006, en til þess tíma höfðu verið tveir bankar á staðnum. Pósthús á vegum Íslandspósts er rekið á Djúpavogi í samvinnu við sparisjóðinn. Þá eru starfmenn við heilbrigðis- og félagsþjónustu á svæðinu.

Heimild: www.postur.is; www.spar.is, heimamenn

3.5.4 Ferðaþjónusta

Síðastliðin ár hefur ferðaþjónusta verið sú atvinnugrein sem er í hvað örustum vexti á Íslandi. Mikil auking ferðamanna á landinu öllu, bæði innlendra og erlendra, hefur kallað á mikla fjölgun starfa og fór hlutfall ferðaþjónustunnar í heildarfjölda starfa á landinu úr 3,9% árið 1999 í 4,4% árið 2007 eða úr 5.850 stöðugildum í 7.800 stöðugildi.



Djúpavogshreppur hefur fylgt þessari þróun og hefur hvers konar þjónusta þar, við ferðamenn, aukist á síðustu árum. Í sveitarfélaginu hefur verið unnið markvisst á sviði ferðaþjónustu síðustu misseri og á boðstólunum er í dag margvísleg afþreying og þjónusta varðandi ferðamennsku. Nokkrir aðilar í sveitarfélaginu hafa lagt út í töluverða uppbyggingu í því skyni að draga að innlenda sem erlenda ferðamenn og verða hér á eftir nefnd nokkur atriði í því sambandi.

Ferðaþjónustuaðilar í dreifbýli

Í Djúpavogshreppi eru þrír bæir í dreifbýli sem bjóða upp á gistingu og veita aðra þjónustu við ferðamenn en það eru Berunes I á Berufjarðarströnd, Lindarbrekka við Berufjörð og Eyjólfstaðir í Fossárdal.



- Í Berunesi I er rekið farfuglaheimili, sem er aðili að Hostelling International og hefur verið starfrækt í meira en 30 ár. Árið 2008 var boðið upp á margvíslega gistaðstöðu, samtals 34 rúm, auk fjölbreytilegrar þjónustu, svo sem aðgang að eldhúsi og gestastofu, þar sem rekin er veitingasala. Þá er einnig tjaldsvæði á staðnum. Vegalengd frá Berunesi til Djúpavogs er 42 km.
- Árið 2008 varð Berunes I í öðru sæti í viðhorfskönnun alþjóðasamtaka farfuglaheimila, Hostelling International, yfir bestu farfuglaheimili heims.
- Ferðaðþjónusta bænda hefur verið rekin að Eyjólfsstöðum í Fossárdal frá árinu 1979. Eyjólfsstaðir eru í 19 km akstursfjarlægð frá Djúpavogi, þar er boðið upp á fjölbreytta gistimöguleika með snyrti- og eldunaraðstöðu, samtals 20 gistirými. Þar er einnig gott tjaldsvæði og sérstök snyrtiaðstaða fyrir það.
- Að bænum Lindarbrekku við Berufjörð var árið 2007 opnuð þjónusta fyrir ferðamenn og félagasamtök í formi gistingar. Þá er einnig stílað upp á gistiþjónustu í tengslum við hreindýraveiðar á svæðinu. Í húsinu er svefnaðstaða fyrir 8 – 10 manns, með aðgangi að vel búnu eldhúsi og þvottahúsi, auk sérstakrar setustofu. Frá Djúpavogi að Lindarbrekku eru 18 km.

Heimild: Andrés Skúlason; www.simnet.is/berunes; www.saf.is; www.djupivogur.is/eyjolfsstadir

Hótel Framtíð

Hótel Framtíð á Djúpavogi, er í rekstri allan ársins hring og hefur verið um langt árabil. Þar er veitingasala auk þess sem boðið er upp á aðstöðu til gistingar og ráðstefnuhalds. Þrír aðskildir salir eru í húsinu þ.a. stór samkomusalur í nýlegri viðbyggingu.

Aðrir gistimöguleikar á Djúpavogi

- Fullkomið tjaldsvæði og aðstaða fyrir húsbíla er við Miðhús.
- Boðið er upp á gistimöguleika í að minnsta kosti þremur einbýlishúsum á Djúpavogi, sem sérstaklega hafa verið útbúin með tilliti til þjónustunnar. Húsin hafa ýmist verið leigð út til félagasamtaka og / eða til ferðamanna á faraldsfæti.



Heimild: Andrés Skúlason

Papeyjarferðir

Fyrirtækið Papeyjarferðir ehf. var stofnað árið 1995 á Djúpavogi og er það eina fyrirtækið á Austurlandi sem heldur úti skipulögðum eyjasiglingum.

Mikill fjöldi ferðamanna fer árlega með ferjunni Gísla í Papey til Papeyjar en fastar áætlunarferðir hafa verið frá lokum maí til loka ágúst á hverju sumri.

Heimild: Andrés Skúlason og www.saf.is



Söfn

Í Djúpavogshreppi eru fimm söfn í þéttbýli, auk tveggja í dreifbýli (sjá nánar *kafla* 3.6.10).

Aðstaða til íþróttar og útivistar

Í Djúpavogshreppi er 9 holu golfvöllur að Hömrum, auk sundlaugar og aðstöðu til íþróttar á Djúpavogi (sjá nánar *kafla* 3.6.4).

Þá hefur mikið starf verið unnið við lagningu og merkingu göngustíga í sveitarfélaginu (sjá *kafla* 5.13 og *skýringarkort* 6)

Veiðihús við Selá


Í veiðihúsi við Selá í Álftafirði er gistiaðstaða fyrir veiðimenn og gesti þeirra.

Heimild: Andrés Skúlason

3.5.5 Fjöldi ferðamanna

Engar tölur eru til, að minnsta kosti til lengri tíma lítið, um þróun í fjölda ferðamanna á Austurlandi eða í Djúpavogshreppi. Hér er því reynt að taka saman þær upplýsingar sem fundist hafa um ferðamennsku á svæðinu.

Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands yfir fjölda gistingu á Austurlandi voru þær rúmlega 250 þúsund árið 2008, þar af um 181.000 erlendir ferðamenn og um 69.000 Íslendingar. Flestar gistnætur á svæðinu eru að sumri til frá júní til ágúst eða rúm 83% en fæstir frá desember til febrúar (2%). Mynd 21 sýnir fjölda gistingu á Austurlandi eftir mánuðum árið 2008.



Mynd 21. Fjöldi gistingu Íslendinga og erlendra ferðamanna á Austurlandi eftir mánuðum árið 2008.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Íslenskir ferðamenn

Í viðamikilli könnun Ferðamálaráðs Íslands, nú Ferðamálastofu, árið 2003 kom í ljós að um 80% landsmanna, 16 ára og eldri, ferðuðust um landið á því ári eða um 175 þúsund manns, að meðaltali 4,4 ferðir. Tilgangur flestra eða um 90% var að fara í frí til lengri eða skemmri tíma en um 70% ferðanna var til að heimsækja ættingja. Eru þessar hlutfallstölur allar mjög áþekkar þeim sem fengust úr sambærilegri könnun árið 2000. Um 15% aðspurðra sögðu Austurland / Austfirði vera það landssvæði sem væri mest spennandi til ferðalaga.

Heimild: Ferðamálastofa Íslands

Samkvæmt könnun Rannsókna og ráðgjafar ferðapjónustunnar sem ber heitið „Ferðamenn á Austurlandi“ (2006) kemur fram að hlutfall þeirra Íslendinga sem búa utan Austurlands og lagði leið sína til Austurlands á tímabilinu 2001 – 2004 var 28 – 31% ár hvert, þar af 22 – 24% sem næturgestir en 6 – 8% sem dagsgestir.


Helstu ástæður heimsóknar á Austurland eru, samkvæmt könnuninni, náttúra og landslag svæðisins (17 – 18%) og að heimsækja vini og/eða ættingja (16 – 17%).

Ef litið er á Múlasýslur sérstaklega komu 22 – 24% landsmanna þangað og af þeim gistu 76 – 79% á svæðinu. Þeir Íslendingar sem gistu í Múlasýslum dvöldu þar að jafnaði í 5 – 5,3 nætur á árunum 2001, 2002 og 2004 en að jafnaði 6,4 nætur árið 2003. Þess má geta í þessu samhengi að Íslendingar gista að meðaltali um 12 nætur á ferðalögum sínum um landið.

Heimild: Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar.

Í áðurnefndri könnun Ferðamálastofu frá árinu 2003 kom einnig fram að tæplega 70% íslenskra ferðamanna kusu gönguferðir eða fjallamennsku, sem afþreyingu á ferð sinni um Austurland, tæplega 60% fóru í sund og um 50% völdu sér náttúruskoðun (sjá enn fremur mynd 23).


Í fyrrgreindri könnun Rannsókna og ráðgjafar ferðapjónustunnar frá árinu 2006 var



Mynd 22. Hlutfall íslenskra ferðamanna sem kusu tiltekna tegund afþreyingar á Austurlandi árið 2003.

Heimild: Ferðamálaráð Íslands

svipað uppi á teningnum, þar sem rúmlega 50% íslenskra ferðamanna kusu sund sem afþreyingu á ferð sinni um Austurland, tæplega 50% stutta göngu utan þéttbýlis og um 35% gönguferð í þéttbýli (sjá einnig mynd 23).




Mynd 23. Hlutfall íslenskra ferðamanna sem kusu tiltekna tegund afþreyingar á Austurlandi sumarið 2005.

Heimild: Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar

Erlendir ferðamenn

Ef litið er á þróun í fjölda erlendra ferðamanna á Íslandi yfir 30 ára tímabil (1979 – 2008) kemur í ljós að aukningin er meira en sexföld, úr um 77 þúsund ferðamönnum í um 500 þúsund (sjá mynd 24).

Árið 2008 komu langflestir erlendir ferðamenn til landsins gegnum Leifsstöð eða um 97%. Aðrir komu með Norrænu eða gegnum aðra flugvelli eða hafnir. Auk þessa komu um 45 þúsund erlendir gestir til landsins með skemmtiferðaskipum. Á mynd 25 sést hlutfallsleg skipting erlendra ferðamanna eftir þjóðernum sem kom í gegnum Leifsstöð árið 2008. Samkvæmt myndinni er tæplega fjórði hver erlendur ferðamaður frá einhverju hinna Norðurlandanna. 15% koma frá Bretlandi og 9% frá Bandaríkjunum.



Mynd 24. Þróun í fjölda erlendra ferðamanna á Íslandi á 30 ára tímabili (1979 - 2008).

Heimild: Ferðamálastofa


Sumrin 2003 til 2005 komu um 50 – 53% erlendra ferðamanna til Austurlands að einhverju marki, þar af gistu 42 – 45% þeirra en 8 – 9% voru dagsferðamenn.

Ef tekið er mið af niðurstöðum rannsókna sem gerðar hafa verið, má gera ráð fyrir að um 70% aukning hafi orðið á gistináttafjölda að sumri til, meðal erlendra ferðamanna á Austurlandi á tímabilinu 1996 til 2005 eða úr um 115 þúsund gistinóttum í um 195 þúsund árið 2005*.

Á sama tímabili var aukning gistnátta að sumarlagi, 55%. Austurland hefur því haldið hlut sínum og gott betur, því hlutdeild svæðisins jókst úr 9,5% í 10,5%.

Í Múlasýslur komu, sumrin 2003 til 2005, 40 - 42% erlendra gesta og 31 – 34% þeirra gistu en 8 – 10% voru dagsgestir.


Tæplega helmingur gistinátta erlendra sumarferðamanna var í Múlasýslum, eða 45 – 49%. Sumarið 2005 var meðaldvalartími erlendra ferðamanna 4,4 nætur á Austurlandi eða um 30% af dvalartíma á Íslandi.



Mynd 25. Hlutfallsleg skipting erlendra ferðamanna sem komu til Íslands árið 2008.

Heimild: Ferðamálastofa

Heimild: Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar




Mynd 26. Hlutfall erlendra ferðamanna sem kusu sér tiltekna tegund afþreyingar, þegar þeir komu til Íslands árið 2004.

Heimild: Ferðamálastofa

Ef litið er á hvaða afþreyingu erlendir ferðamenn eru að leita eftir þegar þeir heimsækja Ísland kemur í ljós að flestir þeirra hafa áhuga á náttúruskoðun og sundi. Því næst kemur verslun, söfn og menningarviðburðir, gönguferðir og fjallamennska (sjá nánar mynd 26).

* Mismunur í fjölda gistinátta hjá Hagstofu og í könnun RRF skýrist að einhverju leyti af því að Skaftafell er tekið með inn í útreikninga RRF.


Ef tölur fyrir Austurland í þessu samhengi, eru sérstaklega skoðaðar kemur í ljós að tæplega 40% erlendra ferðamanna sem sækja svæðið velja náttúruskoðun sem afþreyingu, rúmlega 30% fara í gönguferðir eða stunda fjallamennsku og tæp 20% stunda veiðar sér til dægrastyttingar. Mynd 27 sýnir ennfrekar þá tegund afþreyingar sem erlendir ferðamenn kjósa þegar þeir dvelja á Austurlandi.



Mynd 27. Hlutfall erlendra ferðamanna sem kusu tiltekna tegund afþreyingar á Austurlandi sumarið 2004.

Heimild: Ferðamálastofa

Í könnun Rannsóknar og ráðgjafar ferðaþjónustunnar komu fram áþekkar niðurstöður og hjá Ferðamálaráði Íslands, þar sem yfir 80% erlendra ferðamanna kjósa stutta göngu utan þéttbýlis sér til afþreyingar og tæplega 60% gönguferð í þéttbýli (sjá ennfreður mynd 28).



Mynd 28. Hlutfall erlendra ferðamanna sem kusu tiltekna tegund afþreyingar á Austurlandi sumarið 2005.

Heimild: Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar

Ferðamenn í Djúpavogshreppi

Á Djúpavog komu 7 – 9% landsmanna ár hvert á tímabilinu 2001 til 2004 og voru kynjahlutföll jöfn. Flestir Íslendingar sem sækja Djúpavog heim eru á aldrinum 36 – 55 ár eða 11%, 5% landsmanna á aldrinum 16 – 25 ára og 7% 56 ára og eldri. Hlutfall landsbyggðarfólks sem kom til Djúpavogs var 12% en 7% fólks af suðvesturhorninu.

Um 20% erlendra ferðamanna sem komu til Íslands sumrin 2003 til 2005 komu til Djúpavogs og er staðurinn í 5. sæti yfir þá staði sem flestir erlendir ferðamenn komu til á umræddu tímabili. Aðeins 2% þeirra komu til Djúpavogs veturinn 2004 – 2005. Kynjahlutfall og aldursdreifing erlendra ferðamanna var jöfn.

Þjóðerni ferðamanna var margvíslegt, 34% ferðamanna frá Niðurlöndum, 27% frá löndum Suður-Evrópu, 26% frá löndum Mið-Evrópu og 11% frá Norðurlöndum.

Um 22% þeirra sem koma til landsins á eigin vegum koma til Djúpavogs, en um 18% þeirra sem koma í hópferðum.

Um 60% erlendra ferðalanga sem koma með Norrænu koma við á Djúpavogi en um 20% þeirra sem koma til landsins með flugi.

Heimild: Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar

Sumarið 2004 var gerð óformleg ferðamannakönnun á tjaldsvæðinu á Djúpavogi. Þar kom meðal annars fram að um 40% ferðamanna nefna tjaldsvæðið, þegar spurt er um hvaða þjónusta eða afþreying þeim finnst góð í sveitarfélaginu. Um 25% nefndu sundlaugina, 11% Papeyjarferðir og 8% gönguleiðirnar.

Þá kom fram í könnuninni að flestum ferðamönnum sem sækja svæðið heim eða um 50%, finnst náttúran og bæjarstæði Djúpavogs vera það áhugaverðasta sem svæðið býður upp á. Þá vekja höfnin og Langabúð athygli, sem og snyrtimennska í bænum.

Það sem flestum þótti ábótavant voru atriði sem tengdust tjaldsvæði, svo sem umgengni á salernum, opnunartími eldunaraðstöðu og verð á gistingu. Um 20% ferðamanna vildu sjá stærri verslun á svæðinu og 12% minntust á að upplýsingar um staði og þjónustu mættu vera betri.

Heimild: Andrés Skúlason

Ef litið er á nokkra þá staði innan sveitarfélagsins sem ferðalangar sækja, þá komu árið 2005 um 6% erlendra ferðamanna í Löngubúð og um 9% Íslendinga.

2% Íslendinga og 3% útlendinga komu að Teigarhorni og í Nönnusafn komu 1% Íslendinga og 1% útlendinga.

Heimild: Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar

3.6 Opinber þjónusta, frjáls félagastarfsemi og afþreying

3.6.1 Leikskóli

Djúpavogshreppur rekur leikskólann Bjarkatún í nýju húsnæði sem var vígt í október 2005. Um er að ræða tveggja deilda leikskóla með pláss fyrir allt að 40 nemendur, eftir því hver aldur og vistun barnanna er. Leikskólinn tekur við börnum frá eins árs aldri. Á skólaárinu 2008 - 2009 voru nemendur hans 30 talsins. Boðið er upp á heilsdagsvistun með morgunverði, hádegisverði og síðdegishressingu.



3.6.2 Grunnskóli og bókasafn

Djúpavogshreppur rekur Grunnskóla Djúpavogs og hann sækja nemendur bæði úr þéttbýli og dreifbýli. Boðið er upp á akstur til og frá skóla fyrir þá nemendur, sem koma úr dreifbýli. Skólaárið 2008 - 2009 stunduðu 41 nemandi nám í 1.- 10. bekk við skólann. Bókasafnsþjónusta er sameiginleg fyrir grunnskólann og almenning og er hún í grunnskólanum. Við skólann er íþróttahús og sundlaug (sjá 1.20.4).



3.6.3 Tónlistarskóli

Tónskóli Djúpavogs er rekinn af sveitarfélaginu og hefur aðsetur á Djúpavogi í svonefndri Heimavist. Skólaárið 2008 - 2009 stunduðu 23 nemendur nám í skólanum.

3.6.4 Íþróttaaðstaða

- Ungmennafélagið Neisti var stofnað árið 1919 og hefur meðal annars staðið fyrir íþrótt- og leiklistarstarfsemi, hið síðarnefnda einkum á upphafsárum félagsins. Starfsemi Umf. Neista er og hefur verið mjög öflug undanfarin ár, enda styrkir sveitarfélagið starfsemi þess mjög myndarlega.
 - Um langt árabil hefur félagið haldið úti liði í 3. deild meistaraflokks karla í knattspyrnu við krefjandi skilyrði og með ágætum árangri.
 - Stór knattspyrnugrasvöllur (64 x 100 m) er í Blánni fast neðan vegar við innkeyrslu í bæinn. Þar heldur Ungmennafélagið Neisti úti æfingum og keppni yfir sumartímann. Íþróttavöllurinn er einnig nýttur á sumrin til ástundunar og æfinga frjálsra íþróttar.
- Nýr gervigrassparkvöllur svonefndur KSÍ sparkvöllur var tekinn í notkun í



nóvember 2005 en hann er við enda sundlaugarbyggingar Íþróttamiðstöðvar Djúpavogs.

- Fyrsti hluti Íþróttamiðstöðvar Djúpavogs var tekin í notkun árið 1994 og er í húsinu mjög góð aðstaða til alhliða heilsuræktar, svo sem stór íþróttasalur, þreksalur, sauna, ljósabekkur og fleira. Árið 2002 var byggð við íþróttahúsið ný innisundlaug sem er 17 x 10,50 m að stærð, auk þess eru tveir heitir pottar og barnalaug. Í sundlaugargarðinum er setlaug sem er í notkun yfir sumartímann.
- Golfvöllur Golfklúbbs Djúpavogs er staðsettur í landi Hamars í Hamarsfirði. Þar hefur verið byggður upp góður 9 holu völlur og gott æfingarsvæði. Við golfvöllinn er nýr þjónustuskáli, sem byggður var m.a. af félögum í Golfklúbbi Djúpavogs.



3.6.5 Öldrunarmál og heimilishjálp

Dvalarheimilið Helgafell var tekið í notkun árið 1995 á Djúpavogi. Um er að ræða 9 herbergi, fullbúið mötuneytiseldhús og mötuneytissal, sem jafnframt er setustofa og samkomusalur. Heimilið var sjálfseignarstofnun (Djúpavogshreppur og ríkissjóður) og var rekið fyrir daggjöld allt til ársloka 2007. Frá janúar 2008 tók Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) við rekstri Dvalarheimilisins Helgafells en frá og með júlí 2009 var starfsemi hætt með öllu og dvalarheimilinu lokað. Sveitarfélagið stefnir engu að síður á að nýta húsnæði dvalarheimilisins í þágu eldri borgara á Djúpavogi til framtíðar með einum eða öðrum hætti.

Heimaþjónusta er rekin af hálfu Djúpavogshrepps.

Djúpavogshreppur er aðili að sameiginlegri félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps, Vopnafjarðarhrepps, Borgarfjarðarhrepps og Djúpavogshrepps.

Hvað varðar félagslega heimaþjónustu og fjárhagsaðstoð við heimili og einstaklinga er kostnaður við hvert tilfelli greiddur af sveitarfélaginu á grundvelli úrskurðar félagsmálanefndar. Heimilishjálp er einnig veitt í samræmi við reglur félagsmálanefndar. Félagsmálanefndin annast enn fremur barnaverndarmál.

3.6.6 Heilbrigðismál

Heilbrigðisstofnun Austurlands þjónar íbúum Djúpavogshrepps og er heilsugæslustöð rekin á Djúpavogi. Þar er föst búseta lækni, sem jafnframt þjónar íbúum Breiðdalshrepps. Hjúkrunarfræðingur er ekki staðsettur á Djúpavogi en hinsvegar kemur hjúkrunarfræðingur með reglubundnum hætti á svæðið m.a. til að sinna ungbarnaeftirliti og skólaheilsugæslu.

Djúpavogshreppur er aðili að Heilbrigðiseftirliti Austurlands, sem hefur aðsetur á Reyðarfirði og Egilsstöðum. Heilbrigðisnefnd Austurlands, sem kosin er á fjögurra ára fresti, samhliða sveitarstjórnarkosningum, fer með málefni heilbrigðiseftirlitsins, en starfssvæðið nær yfir báðar Múlasýslur og Austur-Skaftafellssýslu.

Héraðsdýralæknir Austurlandsumdæmis syðra er staðsettur á Breiðdalsvík, en hann sinnir jafnframt heilbrigðiseftirliti í Djúpavogshreppi í hlutastarfi.

3.6.7 Málefni fatlaðra

Málefni fatlaðra falla undir samstarf Djúpavogshrepps í félagsmálum (sjá *kafla 3.6.5*).

3.6.8 Málefni nýbúa og fólks af erlendum uppruna

Árið 2006 kaus nýkjörin sveitarstjórn Djúpavogshrepps sérstakt íbúaráð sem fer m.a. með málefni nýbúa almennt og fólks af erlendum uppruna. Íbúaráðinu er m.a. ætlað að vera tengiliður við nýbúa og fólk af erlendum uppruna og leitast við að virkja þá til almennrar þátttöku í samfélaginu. Einnig er hlutverk ráðsins að hlutast til um að erlendir nýbúar geti sótt námskeið m.a. í íslenskukennslu og öðlast fræðslu um réttindi og skyldur í íslensku samfélagi.



3.6.9 Prestakall, kirkjur, prestsetur og kirkjugarðar

Djúpavogsprestakall heyrir undir Austfjarðaprófastsdæmi og eru fjórar sóknir í sveitarfélaginu, Djúpavogssókn, Berufjarðarsókn, Berunessókn og Hofssókn. Kirkjur eru í öllum sóknum, auk kirkju í Papey, sem var endurvígð árið 1995 eftir endurgerð.

Gamla kirkjan á Djúpavogi stendur ennþá, en hún var flutt frá Hálsi í Hamarsfirði til Djúpavogs árið 1894. Hefur hún nú verið



afhelguð en ný kirkja var vígð á Djúpavogi árið 1996. Prestsetur Djúpavogsprestakalls er á Djúpavogi.

Kirkjugarðar standa við allar kirkjur í dreifbýli, auk þess sem kirkjugarður stendur skammt vestan við Hermannastekka. Aflagður kirkjugarður er við Háls og er honum haldið við.

3.6.10 Söfn

- Í Löngubúð er safn Ríkarðs Jónssonar myndhöggvara og myndskera. Þar er einnig minningarstofa um Eysteinn Jónsson stjórnmálamann frá Djúpavogi og konu hans Sólveigu Eyjólfsdóttur. Á lofti Löngubúðar hefur verið komið fyrir minjasafni. Kvennasmiðjan ehf. á Djúpavogi annast rekstur Löngubúðar, auk kaffistofu sem þar er. Eitt af hlutverkum starfseminnar er að annast upplýsingagjöf til ferðamanna, en í húsið komu áætlað um 7 þúsund ferðamenn árið 2008.
- Á Teigarhorni er unnið að endurbyggingu gamla bæjarins, sem fyrirhugað er að geymi meðal annars sögu Nicoline Weyvad, fyrsta kvenljósmyndara Íslandssögunnar, en plötusafn hennar og ýmis áhöld til ljósmyndunar eru varðveitt í Þjóðminjasafninu.

- Bóka- og minningarsafn Nönnu Guðmundsdóttur er í Berufirði. Það var stofnað árið 1988 en Nanna bjó alla sína tíð í Berufirði og var kennari í Beruneshreppi og víðar um árabil.
- Fuglasafn Djúpavogs er til húsa að Bakka 3. Telur það um 140 uppstoppaðra fugla og gefur góða mynd af þeim fuglategundum, sem hafa viðkomu eða fasta búsetu á svæðinu. Þá eru steinasöfn í eigu einstaklinga á staðnum.
- Í Eyfeyjunesvík við hið friðlýsta náttúruvætti Teigarhorn eru upplýsingaskilti, þar sem saga steinatöku og steinasölu á staðnum síðustu árhundruðin er rakin, en þar eru einnig upplýsingar um myndun zeolita, gerðir þeirra og útlit ásamt jarðsögu svæðisins. Þá er þar einnig upplýsingaskilti um Nicoline Weyvad.



3.6.11 Slysa-, bruna- og almannavarnir

Á Djúpavogi er starfandi slökkvilið, en sveitarfélagið er frá árinu 2007 aðili að Brunavörnum á Austurlandi (samstarfsverkefni Vopnafjarðarhrepps, Borgarfjarðarhrepps, Fljótshlíshrepps, Fljótshlíshéraðs og Djúpavogshrepps). Sjúkrabílaþjónusta er starfrækt á vegum Heilbrigðisstofnunar Austurlands (HSA). Sveitarfélagið er aðili að almannavörnum á starfssvæði Sýslumannsins á Eskifirði.

3.6.12 Áhaldahús / þjónustumiðstöð Djúpavogshrepps

Áhaldahús Djúpavogshrepps sinnir almennt þjónustu við stofnanir og íbúa sveitarfélagsins. Á veturna eru umsvif í áhaldahúsi mun minni en á sumrin, bæði hvað varðar starfsmannafjölda og verkefni. Grunnskólabörn hafa fengið vinnu á sumrin við hreinsun og snyrtingu í bænum.

3.6.13 Byggingareftirlit og skipulagsmál

Byggingareftirlit er í höndum sveitarstjóra, sem m.a. tekur við erindum vegna skipulags- og byggingamála. Vegna allra flóknari verkefna er leitað til verkfræðistofa og þá sérstaklega til VGK-Hönnunar á Reyðarfirði. Skipulagsþjónusta er í höndum Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur.

Þá er starfandi sérstök skipulags- og bygginganefnd innan Djúpavogshrepps sem er ráðgefandi fyrir sveitarstjórn í skipulags- og byggingamálum á svæðinu.

3.6.14 Frjáls félagastarfsemi

- Ungmennafélagið Stígandi starfaði í Álfafirði um nokkurt skeið og á Berufjarðarströnd var starfrækt um tíma Ungmennafélagið Bára. Segja má að út úr því síðarnefnda hafi klofnað Ungmennafélagið Djörfung, sem starfaði á svonefndri innströnd og lagði m.a. hönd á plóg, þegar kom að því að lagður var vegarslóði yfir Öxi.
- Kvenfélagið Vaka var stofnað árið 1928, en starfsemin féll niður um tíma. Félagið var endurvakið árið 1977 og hefur starfað af miklum krafti eftir það og m.a. styrkt ungmenna- og æskulýðsstarfsemi á Djúpavogi um árabil og auk þess fært stofnunum veglegar gjafir.

- Lionsklúbbur Djúpavogs var stofnaður árið 1973. Meðal verkefna þar sem klúbburinn hefur látið til sín taka eru tækjakaup fyrir heilsugæsluna og einnig kom hann af stað byggingu útisundlaugar á Djúpavogi á sínum tíma.
- Verkalýðs- og sjómannafélag Djúpavogs var stofnað árið 1937. Félagið var lagt niður með tilurð Vökuls - stéttarfélags en starfsvæði þess var frá A-Skaftafellssýslu til Stöðvarfjarðar. Síðar sameinuðust stéttarfélögin Vökull og Afl, en það síðarnefnda starfaði á Mið- og Norðursvæði Austurlands.
- Slysavarnadeildin Bára var stofnuð 1940. Hún gegnir einnig hlutverki björgunarsveitar. Byggð hefur verið upp góð húsnæðisaðstaða að Mörk 12-14 og er tækjakostur að mörgu leyti góður.
- Tónlistarfélag Djúpavogs hefur starfað frá árinu 2006 og hefur meðal annars staðið fyrir Hammond-hátíðum á Djúpavogi.
- Í byggðarlaginu hafa Vísnavinir starfað frá árinu 1997. Félagið hefur staðið fyrir sjálfstæðum skemmtunum, einkum á Djúpavogi, með tónlistarlegu og menningarlegu ívafi.
- Félagsheimið Hamraborg er í landi Þiljuvalla.
- Þrjú skógræktarfélag eru í Djúpavogshreppi:
 - Skógræktarfélag Djúpavogs var stofnað árið 1952. Í upphafi var skógræktinni valinn staður í Bjargarrétt, sem tilheyrði býlinu Búlandsnesi og hefur verið stunduð skipulögð skógrækt þar síðan. Félagið er aðildarfélag Skógræktarfélags Íslands. Árið 2008 fékk Skógræktarfélag Djúpavogs sérstaka viðurkenningu sem Opinn skógur og var honum þá um leið við hátíðlegt tækifæri gefið nafnið Hálsaskógur.
 - Skógræktarfélagið Kvistur var stofnað árið 1992 og stundar skógrækt að Bragðavöllum. Félagið er aðildarfélag Skógræktarfélags Íslands.
 - Skógræktarfélag í Álfafirði var stofnað árið 1991.

Heimild: Andrés Skúlason; sveitarstjóri, heimamenn og www.djupivogur.is,



3.7 Samgöngur

Vegasamgöngur eru að hluta til í sæmilegu horfi í Djúpavogshreppi. Enn vantar þó upp á að vegakerfi sveitarfélagsins teljist viðunandi. Í sveitarfélaginu er flugvöllur og góð hafnaraðstaða.

3.7.1 Samgöngur á landi

Vegasamgöngur og samgönguáætlanir

Samgöngur á Hringvegi til og frá sveitarfélagsmörkum Djúpavogshrepps eru í nokkuð góðu ástandi og í flestum tilfellum er greiðfært. Nokkrar vegalengdir eru frá sveitarfélaginu til stærstu þéttbýlisstaða landsins. Ef ekið er frá Djúpavogi eftir Hringvegi um Breiðdal og Breiðdalsheiði eru 146 km til Egilsstaða og 411 km til Akureyrar. Þá eru 104 km til Hafnar í Hornafirði og 551 km til Reykjavíkur ef ekið er um suðurströnd landsins.

Eftir opnun jarðganga undir Almannaskarð er bundið slitlag á Hringvegi frá höfuðborgarsvæðinu, eftir allri suðurströnd landsins að sveitarfélagsmörkum í suðri. Frá sveitarfélagsmörkum í norðri er hægt að aka um Suðurfirði og Fagradal á bundnu slitlagi og allt til Egilsstaða. Hringvegur um Breiðdal og Breiðdalsheiði er ekki með bundnu slitlagi nema að hluta til og Skriðdalsvegur er að stærstum hluta án bundins slitlags.

Innan Djúpavogshrepps er ástand Hringvegar í þökkalegu horfi. Á Samgönguáætlun 2007 – 2010 er úthlutað 200 milljónum, árið 2010, í vegaframkvæmdir í botni Berufjarðar, milli Lindarbrekku og Hvannabrekku.

Vegur um Öxi (939) er nú skilgreindur sem tengivegur. Um er að ræða veg sem ekki er með bundnu slitlagi og með allt að 20% veghalla á köflum. Á síðastliðnum árum hefur vegurinn verið lagfærður nokkuð og er hann nú fær öllum bílum. Ekki er veitt full vetrarþjónusta á veginum. Í júlímánuði 2007 tóku samgöngufirvöld ákvörðun varðandi stórtæka uppbyggingu á veginum um Öxi, samhliða ákvörðunum um mótvægisáðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna niðurskurðar á þorskkvóta. Í ákvörðuninni felst að bjóða verkið út í september 2009. Í febrúar 2008 var tilkynnt að stefnt yrði að því hjá samgöngufirvöldum að vegaframkvæmd um botn Berufjarðar og gerð stofnvegur um Öxi verði boðnar sameiginlega út á haustdögum 2009 sem eitt verkefni. Stefnt er að því að ljúka þessum vegaframkvæmdum með fullnaðarfrágangi á haustdögum 2011.

Með framkvæmdinni um Öxi verður vegurinn milli Djúpavogs og Egilsstaða bundinn samfelldu slitlagi.



Árið 2008 var lokið við að leggja bundið slitlag, reisa vegrið og grjótnargarða við Hringveg um Hvalnes- og Þvottáskriður. Er framkvæmdin til þess að tryggja, til bráðabirgða, sem best öryggi vegfarenda þar til jarðgöng undir Lónsheiði komast í gagnið, en sú framkvæmd er í undirbúningi.

Í tillögu að Samgönguáætlun 2007 - 2018 er gert ráð fyrir fjárveitingum til gerðar jarðganga um Lónsheiði á 2. og 3. tímabili áætlunarinnar. Á 2. tímabili (2011 - 2014) er gert ráð fyrir 4.600 milljónum í Lónsheiðargöng en fjármunum 3. tímabils hefur ekki verið útteilt á önnur jarðgöng en Lónsheiðargöng.

Heimild: Andrés Skúlason; Tillaga að Samgönguáætlun 2007 - 2018.

Flokkun vega og umferðartölur

Á töflu 15 má sjá heiti, flokkun, lengd og staðsetning vega í Djúpavogshreppi.

Tafla 15. Yfirlit yfir heiti, flokkun, lengd og legu vega í Djúpavogshreppi.

Heiti vegar (vegnr.)	Flokkun / ástand	Lengd (km)	Staðsetning
Hringvegur (1)	Hringvegur	101	Skrúðskambur - Krossanes (sýslusteinn)
u 2	bundið slitlag	10,8	Skrúðskambur – Fossgerði
u 3	bundið slitlag	9,4	Fossgerði – Gautavík
u 4	bundið slitlag	12,2	Gautavík - Axarvegur (939)
u 5	bundið slitlag	12,9	Axarvegur (939) – Urðarteigur
u 6	bundið slitlag	8,0	Urðarteigur - Djúpavogsvegur (98)
u 7	bundið slitlag / malarvegur	10,3	Djúpavogsvegur (98) – Hamar
u 8	bundið slitlag	8,9	Hamar – Melrakknes
u 9	bundið slitlag	13,0	Melrakknes - Hofsvægur (9692)
v 0	bundið slitlag	7,7	Hofsvægur (9692) – Þvottá
v 1	bundið slitlag	7,6	Þvottá - Krossanes (sýslusteinn)
Djúpavogsvegur (98)	Stofnvegur	2,5	
01	bundið slitlag	0,8	Hringvegur (u7) - Djúpivogur, (Borgarland)
02	bundið slitlag	1,7	Djúpivogur (Borgarland) - Hafnarsvæði Gleðivík
Axarvegur (939)	Tengivegur	18,7¹	
02	- malarvegur	10,0	Ódádavatnsvegur - Hringvegur (u5)

Heimild: Vegagerðin

Vegagerðin hefur annast umferðartalningar um árabíl á svæðinu og eru í töflu 16 sýndar umferðartölur (árdags-, sumardags- og vetrardagsumferð) fyrir árin 2000 og 2006 á föstum teljurum sem eru á Hringvegi nærri afleggjara við Djúpavogsveg (u7) og í Hvalnesskriðum, á vegarkaflanum frá sýslusteinum við Krossanes að Össurá (v2)². Þá er fastur teljari á Axarvegi utan við Yxnagil og sjálfvirkur teljari og veðurmælir á Þrívörðuhálsi.

¹ Sveitarfélagsmörk eru nærri afleggjara inn að Ódádavötnum og því er þeim kafla Axarvegar sem liggur frá Ódádavatnavegi til norðurs um Bugar að Hringvegi í Suðurdal sleppt, alls 8,6 km.

² Umræddur teljari er staðsettur í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Tafla 16. Yfirlit yfir umferð á vegum í Djúpavogshreppi á árunum 2000 og 2008.

	ÁDU ¹		SDU ²		VDU ³	
	2000	2008	2000	2008	2000	2008
Hringvegur (1)						
u7	233	302	381	523	126	155
v2	172	212	278	409	93	92
Axarvegur (939)						
02	15	81	25	184	7	9

¹ ÁDU: Árdagsumferð: Meðalumferð á dag yfir allt árið.

² SDU: Sumardagsumferð: Meðalumferð á dag, mánuðina júní, júlí, ágúst og september.

³ VDU: Vetrardagsumferð: Meðalumferð á dag mánuðina janúar, febrúar, mars og desember.


Heimild: Vegagerðin

Samkvæmt tölum í töflu 16 hefur umferð um Hringveg í Djúpavogshreppi aukist nokkuð á tímabilinu 2000 til 2008. Árdagsumferð við teljara (u7) jókst um 30%, en sumardagsumferð um 37% og vetrardagsumferð um 23%.

Umferð við teljara í Hvalnesskriðum (v2) hefur aukist ívið meira á tímabilinu, því þar hefur árdagsumferð aukist um 23% og sumardagsumferð um 47%. Á móti hefur vetrardagsumferð nokkurn veginn staðið í stað.



Skýringarkort 6. Núverandi vegakerfi í Djúpavogshreppi



Gönguleiðir

Góðar gönguleiðir eru víða í Djúpavogshreppi, bæði innan þéttbýlisins á Djúpavogi og í dreifbýli.



Í nokkrum tilfellum hafa gönguleiðir verið merktar með stikum, svo sem á Búlandsnesi, í Fossárdal, á Hálsu og Hálsfjalli, milli Múladals og Víðidals og yfir Berufjarðarskarð. Þá er vel skipulagður göngustígur í Skógrækt Djúpavogs og er hann lagður trjákurli. Þá hefur verið unnið gönguleiðakort sem nær yfir allt sveitarfélagið með fjölmörgum nýjum gönguleiðum (sjá skýringarkort 6).

Heimild: Andrés Skúlason

Þekktar fornar gönguleiðir í sveitarfélaginu eru t.d. um Lónsheiði, en þar er m.a. þekkt gönguleið allt frá landnámsöld. Þá er forn gönguleið um Melrakknesfjall frá

Stekká í Álfafirði yfir að Bragðavöllum í Hamarsfirði, en fleiri leiðir um fjallið eru einnig mögulegar svo sem um Neðrafjallið og að Þakeyri við Bragðavallahóla. Fjölfarnar leiðir voru farnar um Hálsa. Sú fjölfarnasta var frá Hringsbrekkum innan við Háls og norður með Hálsfjallinu neðan við svokallaðan Brattamel. Niður með Búlandsá og inn með Berufirði. Annar slóði lá upp frá Hálsi og Strýtu utar eftir Nautalág og yfir í Teigarhorn.

Heimild: Ingimar Sveinsson (2003)

Reiðleiðir

Reiðleiðir eru yfir Lónsheiði og Berufjarðarskarð (sjá skýringarkort 6).

3.7.2 Samgöngur á sjó og í lofti

Djúpavogshöfn

Skv. hafnarreglugerð nr. 292/2005 fyrir Djúpavogshöfn með síðari breytingum, eru takmörk á sjó eftirfarandi:

Djúpavogshöfn nær yfir Berufjörð innanverðan með strandlengjunni frá Langatanga 64°39,95 N og 14°15,5 V með fjöruborði inn með sunnanverðum firðinum, fyrir fjarðarbotn og út með honum norðanverðum að Karlsstaðavita 64°41,3 N og 14°13,7 V, þaðan lína sem hugsast dregin suðvestur í Svartasker 64°40,1 N og 14°15,7 V, þaðan lína í Langatanga.

Takmörk hafnarinnar á landi eru eftirfarandi, skv. áðurgreindri hafnarreglugerð: *Gleðivíkurhöfn; frá fremri vörðu, sem er beint vestur af grjótfyllingu norðan á athafnasvæði hafnarinnar, þaðan bein lína suðvestur í*



aftari vörðu. Þaðan bein lína í norðvesturhorn rafstöðvarhúss RARIK við Víkurland 15, þaðan bein lína í aftara leiðarmerki í Gleðivík innri, ofan við fiskimjölsverksmiðju. Þaðan bein lína 300 m til austurs. Þaðan bein lína til norðurs að fjörumörkum.

Djúpavogshöfn; frá línu sem hugsast dregin í sjó fram beint í norður frá austurkanti götunnar Mörk, þar sem hún tengist við Víkurland. Þaðan sjávarmegin eftir götukanti gatnanna Mörk, Bakki og Vogaland, þaðan að beinni línu, sem skerst milli norðvesturhorns RARIK húss að Vogalandi 20 og Æðarsteinsvita. Lega að sjó á umræddu svæði, miðast í öllum tilfellum við stórstraumsfjöruborð.

Allt fram á miðja 20. öld var engin höfn á Djúpavogi, heldur einungis nokkrar smábryggjur í eigu einstaklinga á staðnum. Árið 1947 var hafist handa við hafskipabryggju, sem segja má að hafi verið fyrsti vísirinn að þeirri höfn sem nú er á staðnum. Bryggjan eyðilagðist árið 1972 og var þá ráðist í endurbyggingu og hún stækkuð nokkuð. Lauk því verki 1976. Töluvert hefur verið unnið á síðustu árum að því að bæta ennfrekar hafnaraðstæður, svo sem með gerð nýs brimvarnargarðs.

Skýringarkort 7. Gönguleiðakort



Bátabryggja var gerð upp úr 1960 og flotbryggja fyrir um 20 trillur sett upp árið 1989. Undanfarin ár hafa ríki, sveitarfélag og fyrirtæki á staðnum, lagt í talsverðar fjárfestingar til að bæta aðstæður til löndunar og vinnslu sjávarafla. Vel á annað hundrað milljónir króna voru lagðar í hafnargerð og löndunaraðstöðu samhliða uppbyggingu fiskimjölsverksmiðjunnar, auk þess sem lenging viðlegukants í gömlu höfninni var fyrirhuguð vegna mikillar umferðar síldarbáta. Allri vinnslu á uppsjávarfiski var hinsvegar hætt frá og með árinu 2005 á Djúpavogi og urðu því miklar breytingar á nýtingu Djúpavogshafnar. Ákvörðun var því tekin í sveitarstjórn í ljósi breyttra úgerðarháttanna árið 2005 um að hætta við frekari áform um lengingu viðlegukants við höfnina á Djúpavogi og þess í stað var ákveðið að leggja meiri fjármuni í endurbyggingu smábátadöðunnar sem einnig hafði staðið fyrir dyrum. Í Samgönguáætlun 2007 – 2010 er Djúpavogshöfn skilgreind sem hluti af grunnneti hafna á landinu, í flokki II, (meðalstór fiskihöfn). Samkvæmt frumáætlun Siglingastofnunar um heildarkostnað við framkvæmdir í Djúpavogshöfn, miðað við áætlað meðalverðlag ársins 2007 er, að því fram kemur í Samgönguáætlun 2007 – 2010, gert ráð fyrir 42 milljónum króna til verksins á árunum 2007 - 2008 (sjá töflu 17). Framkvæmdinni hefur verið frestað til ársins 2010.

Tafla 17. Sundurliðun framkvæmda í Djúpavogshöfn, skv. Samgönguáætlun 2007 - 2010. Kostnaðarhlutur ríkis í sviga.

Framkvæmdir	2007	2008	2009	2010
Dýpkað þil við Gleðivík í -7 m (um 2.000 m ² sv.) – Verklok	5,6 (75%)	-	-	-
Smábátadöð, trébryggja endurb. og lengd (5 x 24 m), lagnir og lýsing – verklok			-	36,4 (60%)

Heimild: Andrés Skúlason; Samgönguáætlun 2007 – 2010;

Flugvöllur

Flugvöllur er í Djúpavogshreppi, Selabryggjuflugvöllur og er hann staðsettur sunnan við þéttbýlið á Djúpavogi. Um er að ræða 745 m flugbraut með malarslitlagi, sem er í flokki landingarstaða, samkvæmt Samgönguáætlun 2003 – 2014. Frumhugmyndir um stækkun á flugvöllinum liggja fyrir þar sem einnig er gert ráð fyrir sérstöku öryggissvæði umhverfis völinn, þannig að hann geti uppfyllt kröfur sem viðurkenndur sjúkraflugvöllur. Ákvörðun um tímasetningu framkvæmda liggur ekki fyrir.

Heimild: Andrés Skúlason; Samgönguáætlun 2003 – 2014

3.8 Veitur, lagnir og fjarskipti

3.8.1 Kalt vatn

Í heildina tekið er ástand neysluvatnsmála á svæðinu í nokkuð góðu ástandi, þó á stöku bæjum sé vatn af skorum skammti, til dæmis ef þurrkar eru langvarandi. Gera má ráð fyrir að vatnsnotkun á hvern íbúa á jörðum þar sem stundaður er búskapur sé 600 - 700 l/sólarhr., 300 – 350 l/sólarhr. á íbúa í íbúðarbyggð og í frístundabyggð um 200 – 250 l/sólarhr.

Í 4. gr. neysluvatnsreglugerðar nr. 536/2001 segir: „Afla skal starfsleyfis heilbrigðisnefndar áður en eftirlitsskyld vatnsból eða vatnsveitur, sbr. 12. gr., og tilheyrandi búnaður er tekinn í notkun og við eigendaskipti.“

Í 12. gr. sömu reglugerðar segir: „Heilbrigðisnefndir hafa ekki reglubundið eftirlit eða framkvæma heildarúttekt hjá vatnsveitum sem þjóna færri en 50 manns eða 20 heimilum/sumarbústöðum, nema þær þjóni matvælafyrirtækjum.“

Í Djúpavogshreppi er ein vatnsveita, Vatnsveita Djúpavogs, með starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands. Þjónar hún þéttbýlinu og þeirri atvinnustarfsemi sem þar fer fram, en auk þess nokkrum jörðum í nágrenninu.

Vatnsból vatnsveitunnar er í Búlandsdal og liggur vatnslögn þaðan um 10 km leið í miðlunartank sem stendur upp á klettabelti ofan við götuna Borgarland um það bil 100 m norðaustan við svokallaða Miðmorgunspúfu.

Í dreifbýli Djúpavogshrepps er kalt vatn yfirleitt tekið úr lindum/brunnum á viðkomandi jörð og leitt þaðan í byggingar, sem tilheyra jörðinni, hvort sem um er að ræða heilsárshús, landbúnaðarbyggingar eða frístundahús.

Í íbúakönnun sem gerð var í dreifbýli Djúpavogshrepps í tengslum við aðalskipulagsvinnuna kom í ljós að rúmlega 70% svarenda sögðu ástand og magn neysluvatns í lagi (sjá fylgiskjal II).

Í 8. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. segir: „Til þess að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns og til þess að vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi skulu heilbrigðisnefndir flokka vatn í samræmi við 9. og 10. gr. [sömu reglugerðar]. Heilbrigðisnefndir skulu skilgreina langtímamarkmið fyrir vatn. Flokkun vatns gildir um yfirborðsvatn og grunnvatn hvarvetna á landinu.

Sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir skulu grípa til aðgerða sem miða að því að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns.“

Í reglugerð 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda m.s.br. segir í 5. gr.: „Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að draga úr hættu á að vatn mengist og koma í veg fyrir mengun í vatni af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði eða af öðrum orsökum.“

Í 9. gr. reglugerðarinnar segir: „Viðkomandi heilbrigðisnefnd skilgreinir og kortleggur sérstaklega vatnasvæði sem talin eru viðkvæm og hafa lítið viðnám gegn köfnunarefnismengun, eru menguð eða gætu mengast af völdum köfnunarefnis, ef ekki er gripið til sérstakra aðgerða til verndar.“

Flokkun vatns og skilgreining langtímamarkmiða um varnir gegn mengun vatns hefur ekki farið fram í Djúpavogshreppi.

Heimild: Heilbrigðiseftirlit Austurlands og heimamenn.

3.8.2 Heitt vatn

Ekki er hitaveita í Djúpavogshreppi og er vatn hitað ýmist með rafhitun eða olíuhitun. Eins og fram kemur í *kafla 2.4.4* hefur verið unnið að jarðhitaleit í sveitarfélaginu allt frá fyrri hluta 10. áratugs síðustu aldar, þó með hléum.

Frá árinu 2005 hefur Stapi ehf. undir stjórn Ómars Bjarka Smárássonar, unnið að borun eftir heitu vatni í landi sveitarfélagsins við Hálsarætur í nágrenni Merkis.

Samkvæmt athugunum hefur allt að 260°C/km hitastigull fundist í grunnum holum og hefur það gefið góðar vonir um að allt að 80°C heitt vatn sé að finna á svæðinu.

Eru taldar ágætis horfur á að nægt heitt vatn geti fundist til neyslu í þéttbýlinu, að minnsta kosti.

3.8.3 Rafmagn

Teigarhornslína (132 kW), sem er hluti af flutningskerfi í eigu Landsnets (byggðalínu), liggur frá Hryggstekk í Skriðdal, yfir Öxi og þaðan niður í Berufjörð. Þaðan liggur línan vestan fjarðar að spennistöð RARIK í landi Teigarhorns, sem tekin var í notkun árið 2005. Frá Teigarhorni fer línan yfir í Hamarsfjörð og Álftafjörð, yfir Lónsheiði og að spennistöðinni í landi Hóla í Hornafirði. Þá þverar raflína frá tengivirkinu við Teigarhorn, Berufjörð og liggja dreifilínur á bæi á Berufjarðarströnd. Auk þess liggja dreifilínur að Djúpavogi og á bæi við vestanverðan fjörðinn. Helgunarsvæði byggðalínu er á bilinu 12 – 14 m frá miðjúlínu í báðar áttir.

Stefnt er að lagningu ljósleiðara á vegum Landsnets, sem þjónar því hlutverki að vera stýrisstrengur fyrir rafmagn og mun hann liggja um Fagradalsskarð og Krossdal og niður að þjóðvegi á Berufjarðarströnd, meðfram veginum inn að Blábjörgum í landi Fagrahvamms. Þar liggur hann sjóleiðina þvert yfir Berufjörð og yfir að Teigarhorni og upp að tengivirki. Frá tengivirki yfir hálsinn til Hamarsfjarðar fylgir strengurinn að mestu núverandi háspennulínunum. Ljósleiðarinn þverar svo Hamarsfjörð að Hellratanga á Melrakknesi og þaðan liggur hann sjóleiðina um Álftafjörð að Skipsnesi. Þaðan liggur strengurinn upp á Lónsheiði meðfram gamla veginum sem þar er.

Heimild: Línuhönnun; Landsnet

3.8.4 Fráveitur

Á Djúpavogi er holræsakerfi í eigu sveitarfélagsins, sem tekur við fráveitu heimila og atvinnustarfsemi í þéttbýlinu. Þrjú útföll liggja í sjó fram í Djúpavog, Gleðivík ytri og innri. Sterkir straumar eru á þessum stöðum, sem koma í veg fyrir mengun á svæðunum.

Að auki eru þrjár viðurkenndar rotþrær innan marka þéttbýlisins á Djúpavogi, vestan við gatnamót við Borgarland, vestan Hammersminnis og í Blánni.

Í dreifbýli Djúpavogshrepps enda fráveitukerfi einstakra bæja í flestum tilfellum í viðurkenndum rotþróum og hefur sveitarfélagið styrkt kaup og niðursetningu rotþróa í dreifbýli.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands hefur eftirlit með losun rotþróa, samanber ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 m.s.br. um fráveitur og skólp.

Ekki hafa verið framkvæmdar rannsóknir á mengun í jarðvegi frá rotþróum í sveitarfélaginu né verið unnið að flokkun vatns, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns (sjá einnig *kafla 3.8.1*).

3.8.5 Fjarskipti

Á undanförunum árum hefur Síminn unnið töluvert starf í að efla fjarskipti í sveitum landsins og hafa í því sambandi verið settar upp tvær nýjar símstöðvar í Djúpavogshreppi, önnur stöðin er í Gautavík í Berufirði og hin er á Starmýri í Álftafirði, en fyrir var símstöð á Djúpavogi. Síminn getur nú uppfyllt alþjónustukvöð um gagnaflutning í hreppnum og boðið öllum íbúum gagnaflutning með a.m.k. 128 kbita hraða (ISDN), auk þess sem Síminn er með ADSL þjónustu á Djúpavogi.

Samkvæmt Fjarskiptaáætlun 2005 – 2010 var stefnt að því að GSM-þjónusta yrði aðgengileg á þjóðvegi 1 og öðrum helstu stofnvegum á helstu ferðamannastöðum og minni þéttbýlisstöðum árið 2006. Það tókst ekki en samningar náðust milli Fjarskiptasjóðs og Símans hf. um að ljúka GSM-væðingu hringvegarins fyrir lok ársins 2007 og hefur nú verið lokið við að setja upp tvær GSM sendistöðvar til viðbótar til að bæta þjónustuna í Djúpavogshreppi þ.e. með uppsetningu á stöðvum í Gautavík og á Melrakknesi og er því vegurinn um Djúpavogshrepp að langmestu leyti í GSM sambandi í dag.

Þá hefur verið settur upp sendir á Breiðdalsheiði, sem mun þjóna hluta Axarvegar.

Ljósleiðarinn sem liggur umhverfis landið liggur um Djúpavogshrepp og eru allar símstöðvarnar í hreppnum tengdar við landshringinn með ljósleiðara. Til að auka öryggi landshringsins þá liggja tveir aðskildir strengir þar sem landshringurinn þverar Álftafjörð og Hamarsfjörð með viðkomu á utanverðu Melrakknesi. Frá Hamarsfirði liggur strengurinn yfir Hálsana og þverar annar þeirra Berufjörð. Liggur ljósleiðarinn svo út með Berufjarðarströnd. Er bannsvæði þeirra 200 metrar í báðar áttir frá miðlínu.

Í Berufirði er einnig sæsímastrengur sem liggur innarlega í firðinum og annar sem ekki er í notkun, þverar fjörðinn rétt innan við ljósleiðarana.

Heimild: Andrés Skúlason; Síminn; Samgönguráðuneytið

Á Bóndavörðu við Djúpavog, Melrakknesi og Stekkjartúni í Álftafirði eru sendar Ríkisútvarpsins fyrir útvarp og sjónvarp.

Heimild: Ríkisútvarpið

3.9 Úrgangsmál

Með samningi Djúpavogshrepps við fyrirtækið Sagaplast ehf., sem undirritaður var í júní 2009, var byrjað að flokka úrgang í sveitarfélaginu með það framtíðarmarkmið að hætta með öllu að urða úrgang sem fellur til frá heimilum og fyrirtækjum í sveitarfélaginu. Óflokkanlegur úrgangur frá Djúpavogshreppi er þó ennþá fluttur á urðunarstað að Mel í landi Fjarðar í Lóni.

3.9.1 Miltisbrunagrafir

Í Djúpavogshreppi eru skráðar fjórar miltisbrunagrafir. Grafirnar hafa verið merktar eða munu verða merktar með 50 cm háum hvítum stólpum, sem hafa áletrunina A374, A375, A376 eða A377.

Gerður er fyrirvari um nákvæma staðsetningu, þar sem vitneskja er ófullkomin í flestum tilfellum. Umræddir staðir eru eftirfarandi:

- Berufjörður (A374): Talið er að hestur hafi drepist um 1875. Merkið er sunnan við fjarðarbotninn andspænis bænum í Berufirði en þó nokkru innar, 150 – 200 metrum neðan þjóðveg 1.
- (Hnit: N: 64°47 458, W: 014°30 814 og 16,9 metrum yfir sjávarmáli)
- Teigarhorn (A375): Talið er að nokkrir gripir hafi drepist á árabílinu 1870 – 1875. Merkið er í túnjaðri norðvestur af bænum á brún brattrar brekku út við fjörðinn.
- (Hnit: N: 64°40 725, W: 014°20 662 og 14,8 metrum yfir sjávarmáli)
- Askur við Djúpavog (A376): Talið er að hestur hafi drepist árið 1943 eða 1944. Merkið er í skógræktarbelti og sést vel frá veginum um 150 metrum innan við heimreið að Aski og 25 metra innan girðingar frá efri vegarbrún.
- (Hnit: N: 64°39 401, W: 014°19 516 og 37,9 metrum yfir sjávarmáli).
- Tangi (A377): Talið er að kýr hafi drepist árið 1942 og verið grafin á óþekktum stað úti á Tanga.

Talið er að miltisbrunagró geti lifað í nokkur hundruð ár í jörðu og ekki er talin smithætta af þeim stöðum þar sem gamlar miltisbrunagrafir eru, nema ef jarðrask verði gert með ógætilegum hætti á þeim stöðum. Getur smithættan í þeim tilfellum orðið lífshættuleg.

Sé jarðrask óhjákvæmilegt á umræddum stöðum er þó mögulegt að koma í veg fyrir smithættu ef farið er með gát og rétt viðbrögð viðhöfð. Best er þó að láta slíka staði óhreyfða með öllu.

Heimild: Sigurður Sigurðarson

3.10 Niðurstöður

- Talsvert hefur verið ritað um sögu og menningu á svæðinu og hefur Fornleifastofnun Íslands gert úttekt á svæðisskráingu fornleifa.
- Í Djúpavogshreppi eru samkvæmt þjóðminjalögum nr. 107/2001 skráðar sjö fornminjar. Þá eru fimm kirkjur og tvö hús friðuð samkvæmt lögum um húsafriðun nr. 104/2001. Margar áhugaverðar byggingar eru í sveitarfélaginu.
- Húsafriðunarnefnd leggur áherslu á gerð húsakönnunar fyrir sveitarfélagið.
- Í Djúpavogshreppi hefur orðið umtalsverð fækkun íbúa á síðastliðnum árum og voru þeir 456, þann 1. desember 2008.
- Frístundabyggð hefur fram til þessa ekki verið gildur landnotkunarpáttur, en nokkuð margir hyggja á uppbygginu frístundahúsa á svæðinu.
- Miklar breytingar hafa orðið á þróun atvinnugreina á svæðinu, þar sem þjónustugreinar hafa sótt í sig veðrið á sama tíma og iðngreinar og frumvinnslugreinar, svo sem landbúnaður og fiskveiðar hafa dregist saman.
- Fjöldi ferðamanna hefur aukist á Austurlandi á síðustu árum. Meira en 50% erlendra ferðamanna og 30% íslenskra ferðamanna fara þar um árlega og eru gönguferðir, sund og náttúruskoðun vinsælustu tegundir afþreyingar hjá báðum hópum.
- 7 – 9% innlendra ferðamanna koma til Djúpavogs árlega og um 20% erlendra ferðamanna. Finnst flestum þeirra náttúran og bæjarstæði Djúpavogs vera það áhugaverðasta, sem svæðið hefur upp á að bjóða.
- Vegasamgöngur eru í sæmilegu horfi á svæðinu. Samkvæmt samgönguáætlun verður unnið á næstu árum að lagfæringu á vafasömum vegaköflum, en umferð um svæðið hefur aukist nokkuð á síðustu árum.
- Á Djúpavogi er leikskóli, grunnskóli, tónlistarskóli, íþróttahús og sundlaug, auk íþróttavallar og golfvallar. Einnig er þar húsnæði fyrir aldraða sem var áður nýtt sem dvalarheimili og heilsugæslustöð.
- Í sveitarfélaginu eru fjórar sóknir og er prestsetur á Djúpavogi.
- Menningarmiðstöð er rekin í Löngubúð. Söfn af margvíslegu tagi eru rekin í Berufirði, Teigarhorni og á Djúpavogi.
- Fjölbreytt félagastarfsemi og aðstaða til afþreyingar er fyrir hendi í sveitarfélaginu.
- Ástand neysluvatnsmála á svæðinu er í nokkuð góðu lagi, þó sums staðar sé vatn af skornum skammti. Flokkun vatns og skilgreining á langtímamarkmiðum um varnir gegn mengun vatns hefur ekki farið fram í Djúpavogshreppi.
- Borað hefur verið eftir heitu vatni í landi Merkis og lofa rannsóknir góðu.
- Rafmagn er í viðunandi ásigkomulagi í sveitarfélaginu.
- Fráveitur eru víðast hvar í allgóðu ásigkomulagi.
- Nokkuð hefur verið unnið að eflingu fjarskipta á síðustu árum en stefnt er á frekari uppbyggingu á því sviði á komandi árum.

4. kafli – Skipulagsáætlunin – Umhverfisskýrsla



Samantekt

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 leggur sveitarstjórn áherslu á að skapa umhverfisvæna ímynd af sveitarfélaginu. Í tillögunni eru stigin stór skref í þá átt að friða og vernda svæði og staði sem talið er að hafi mikilvægt gildi í náttúrufarslegu og menningarlegu tilliti. Sem dæmi um það má nefna að gerð er tillaga um að 15 staðir eða svæði verði friðaðir skv. lögum um náttúruvernd nr. 44/1999. Þar að auki eru lagðar fram 36 tillögur um friðun svæða og staða skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001. Til viðbótar friðunartillögunum er gert ráð fyrir viðamikilli hverfisvernd bæði á náttúru- og þjóðminjum.

Samhliða þessum viðamiklu verndunartillögum, leggur sveitarstjórn þunga áherslu á úrbætur í samgöngumálum sveitarfélagsins. Er hér fyrst og fremst um að ræða vegaframkvæmdir en tillagan gerir ráð fyrir uppbyggingu Axarvegar (939) og lagfæringa á Hringvegi um botn Berufjarðar annars vegar og hins vegar gerð Lónsheiðarganga og lagningu vegar um Starmýrardal. Efnistaka er óhjákvæmilegur fylgiskur slíkra framkvæmda og gerir tillagan ráð fyrir 33 efnistökusvæðum í sveitarfélaginu, sem margar hverjar tengjast fyrirhuguðum vegaframkvæmdum. Þá er gerð tillaga um lengingu núverandi flugbrautar við Djúpavog, svo hún uppfylli kröfur sem lendingarstaður fyrir sjúkraflug, en slíkt er talið skipta höfuðmáli, svo hægt sé að tryggja öryggi íbúa og dvalargesta, sem best.

Umhverfisáhrif

Við umhverfismat Aðalskipulags Djúpavogshrepps 2008 – 2020 eru fimm áhrifaþættir metnir og eru þeir samgöngur, efnistaka, lenging flugbrautar, skógrækt og hverfisvernd.

Niðurstöður mats sýna að bæði uppbygging Axarvegar (939) og gerð Lónsheiðarganga munu hafa neikvæð áhrif á náttúru- og þjóðminjar á framkvæmdasvæðunum. Ber þar fyrst og fremst að nefna áhrif á gróðurfar, landslag, s.s. í Starmýrardal sem er við upphaf framkvæmda að heita má ósnortinn, og jarðmyndanir, s.s. klettabelti í botni Berufjarðar. Þá mun þjóðminjum á framkvæmdasvæðum mögulega verða raskað. Ljóst má þykja að framkvæmdirnar munu því rýra að einhverju leyti náttúruupplifun á svæðunum.

Á hinn bóginn eru framkvæmdirnar afar mikilvægar og hafa í för með sér jákvæð samfélagsleg áhrif. Fyrir utan að stóruka umferðaröryggi, munu þær stuðla að betri tengslum við nágrannasveitarfélögin, sem m.a. gæti leitt til vaxtar þjónustu og atvinnulífs á svæðinu.

Þá er lenging flugbrautar á Búlandsnesi talin hafa neikvæð áhrif á hið ríkulega fuglalíf sem þar er að finna, auk þess að hafa áhrif á lífríki á flæðileirum og á landslag á svæðinu. Á móti kemur að framkvæmdin eykur öryggi íbúa og dvalargesta, auk þess að hafa jákvæð áhrif á flugsamgöngur til og frá Djúpavogshreppi.

Gert er ráð fyrir nokkuð viðamikilli efnistöku í aðalskipulagstillögunni og er hún að talsverðu leyti áætluð í tengslum við ofangreindar vegaframkvæmdir. Eðlilegt hlýtur því að teljast, að við mat á áhrifum hennar sé að einhverju leyti horft til þeirra áhrifa sem samgöngubætur hafa í för með sér. Er því við mat á umhverfisáhrifum efnistöku litið svo á að hún hafi í för með sér sömu áhrif á samfélagslega þætti, e.t.v. með óbeinum hætti og ofangreindar framkvæmdir hafa. Neikvæð áhrif efnistöku á

náttúrumínjar, þjóðmínjar og lífríki í ám og við árfarvegi teljast umtalsverð en þó ekki nægjanlega mikil í samanburði við þann ávinning sem umræddar framkvæmdir hafa í för með sér.

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 er gert ráð fyrir nokkurri skógrækt og er hún tekin út sem áhrifaþáttur, vegna áhrifa hennar á hina einstæðu náttúru svæðisins. Við mat á áhrifum þeirrar skógræktar sem gert er ráð fyrir í tillögunni er sýnt að neikvæð áhrif hennar eru almennt séð frekar lítil en á móti er litið svo á að jákvæð áhrif séu góð m.t.t. ferðaþjónustu og almennrar heilsueflingar.

Eins og áður getur eru í aðalskipulagstillögunni settar fram viðamiklar verndunar- og friðunartillögur. Skv. tillögunni eru stór svæði innan sveitarfélagsins hverfisvernduð og er talið að slíkt muni hafa mjög jákvæð áhrif í för með sér fyrir náttúru, þjóðmínjar og samfélag til lengri tíma litið.

Heildarniðurstaða

Sé litið til markmiða sveitarstjórnar Djúpavogshrepps, um eflingu byggðar, atvinnu, öryggis og tengsla við nærliggjandi sveitarfélög, er talið nauðsynlegt að þeir áhrifaþættir sem teknir eru fyrir í matskýrslu þessari komist til framkvæmda. Vissulega eru umhverfisáhrif sumra þeirra að einhverju leyti í andstöðu við metnaðarfulla stefnu sveitarstjórnar í náttúruverndarmálum, en til að koma til móts við þau sjónarmið leggur sveitarstjórn Djúpavogshrepps á það áherslu að framkvæmdir fari fram í eins mikilli sátt við umhverfið og frekast er unnt, auk þess sem hvers kyns raski verði haldið í lágmarki.

4.1. Inngangur

Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 – 2020 fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana, en þar segir í 1. grein: „Markmið þessara laga er að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða.“

Umhverfisþættir eru þeir þættir sem geta orðið fyrir áhrifum vegna framfylgdar aðalskipulagsins og hefur Skipulagsstofnun gefið út leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta. Samkvæmt þeim eru umhverfisþættirnir átta talsins, þ.e. andrúmsloft og veðurfar, vatn, land, vistkerfi, heilsa og öryggi, hagrænir og félagslegir þættir, náttúruminjar, þjóðminjar og landslag.

Með umhverfismati áætlana er reynt að greina þau áhrif sem skipulagbreytingar kunna að hafa á þá umhverfisþætti sem eiga við hverju sinni, í ljósi þeirra upplýsinga sem liggja fyrir og vægi þeirra metið. Til að meta slík áhrif eru stefnuskjöl stjórnvalda og samþykkt stefnumörkun sveitarstjórnar Djúpavogshrepps notuð til viðmiðunar.

Ennfremur er gerð grein fyrir því hvort endurmeta beri valkosti eða grípa þurfi til sértækra aðgerða t.d. í deiliskipulagi eða með gerð vöktunaráætlunar, þannig að draga megna úr umhverfisáhrifum.

Með mati þessu er reynt að tryggja að ákvarðanatataka um þá þætti sem taldir eru hafa umtalsverð áhrif á umhverfi verði skýr og gagnsæ. Þannig má líta á að í matsskýrslu sé að finna röksemdafærslu sveitarstjórnar um ákvarðanir og stefnumótun um veigamestu þætti skipulagsins.

4.2 Helstu leiðir við gerð umhverfismats

Sú aðferðafræði sem beitt var við gerð umhverfismats var eftirfarandi:

- Umhverfisvísar voru valdir af Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur í samráði við oddvita, með hliðsjón af leiðbeiningum Skipulagsstofnunar.
- Farið var yfir helstu breytingar í aðalskipulaginu og þær metnar með tilliti til umhverfisvísanna (sjá viðauka)
- Tekinn var saman listi sem innihélt annars vegar yfirlit yfir framkvæmdir sem mögulega geta fallið undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 eða geta haft í för með sér mikil sjónræn áhrif og hinsvegar umfangsmiklar tillögur um hverfisvernd náttúru- og þjóðminja.
- Kannað var hvernig markmið aðalskipulagsins samræmast öðrum skipulagsáætlunum, s.s. Svæðisskipulags Miðhálandis Íslands 2015.

4.3 Tengsl við aðra áætlanagerð

Djúpavogshreppur varð til árið 1992 við sameiningu þriggja hreppa, Búlandshrepps, Geithellahrepps og Beruneshrepps. Fyrir sameiningu hafði aðeins verið unnið að gerð aðalskipulags fyrir einn þeirra, Aðalskipulag Búlandshrepps og Djúpavogs 1989 – 2009, sem kom út árið 1990. Hefur því stór hluta sveitarfélagsins ekki verið skipulagður áður.

Þær breytingar sem gerðar eru í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 frá fyrra skipulagi eru í stórum dráttum ekki miklar.

- Í Aðalskipulagi Búlandshrepps og Djúpavogs 1989 – 2009 voru viðamikil friðunarsvæði mörkuð utan þéttbýlisins á Djúpavogi, s.s. um friðland fugla, svæði á náttúruminjaskrá, votlendisfriðun og fólkvang úti á Búlandsnesi, á Hálssum og Hálsarótum að sunnanverðu, auk þess sem mörkuð voru svæði fyrir landbúnað undir Hálssum að norðanverðu, t.d. fyrir hrossabeit og æðarvarp. Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 hefur þessari landnotkun verið haldið í öllum meginatriðum, enda samræmist hún mjög vel stefnu sveitarstjórnar í umhverfismálum og eru Búlandsnes og Hálsar að stórum hluta hverfisvernduð svæði skv. tillögunni.
- Í þéttbýlinu á Djúpavogi eru helstu áherslubreytingar þær að svæði fyrir iðnað og atvinnurekstur kringum Voginn sjálfan viku fyrir miðsvæði, í því augnamiði að auka aðdráttarafl staðarins með myndun miðbæjarkjarna. Þess í stað hefur athafnasvæði verið aukið í Innri Gleðivík. Þá hefur viðamikilli hverfisvernd verið komið á innan þéttbýlisins, sem ekki var fyrir hendi í fyrra skipulagi.

Djúpavogshreppur var aðili að gerð Svæðisskipulags Miðhálandis Íslands 2015 og í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 eru gerðar breytingar frá því.

Breytingarnar eru sem hér segir:

- Náttúruverndarsvæði í Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015 eru í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 sýnd sem hverfisvernduð landbúnaðarsvæði á Náttúruminjaskrá 1996.
- Almenn verndarsvæði í Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015 eru í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 sýnd annars vegar sem hverfisvernduð landbúnaðarsvæði á Náttúruminjaskrá 1996 og hins vegar sem landbúnaðarsvæði.
- Önnur svæði í Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015 eru í Aðalskipulagi Djúpavogs 2008 - 2020 sýnd sem landbúnaðarsvæði.
- Merkar fornminjar í Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015 eru í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 sýndar sem tillaga sveitarstjórnar Djúpavogshrepps að friðlýsingu fornminja (sjá töflu 23).

4.4 Heildarstefna sveitarstjórnar

Stefna sveitarstjórnar í landbúnaðarmálum er að landbúnaður verði ríkjandi landnotkunarpáttur á skipulagssvæðinu auk þess sem hliðargreinar hans verða eflar. Með þessu er átt við að staða hefðbundins landbúnaðar, þ.e. með nautgripi, sauðfé og hross, verði styrkt, auk þess sem ylrækt, lífrænni ræktun, æðarvarpi, fullvinnslu afurða, þróunarvinnu og ferðaþjónustu verði gert hátt undir höfði. Skógrækt er ekki gildur þáttur í stefnu sveitarstjórnar þó komið sé til móts við landeigendur eða áhugafólk sem áforma slíka ræktun og um hana sett viðmið.

Þá er gert ráð fyrir verslun og þjónustu í tengslum við ferðamennsku í dreifbýli og aukna samvinnu við nágrannasveitarfélög á sviði ferðamennsku.

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 leggur sveitarstjórn áherslu á umhverfisvæna ímynd sveitarfélagsins og eru því settar fram margar tillögur að friðun eða verndun svæða eða staða sem hafa mikilvæg náttúrufarsleg og/eða jarðfræðileg gildi eða eru mikilvæg með tilliti til fugla- og dýralífs. Í tillögunni leggur sveitarstjórn m.a. til, eins og áður er getið, að 15 svæði eða staðir í sveitarfélaginu

verði friðaðir skv. lögum um náttúruvernd nr. 44/1999. Auk þess er gert ráð fyrir hverfisverndun á fjölda svæða og staða í sveitarfélaginu, þ.á.m. eru svæði á Náttúru-minjaskrá 1996 og flestöll þeirra svæða sem getið er um í Náttúruverndaráætlun 2004 – 2008 - Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar.

Þá eru í tillögunni settar fram 36 tillögur að friðun svæða og staða, skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001. Að auki er lagt til að fjöldi svæða, staða og húsa verði hverfisvernduð. Þá er gerð tillaga um húsakönnun í sveitarfélaginu í samráði við Húsafriðunarnefnd ríkisins.

Ennfremur leggur sveitarstjórn mikla áherslu á fyrirbyggjandi varnir gegn hvers kyns mengun, s.s. loft-, hljóð-, jarðvegs-, skólp- og sjónrænni mengun.

Innan sveitarfélagsmarka Djúpavogshrepps eru engin sorpurðunarsvæði og stefnir sveitarstjórn að því að byggja upp aðstöðu fyrir sorpflokkun og hámarka þannig endurnýtingu á úrgangi og lágmarka urðun. Þá verða íbúar og dvalargestir hvattir til að flokka úrgang og athygli vakin á endurgerð lífræns úrgangs, til dæmis með moltugerð eða safnkassa.

Sveitarstjórn gerir ráð fyrir breytingum á stofnvegakerfi í sveitarfélaginu. Gert er ráð fyrir gerð stofnvegur og vegganga um Lónsheiði, sem leysi af stofnveg um Hvalnes- og Þvottáskriður, en einnig er gerð tillaga að stofnvegi um Öxi og breytingum á vegi í botni Berufjarðar.

Þessar framkvæmdir eru nauðsynlegar samgöngubætur fyrir sveitarfélagið, þar sem vegalengdir styttest verulega við þetta og öryggi vegfarenda eykst. Sveitarstjórn leggur á það áherslu að vegaframkvæmdir verði í samræmi við stefnu hennar í umhverfismálum.

Vegna skorts á upplýsingum um vatnsból og vatnsverndarsvæði á einstökum jörðum í dreifbýli er mörkuð sú stefna varðandi vatnsvernd í dreifbýli að sveitarstjórn leggi áherslu á að flokkun vatnsverndarsvæða fari fram á skipulagstímabilinu. Afmörkun þeirra liggi fyrir árið 2011 sem og að öll byggð í dreifbýli hafi fengið viðurkenndar rotþrær.

Sveitarstjórn stefnir á að skapa öflugt umhverfi fyrir verslun og þjónustu á svæðinu. Í því skyni er gert ráð fyrir að skapa heildstæðan, fjölbreyttan og aðlaðandi miðbæjarkjarna á Djúpavogi með fjölpætttri starfsemi fyrir íbúa og dvalargesti í aðlaðandi umhverfi. Til móts við þetta er gert ráð fyrir, eins og áður greinir, að uppbygging athafnasvæða, sem í fyrra skipulagi var fyrirhuguð við austanverðan Voginn, verði að mestu færð inn í Innri Gleðivík. Þá verður einnig dregið úr uppbyggingu athafnasvæða við Markarland, en þess í stað verður íbúabyggð, verslun og þjónusta efld þar í því skyni að styðja betur við miðbæjarkjarnann.

Þá hefur sveitarstjórn markað þá stefnu að þetta betur byggð á Djúpavogi. Með þessu móti vill sveitarstjórn skapa heildstæðari bæjarmynd, dreifa betur umferð um bæinn og skapa aðstöðu til hvers kyns útivistar á þeim reitum sem áður voru hugsaðir fyrir íbúðabyggð.

Einnig er stefna sveitarstjórnar að hægt verði að bjóða áhugasömum einstaklingum að reisa frístundahús í þéttbýli, í návígi við verslun, þjónustu, menningarstarfsemi og ýmsa aðstöðu, svo sem hafnaraðstöðu. Styður sú stefna, sem og þær breytingar sem

gerðar hafa verið á staðsetningu íbúðasvæða, vel við stefnu sveitarfélagsins í umhverfismálum sem m.a. felur í sér að draga úr notkun vélknúinna farartækja.

Í þessu samhengi skal lögð á það áhersla að stefna sveitarstjórnar er sú að bjóða íbúum og dvalargestum upp á fjölbreytta aðstöðu til margs konar afþreyingar og tómstundaiðju og því hafa verið tekin frá svæði til leikja, íþróttar, akstursíþróttar, lausagöngu hunda, skógræktar, nytjagarða og frístundabúskapar. Eins og áður segir er stór hluti Búlandsness hverfisverndaður en þar er að finna fjölbreytt útivistarsvæði með merktum gönguleiðum. Mikil áhersla er lögð á gerð og merkingu gönguleiða. Samhliða gerð aðalskipulags hefur verið unnið að gönguleiðakorti fyrir sveitarfélagið.

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 er hafnarsvæði Djúpvogshafnar við Djúpavog minnkað töluvert miðað við afmörkun í hafnarreglugerð nr. 292/2005 m.s.br. og er það til samræmis við áðurnefnda stefnu um gróskumikinn miðbæjarkjarna við Voginn. Engu að síður er stefnt að víðtækara og fjölbreyttara hlutverki hafnarinnar, s.s. með auknu viðleguplássi í smábátahöfn, bættrar aðstöðu fyrir fiski-, frakt-, og skemmtiferðaskip og geymsluaðstöðu fyrir skútur og skemmtiferðabáta yfir veturinn. Þá er stefnt að vottun hafnarinnar undir merkjum bláfána, sem er í takt við umhverfisstefnu sveitarfélagsins.

Á undanförnum árum hefur orðið mjög mikil uppbygging á sviði opinberrar þjónustu í sveitarfélaginu og af þeim sökum er ekki gert ráð fyrir frekari svæðum undir þjónustustofnanir á Djúpavogi í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020. Það er þó stefna sveitarstjórnar að halda uppi eins háu þjónustustigi og kostur er, bæði hvað varðar gæði og fjölbreytni.

Gert er ráð fyrir 33 námum í sveitarfélaginu á skipulagstímabilinu, enda standa fyrir dyrum miklar vegaframkvæmdir. Stefna sveitarstjórnar er að námur verið skynsamlega nýttar og frágangur í samræmi við Leiðbeiningarit Vegagerðarinnar um námur – efnistaka og frágangur, útgefið í apríl 2002.

4.5 Yfirlit yfir umfang og efni umhverfismatsins

Í matsáætlun er gert ráð fyrir mati á nokkrum veigamiklum þáttum aðalskipulagsins, með tilliti til áhrifa þeirra á umhverfispætti. Eins og áður segir, gerir aðalskipulagstillagan ráð fyrir að landbúnaður sé ríkjandi landnotkunarþáttur, auk þess sem náttúruvernd bæði á landi og sjó og verndun þjóðminja setja sterkan svip. Jafnframt er gert ráð fyrir nokkrum skógræktarsvæðum á svæðinu, sem og verulegum samgöngubótum.

Umhverfismatið snýst fyrst og fremst um að gera grein fyrir umhverfisáhrifum þeirra ákvarðana sem teknar eru í aðalskipulagstillögunni.

Í tillögu að aðalskipulagi Djúpavogshrepps eru áhrifaþættir sem metnir verða:

Samgöngur – Gert er ráð fyrir viðamiklum breytingum á stofnvegakerfi sveitarfélagsins, þar sem gert er ráð fyrir stofnvegi yfir Öxi ásamt framkvæmdum um botn Berufjarðar. Ennfremur er gert ráð fyrir Lónsheiðargöngum og vegtengingu um Starmýrardal að núverandi Hringvegi. Áhrif framkvæmdanna eru metin og borin saman við núllkost.

Lenging flugbrautar – Gert er ráð fyrir að leggja flugbraut á Búlandsnesi, svo hún fullnægi lágmarkskröfum fyrir sjúkraflug. Áhrif framkvæmdanna eru metin og borin saman við núllkost.

Efnistaka – Gert er ráð fyrir 33 efnisnámum víðsvegar um sveitarfélagið. Margar þeirra tengjast fyrirhuguðum samgöngubótum. Áhrif framkvæmdanna eru metin og borin saman við núllkost.

Skógrækt – Gert er ráð fyrir skógrækt á 10 jörðum, auk þess sem svæði fyrir skógrækt er markað í landi sveitarfélagsins undir Hálsun. Áhrif framkvæmdanna eru metin og borin saman við núllkost.

Hverfisvernd – Öll svæði á Náttúruuminjaskrá 1996, utan Blábjarga við Berufjörð, sem tillagan gerir ráð fyrir að verði friðuð, eru hverfisvernduð svæði samkvæmt aðalskipulagstillögu, auk fjölda annarra svæða. Áhrif ákvarðanna eru metin og borin saman við núllkost.

4.6 Umhverfispættir

Við umhverfismat áætlana er lagt mat á umfang þeirra þátta sem hafa áhrif (s.k. umhverfispátta) hvort sem um er að ræða bein áhrif framkvæmda eða áhrif vegna tiltekinnar stefnu sveitarstjórnar, á umhverfispætti út frá gefnum viðmiðum (sjá kafla 1).

Þeir umhverfispættir sem liggja til grundvallar umhverfismati Aðalskipulags Djúpavogshrepps byggja á þeim átta umhverfispáttum sem taldir eru upp í kafla 1 og eru þeir eftirfarandi:

- Landslag og jarðmyndanir
- Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði
- Gróðurfar
- Fugla- og dýralíf
- Vatnalíf og fiskistofnar
- Þjóðminjar
- Samfélag og atvinnulíf
- Útivist og ferðaþjónusta
- Samgöngur
- Mengun
- Heilsa og öryggi
- Önnur landnotkun

Þessum umhverfispáttum er lýst í köflum 1 – 3 í greinargerð aðalskipulagsins.

4.7 Umhverfisviðmið

Við umhverfismat áætlaða eru margvísleg viðmið lögð til grundvallar þegar áhrif umhverfisþátta eru metin. Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 er viðmiðum skipt í þrjá flokka, þ.e. alþjóðlega samninga sem Ísland er aðili að, íslensk lög sem samþykkt hafa verið og önnur íslensk skjöl sem samþykkt hafa verið. Helstu viðmið eru eftirfarandi:

Alþjóðlegir samningar:

- Ramsarsamningurinn: Alþjóðlegur samningur um verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla.
- Ríósamningurinn: Alþjóðlegur samningur um verndun líffræðilegs fjölbreytileika.
- Heimsminjaskrá: Alþjóðlegur sáttmáli um verndun menningar- og náttúruminja heimsins.
- Bernarsamningurinn: Samningur um vernd villtra dýra, plantna og vistgerða í Evrópu

Íslensk lög

- Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.
- Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd.
- Lög nr. 107/2001 Þjóðminjalög.
- Lög nr. 73/1997 Skipulags- og byggingarlög.
- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- Lög nr. 3/1955 um skógrækt.

Önnur íslensk stefnuskjöl

- Náttúruminjaskrá 1996
- Náttúruverndaráætlun 2004 – 2008. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar.
- Tillögur að náttúruverndaráætlun 2009 – 2013.
- Samgönguáætlun 2007 – 2018.
- Svæðisskipulag Miðhálandis Íslands 2015

4.8 Einkenni og vægi áhrifa, einkunnagjöf

Markmið umhverfismatsins er að leiða í ljós þau áhrif sem ólíkir valkostir (áhrifaþættir) hafa á umhverfisþætti og hvert eðli og umfang hugsanlegra áhrifa eru, t.d.:

- hvort áhrifin eru varanleg eða til skamms tíma?
- hvort áhrifa áætlunar gæti utan skipulagssvæðisins?
- hvort áætlunin hafi áhrif á heilbrigði fólks og umhverfi?
- hvort ákvörðun hafi takmarkandi áhrif á aðra landnotkun?

Mat á vægi áhrifa er flokkað með eftirfarandi hætti:

Jákvæð áhrif		Engin áhrif	Neikvæð áhrif	
++++	Umtalsverð	0	----	Umtalsverð
+++	Töluverð		---	Töluverð
++	Talsverð		--	Talsverð
+	Nokkur		-	Nokkur

4.9 Vöktun – mat á umhverfisáhrifum

Niðurstöður umhverfismats geta leitt í ljós nauðsyn á ráðstöfunum til þess að draga úr áhrifum með mótvægisáðgerðum eða að þörf sé á vöktunaráætlun fyrir viðkomandi umhverfisþátt.

Þar sem óvissa er um áhrif verður gerð grein fyrir hvort nauðsyn sé á að sett verði sérstök ákvæði við gerð deiliskipulags eða hvort viðkomandi framkvæmd fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda nr. 106/2000.

4.9.1 Samgöngur

Í matsskýrslunni eru tvær veigamiklar samgöngubætur teknar til athugunar.

Annars vegar er um að ræða framkvæmd við uppbyggingu Axarvegur (939) og Hringvegur um Berufjarðarbotn og er framkvæmdin borin saman við núllkost, það er óbreytt ástand. Framkvæmdin fellur undir 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og því háð mati á umhverfisáhrifum.

Tílefni þessarar framkvæmdar er umtalsverð stytting á vegalengd milli sveitarfélagsins og miðsvæðis Austurlands, sem vafalaust mun hafa geysimikil jákvæð samfélagsleg áhrif í för með sér fyrir Djúpavogshrepp, auk þess sem öryggi vegfarenda verður stórbætt.

Hinsvegar er um að ræða framkvæmd við gerð jarðganga um Lónsheiði og uppbyggingu vegar um Starmýrardal og er hún borin saman við núllkost. Framkvæmdin fellur undir 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og því háð mati á umhverfisáhrifum.

Tílefni þessarar framkvæmdar er stóraukið umferðaröryggi, þar sem ekki þarf þá lengur að fara um hinar varasömu Þvottár- og Hvalnesskriður.

4.9.2 Axarvegur (939) og Hringvegur um Berufjarðarbotn

Í aðalskipulagstillögunni er gert ráð fyrir uppbyggingu Axarvegur (939) frá Hringvegi og uppbyggingu Hringvegur um botn Berufjarðar.

Þrátt fyrir að endanleg útfærsla á veginum liggi ekki fyrir af hálfu Vegagerðarinnar eru í töflu 18 sýnd áhrif framkvæmdanna og í töflu 19 eru núllkostir tíundaðir.

Tafla 18. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna uppbyggingar Axarvegar (939) og Hringvegar um botn Berufjarðar

Umhverfisþættir	Áhrif	Vægi
Landslag og jarðmyndanir	Framkvæmdin hefur töluverð áhrif á landslag og jarðmyndanir í botni Berufjarðar.	--
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Gera má ráð fyrir að framkvæmdin geti haft nokkur áhrif á vistkerfi í botni Berufjarðar.	-
Gróðurfar	Framkvæmdin gæti haft staðbundin neikvæð áhrif á gróðurfar.	-
Fugla- og dýralíf	Framkvæmdin mun hafa nokkur áhrif á fuglalíf í botni Berufjarðar en óveruleg áhrif á dýralíf.	-
Vatnalíf og fiskistofnar	Gera má ráð fyrir að framkvæmdin muni til lengri tíma litið hafa lítil sem engin áhrif á vatnalíf og fiskistofna.	0
Þjóðminjar	Framkvæmdin gæti haft nokkur neikvæð áhrif á þjóðminjar, s.s. gamla slóða yfir Öxi.	-
Samfélag og atvinnulíf	Framkvæmdin mun hafa nokkur áhrif á þau landbúnaðarsvæði í botni Berufjarðar sem vegurinn fer um og rýra landgæði að einhverju leyti. Í ljósi töluverðrar vegstyttingar við miðsvæði Austurlands mun framkvæmdin hafa hafa veruleg áhrif á samfélag, þar sem hér er um að ræða miklar samgöngubætur, sem gætu leitt til vaxtar á sviði þjónustu og atvinnu auk fjölgunar íbúa.	- / ++++
Útivist og ferðaþjónusta	Þar sem framkvæmdin bætir aðgengi að svæðinu verulega má gera ráð fyrir talsverðum jákvæðum áhrifum á sviði útivistar og ferðaþjónustu. Framkvæmdin gæti haft nokkur áhrif á náttúruupplifun.	- / ++
Samgöngur	Gera má ráð fyrir að umferð ökutækja um sveitarfélagið aukist umtalsvert með uppbyggingu Axarvegar, sem gæti haft nokkur neikvæð áhrif á landgæði í næsta nágrenni framkvæmdarinnar. Gera má ráð fyrir að vegurinn auki umferðaröryggi verulega.	- / +++
Mengun	Þess má vænta að hávaði aukist í næsta nágrenni framkvæmdarinnar, vegna aukinnar umferðar. Þá gæti orðið óveruleg staðbundin aukning á loftmengun í næsta nágrenni við framkvæmdina en á mótí kemur að vegalengdir styttest. Sjónræn áhrif verða nokkur.	-
Heilsa og öryggi	Framkvæmdin mun bæta öryggi vegfarenda verulega	++++
Önnur landnotkun	Framkvæmdin fer um landbúnaðarsvæði og kemur hún í veg fyrir aðra landnotkun.	-
Markmið sveitarstjórnar	Framkvæmdin fellur vel að markmiðum sveitarstjórnar um betri tengsl svæðisins við miðsvæði Austurlands og stóraukið umferðaröryggi.	++++

4.9.3 Núllkostur

Tafla 19. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum ef ekki verður ráðist í uppbyggingu Axarvegar (939) og uppbyggingu Hringvegar um botn Berufjarðar

Umhverfisþættir		Áhrif
Landslag og jarðmyndanir	Áhrif á landslag eru nokkur vegna efnistöku til viðhalds núverandi vegar en áhrif á jarðmyndanir eru óveruleg.	-
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Áhrif á vistkerfi, vistgerðir og búsvæði eru engin.	0
Gróðurfar	Áhrif á gróðurfar eru engin.	0
Fugla- og dýralíf	Áhrif á fuglalíf og dýralíf eru engin.	0
Vatnalíf og fiskistofnar	Áhrif á vatnalíf og fiskistofna eru engin.	0
Þjóðminjar	Áhrif á þjóðminjar eru engin.	0
Samfélag og atvinnulíf	Núllkostur mun hafa veruleg neikvæð samfélagsleg áhrif í sveitarfélaginu og mun hamla vexti þess með margvíslegum hætti m.a. á ýmis konar þjónustu og rýrir atvinnumöguleika íbúa svæðisins til lengri tíma litið.	----
Útivist og ferðaþjónusta	Núllkostur hefur veruleg neikvæð áhrif á útivist og ferðaþjónustu, þar sem núverandi vegur getur hamlað umferð.	----
Samgöngur	Gera má ráð fyrir áframhaldandi aukingu umferðar um Öxi, líkt og hefur verið undanfarin ár.	0
Mengun	Gera má ráð fyrir að hávaði og loftmengun fylgi þróun umferðar.	0
Heilsa og öryggi	Veruleg slysaætta er fyrir hendi á núverandi vegi um Öxi.	----
Önnur landnotkun	Núverandi vegstæði kemur í veg fyrir aðra landnotkun	-
Markmið sveitarstjórnar	Núllkostur fellur almennt mjög illa að markmiðum sveitarstjórnar um að styrkja tengsl svæðisins við miðsvæði Austurlands.	
	Núllkostur hamlar nánara samstarfi sem Djúpavogshreppur og Fljótsdalshérað eiga í og mun hugsanlega koma í veg fyrir frekari samvinnu og eftir atvikum sameiningu svæðanna.	----

4.9.4 Niðurstaða

Eins og fram kemur í töflum 18 og 19 hafa uppbygging Axarvegar (939) og Hringvegar um botn Berufjarðar verulega mikil áhrif á samfélag og atvinnumál í Djúpavogshreppi, þar sem vegalengdir við miðsvæði Austurlands munu styttest. Þá mun umferðaröryggi aukast verulega, auk þess sem aðgengi til útivistar og ferðaþjónustu eykst talsvert.

Á hinn bóginn mun nýr vegur um Öxi fara yfir klettabelti og aðrar jarðmyndanir á svæðinu, sem hefur áhrif á landslag og sjónræna upplifun. Sé litið til markmiða sveitarstjórnar Djúpavogshrepps, um eflingu byggðar, atvinnu, öryggis og tengsla við nærliggjandi sveitarfélög, er uppbygging Axarvegar talin nauðsynleg, þrátt fyrir að sú vegarlögn sé að einhverju leyti í andstöðu við stefnu sveitarstjórnar í náttúruverndarmálum. Til að mæta þeirra stefnu leggur sveitarstjórn á það áherslu

að vegurinn falli eins vel að landslagi og frekast er unnt og hvers kyns raski verði haldið í lágmarki.

4.9.5 Lónsheiðargöng og vegur um Starmýrardal í Álftafirði

Í aðalskipulagstillögunni er gert ráð fyrir gerð Lónsheiðarganga frá Álftafirði yfir í Lón í Austur-Skaftafellssýslu, með veltengingu um Starmýrardal.

Tafla 20 sýnir áhrif Lónsheiðarganga og annarra vegaframkvæmda þeim tengdum og tafla 21 sýnir núllkost.

Tafla 20. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna gerðar Lónsheiðarganga og vegar frá þeim.

Umhverfisþættir		Áhrif
Landslag og jarðmyndanir	Framkvæmdin hefur töluverð áhrif á landslag í Starmýrardal og nokkur á jarðmyndanir.	--
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Framkvæmdin gæti haft nokkur áhrif á jarðmyndanir og vistkerfi.	-
Gróðurfar	Framkvæmdin mun hafa umtalsverð staðbundin, neikvæð áhrif á gróðurfar.	---
Fugla- og dýralíf	Framkvæmdin kann að hafa staðbundin áhrif á fuglalíf og hreindýr.	-
Vatnalíf og fiskistofnar	Gera má ráð fyrir að framkvæmdin kunni að hafa nokkur áhrif á vatnalíf og fiskistofna.	-
Þjóðminjar	Framkvæmdin gæti haft töluverð staðbundin neikvæð áhrif á þjóðminjar.	--
Samfélag og atvinnulíf	Framkvæmdin mun hafa töluverð áhrif á samfélag, þar sem hér er um að ræða mjög miklar og jákvæðar samgöngubætur, sem gætu leitt til vaxtar á sviði þjónustu og atvinnu.	++
Útivist og ferðaþjónusta	Framkvæmdin felur í sér umtalsverð jákvæð áhrif á útivist og ferðaþjónustu á svæðinu. Framkvæmdin gæti haft talsverð neikvæð áhrif á náttúruupplifun.	-- /+++
Samgöngur	Gera má ráð fyrir að framkvæmdin hafi verulega jákvæð áhrif.	++++
Mengun	Þess má vænta að hávaði aukist í næsta nágrenni framkvæmdarinnar, vegna aukinnar umferðar. Þá gæti orðið óveruleg staðbundin aukning á loftmengun í næsta nágrenni við framkvæmdina en á mótí kemur að vegalengdir styttest. Sjónræn mengun verður töluverð.	-
Heilsa og öryggi	Framkvæmdin eykur öryggi vegfarenda verulega, þar sem hún kemur í stað vegar um Hvalnes- og Þvottárskriður.	++++
Önnur landnotkun	Framkvæmdin fer um landbúnaðarsvæði og kemur hún í veg fyrir aðra landnotkun.	-
Markmið sveitarstjórnar	Framkvæmdin fellur mjög vel að markmiðum sveitarstjórnar um betri tengsl svæðisins við nágrannasveitarfélög og stóraukið umferðaröryggi.	++++

4.9.6 Núllkostur

Tafla 21. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum ef ekki verður af gerð Lónsheiðarganga og vegar frá þeim

Umhverfisþættir		Áhrif
Landslag og jarðmyndanir	Áhrif á landslag og jarðmyndanir eru engin.	0
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Áhrif á sérstök vistkerfi, vistgerðir og búsvæði eru engin.	0
Gróðurfar	Áhrif á gróðurfar eru engin.	0
Fugla- og dýralíf	Áhrif á fuglalíf og hreindýr eru engin.	0
Vatnalíf og fiskistofnar	Áhrif á vatnalíf og fiskistofna eru engin.	0
Þjóðminjar	Áhrif á þjóðminjar eru engin.	0
Samfélag og atvinnulíf	Núllkostur hefði umtalsverð neikvæð samfélagsleg áhrif í sveitarfélaginu, og getur hamlað vexti þess með margvíslegum hætti.	---
Útivist og ferðaþjónusta	Núllkostur hefur umtalsverð neikvæð áhrif þar sem hann getur hamlað umferð um svæðið.	---
Samgöngur	Núllkostur er óviðunandi og hefur verulega neikvæð áhrif.	----
Mengun	Gera má ráð fyrir að hávaði og loftmengun fylgi þróun umferðar.	0
Heilsa og öryggi	Núllkostur hefði í för með sér áframhaldandi stórfellda slyshættu á núverandi vegstæði um Þvottár- og Hvalnesskriður, þar sem grjóthrun og skriðuföll eru mjög tíð.	----
Önnur landnotkun	Núverandi vegstæði kemur í veg fyrir aðra landnotkun	-
Markmið sveitarstjórnar	Framkvæmdin fellur ekki að markmiðum sveitarstjórnar um betri tengsl svæðisins við nágrannasveitarfélög og stóraukið umferðaröryggi.	----

4.9.7 Niðurstaða

Eins og fram kemur í töflum 20 og 21 skiptir gerð Lónsheiðarganga og aðliggjandi vegar um Starmýrardal höfuðmáli í því að auka umferðaröryggi til og frá Djúpavogshreppi. Núverandi Hringvegur um Þvottár- og Hvalnesskriður er svæði sem markað er sem náttúruvá, vegna hættu á grjóthruni og skriðuföllum. Einnig mun framkvæmdin efla tengsl sveitarfélagsins bæði á sviði atvinnu og þjónustu við sveitarfélög á Suðausturlandi og efla ferðaþjónustu og útivist, þar sem aðgengi batnar mikið. Á hinn bóginn mun framkvæmdin hafa töluvert mikil áhrif á landslag í Starmýrardal, sem er að mestu leyti ósnortinn. Þá mun framkvæmdin einnig hafa umtalsverð staðbundin áhrif á gróðurfar í dalnum. Sé litið til markmiða sveitarstjórnar Djúpavogshrepps, um eflingu öryggis og tengsla við nærliggjandi sveitarfélög, er gerð Lónsheiðarganga og vegar frá þeim um Starmýrardal, talin nauðsynleg, þrátt fyrir að sú vegarlögn sé að einhverju leyti í andstöðu við stefnu sveitarstjórnar í náttúruverndarmálum. Til að mæta þeirra stefnu leggur sveitarstjórn á það áherslu að vegurinn falli eins vel að landslagi og frekast er unnt og að hvers kyns raski verði haldið í lágmarki.

4.9.8 Lenging flugbrautar

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 er gert ráð fyrir lengingu flugbrautar, en framkvæmdin er talin nauðsynleg til að tryggja öryggi íbúa og gesta á svæðinu.

Í töflu 22 eru raktir þeir umhverfispættir sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna lengingu flugbrautar og í töflu 23 eru tilgreind helstu áhrif núllkosta.

Tafla 22. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna lengingu flugbrautar

Umhverfispættir		Áhrif
Landslag og jarðmyndanir	Framkvæmdin mun hafa umtalsverð áhrif á landslag og jarðmyndanir.	---
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Framkvæmdin mun hafa veruleg áhrif á vistkerfi, vistgerðir og búsvæði, vegna óvenjumikillar fjölbreytni í fuglalífi á framkvæmdasvæðinu.	----
Gróðurfar	Gera má ráð fyrir töluverðum áhrifum á gróðurfar.	--
Fugla- og dýralíf	Áhrif á fuglalíf eru veruleg, vegna nálægðar við búsvæði fugla.	----
Vatnalíf og fiskistofnar	Áhrif á vatnalíf og fiskistofna eru umtalsverð, til dæmis vegna nærliggjandi flæðileira.	---
Þjóðminjar	Áhrif á þjóðminjar eru engin.	0
Samfélag og atvinnulíf	Gera má ráð fyrir nokkrum jákvæðum áhrifum á samfélag og atvinnulíf.	+
Útivist og ferðaþjónusta	Gera má ráð fyrir verulegum jákvæðum áhrifum á ferðaþjónustu. Flugvöllurinn kann hinsvegar að rýra notkunarmöguleika útivistarsvæðisins á Búlandsnesi umtalsvert.	--- / ++++
Samgöngur	Áhrif á flugsamgöngur eru veruleg.	++++
Mengun	Áhrif á mengun eru óveruleg.	0
Heilsa og öryggi	Jákvæð áhrif framkvæmdar á heilsu og öryggi eru veruleg, þar sem fyrst og fremst er um að ræða völl fyrir sjúkraflug.	++++
Önnur landnotkun	Framkvæmdin útilokar aðra landnotkun.	-
Markmið sveitarstjórnar	Flugvöllur samræmist mjög vel markmiðum sveitarstjórnar um að tryggja öryggi íbúa og gesta á svæðinu.	++++

4.9.9 Núllkostur

Tafla 23. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum ef lenging flugbrautar fer ekki fram

Áhrifaþættir		Áhrif
Landslag og jarðmyndanir	Áhrif á landslag og jarðmyndanir eru engin.	0
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Áhrif á vistkerfi, vistgerðir og búsvæði eru engin.	0
Gróðurfar	Áhrif á gróðurfar eru engin.	0
Fugla- og dýralíf	Áhrif á fugla- og dýralíf eru engin.	0
Vatnalíf og fiskistofnar	Áhrif á vatnalíf og fiskistofna eru engin.	0
Þjóðminjar	Áhrif á þjóðminjar eru engin.	0
Samfélag og atvinnulíf	Núllkostur mun hafa umtalsverð neikvæð áhrif á samfélag, þar sem núverandi flugvöllur uppfyllir ekki lágmarkskröfur um sjúkraflugvöll.	---
Útivist og ferðaþjónusta	Áhrif á útivist og ferðaþjónustu eru engin.	0
Samgöngur	Neikvæð áhrif á flugumferð eru veruleg.	----
Mengun	Áhrif á hávaða og loftmengun eru engin.	0
Heilsa og öryggi	Núllkostur hefur verulega neikvæð áhrif á öryggi íbúa og gesta á svæðinu, þar sem núverandi flugvöllur uppfyllir ekki lágmarkskröfur um sjúkraflugvöll.	----
Önnur landnotkun	Núverandi flugvöllur útilokar aðra landnotkun.	-
Markmið sveitarstjórnar	Núllkostur samræmist ekki markmiðum sveitarstjórnar um að tryggja öryggi íbúa og gesta með sem bestum hætti.	----

4.9.10 Niðurstaða

Eins og fram kemur í töflum 22 og 23 mun lenging flugbrautar bæta öryggi íbúa og dvalargesta í Djúpavogshreppi mikið, enda verður flugvöllurinn fullkominn landingarstaður sjúkraflugvéla. Þá mun völlurinn opna nýja möguleika fyrir flug og flugsamgöngur og væntanlega hafa jákvæð áhrif á ferðaþjónustu á svæðinu.

Á móti kemur að lenging flugbrautar og aukin flugumferð kann að hafa talsverð neikvæð áhrif á upplifun fólks á útivistarsvæðinu á Búlandsnesi og getur rýrt útivistarmöguleika að einhverju leyti.

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps leggur á það mikla áherslu að öryggi íbúa og dvalargesta sé tryggt og í því ljósi er gerð tillaga að lengingu flugbrautar í aðalskipulagstillögu.

4.9.11 Efnistaka

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps er gert ráð 33 námum víðsvegar um sveitarfélagið. Nokkur hluti þeirra náma, sem tillagan gerir ráð fyrir, tengist fyrirhugaðri uppbyggingu Axarvegar (939) og Hringvegar um botn Berufjarðar, sem og fyrirhuguðum jarðgöngum um Lónsheiði og vegagerð um Starmýrardal. Er því um að ræða námur sem gengið verður frá, þegar umræddum framkvæmdum lýkur (sjá einnig töflu 24 í greinargerð).

Gera má ráð fyrir að efnistaka hafi margvísleg áhrif umhverfið, og skv. 1. viðauka laga nr. 106/2000 skal áætluð efnistaka sem raskar 50.000 m² svæði eða stærra eða er 150.000 m³ eða meiri, ávallt vera háð mati á umhverfisáhrifum. Þetta á einnig við um þar sem fleiri en einn efnistökustaður ná til samans yfir 50.000 m² svæði eða stærra, og um efnistöku á verndarsvæðum. Í 2. viðauka sömu laga segir að áætluð efnistaka sem raskar 25.000 m² svæði eða stærra eða er 50.000 m³ eða meiri, kunni að vera háðar mati á umhverfisáhrifum og meta skuli hvert tilfelli fyrir sig. Það sama gildir þar sem fleiri en einn efnistökustaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 25.000 m².

Til samanburðar eru áhrif núllkosta metin, en þar er átt við að fyrirhuguð efnistökusvæði verði annars vegar nýtt undir hefðbundinn landbúnað, svo sem fyrir beit eða einhvers konar ræktun, þar sem henni verður við komið eða hins vegar að árfarvegir verði látnir óáreittir og lúti þar með lögmálum náttúrunnar.

Vegna mjög sérstæðrar og stórbrotinnar náttúru Djúpavogshrepps er mjög mikilvægt að vandlega sé staðið að efnistöku að öllu leyti.

Í töflu 24 eru rakin áhrif fyrirhugaðrar efnistöku og í töflu 25 eru tilgreind helstu áhrif núllkosta.

Við mat á umhverfisáhrifum efnistöku verður ekki hjá því komist að líta til þeirra óbeinu áhrifa sem efnistaka hefur í för með sér. Með því er átt við að þær umfangsmiklu framkvæmdir sem getið er um í köflum 4.9.2 og 4.9.5, eru eðli málsins samkvæmt háðar efnistöku og því eðlilegt að horft sé til þeirra áhrifa sem framkvæmdirnar í köflum 4.9.2 og 4.9.5 hafa í för með sér, þegar umhverfisáhrif efnistöku eru metin.

Tafla 24. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum efnistöku

Umhverfisþættir		Áhrif
Landslag og jarðmyndanir	Framkvæmdirnar hafa umtalsverð áhrif á landslag og jarðmyndanir.	----
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Efnistaka í ám og á áreyrum mun hafa umtalsverð áhrif á vistkerfi, vistgerðir og búsvæði. Áhrif efnistöku á öðrum stöðum gæti haft talsverð áhrif.	---
Gróðurfar	Framkvæmdirnar munu hafa umtalsverð neikvæð áhrif á efnistökusvæðum.	----
Fugla- og dýralíf	Gera má ráð fyrir nokkrum áhrifum efnistöku á fugla- og dýralíf.	-
Vatnalíf og fiskistofnar	Efnistaka í ám og á áreyrum mun hafa umtalsverð áhrif á vatnalíf og fiskistofna, þar sem búsvæðum er raskað.	----
Þjóðminjar	Framkvæmdirnar gætu haft nokkur staðbundin áhrif á þjóðminjar.	-
Samfélag og atvinnulíf	Framkvæmdirnar hafa, með óbeinum hætti, umtalsverð jákvæð áhrif á samfélag og atvinnulíf, þar sem þær stuðla að betri samgöngum við nágrannasveitarfélög.	++++
Útivist og ferðaþjónusta	Gera má ráð fyrir að efnistaka hafi töluverð neikvæð áhrif á náttúruskoðun og náttúruupplifun.	--
Samgöngur	Áhrif efnistöku á samgöngur eru mikil enda efnistaka ein meginforsenda þess að hægt sé að viðhalda og bæta vegi.	++++
Mengun	Efnistaka getur falið í sér töluverða sjónræna mengun.	--
Heilsa og öryggi	Framkvæmdir hafa í för með sér, með óbeinum hætti, umtalsverð jákvæð áhrif á heilsu og öryggi vegfarenda, þar sem efnistakan tengist mikilvægum samgöngubótum innan sveitarfélagsins.	++++
Önnur landnotkun	Efnistökusvæði eru á landbúnaðarsvæðum og koma í veg fyrir aðra landnotkun.	-
Markmið sveitarstjórnar	Framkvæmdirnar falla vel að markmiðum sveitarstjórnar er lúta að auknu umferðaröryggi í sveitarfélaginu, en stangast á við markmið er varða verndun náttúru og þjóðminja.	++

4.9.12 Núllkostur

Tafla 25. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum ef engin efnistaka fer fram

Umhverfisþættir		Áhrif
Landslag og jarðmyndanir	Áhrif á landslag og jarðmyndanir eru engin.	0
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Áhrif á sérstök vistkerfi, vistgerðir og búsvæði eru engin.	0
Gróðurfar	Áhrif á gróðurfar eru engin.	0
Fugla- og dýralíf	Áhrif á fuglalíf og hreindýr eru engin.	0
Vatnalíf og fiskistofnar	Áhrif á vatnalíf og fiskistofna eru engin.	0
Þjóðminjar	Áhrif á þjóðminjar eru engin.	0
Samfélag og atvinnulíf	Núllkostur hefði umtalsverð neikvæð áhrif á samfélag og atvinnulíf, þar sem hann hamlar nauðsynlegum samgöngubótum og þar með óviðunandi vegasamgöngum við nágrannasveitarfélög.	----
Útivist og ferðaþjónusta	Núllkostur hefur töluverð jákvæð áhrif á útivist og ferðaþjónustu, þar sem náttúruupplifun verður sterkari.	++
Samgöngur	Núllkostur myndi hafa verulega neikvæð áhrif á samgöngur.	---
Mengun	Áhrif á mengun eru engin	0
Heilsa og öryggi	Núllkostur hefði með óbeinum hætti í för með sér áframhaldandi stórfellda slyshættu á þjóðvegum svæðisins.	----
Önnur landnotkun	Áhrif á aðra landnotkun eru engin	0
Markmið sveitarstjórnar	Núllkostur fellur ekki að markmiðum sveitarstjórnar um betri tengsl svæðisins við nágrannasveitarfélög og stóraukið umferðaröryggi.	----

4.9.13 Niðurstaða

Eins og fram kemur í töflu 24 eru neikvæð áhrif efnistöku mikil, sérstaklega í náttúrufarslegu tilliti. Á hinn bóginn, eins og kemur fram í köflum 4.9.2 og 4.9.5, leggur sveitarstjórn Djúpavogshrepps á það þunga áherslu að umferðaröryggi á svæðinu verði stóraukið, sem og að bæta samgöngur við nágrannasveitarfélög. Í því ljósi er mikilvægt að benda á að stór hluti þeirra náma sem Aðalskipulag Djúpavogshrepps gerir ráð fyrir tengist þeim samgöngubótum sem ræddar eru í köflum 4.9.2 og 4.9.5. Aðrar námur sem gert er ráð fyrir, tengjast margar hverjar viðhaldi vega í sveitarfélaginu, enda Vegagerðin helsti noktunaraðili nánast allra náma í sveitarfélaginu (sbr. töflu 36). Eftir standa þá nokkrar námur, en efni úr þeim er til margvíslegra nota s.s. grjót í brimvarnargarð á Djúpavogi o.þ.u.l.

Eins og fram kemur í töflum 24 og 25 samræmist efnistaka illa markmiðum sveitarstjórnar er lúta að verndun náttúru og þjóðminja og er því lögð á það þung áhersla af hálfu sveitarstjórnar að vandað sé vel til verka við efnistöku og að gengið sé frá námum í samræmi við lög og reglugerðir, eins fljótt að kostur er eftir að efnistöku er lokið (sjá einnig töflu 36).

4.9.14 Skógrækt

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 er gert ráð fyrir nokkurri nýræktun skóga og eru því áhrif skógræktar tekin til athugunar í matsskýrslu. Gera má ráð fyrir að skógrækt hafi margvísleg áhrif á umhverfi sitt og skv. 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 skal nýræktun skóga á 200 ha svæði, eða stærra, eða á verndarsvæðum, sem og ruðningur á náttúrulegum skógi, metin í hverju tilviki fyrir sig, hvort skuli matsskyld.

Þá eru áhrif núllkosta metin, en þar er átt við að fyrirhuguð skógræktarsvæði verði nýtt undir hefðbundinn landbúnað, svo sem fyrir beit eða annars konar ræktun, þar sem henni verður við komið.

Vegna mjög sérstæðrar og stórbrotinnar náttúru Djúpavogshrepps er mjög mikilvægt að vandlega sé staðið að skógrækt að öllu leyti.

Í töflu 26 eru rakin áhrif fyrirhugaðrar skógræktar og í töflu 27 eru tilgreind helstu áhrif núllkosta.

Tafla 26. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum ef ræktun skóga fer fram.

Umhverfisþættir		Áhrif
Landslag og jarðmyndanir	Skógrækt getur haft veruleg neikvæð áhrif á landslag og ásýnd lands, þegar skógur hylur jarðmyndanir og útsýni. Þá getur skógrækt einnig haft veruleg jákvæð áhrif með því að auka fjölbreytileika í landslagi.	--- / +++
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Skógrækt getur þegar til lengri tíma er litið haft töluverð áhrif á jarðmyndanir, dregið töluvert úr fjölbreytileika vistkerfa eða breytt þeim.	--
Gróðurfar	Getur haft umtalsverð neikvæð áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika plantna, þar sem skógurinn vex upp, sérstaklega þar sem lúpína er notuð sem undanfari skógræktar, en lítil áhrif annars staðar. Skógi vaxið land stuðlar að jafnari dreifingu snjóalaga og jarðvegsraka og getur breytt efnasamsetningu jarðvegs. Skógrækt dregur almennt úr jarðvegsrofi.	-- / +
Fugla- og dýralíf	Talsverð áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika dýra og fugla þar sem skógurinn vex upp en lítil áhrif annars staðar.	- / 0
Vatnalíf og fiskistofnar	Skógur getur breytt efnasamsetningu jarðvegs en á heildina litið má vænta lítilla áhrifa.	0
Þjóðminjar	Fornleifaskráning fyrir aðalskipulagsáætlun liggur ekki fyrir, en vænta má að verulegra áhrifa gæti á einstökum stöðum en lítil yfir heildina séð.	--
Samfélag og atvinnulíf	Vænta má töluverðra áhrifa skógræktar á samfélag. Skógur veitir skjól og býður upp á fjölbreytilega notkunarmöguleika til útivistar. Bætur oft á tíðum skilyrði til búsetu, til dæmis vegna skjólmyndunar og hitajöfnunar. Getur þó dregið úr birtu og útsýni á einstaka stöðum.	++
Útivist og ferðaþjónusta	Veruleg jákvæð áhrif á útivist og ferðaþjónustu.	++++
Samgöngur	Skógrækt mun hafa hverfandi áhrif á umferð.	0
Mengun	Hefur hverfandi áhrif á loftmengun og hljóðmengun.	0
Heilsa og öryggi	Útivistarskógar með skipulögðum göngustígum skapa töluvert jákvæðar aðstæður til heilsueflingar og hreyfingar meðal almennings.	++
Önnur landnotkun	Skógrækt þarf ekki nauðsynlega að koma í veg fyrir aðra landnotkun, en getur torveldað hana í mörgum tilfellum.	- / 0
Markmið sveitarstjórnar	Aukin skógrækt á afmörkuðum svæðum innan sveitarfélagsins samræmist markmiðum sveitarstjórnar að styrkja þátt skógræktar í landbúnaði, hindra jarðvegsrof, stuðla að fjölbreyttari útivistarmöguleikum og bæta búsetuskilyrði.	++

4.9.15 Núllkostur

Tafla 27. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum ef ræktun skóga fer ekki fram

Umhverfisþættir		Áhrif
Landslag og jarðmyndanir	Áhrif á landslag og jarðmyndanir eru engin.	0
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Áhrif á vistkerfi, vistgerðir og búsvæði eru engin.	0
Gróðurfar	Áhrif á gróðurfar eru engin.	0
Fugla- og dýralíf	Áhrif á fugla- og dýralíf eru engin.	0
Vatnalíf og fiskistofnar	Áhrif á vatnalíf og fiskistofna eru engin.	0
Þjóðminjar	Áhrif á þjóðminjar eru engin.	0
Samfélag og atvinnulíf	Áhrif á samfélag og atvinnulíf eru nokkur, þar sem skógrækt er atvinnuskapandi.	-
Útivist og ferðaþjónusta	Áhrif á útivist og ferðaþjónustu eru nokkur þar sem skógrækt stuðlar að útivist og eflir ferðaþjónustu.	-
Samgöngur	Áhrif á samgöngur eru engin.	0
Mengun	Áhrif á loftmengun eru óveruleg.	0
Heilsa og öryggi	Gæti haft nokkur áhrif á heilsu, þar sem skógrækt stuðlar að útivist og hreyfingu.	-
Önnur landnotkun	Áhrif á aðra landnotkun eru engin.	0
Markmið sveitarstjórnar	Núllkostur samræmist ekki markmiðum sveitarstjórnar.	-

4.9.16 Niðurstaða

Eins og fram kemur í töflum 26 og 27 mun skógrækt í Djúpavogshreppi auka fjölbreytileika í landslagi og hafa jákvæð sjónræn áhrif í mörgum tilfellum. Skógur getur aukið útivistargildi svæða verulega, t.d. vegna skjólmyndunar og bættra búsetuskilyrða. Þá getur aðgengi að skógi haft jákvæð áhrif á heilsufar fólks, þar sem slíkt getur hvatt til hreyfingar og útiveru.

Hinsvegar getur skógrækt haft neikvæð áhrif á landslag, útsýni, jarðmyndanir og gróðurfar, sé þess ekki vandlega gætt að hún fari fram á afmörkuðum svæðum og fullt tillit sé tekið til þeirra þátta sem nefndir voru. Þá verður að gæta sérstaklega að þjóðminjum þar sem skógrækt er fyrirhuguð, enda vel þekkt að skógrækt getur spilt slíkum minjum.

Sé litið til markmiða sveitarstjórnar Djúpavogshrepps um tilgang skógræktar í sveitarfélaginu, þá á skógrækt vel við á afmörkuðum svæðum, þar sem hún spillir ekki landslagi, náttúru- og/eða þjóðminjum og er talin hafa jákvæð áhrif á heildina litið.

4.9.17 Hverfisvernd

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 er gert ráð fyrir umfangsmikilli hverfisvernd. Gera má ráð fyrir að verndun sem þessi hafi mjög jákvæð áhrif á náttúrufar og dýralíf, auk þess sem það mun hafa áhrif á samfélag og ferðamennsku á svæðinu.

Í töflu 28 eru raktir þeir umhverfispættir sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna hverfisverndar í Djúpavogshreppi og í töflu 29 eru tilgreind helstu áhrif núllkosta.

Tafla 28. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna hverfisverndar

Umhverfispættir		Áhrif
Landslag og jarðmyndanir	Gera má ráð fyrir verulegum jákvæðum áhrifum á landslag og jarðmyndanir, þar sem lögð er áhersla á að tryggja sérstöðu svæðisins í náttúrufarslegu tilliti.	++++
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Gera má ráð fyrir verulega jákvæðum áhrifum á vistkerfi, vistgerðir og búsvæði, þar sem lögð er áhersla á að tryggja sérstöðu svæðisins í náttúrufarslegu tilliti.	++++
Gróðurfar	Gera má ráð fyrir verulegum jákvæðum áhrifum á gróðurfar.	++++
Fugla- og dýralíf	Gera má ráð fyrir verulegum jákvæðum áhrifum á fugla- og dýralíf.	++++
Vatnalíf og fiskistofnar	Gera má ráð fyrir verulegum jákvæðum áhrifum á vatnalíf og fiskistofna.	++++
Þjóðminjar	Hverfisvernd hefur umtalsverð jákvæð áhrif á þær þjóðminjar sem eru innan skilgreindra verndunarsvæða.	+++
Samfélag og atvinnulíf	Gera má ráð fyrir verulegum jákvæðum áhrifum á samfélag og atvinnulíf, varðandi uppbyggingu á ferðaþjónustutengdri atvinnu, menntun og menningu. Verndarsvæði hamla verulega uppbyggingu á stórtækum og mengandi iðnaði svo og annarri mannvirkjagerð sem hafa umtalsverð inngrip í náttúrufarslegu tilliti á skilgreindum svæðum	---- / +++++
Útivist og ferðaþjónusta	Gera má ráð fyrir að hverfisvernduð svæði hafi veruleg jákvæð áhrif á útivist og ferðaþjónustu.	++++
Samgöngur	Gera má ráð fyrir nokkuð neikvæðum áhrifum á umferð vélknúinna farartækja á skilgreindum svæðum.	-
Mengun	Áhrif á hávaða og loftmengun eru engin.	0
Heilsa og öryggi	Hverfis- og búsvæðavernduð svæði skapa jákvæðar aðstæður að töluverðu leyti til heilsueflingar og hreyfingar meðal almennings.	++
Önnur landnotkun	Hverfis- og búsvæðavernd þarf ekki nauðsynlega að koma í veg fyrir aðra landnotkun, en getur torvelað hana í mörgum tilfellum.	- / 0
Markmið sveitarstjórnar	Hverfisvernd samræmist mjög vel markmiðum sveitarstjórnar um að tryggja sérstöðu svæðisins í náttúrufarslegu tilliti og vernda þjóðminjar.	++++

4.9.18 Núllkostur

Tafla 29. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum ef engin hverfisvernd er fyrir hendi

Umhverfiþættir		Áhrif
Landslag og jarðmyndanir	Gera má ráð fyrir að núllkostur gæti haft nokkur áhrif á landslag og jarðmyndanir lands.	-
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Gera má ráð fyrir að núllkostur gæti haft umtalsverð neikvæð áhrif á vistkerfi, vistgerðir og búsvæði.	---
Gróðurfar	Gera má ráð fyrir að núllkostur hefði nokkur neikvæð áhrif á gróðurfar.	-
Fugla- og dýralíf	Gera má ráð fyrir að núllkostur hefði umtalsverð neikvæð áhrif á fuglalíf. Þá mun núllkostur hafa óveruleg áhrif á dýralíf.	---
Vatnalíf og fiskistofnar	Gera má ráð fyrir að núllkostur gæti haft umtalsverð neikvæð áhrif á vatnalíf og fiskistofna.	---
Þjóðminjar	Áhrif á þjóðminjar gætu verið nokkur vegna ágangs inn á tiltekin svæði.	-
Samfélag og atvinnulíf	Áhrif á samfélag og landnotkun eru engin.	0
Útivist og ferðaþjónusta	Áhrif á útivist og ferðaþjónustu eru engin.	0
Samgöngur	Áhrif á umferð eru engin.	0
Mengun	Áhrif á hávaða og loftmengun eru engin.	0
Heilsa og öryggi	Áhrif á heilsu og öryggi eru engin.	0
Önnur landnotkun	Áhrif á aðra landnotkun eru engin.	0
Markmið sveitarstjórnar	Núllkostur samræmist ekki markmiðum sveitarstjórnar um að tryggja sérstöðu svæðisins í náttúrufarslegu tilliti og vernda þjóðminjar.	----

4.9.19 Niðurstaða

Eins og fram kemur í töflum 28 og 29 mun sú viðamikla hverfisvernd sem Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 – 2020 gerir ráð fyrir hafa veruleg jákvæð áhrif á landslag, náttúru- og þjóðminjar, gróðurfar, hvers kyns dýra- og fuglalíf, útivist, samfélag og atvinnulíf, t.d. ferðaþjónustu.

Á hinn bóginn getur hverfisvernd í einhverjum tilfellum komið í veg fyrir aðra landnotkun, og því lagt ákveðnar hömlur á framkvæmdir, svo sem þeim er lúta stórtækum iðnaði og mannvirkjagerð, sem geta haft umtalsverð áhrif.

Sé horft til markmiða sveitarstjórnar Djúpavogshrepps þá samræmist hverfisvernd mjög vel þeim áherslum sem settar hafa verið fram um verndun náttúru- og þjóðminja.

4.10 Greinargerð sveitarstjórnar sbr. 9 gr. laga um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006

Við gerð Aðalskipulags Djúpavogshrepps 2008 – 2020 voru umhverfisáhrif áætlunarinnar metin með margvíslegum hætti og tekið tillit til þeirra eins og kostur var.

Í áætluninni er meðal annars gert ráð fyrir nokkuð viðamiklum vegaframkvæmdum yfir Öxi og ganga- og vegagerð um Lónsheiði og Starmýrardal. Í báðum þessum tilfellum má gera ráð fyrir töluverðu raski sbr. kafla 4.9.

Mun vegur um Öxi fara yfir klettabelti og aðrar jarðmyndanir á svæðinu og því hafa talsverð áhrif á landslag og jarðmyndanir á svæðinu. Á móti koma umtalsverð jákvæð áhrif, s.s. er varða samfélag og atvinnulíf, heilsu og öryggi fólks á svæðinu.

Nýr vegur um Öxi sem býður upp á mikla vegstyttingu milli svæða mun tryggja íbúum í Djúpavogshreppi öruggar samgöngur við miðsvæði Austurlands árið um kring. Sveitarstjórn leggur á það áherslu að framkvæmdir verði gerðar í eins mikilli sátt við umhverfið og kostur er.

Það sama gildir um göng um Lónsheiði og Starmýrardal, þar sem farið verður um svæði sem eru að mestu ósnortin. Með þessari framkvæmd vill sveitarstjórn auka öryggi vegfarenda um sveitarfélagið þannig að umferð um Hringveg fari ekki um Hvalnes- og Þvottárskriður, sem eru skilgreind í áætluninni sem náttúruvá, vegna grjóthruns og skriðufalla. Umræddar framkvæmdir auka einnig tengsl svæðisins við nágrannasveitarfélagið Hornafjörð. Við frekari útfærslu ganganna og framkvæmdir mun sveitarstjórn leggja mikla áherslu að öll vinna verði gerð í eins mikilli sátt við náttúru og kostur er.

Í áætluninni hefur verið tekið tillit til þeirra athugasemda, sem bárust og brugðist við þeim eftir tilvikum.


Sveitarstjórn fellst ekki á þær athugasemdir að friðun náttúru- og menningarminja rýri verðgildi jarða eða setji takmörk á nýtingu þeirra. Hvað varðar friðun náttúruminja er að mestu um svæði að ræða sem nú þegar eru á Náttúruminjaskrá (1996) og lúta því sérreglum sbr. lög um náttúruvernd nr. 44/1999 og í tilfelli menningarminja er stærð svæða óveruleg í öllum tilfellum.

5. kafli – Skipulagsáætlunin – Landnotkun og þróun byggðar



Stefnumörkun um þróun byggðar, um eflingu atvinnulífs og leiðir að markmiðum. Landnotkun á einstökum jörðum (sjá skýringarkort 7) í Djúpavogshreppi, samkvæmt Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 má sjá á töflu 30.

Skýringarkort 7. Jarðamörk og eignarhald



Tafla 30. Landnotkun jarða í Djúpavogshreppi samkvæmt Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020.																						
Jörð	Landbúnaður	Skógrækt	Íbúðarbyggð	Fristundabyggð	Verslun & þjónusta	Þjónustustofnun	Athafnasvæði	Íbúðarsvæði	Opin svæði til sérst. nota	Óbyggð svæði	Náttúruvernd / friðun	Náttúruvernd / NM 96	Náttúruvernd / náttúruninja	Tillaga sveitarstj. að friðun náttúruninja	Þjóðminjavernð / friðun	Tillaga sveitarstj. að friðun þjóðminja	Hverfisvernd	Vatnsverndar-svæði	Efnistaka	Vegir	Flugbraut	Losunarsvæði
			Lóð	Lóð	Svæði																	
Berufjörður I & II	X					X													X	Öxi3		
Berunes I & II	X				X	X			X													
Blábjörg	X											X					X					
Bragðavellir	X	X							X							X			X			
Djúpavogshreppur																						
- Búlandsnes4	X	X			X	X	X	X	X	X		X	X	X	X	X	X		X		X	X
- Háls	X			X								X	X	X	X		X	X				
- Kambshjáleiga	X											X	X				X					
- Merki	X							X	X			X					X					
- Stekkamýri			X		X	X																
- Markúsarsel	X											X				X	X					
- Tunguhlíð	X											X				X	X					
Eiríksstaðir	X																		X			
Eyjófsstaðir	X	X		X		X			X													
Fagrihvammur	X	X										X	X				X					
Flugustaðir	X											X	X	X	X	X	X		X			

³ Breytingar á stofnvegakerfi um Öxi og botn Berufjarðar.

⁴ Landnotkun afmarkast hér frá Reiðsundi í Eyfreyjunesvík við Berufjörð með landamerkjalinu að Kolpúfutanga við Hamarsfjörð.

Jörð	Landúnaður	Skógrækt	Íbúðarbyggð	Fristundabyggð	Verslun & þjónusta	Þjónustustofnun	Athafnasvæði	Íðnaðarsvæði	Opin svæði til sérst. nota	Óbyggð svæði	Náttúruvernd / friðun	Nátúruvernd / NM '96	Tilfalla sveitarstj. að friðun náttúruninja	Þjóðminjavernð / friðun	Hverfisvernd	Vatnsverndar-svæði	Efnistaka	Flugbraut	Vegir	Losunarsvæði
			Lóð	Lóð	Svæði															
Fossgerði	X																X			
Gautavík	X			X	X				X					X			X			
Geithellar I & II	X	X		X								X	X		X		X			
Hamar	X								X				X				X			
Hamarssel	X														X		X			
Hlauphólar	X		X		X		X			X										
Hnaukar	X											X			X		X			
Hof	X					X				X		X		X	X		X			
Hvannabrekka	X	X															X			
Hærukollsnes	X											X			X					
Karlsstaðir	X	X																		
Kelduskógar	X																X			
Kross	X																			
Krossgerði	X																			
Lindarbrekka	X			X	X				X					X						
Melrakkanes	X											X			X		X		Hamars-fjörður ⁵	

⁵ Fyrirhugaður vegur yfir Hamarsfjörð.

Jörð	Landúnaður	Skógrækt	Íbúðarbyggð	Frístundabyggð	Verslun & þjónusta	Þjónustustofnun	Athafnasvæði	Lönaðarsvæði	Opin svæði til sérst. nota	Óbyggð svæði	Nátúruvernd / friðun	Nátúruvernd / NM '96	Tillaga sveitarstj. að friðun náttúruminja	Þjóðminjavernð / friðun	Hverfisvernd	Vatnsverndar-svæði	Efnistaka	Vegir	Flugbraut	Losunarsvæði
			Lóð	Lóð	Svæði															
Melshorn	X																			
Múli I, II og III	X	X	X	X	X							X		X	X					
Núpur	X																			
Papey	X					X	X					X		X	X					
Rannveigarstaðir	X											X			X					
Runná	X																			
Skáli	X	X																		
Starmýri I, II & III	X	X		X								X	X		X		X	Lóns- heiðar- göng ⁶		X
Stekkahjáleiga	X				X	X						X			X					
Stórhóll	X																			
Strýta	X											X	X		X					
Teigarhorn	X					X		X			X	X		X	X	X	X			
Urðarteigur	X																			
Virkishólasel	X											X		X	X		X			
Þiljuvellir	X	X				X														
Þvottá	X											X		X	X		X			

⁶ Lónsheiðargöng og stofnvegur um Starmýrardal.

Möguleikar á eflingu atvinnulífsins á þessu svæði eru á ýmsum sviðum. Áætluninni er ætlað að skapa rými til eflingar atvinnulífs og skilgreina svæði fyrir nýjar atvinnugreinar. Hér á eftir verður gerð grein fyrir einstökum landnotkunarflokkum.

5.1 Landbúnaður

Gert er ráð fyrir að landbúnaður verði hér eftir, sem hingað til, ríkjandi landnotkun á skipulagssvæðinu, auk þess sem hliðargreinar hans verði eflar.

Um landbúnað segir eftirfarandi í kafla 4.14 í skipulagsreglugerð nr. 400/1997:

„Landbúnaðarsvæði ná yfir allt land jarða eða lögbýla, sbr. ákvæði jarðalaga og ábúðarlaga um land sem nýtt er til landbúnaðar. Á landbúnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir byggingum sem tengjast búrekstri á jörðinni.“

Í kafla 4.14.2 sömu reglugerðar segir: *„Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir landbúnaðarsvæðum, helstu einkennum svæðanna og þess búrekstrar sem þar er stundaður og er fyrirhugað að stunda. Gera skal sérstaklega grein fyrir ræktuðum svæðum, uppgræðslusvæðum og skógræktarsvæðum innan landbúnaðarsvæða.“*

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 er gert ráð fyrir landbúnaðarsvæðum bæði innan þéttbýlisins á Djúpavogi og í dreifbýli. Landbúnaðarsvæði eru sýnd í ljósosagrænum lit á aðalskipulagsuppdrætti og á þéttbýlisuppdrætti.

5.1.1 Landbúnaðarsvæði innan þéttbýlismarka Djúpavogs

Í þéttbýlinu á Djúpavogi er lögbýlið Borgargerði skilgreint sem landbúnaðarsvæði, sem er til samæmis við Aðalskipulag Búlandshrepps og Djúpavogs 1989 – 2009. Afmörkun svæðisins er sýnd á þéttbýlisuppdrætti. Þá er í tillögunni afmarkað svæði innan þéttbýlisins á Djúpavogi fyrir frístundabúskap (sjá kafla 5.11.2 og 5.11.3).

5.1.2 Landbúnaðarsvæði í dreifbýli

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 fellur allt land í dreifbýli undir flokkinn landbúnaðarsvæði, nema það sé skilgreint með öðrum hætti.

Sértækar reglur fyrir landbúnaðarsvæði í dreifbýli

- Án þess að aðalskipulagi sé breytt er:
 - Heimilt á landbúnaðarsvæðum að reisa byggingar tengdar búrekstri, meðal annars minniháttar verkstæðisbyggingar.
 - Heimilt að byggja 2 íbúðarhús á jörð sem geta verið ótengd búrekstri. Slík hús skulu ávallt standa á sérstaklega afmörkuðum lóðum.
 - Heimilt að reisa allt að 3 frístundahús á jörð. Húsin þurfa að vera í nágrenni hvert við annað og standa á sérstaklega afmörkuðum lóðum.
 - Heimilt er að reisa smávirkjanir, allt að 200 kW, á landbúnaðarsvæðum sem ekki njóta friðunarákvæða. Vakin er athygli á að virkjanir stærri en 200 kW falla undir 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og kunna því að vera matsskyldar (sjá nánar kafla 5.2.3).
 - Heimilt að reisa veiðihús á jörð á afmarkaðri lóð.
 - Heimilt að reisa gangnamannakofa á jörð á afmarkaðri lóð.
 - Heimilt að reisa fuglaskoðunarbyrgi á jörð á afmarkaðri lóð.
 - Heimilt að hafa afmarkað svæði fyrir sorpgáma á jörð.

Byggingar þær sem að framan greinir eru allar deiliskipulagsskyldar.

5.1.3 Leiðir til eflingar landbúnaðar á svæðinu

- Gert er ráð fyrir að áfram verði leitað leiða til að styrkja stöðu hefðbundins landbúnaðar með sauðfjár-, nautgripa- og hrossabúskap.
- Gefinn verði gaumur að ýmsum þróunarmöguleikum í ræktun svo sem til lífrænnar ræktunar landbúnaðarafurða, hörs til trefjaframleiðslu, korns, lækningajurta, varps og ylræktar.
- Stefnt skal á að þróa nýjar leiðir til þess að fullvinna og nýta á fjölbreyttan hátt til matargerðar landbúnaðarafurðir af svæðinu.
- Lögð er áhersla á að hlunnindi jarða verði nýtt með skynsamlegum hætti í sátt við umhverfið.
- Hvatt skal til fegrunar og góðrar umhirðu á jörðum.
- Stefnt skal að eflingu ferðaþjónustu á landbúnaðarsvæðum.



5.1.4 Skógrækt

Skógræktaráætlanir þurfa að vera í samræmi við skipulagsáætlanir sbr. 27. gr. skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997. Í kafla 4.14.2 í skipulagsreglugerð segir að gera skuli grein fyrir skógræktarsvæðum innan landbúnaðarsvæða.

Skógrækt innan þéttbýlismarka Djúpavogs

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 er gert ráð fyrir um 6 ha skógræktarsvæði innan þéttbýlismarka Djúpavogs. Svæðið markast til vesturs af Hringvegi að tengivegi í norður, austur að Olnboga. Þaðan í suðvestur, að punkti, 200 metra norðan Djúpavogsvegar (98) og þaðan til norðvesturs að Hringvegi (sjá þéttbýlisuppdrátt). Þar sem áberandi berggangar og klettastrýtur eru innan skógræktarsvæðis skal planta lágvöxnum tegundum í hæfilegri fjarlægð, þannig að tryggt verði að þær hafi ekki neikvæð sjónræn áhrif á þær náttúruminjar sem á svæðinu eru.

Skógrækt í dreifbýli

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 er skógrækt ekki gildur landnotkunarpáttur en nefndur til sögunnar af umráðamönnum jarða sem liður í framtíðarsýn þeirra. Því er skógrækt tekin fyrir sem sérstakur liður og leitast við að setja um hana nokkuð ítarlegri ákvæði en almennt tíðkast í aðalskipulagi.

Á aðalskipulagsuppdrætti eru skógræktarsvæði því sýnd til viðmiðunar sem sérstakur landnotkunarpáttur með grænum línun yfir aðra landnotkun, á öllum þeim jörðum þar sem óskir hafa komið fram um slíkt. Rétt er að geta þess að náttúrulegur skógur er ekki merktur sérstaklega inn á uppdrátt en hann er þó nokkur í Djúpavogshreppi, aðallega inn til dala.

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 er gert ráð fyrir skógrækt á 10 jörðum og eru þær sýndar í töflu 31.

Tafla 31. Jarðir með skógræktarsvæðum samkvæmt Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020.

• Bragðavellir	• Fagrihvammur
• Eyjólfstaðir	• Geithellar
• Karlsstaðir	• Hvannabrekka
• Starmýri	• Þiljuvellir
• Skáli	• Múli

Auk þessara svæða er í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 gert ráð fyrir skógræktarsvæði í landi Djúpavogshrepps milli Hringvegur og Hálsaróta, frá Stigahrauni austan Geitadals í vestri og austur að Hermannastekku, nánar tiltekið að vegamótum Hringvegur og vegs að kirkjugarði og þaðan til norðausturs upp að Hálsarótum.

Þá er einnig gert ráð fyrir skógræktarsvæði neðan Hringvegur undir Hálsu. Svæðið, sem er 300 – 400 metra breitt, markast í vestri af berggangi við austanverðan Nóntanga, liggur til norðausturs meðfram Hringvegi allt að þéttbýlismörkum Djúpavogs.

Reglur og viðmið varðandi skógrækt í Djúpavogshreppi

Hin einstaka jarðfræði, náttúra og dýralíf Djúpavogshrepps gerir það að verkum að sérlega þarf að vanda til staðarvals skógræktarsvæða, þannig að sátt ríki milli skógræktar, dýralífs og fjölbreytilegs landslags. Í ritinu *Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi: Stefnumörkun til 2020*, sem gefið var út af umhverfisráðuneytinu kemur fram að „á skipulagsstigi landgræðslu- og skógræktaraðgerða skal taka tillit til fjölþættra landnýtingarsjónarmiða og líffræðilegs fjölbreytileika. Áhersla er lögð á að skógarnir falli sem best að landslagi og að með skógrækt sé mikilvægum búsvæðum, náttúruminum og þjóðminjum ekki raskað“.

Í því skyni eru í tillögunni sett fram viðmið er lúta að skógrækt á skipulagssvæðinu og eru þau eftirfarandi:

- Að sérstök ræktunaráætlun verði gerð fyrir hverja jörð. Áætlun sem taki mið af mörgum hönnunarpáttum, vistfræði, sjónrænum áhrifum, aðlögun og hagrænum þáttum. Æskilegt er að áætlunin sé unnin í samráði við Austurlandsskóga og skal hún send sveitarstjórn til umsagnar og kynningar.
- Að ekki verði plantað nær vatnsbakka en 30 - 50 metrum sbr. tilmæli Umhverfisstofnunar.
- Að votlendi verði undanskilið skógrækt, sbr. Ramsarsaminginn um verndun votlendis sem Ísland er aðili að.
- Gæta verður að því sérstaklega að skógrækt spilli ekki kennileitum í landslagi, búsetum ínjum s.s. bæjarhólum og merkjum jarðmyndunar.
- Mælt er til að skógrækt raski ekki einkennum fjalla, svo og hamrabelta, gilja og skorninga, svo þau fái notið sín.
- Í 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda segir: „Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á

friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó.“

- Vakin er athygli á 6. gr. laga um skógrækt frá 1955 en þar segir: „Í skógum eða kjarri má hvorki höggva tré né runna á annan hátt en þann, að höggvið sé innan úr, þannig, að skógurinn eða kjarrið sé grisjað, enda sé það gert í samráði við skógarvörð. Ekkert svæði má rjóðurfella nema með samþykki skógræktarstjóra, og þó því aðeins, að sá, sem heggur, skuldbindi sig til þess að breyta landinu í tún eða græða upp skóg að nýju á öðru jafnstóru svæði og hafa byrjað á því innan tveggja ára“.
- Um svæði á Náttúruminjaskrá 1996 gildir að þau þurfa sérstaka umfjöllun Umhverfisstofnunar og Skógræktar ríkisins sbr. 39. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999.
- Um hverfisvernduð svæði gilda sérstök ákvæði sbr. kafla 4.10.3 hér á eftir.
- Um nýræktun skóga gildir sú regla að fari stærð skógræktarsvæðis að og yfir 200 ha og/ef skógræktarsvæði fer yfir verndarsvæði, þarf að tilkynna framkvæmdina til Skipulagsstofnunar samkvæmt 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, auk þess sem sækja ber um framkvæmdaleyfi til viðkomandi sveitarstjórnar áður en hafist er handa (sjá ennfremur kafla 5.2 Mat á umhverfisáhrifum).

5.2 Miðsvæði

Stefnt er að eflingu og uppbyggingu menningar-, rannsókn- og menntunarstofnana á Djúpavogi.

Í gr. 4.4.1 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 er skilgreining miðsvæða eftirfarandi: „Á miðsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, s.s. verslunum, skrifstofum, þjónustustofnunum, veitinga- og gistihúsum, menningarstofnunum og hreinlegum iðnaði. Þar sem aðstæður leyfa má á miðsvæðum gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði, sérstaklega á efri hæðum bygginga.“

Í gr. 4.4.2 sömu reglugerðar segir: „Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum miðsvæðum. Gera skal grein fyrir staðsetningu og stærð miðsvæða, þéttleika byggðar og öðrum einkennum þegar byggðra og fyrirhugaðra miðsvæða, eftir því sem þurfa þykir og í tengslum við aðra landnotkun.“

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 er miðsvæði einungis skilgreint innan þéttbýlismarka Djúpavogs og er það merkt með ljósbrúnum lit á þéttbýlisuppdrætti.

5.2.1 Miðsvæði innan þéttbýlismarka Djúpavogs

Í Aðalskipulagi Búlandshrepps og Djúpavogs 1989 – 2009 tók það svæði, sem nú er skilgreint sem miðsvæði, til fjögurra landnotkunarflokka, það er verslunar og þjónustu, opinberrar þjónustu, iðnaðar, atvinnureksturs og svæða til síðari nota. Þar sem innan svæðisins er að finna fjölpætta starfsemi, svo sem verslanir, banka, hótél, menningarstofnanir og opinbera þjónustu, þykir eiga betur við að einn landnotkunarflokkur, miðsvæði, nái yfir svæðið og að það verði deiliskipulagt sem einn heildstæður miðbæjarkjarni þar sem blómlegt mannlíf og fjölpætt menningarstarfsemi og þjónusta getur byggst upp í þágu íbúa og gesta.

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 er gert ráð fyrir að miðsvæði á Djúpavogi markist með eftirfarandi hætti: Að norðanverðu af hafnarsvæði Djúpavogshafnar við lóðir Faktorshúss og Löngubúðar. Því næst með vesturmörkum lóða við Mörk 12 (Sambúð) og Markarland 2 (lögreglustöð) og tengist þar miðsvæðið blönduðu verslunar- og þjónustusvæði og íbúðarsvæði við Markarland. Þá heyra lóðir við Bakka 1, 2 og 3 til miðsvæðis.




Lóð Kambs 1 er hluti af miðsvæði sem og lóðir beggja vegna Búlands, að gatnamótum Hrauns að norðanverðu og Steina að sunnanverðu. Þá er lóð Vogalands 2 (Við Voginn) hluti af miðsvæði. Austan Hammersminnis tilheyrir lóð við Vörðu 1 miðsvæði, sem og lóðir við Vogaland að Íshúskletti. Frá Íshúskletti er miðsvæði milli Vogalands og fjöru og teygir það sig norður fyrir lóðamörk Vogalands 5 og 7 (Trítöns).

Samkvæmt *kafla 1.2.2* miðast aðalskipulagstillagan við að íbúum með lögheimili í Djúpavogshreppi fjölgi á skipulagstímabilinu og er aukin eftirspurn eftir lóðum þegar farin að gera vart við sig í þéttbýlinu.

Þá er spáð umtalsverðri aukningu ferðamanna á svæðinu á komandi árum, sbr. *kafla 3.5.4*. Eins og kemur fram í kaflanum var hlutfall Íslendinga sem sótti svæðið heim á tímabilinu 2001 – 2004, 7 – 9%, en með bættem vegasamgöngum til og frá sveitarfélaginu og innan þess og fjölþættari og bættri aðstöðu á staðnum, má gera ráð fyrir frekari aukningu á komandi árum.

Ef miðað er við 3% aukningu í fjölda erlendra ferðamanna, sem leggja leið sína til Íslands, til ársins 2015 má gera ráð fyrir að fjöldi þeirra verði um 550 þúsund manns. Á síðustu árum hefur aukning milli ára verið um 7%, þannig að hér er frekar um lágmarksaukningu að ræða, þó vissulega geti verið erfitt að segja nákvæmlega til um þróun. En til fróðleiks er á mynd 29 sýnd spá um fjölda erlendra ferðamanna ef aukning milli ára verður 3%, 6% eða 9%.

Að gefnum þeim forsendum sem raktar eru í *kafla 3.5.4* og því að ofangreindar spár gangi eftir, má gera ráð fyrir að fjöldi ferðamanna, innlendra sem erlendra, í Djúpavogshreppi árið 2015, verði að lágmarki á bilinu 120 - 140 þúsund. Slíkt væri aukning um 25 – 30 þúsund manns frá árinu 2006.



Mynd 29. Þróun í fjölda erlendra ferðamanna á Íslandi á 30 ára tímabili (1976 - 2005) og spá um fjölda ef aukning þeirra verður 3%, 6% eða 9% á ári til ársins 2015. Í spánni er einungis gert ráð fyrir þeim fjölda ferðamanna sem koma í gegnum Leifstöð.

Þessi aukning, sem og fjölgun íbúa rennir stoðum undir aukna verslun og þjónustu, veitinga- og gístiaðstöðu, stjórnsýslu og menningarstarfsemi.

Í aðalskipulagstillögunni er gert ráð fyrir að sú uppbygging sem kann að eiga sér stað að þessu leyti, rúmist innan marka miðsvæðis.

Sértækar reglur á miðsvæði

- Við sunnanverðan vögginn er gert ráð fyrir að reistar verið byggingar er lúti sérreglum er varða útlit og starfsemi, er settar verða við gerð deiliskipulags.

5.2.2 Leiðir til eflingar miðsvæðis á Djúpavogi

- Stefnt er að því svo fljótt sem auðið er að vinna vandað deiliskipulag fyrir miðsvæði Djúpavogs.
- Stefnt er að því að koma á fót öflugum miðbæjarkjarna innan miðsvæðis, svo sem með fjölgun gistirýma, aukinni verslun og veitingasölu og uppbyggingu gönguleiða, opinna rýma og torga.
- Stefnt skal að uppbyggingu fjölnota húss í tengslum við nýtt safn tileinkuðu Ríkharði Jónssyni myndskera, þar sem einnig er fyrir hendi aðstaða til tónleikahalds, leiklistar- og myndlistarsýninga.
- Stefnt skal að uppbyggingu og eflingu fleiri safna á Djúpavogi, svo sem byggðasafns og fuglasafns.
- Stefnt verði að því að koma söfnum á Djúpavogi á föst fjárlög ríkissjóðs.
- Stefnt er að bættu aðgengi að opinberum stofnunum og þjónustufyrirtækjum.
- Stuðlað verður að uppbyggingu á aðstöðu þar sem sala á framleiðslu af svæðinu fer fram.



5.3 Verslunar- og þjónustusvæði

Stefnt er að uppbyggingu verslunar- og þjónustustofnana.

Samkvæmt gr. 4.5.1 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 er skilgreining á verslunar- og þjónustusvæði eftirfarandi: „Á verslunar- og þjónustusvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi sem þjónar viðkomandi hverfi. Þar sem aðstaður leyfa má gera ráð fyrir íbúðum á verslunar- og þjónustusvæðum sérstaklega á efri hæðum bygginga.“

Þá segir í gr. 4.5.2 sömu reglugerðar: „Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum verslunar- og þjónustusvæðum. Gera skal grein fyrir staðsetningu og stærð svæðanna, þéttleika byggðar og öðrum einkennum þegar byggðra og fyrirhugaðra verslunar- og þjónustusvæða eftir því sem þurfa þykir og í tengslum svæðanna við aðra landnotkun.“

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 er gert ráð fyrir verslunar- og þjónustusvæðum bæði í þéttbýli og dreifbýli. Svæðin eru merkt með gulum lit á aðalskipulagsuppdrætti og þéttbýlisuppdrætti.

5.3.1 Verslunar- og þjónustusvæði innan þéttbýlismarka Djúpavogs

Stór hluti þess svæðis sem Aðalskipulag Búlandshrepps og Djúpavogs 1989 – 2009 gerði ráð fyrir sem svæði undir verslun og þjónustu, er í núverandi tillögu skilgreint sem miðsvæði (sjá nánar *kafla 4.2.1*).

Hinsvegar er áfram í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020, gert ráð fyrir verslunar- og þjónustusvæði í bland við íbúðarsvæði á lóðum við Markarland, frá og með Markarlandi 4 norður að Víkurlandi. Er það óbreytt landnotkun miðað við fyrra aðalskipulag, að því undanskildu að ekki er gert ráð fyrir iðnaði og atvinnurekstri á svæðinu. Verslunar- og þjónustusvæðið við Markarland tengist miðsvæðinu til austurs, og veitir það möguleika til áframhaldandi uppbyggingar á verslun og þjónustu, sem styrkt gæti miðsvæðið ennfrekar.

5.3.2 Verslunar- og þjónustusvæði í dreifbýli

Eins og kemur fram í *kafla 3.5.4* er nú þegar rekin ferðaþjónusta á þremur bæjum í sveitarfélaginu það er í Berunesi I, á Eyjófsstöðum og í Lindarbrekku. Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 er gert ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu og starfsemi á þeim stöðum.

Ennfremur er gert ráð fyrir ferðaþjónustutengdri starfsemi í Gautavík og Papey.

Í tillögunni er einnig gert ráð fyrir tveimur verslunar- og þjónustusvæðum undir Hálsunum, neðan þjóðveggar 1. Umrædd svæði eru annars vegar land Hlauphóla, en það svæði afmarkast frá Uppskipunarkletti í Sigurnesvík ytri í austur að læk í vík vestan við Kolpúfutanga. Þar verður verslunar- og þjónustusvæði í bland við landbúnaðarsvæði.

Þá er um að ræða svæði milli Grjótgarðstanga og Uppskipunarkletts, en þar er gert ráð fyrir verslunar- og þjónustusvæði í bland við frístundabyggð. Svæðið, sem er eign Djúpavogshrepps, hefur verið í söluferli frá árinu 2008 og unnið hefur verið að frekari mótun þess, ásamt væntanlegum kaupendum, innan þeirra landnotkunarflokka sem sýndir eru í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020. Fyrirhuguð verslun og þjónusta á svæðinu er aðallega hugsuð í tengslum við þá uppbyggingu ferðaþjónustu, sem stendur fyrir dyrum á umræddu svæði. Þá er gert ráð fyrir svæði fyrir verslun og þjónustu við norðurenda flugbrautar. Svæðið afmarkast við lóð þá sem fuglaskoðunarhús / miðstöð stendur á milli Fýluvogs og Nýjalóns en þar er gert ráð fyrir að byggist upp starfsemi tengd ferðaþjónustu.

Félagsheimilið Hamraborg í landi Þiljuvalla er merkt á aðalskipulagsuppdraetti.

Neyðarskýli sunnan við Þvottárskriður og fjallaskáli efst í Geithelladal eru merkt á aðalskipulagsuppdraetti.

5.3.3 Leiðir til eflingar verslunar- og þjónustusvæða

- Stuðlað verður að uppbyggingu á aðstöðu þar sem sala á framleiðslu af svæðinu fer fram.
- Stefnt er að eflingu ferðaþjónustu á svæðinu, svo sem með samvinnu sveitarfélags, ferðaþjónustuaðila og íbúa.
- Stefnt verði að því að auka samvinnu við önnur nærliggjandi sveitarfélög á sviði ferðaþjónustu.
- Stefnt verði að því að auka umhverfisvæna ímynd sveitarfélagsins og leitað verði eftir vottun alþjóðlegra stofnana.

5.4 Frístundabyggð

Stefnt er að eflingu frístundabyggðar, meðal annars með því að byggja upp og veita fólki fjölþætta þjónustu og afþreyingu og lengja dvalartíma þess þar.

Í grein 4.11.1 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 er skilgreining á svæði fyrir frístundabyggð sem hér segir: „Svæði fyrir frístundabyggð eru svæði ætluð fyrir frístundahús, þ.e. byggð sem ekki er ætluð til heilsársbúsetu.“

Þá segir í grein 4.11.2:

„Á sveitarfélagsupprætti aðalskipulags skal gera grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum svæðum fyrir frístundabyggð utan þéttbýlisstaða. Gera skal grein fyrir staðsetningu og stærð svæðanna, þéttleika byggðar og öðrum einkennum þegar byggðra og fyrirhugaðra svæða fyrir frístundabyggð, eftir því sem þurfa þykir. Gera skal grein fyrir tengslum svæðanna við samgöngur, þjónustu og opin svæði. Einnig skal gera grein fyrir áfangaskiptingu og áfangaröð, eftir því sem kostur er.“

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 er gert ráð fyrir frístundabyggð bæði í þéttbýli og dreifbýli. Svæðin eru merkt með ljósfjólubláum lit á aðalskipulagsupprætti og þéttbýlisupprætti.

5.4.1 Frístundabyggð í þéttbýli

Í þéttbýlinu á Djúpavogi er gert ráð fyrir frístundabyggð á afmörkuðu svæði sunnan Víkurlands og norðan við fyrirhugað íbúðarbyggðarsvæði í Borgarlandi, sem í Aðalskipulagi Búlandshrepps og Djúpavogs 1989 – 2009 var skilgreint fyrir íbúðarsvæði, íbúðarsvæði til síðari nota, smábúskap og garðlönd.

Nánar afmarkast svæðið að vestanverðu af lóðarmörkum Víkurlands 7 og fylgir jöðrum klettabeltis til suðvesturs að bæjarrústum Fögruhlíðar og þaðan að norðausturenda klettabeltis 100 m neðan Steinsstaða. Þaðan sjónhendingu yfir að klettabrúnum ofan lóðar við Brekku 8 og norður eftir jöðrum kletta-belta að Víkurlandi, til móts við vesturmörk lóðar við Víkurland 4.



Þá er einnig gert ráð fyrir stökum lóðum undir frístundahús úti á Svalbarðstanga, í námunda við lóð Víkurlands 3 og innan athafnasvæðis sunnan við mót Hammersminnis og flugvallarvegjar.

Með frístundabyggð innan þéttbýlismarka Djúpavogs er komið til móts við óskir áhugasamra einstaklinga að reisa frístundahús í nágrenni við mikilvæga og eftirsóknarverða þjónustu sem boðið er upp á í þéttbýlinu. Ennfremur getur slíkt auðveldað fólki að sækja nauðsynlega þjónustu eða aðstöðu t.d. hafnaraðstöðu, án þess að reiða sig á vélknúin farartæki. Fellur slíkt vel að stefnu sveitarfélagsins í umhverfismálum. Þá telja margir að auðveldara sé að hafa reglubundið eftirlit með húsunum innan eða í nágrenni þéttbýlisins.

Sértækar reglur fyrir frístundabyggð í þéttbýli

- Sértækar reglur er lúta að frístundabyggð í þéttbýli, svo sem stærð lóða og nýtingarhlutfall, ásamt húsagerð, verða markaðar í deiliskipulagi. Byggðin skal vera lág byggð og verður að halda sig lægra en klettabeltin sem eru hverfisvernduð (sjá kafla 4.10.3)

5.4.2 Frístundabyggð í dreifbýli

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 er gert ráð fyrir frístundabyggðarsvæðum í Víðinesi í Fossárdal sem er í landi Lindarbrekku og í landi Múla í Geithellnadal.

Einnig er gert ráð fyrir frístundabyggð, í bland við verslun og þjónustu, í landi Stekkamýrar og Stekkahjáleigu, þ.e. neðan Hringveggar milli Grjótgarðstanga og Uppskipunarkletts í Sigurnesvík ytri.

Þá eru á aðalskipulagsuppdrætti sýndar stakar, þegar byggðar, frístundabyggðarlóðir í landi Eyjólfstaða, Gautavíkur, Geithella, Múla III, á Starmýrarteigum í landi Starmýrar III, í Búlandsdal í landi Teigarhorns og í landi sveitarfélagsins, ofan Hringveggar á svokölluðum Hring undir Hultrum í Hamarsfirði.

Reglur og viðmið fyrir frístundabyggð í dreifbýli

- Samkvæmt kafla 4.15.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 um sjó, ár og vötn segir: „Almennt er ekki gert ráð fyrir deiliskipulagningu þessara svæða en í deiliskipulagi aðliggjandi svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim.“
- Ekki er heimilt að byggja nær stofn- og tengivegum en 100 m og ekki nær öðrum vegum en 50 m.
- Sýna verður fram á að nægilegt ómengað neysluvatn sé fyrir hendi fyrir frístundabyggð og aðra byggð, hvar vatnið er tekið og sýna nærsvæði vatnsbóla í deiliskipulagi.
- Heiti lóða innan frístundabyggðarsvæða skal vera tengt nafni lögbýlisins, annaðhvort allt nafnið eða sem forskeyti í upphafi eða enda nafnsins.
- Athygli skal vakin á því að ekki liggja fyrir nægjanlegar athuganir á þeim jarðmyndunum og vistkerfum sem hugsanlega eru á þeim frístundabyggðarsvæðum sem nefnd hafa verið og notið gætu verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.
- Fornleifaskráning þarf að fara fram á viðkomandi svæði áður deiliskiplag er lagt fram.
- Án þess að aðalskipulagi sé breytt er heimilt að:
- Reisa 3 frístundabyggðarhús á jörð (lögbýli).
- Frístundahús eru alltaf deiliskipulagsskyld og skulu standa á afmörkuðum lóðum.
- Reglur um stærð lóða, húsagerð og fleira á frístundabyggðarsvæðum í dreifbýli verða mótaðar frekar í deiliskipulagi.

5.4.3 Leiðir til eflingar

- Stefnt er að uppbyggingu frístundabyggðar á þeim svæðum, sem aðalskipulagstillagan gerir ráð fyrir.

5.5 Athafnasvæði

Áhersla verður lögð á fjölbreytta og hreinlega atvinnustarfsemi.

Í kafla 4.6.1 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 segir: „Á athafnasvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hættu er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugeymslum, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverslunum.“

Í Aðalskipulagi Búlandshrepps og Djúpavogs 1989 – 2009 er iðnaður og atvinnurekstur einn landnotkunarflokkur en í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 er greint á milli þessara þátta til samræmis við skipulagsreglugerð nr. 400/1998. Í tillögunni er gert ráð fyrir athafnasvæðum bæði innan þéttbýlisins við Djúpavog og í dreifbýli. Eru svæðin merkt á aðalskipulagsuppdraetti og þéttbýlisuppdraetti í ljósgráum lit.

5.5.1 Athafnasvæði innan þéttbýlismarka Djúpavogs

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 er gert ráð fyrir athafnasvæðum að hluta til á þeim svæðum sem afmörkuð voru fyrir iðnað og atvinnurekstur í fyrra skipulagi.

Þau svæði sem falla undir flokkinn athafnasvæði, en voru skilgreind sem svæði undir iðnað og atvinnurekstur í fyrra skipulagi eru lóðir við Vogaland 18 og 20.

Það sama gildir um lóðir við Víkurland 9, 11 og 13, svæði milli Víkurlands 13 og 15 (RARIK), svæði norðan Víkurlands, til móts við Víkurland 15 og vestan hafnarsvæðis og svæði skammt vestan við Háukletta við Innri Gleðivík. Þannig eru athafnasvæðin látin ramma inn hafnarsvæðið við Innri Gleðivík og geta stutt betur við hafnarsvæðið og um leið notið nálægðarinnar við það, enda getur starfsemi á svæðunum í mörgum tilfellum verið nán.

Þá hefur landnotkun verið breytt á svæði í Löngulág sem markað var í fyrra skipulagi fyrir iðnað og atvinnurekstur til síðari nota og er í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 þess í stað gert ráð fyrir frístundabúskap þar. Ennfremur er felld út svæði undir iðnað og atvinnurekstur norðan Víkurlands þar sem í fyrra skipulagi var gert ráð fyrir bifreiðþjónustu.



Þá var í fyrra skipulagi gert ráð fyrir blandaðri landnotkun (íbúðarsvæði, verslunar- og þjónustusvæði og iðnaði og atvinnurekstri) á lóðum beggja vegna Markar. Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 hefur landnotkun verið breytt með þeim hætti að lóðir við Mörk 1, 3, 6 og 8 falla í flokk athafnasvæða.

Þá er gerð nokkuð viðamikil breyting á landnotkun á svæðinu umhverfis Voginn, þar sem hafnarsvæði, miðsvæði, opið svæði til sérstakra nota og hverfisverndað óbyggt svæði koma í staðinn. Meginástæða þeirra breytinga er að auka aðdráttarafl miðbæjarkjarna við Voginn, eins og getið er um í kafla 4.2.1, sem og að koma til móts við hugmyndir íbúa (sbr. fylgiskjal I) um að uppbygging athafnasvæða skuli vera í Innri Gleðivík.

Þá er felld út svæði fyrir iðnað og atvinnurekstur til síðari nota austan athafnasvæðis við Vogaland og mun það falla í flokkinn óbyggt svæði.

Gert er ráð fyrir athafnasvæði á lóð við Hammersminni 34, fyrir gróðurhús og matjurtaræktun, þar sem áður var gert ráð fyrir íbúðarsvæði til síðari nota.

5.5.2 Athafnasvæði í dreifbýli

Um nokkurt skeið hafa skreiðarhjallar staðið fast undir Hálsum, um 400 m norðan við Rakkaberg, ofan Hringvegjar. Í Aðalskipulagi Búlandshrepps og Djúpavogs 1989 – 2009 var svæðið skilgreint sem hluti fólkvangs, en er í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 afmarkað sem athafnasvæði undir fyrrgreinda starfsemi. Í tillögunni er gert ráð fyrir að svæðið lúti sértækum reglum, þar sem það er einungis ætlað undir skreiðarverkun og því óheimilt að reisa þar mannvirki önnur en skreiðarhjalla.

5.5.3 Leiðir til eflingar

- Stefnt er að því að framboð á lóðum fyrir fjölbreytta, en hreinlega starfsemi, sem skapi störf á skipulagssvæðinu, verði nægt.
- Stefnt er að því að gera skipulagssvæðið að eftirsóknarverðum kosti fyrir einstaklinga og atvinnufyrirtæki með hreinlega starfsemi.

5.6 Iðnaðarsvæði

Í kafla 4.7.1 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 segir:

„Á iðnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum, veitustöðvum, skólpælu- og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir olíur og móttökusvæðum fyrir úrgang. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum.“

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 er gert ráð fyrir iðnaðarsvæði bæði í þéttbýlinu á Djúpavogi og dreifbýli. Svæðin eru merkt með dökkgráum lit á aðalskipulagsupprætti og þéttbýlisupprætti.

5.6.1 Iðnaðarsvæði innan þéttbýlismarkna Djúpavogs

Í Aðalskipulagi Búlandshrepps og Djúpavogs 1989 – 2009 var gert ráð fyrir svæði, sem féll í flokkinn iðnaður og atvinnurekstur, fyrir Vegagerð ríkisins, sunnan Víkurlands í Innri Gleðivík. Umrætt svæði hefur um nokkurra ára skeið verið nýtt sem móttökusvæði sorps fyrir þéttbýlið á Djúpavogi og er því gert ráð fyrir í aðalskipulagstillögu að svæðið verði skilgreint sem iðnaðarsvæði. Þó skal stefnt að því að draga úr vægi þessa svæðis sem sorpmóttökusvæðis með tilkomu sorpflokkunar.

5.6.2 Iðnaðarsvæði í dreifbýli

Í dreifbýli er iðnaðarsvæði afmarkað kringum núverandi tengivirki í landi Teigarhorns. Þá er markað svæði kringum borholur á jarðhitasvæði í landi sveitarfélagsins undir Hálsum.

5.7 Hafnarsvæði

Áhersla verður lögð á að styðja við hafnsækna starfsemi.

Í kafla 4.8.1 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 segir: „Á hafnarsvæðum tengist landnotkun fyrst og fremst hafnsækinni starfsemi, s.s. útgerð, fiskvinnslu og starfsemi tengdri sjóflutningum og skipasmíði eða viðgerðum. Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á hafnarsvæðum.“

Í kafla 4.8.2 sömu reglugerðar segir: „Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum hafnarsvæðum.“ Hafnarsvæði í þéttbýli skal sýna á þéttbýlisuppdráttum aðalskipulags.

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 eru hafnarsvæði sýnd á aðalskipulagsuppdraetti og þéttbýlisuppdraetti og eru merkt með blágráum lit.

Miðast afmörkun hafnarsvæðis Djúpavogshafnar á sjó við hafnarreglugerð fyrir Djúpavogshöfn nr. 292/2005 m.s.br, sjá kafla 3.7.2.

Hvað varðar takmörk hafnarinnar á landi, þ.e. innan þéttbýlismarka Djúpavogs, er í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps gert ráð fyrir annarri afmörkun á hafnarsvæði miðað við þá er kemur fram í fyrrnefndri hafnarreglugerð og er afmörkunin eftirfarandi í aðalskipulagstillögunni:

Gleðivíkurhöfn; að norðanverðu frá fremri vörðu við Háukletta sem er beint vestur af grjótfyllingu norðan á athafnasvæði hafnarinnar, þaðan í línu í suður með ofanverðum vegi sem liggur að bryggju í Gleðivík.

Þaðan bein lína að mörkum

athafnasvæðis í norður á hæð vestan við bræðsluhús. Þaðan í línu með athafnasvæði í suður og meðfram lóð að Víkurlandi 16 að vegi við Víkurland. Frá og með vegi við lóð Víkurlands 16 og þaðan sem leið liggur með vegi í norðaustur allt þar til komið er niður að gatnamótum niður við veg þar sem hann skerst við veg að bræðslu og bryggju. Þaðan liggur línan ofan vegar allt að mótum austurenda mjölskemmu bræðslunnar og þar beygir hafnarsvæði í norðaustur yfir veg og í sjó fram og þaðan með fjöruborðinu í norður áfram að bryggju og þar fyrir að grjótnargarði og upp að Háuklettum.

Djúpavogshöfn; frá línu sem markast að norðanverðu við enda grjótnargarðs á Fiskimannatanga með fjöru vestur að gatnamótum Víkurlands og Markar. Frá fjöru í línu yfir Víkurland og að norðurmörkum lóðar við Mörk 1 og áfram eftir lóðamörkum Bakka 4 til austurs og suðurs að lóðamörkum Löngubúðar og Faktorshúss. Suður með lóðarmörkum Faktorshúss í suður í beinni línu að uppsátri að vestanverðu í sjó fram. Frá uppsátrinu í norður allt með smábátabryggjum og stórskipabryggju að suðurenda grjótgarðs á



Fiskimannatanga. Lega að sjó á umræddu svæði, miðast í öllum tilfellum við stórstraumsfjöruborð. Að auki tilheyra lóðir Markar 2 og 4 ofangreindu hafnarsvæði við Djúpavogshöfn.

Í Aðalskipulagi Búlandshrepps og Djúpavogshrepps 1989 – 2009 voru þau svæði sem í tillögu þessari eru skilgreind sem hafnarsvæði, merkt sem svæði fyrir iðnað og atvinnurekstur.



5.7.1 Leiðir til eflingar

- Stefnt er á að auka viðlegupláss í smábátahöfn með lengingu og endurgerð trébryggju við Djúpavog.
- Stefnt er á að efla markaðssetningu Djúpavogshafnar með tilliti til fiskiskipa, fraktskipa og skemmtiferðaskipa.
- Stefnt er á að skapa aðstæður á hafnarsvæðum fyrir skútur og skemmtiferðabáta til lengri og skemmri tíma.
- Stefnt skal að vottun Djúpavogshafnar undir merkjum bláfána.



5.8 Þjónustustofnanir

Stefnt er að aukinni uppbyggingu á sviði menntunar og heilbrigðisþjónustu.

Í kafla 4.3.1 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 segir:

„Á svæðum fyrir þjónustustofnanir skal fyrst og fremst gera ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild, veita almenna þjónustu við samfélagið, s.s. menntastofnunum, heilbrigðisstofnunum, menningarstofnunum, félagslegum stofnunum, trúarstofnunum, umferðarmiðstöðvum og öðrum þjónustustofnunum ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.“

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 eru þjónustustofnanir afmarkaðar bæði í þéttbýlinu á Djúpavogi og í dreifbýli og eru þær sýndar í dökkum appelsínugulum lit á aðalskipulagsupprætti og þéttbýlisupprætti.

5.8.1 Þjónustustofnanir í þéttbýli

Á Djúpavogi eru þjónustustofnanir að stórum hluta afmarkaðar til samræmis við Aðalskipulag Búlandshrepps og Djúpavogs 1989 – 2009 og eru í góðum tengslum við miðsvæði og íbúðarbyggð.

Frá því fyrra skipulag tók gildi, hefur mikil uppbygging átt sér stað á „skólatorfu“ austan Hammersminnis, þar sem til dæmis leikskóli, íþróttahús og sundlaug hafa risið. Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu þjónustustofnana á þessu svæði á skipulagstímabilinu og hefur því svæðið



sunnan gatnamóta Vogalands og Hammersminnis verið fellt út sem svæði undir þjónustustofnanir og verður þess í stað opið svæði til sérstakra nota.

Þá hefur skrifstofa sveitarfélagsins verið færð um set, frá Hrauni 5 yfir að Bakka 1, sem tilheyrir miðsvæði. Ennfremur falla lóðir fyrir þjónustustofnanir við Kamb og Búland undir miðsvæði í aðalskipulagstillögunni (sbr. kafla 4.2.1), ef undan eru skildar lóðir við Búland 3 (slökkvistöð) og 9 (Djúpavogskirkja). Þær lóðir eru sýndar sem stakar þjónustulóðir ásamt lóðum undir vatnstank, spennistöðvar og þess háttar, auk lóðar við Víkurland 15 (RARÍK) í Innri Gleðivík.

5.8.2 Þjónustustofnanir í dreifbýli

Í tillögunni eru kirkjur og kirkjugarðar merktir sem þjónustustofnanir. Þess ber þó að geta að stærð þeirra merkinga segir ekki til um stærð lóðar. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á umfangi á þessum svæðum frá því sem nú er.

Þá eru söfn að Teigarhorni og í Berufirði merkt sem þjónustustofnanir.

5.8.3 Leiðir til eflingar

- Stefnt skal að vottun leik- og grunnskóla undir merkjum grænfána.
- Stefnt skal að því að leik- og grunnskóli nýti umhverfi svæðisins í grenndarnám.
- Stefnt skal að gjaldfrjálsum leikskóla í sveitarfélaginu.
- Stefnt skal að því að auka öldrunarþjónustu með það að markmiði að íbúar sveitarfélagsins eigi þess kost að eyða ævikvöldinu í heimabyggð.
- Stefnt er að því að skapa aðstöðu til rannsókna á náttúru og dýralífi.





5.9 Íbúðarsvæði

Stefnt er að aukinni fjölgun íbúa á skipulagstímabilinu.

Skilgreining á íbúðarsvæðum er eftirfarandi samanber kafla 4.2.1 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998: „Á íbúðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé til þjónusta fyrir íbúa viðkomandi hverfis s.s. verslunum, hreinlegum iðnaði, handiðnaðarfyrirtækjum, þjónustustarfsemi og leiksvæðum eða annarri starfsemi sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna lyktar, hávaða eða óþrifa né draga að sér óþægilega mikla umferð.“

Þá segir enn fremur í kafla 4.16.2 sömu reglugerðar: „Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir tengingu íbúðarsvæða við þjónustu, atvinnusvæði, opin svæði og samgöngur, einnig skal gera grein fyrir áfangaskiptingu og áfangaröð byggingarsvæða.“

Í Aðalskipulagi 2008 – 2020 er nær eingöngu gert ráð fyrir aukinni íbúðarbyggð innan marka þéttbýlisins á Djúpavogi og hún merkt með dökkfjólubláum lit á þéttbýlisupprætti.

5.9.1 Íbúðarsvæði í þéttbýli

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 er að hluta til, gert ráð fyrir íbúðarsvæðum á sömu svæðum og í Aðalskipulagi Búlandshrepps og Djúpavogs 1989 – 2009. Meginbreytingin er að fellt er út íbúðarsvæði og íbúðarsvæði til síðari nota í Blá, en frá því fyrra skipulag gekk í gildi hefur lítil sem engin eftirspurn verið eftir lóðum á því svæði. Er í stað íbúðarsvæðis gert ráð fyrir stækkun tjaldsvæðis til suðvesturs, vegstæðis að því og óbyggðu svæði.

Þess í stað, er í aðalskipulagstillögunni tekin sú stefna að marka íbúðarbyggðarsvæði norðan við núverandi íbúðarbyggð við Borgarland, á svæði sem í fyrra skipulagi var skilgreint sem svæði undir íbúðarbyggð, íbúðarbyggð til síðari nota, smábúskap og garðlönd. Teygir svæðið sig til norðurs, til móts við fyrirhugað frístundabyggðarsvæði og mun markast að vestan- og austanverðu af jöðrum klettabelta. Með þessari ráðstöfun má segja, að komið hafi verið til móts við hugmyndir íbúa á Djúpavogi (sjá fylgiskjal I). Enn fremur fæst heildstæðari mynd af íbúðarbyggð svæðisins og núverandi byggð er styrkt og þétt. Þá munu samgöngur innan þéttbýlisins verða skilvirkari, þar sem Borgarland tengist Víkurlandi, sem gæti létt á umferð um Búland og Markarland.

Þá er til samræmis við fyrra skipulag og óskir íbúa (sjá fylgiskjal I) gert ráð fyrir íbúðarbyggð við Hammersminni austanvert. Íbúðarsvæðið er þó minna en Aðalskipulag Búlandshrepps og Djúpavogs 1989 - 2009 gerði ráð fyrir. Þá er gert ráð fyrir óbyggðu svæði við gatnamót Hammersminnis og flugvallarveg, þar sem áður var íbúðarsvæði til síðari nota, en sú breyting skýrist af staðsetningu rotþróar sunnan flugvallarveg.

Þá hefur íbúðarsvæði á Bjargstúni við vestanvert Hammersminni verið minnkað frá fyrra skipulagi og í tillögunni er þar gert ráð fyrir opnu svæði til sérstakra nota. Íbúðarsvæði sem áður var markað við Vogaland í bland við verslun og þjónustu fellur í tillögunni undir miðsvæði.

Þá er lóð við Hraun 5 (Hraun) skilgreind sem íbúðarbyggð í tillögunni, en þar voru skrifstofur sveitarfélagsins áður. Einnig er lóð við Steina 3 (Dalir) skilgreind sem

íbúðarbyggð, en var áður merkt sem svæði undir opinberar stofnanir. Þá er lóð við Vogarland 9 (Höfði) skilgreind sem íbúðarbyggð en var áður merkt sem svæði undir iðnað og atvinnurekstur.

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 eru lóðir beggja vegna Borgargarðs skilgreindar sem íbúðarbyggð, að undanskildu óbyggðu svæði vestan við íbúðarbyggð við Borgarland.

Einnig eru í tillögunni lóðir við Víkurland 4 (Sæbakki) og 7 (Hvarf) skilgreindar sem íbúðarbyggð. Þá er markað íbúðarsvæði á lóð við Hammersminni 34 (Sjólýst).

Gert er ráð fyrir í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 að einfalda landnotkun við austanvert Markarland, frá og með Markarlandi 4 (Ásgarði) norður að gatnamótum við Víkurland, með því að fella út möguleika á iðnaði og atvinnurekstri og hafa þess í stað einungis blandað íbúðarsvæði og verslunar- og þjónustusvæði.

Er þar um að ræða breytingu frá fyrra skipulagi sem gerði ráð fyrir íbúðarsvæði í bland við verslun, þjónustu, iðnað og atvinnurekstur.

Þá hefur íbúðarsvæði við Bakka 1 og 3 verið felld út og er þess í stað gert ráð fyrir miðsvæði þar.

Einnig hefur íbúðarsvæði við Mörk 2, 4, 6 og 8 verið felld út og þess í stað er þar gert ráð fyrir hafnarsvæði og athafnasvæði.

Í aðalskipulagstillögunni er gert ráð fyrir að íbúðarbyggð sé í góðum tengslum við opin svæði til sérstakra nota og óbyggð svæði innan þéttbýlismarkanna. Greiðar tengingar eru bæði fyrir gangandi og akandi umferð frá íbúðarsvæðum að athafnasvæðum, miðsvæði og þjónustustofnunum.

Í tillögunni er ekki gerð grein fyrir áfangaskiptingu byggingarsvæða, þar sem sveitarstjórn vill hafa svigrúm til að deila lóðum út í samræmi við óskir húsbyggjenda. Einnig er gert ráð fyrir að íbúðarhús verði reist á lausum lóðum innan núverandi íbúðarbyggðar.

5.9.2 Íbúðarsvæði í dreifbýli

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 er gert er ráð fyrir tveimur íbúðalóðum undir Hálsum neðan Hringvegur. Annars vegar í landi Hlauphóla og hins vegar á landspildu sem afmarkast af Grjótgarðstanga og Hálstanga. Á hvorri landsspildu er gert ráð fyrir einu heilsárshúsi.

Þá eru á aðalskipulagsuppdraetti sýndar stakar, þegar byggðar, íbúðalóðir í landi Múla og á Aski.

Reglur fyrir íbúðarbyggð í Djúpavogshreppi

Eins og áður segir gerir aðalskipulagstillagan ráð fyrir að byggja megi tvö íbúðarhús á jörð, auk þeirra íbúðarhúsa sem nú þegar standa án þess að aðalskipulagi sé breytt (sjá nánar í *kafla 4.1*).

5.9.3 Leiðir til eflingar

- Hraðað verður eftir fremsta megni gerð deiliskipulags fyrir ný íbúðarsvæði
- Stefnt skal að því að sveitarfélagið skapi aðstæður og ýti undir áhuga almennings á búsetu í sveitarfélaginu.
- Stefnt skal að því almenningur geti nálgast upplýsingar um lausar lóðir á skipulagssvæðinu með aðgengilegum hætti.

5.10 Náttúru- og menningarminjar

5.10.1 Náttúruverndarsvæði

Stefnt er að frekari verndun og friðlýsingu náttúruminja í sveitarfélaginu.

Í gr. 4.19.1 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 segir: *Til náttúruverndarsvæða teljast annars vegar friðlýst svæði, þ.e. náttúruvætti, friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar, og hinsvegar svæði á náttúruminjaskrá. Einnig afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar vegna náttúru eða landslags.*

Í lið 4.19.2 sömu reglugerðar segir:

„Í aðalskipulagi skal auðkenna og gera grein fyrir náttúruverndarsvæðum, staðsetningu þeirra og helstu einkennum, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð.“

Samkvæmt 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 skal leita umsagnar Náttúruverndar ríkisins (nú Umhverfisstofnunar) og náttúruverndarnefnda áður en veitt er framkvæmdaleyfi eða byggingarleyfi sem hafa í för með sér röskun landslagsgerða nema að fyrir liggi aðalskipulag, samþykkt eftir gildistöku laga þessara þar sem umsögn samkvæmt 33. gr. liggur fyrir.

Samkvæmt 37. grein náttúruverndarlaga nr. 44/1999 njóta eftirtaldar jarðmyndanir og vistkerfi sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:

- Eldvörp, gervigígar og eldhraun.
- Fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo sem hrúður og hrúðurbreiður, 100 m² að stærð eða stærri.
- Mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri.
- Sjávarfitjar og leirur.
- Stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri.
- Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdir þegar hætta er á að slíkum jarðmyndunum og vistkerfum verði raskað.

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 er gerður fyrirvari um nokkur þessara atriða, til dæmis um mýrar og flóa þar sem fullnægjandi vitneskja liggur ekki fyrir um gróðurfar á svæðinu (sjá *kafla 2.6.1*).

Í *kafla 2.7* í greinargerð þessari eru taldir upp þeir staðir eða svæði í Djúpavogshreppi sem eru friðlýst samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 44/1999 og svæði á Náttúruminjaskrá 1996. Þessi svæði eru sýnd á aðalskipulagsupprætti. Öll svæði á Náttúruminjaskrá 1996 að Blábjörgum undanskildum, sem gerð er tillaga um að friða svo fljótt sem auðið er, verða hverfisvernduð í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 (sjá nánar *kafla 4.10.3*). Ennfremur hefur sveitarstjórn ákveðið að vinna að friðun tjarnarklukku og verndun búsvæða hennar, til samræmis við tillögur til þingsályktunar um gerð Náttúruverndaráætlunar 2009 - 2013, verði friðunartillagan ekki samþykkt við afgreiðslu Alþingis.



Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 eru tilgreind fimmtán svæði/staðir í sveitarfélaginu sem sveitarstjórn Djúpavogshrepps hyggst gera að tillögu sinni að verði friðlýstir á skipulagstímabilinu. Tólf þeirra eru í dreifbýli og þrjú innan þéttbýlismarka Djúpavogs (sjá töflu 32). Þessi svæði / staðir eru merkt með grænum hring á aðalskipulagsuppdraetti og þéttbýlisuppdraetti (sjá einnig myndir 30 og 31).

Tafla 32. Tillögur sveitarstjórnar Djúpavogshrepps um friðlýsingu náttúruminja í sveitarfélaginu.

Svæði / staðir	Lýsing
Blábjörg við Berufjörð	Blábjörg eru á Náttúruminjaskrá 1996 og er þannig lýst: „Klettur við sjó í landi Fagrahvamms, ásamt tanganum Haga og Gatkletti við hann og tveimur hölmum utar, Stórhólma og Kálhólma. Blábjörg eru hluti af sérkennilegu og víðáttumiklu flikrubergrslagi (Skessulagið)“
Borgargarðsklettur	Há klettaborg innan þéttbýlismarka Djúpavogs, ofan við Borgargarð og Borgarhól.
Flugustaðahellrar	Um er að ræða þrjá hella, Búrhelli, Bríkarhelli og Háhelli, en sagt er að í hellunum sé bústaður Flugu, völvu þeirrar eða skessu sem Flugu-örnefni dalsins eru að líkindum sótt til.
Hellisklettur	Kletturinn er inn og upp af Geithellabæjum en sagt er að undir klettinum hafi verið stór hellir sem aur hefur nú lokað fyrir.
Hrafnakambar	Klettakambar í landi Þiljuvalla á Berufjarðarströnd.
Innríhalsar	Eina þekktu búsvæði tjarnarklukku á landinu.
Kaupstaðakambur	Áberandi klettur innan þéttbýlisins á Djúpavogi, nánar við götuna Kamb.
Klettur við Klif („Sfinx“)	Afar sérstæður klettur skammt austan við hábrún Kaupstaðaklifs, sem er innan þéttbýlismarka Djúpavogs. Kletturinn líkist mjög Sfinx í útliti og er meðal annars vinsælt myndefni.
Malvíkurhöfði	Sérkennilegur höfði sem rís úr láglandi á Starmýrarteigum í landi Starmýrar.
Rakkaberg	Mikill og hár berggangur, sem myndar nær lóðréttan vegg mót austri, við svokallaða Hermannastekka ofan Þjóðveg 1 skammt norðan við vegamót við Djúpavogsveg (98). Nafngiftin komin sökum þess að norðan frá lítur bergið út eins og liggjandi hundur. Einnig hefur Rakkaberg verið kölluð Álfakirkjan vegna sagna um að þar búi álfar og huldufólk.
Sauðakambur	Mjög sérkennilegur og margbrotinn klettakambur undir Hálsnum, ofan Hringvegur, við svonefndan Geitadal.
Strýtukambur	Hár og sérkennilegur berggangur rétt við bæinn á Strýtu.
Tröllatjörn	Tjörn í gömlum farvegi Geithellaár, skammt ofan við Lambhagafoss. Þykir hún mikð náttúruundur. Þar er einnig Steinbogi sem er sérkennilegur gatklettur.
Valtýskambur	Klettakambur við Hringveg norðan Hamarsfjarðar.
Vígðilækur	Um er að ræða kaldavermslæk sem aldrei leggur. Vígðilækur er á landamerkjum Hamars og Háls og hefur merkilega sögu að geyma en talið er að Guðmundur góði Arason hafi vígt hann.

Heimild: Hjörleifur Guttormsson (2002), Andrés Skúlason

Rétt er að vekja athygli á að þar til fyrrgreind vinna við friðun hefur farið fram, munu svæði / staðir sem taldir eru upp í töflu 32 njóta hverfisverndar (sjá nánar *kafla 5.10.3*).

Leiðir til eflingar


- Þótt svæði sem nú eru á Náttúruminjaskrá 1996 verði hverfisvernduð í þessari áætlun ber engu að síður að stefna að því að þau verði friðuð svo fljótt sem auðið er, vegna mikilvægis og sérstöðu þeirra fyrir framtíð sveitarfélagsins, svo sem til að skapa því sérstöðu á sviði ferðamennsku og í tengslum við ýmis konar atvinnuuppbyggingu.

Rétt er að benda á að sveitarstjórn og aðrir aðilar geta óskað eftir friðlýsingu svæða samkvæmt lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd þrátt fyrir að viðkomandi svæði sé ekki á Náttúruverndaráætlun 2004 – 2008. Í lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 segir eftirfarandi um undirbúning friðlýsingar: „*Umhverfisstofnun annast undirbúning friðlýsingar, sbr. þó 2. mgr. 55. gr. Leita skal samráðs við Hafrannsóknarstofnunina við undirbúning friðlýsingar skv. 54. gr. Umhverfisstofnun skal gera drög að friðlýsingarskilmálum og leggja fyrir landeigendur, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Náist samkomulag um friðlýsingu skal málinu vísað til umhverfiráðherra til frekari ákvörðunar. Náist ekki samkomulag um friðlýsingu skal málinu vísað til meðferðar umhverfiráðherra. Ráðherra sendir landeigendum og öðrum rétt höfum lands er friðlýsing snertir, svo og sveitarfélögum, tillögu að friðlýsingu, jafnframt því að birta hana með auglýsingu í Lögbirtingablaði og eftir atvikum á þann hátt sem venja er að birta auglýsingar stjórnvalda á viðkomandi stað. Skal þeim sem hagsmuna eiga að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við fyrirhugaða friðlýsingu, koma að mótmælum og gera bótakröfur til ráðherra innan þriggja mánaða. Að loknum þeim fresti skal ráðherra taka ákvörðun um friðlýsingu og um eignarnám ef þörf krefur, sbr. 64. gr.*“



- Mikilvægt er að sveitarstjórn komi á framfæri óskum sínum um svæði sem áhugi er á að vernda, þar sem áætlunin er í sífelldri endurskoðun. Stefnt skal að því að fá svæði innan sveitarfélagsins sem hafa alþjóðlegt mikilvægi viðurkennd, en slíkt hefði þýðingu fyrir rannsóknir á sviði náttúrufræða og uppbyggingu ferðamennsku.
- Stuðla þarf að rannsóknum og fræðslu um þær fjölbreyttu náttúruminjar sem eru í sveitarfélaginu, gerð upplýsingabæklinga, korta og merkinga á þessum stöðum.

Stefnt er að lagningu gönguleiða um náttúruverndarsvæði til að auðvelda aðgengi, til dæmis að merktum stöðum og til að hlífa viðkvæmum svæðum við ágangi.



● Svæði / staðir sem stefnt er á að verði friðaðir skv. náttúruverndarlögum nr. 44/1999

- | | |
|--------------------------------|-----------------------|
| 1. Hrafnakambar | 7. Valtýskambur |
| 2. Blábjörg | 8. Vígðilækur |
| 3. Rakkaberg | 9. Hellisklettur |
| 4. Sauðkambur | 10. Tröllatjörn |
| 5. Strýtukambur | 11. Flugustaðahellrar |
| 6. Innri-Hálsar (tjarnaklukka) | 12. Malvíkurhöfði |

● Svæði / staðir sem njóta friðunar skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001

- | | |
|-----------------------|--|
| 1. Gautavík | 5. Hof (grjótrúst) |
| 2. Djáknadys | 6. Flugustaðir (nausttóft) |
| 3. Papatóft | 7. Flugustaðir (völvuleiði) |
| 4. Múli I (skálatóft) | 8. Þvottá (tjaldsvæði, tóft og túngarðsbrot) |

● Svæði / staðir sem stefnt er á að verði friðaðir skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001

- | | |
|-------------------------------------|------------------------|
| 1. Selnes | 15. Virkishólasel |
| 2. Víðines | 16. Kambsel |
| 3. Engihlíð | 17. Myrkvidalur |
| 4. Sel í Búlandsdal | 18. Þormóðshvammar |
| 5. Úlfshaugur | 19. Ræningjalágar |
| 6. Eskilshaugur | 20. Hvannavellir |
| 7. Hrómundarhaugur | 21. Múli (dys) |
| 8. Helgurák | 22. Þiðrandalág |
| 9. Refstaðir | 23. Tunguhlíð |
| 10. Fossbrekkur | 24. Markúsarsel |
| 11. Veturhús | 25. Mosfell |
| 12. Hamar (völvuleiði) | 26. Grenjaðarstaður |
| 13. Bragðavellir (túngarður) | 27. Flugustaðahellrar |
| 14. Djúpiþotn (rómverskir peningar) | 28. Preststeinn |
| | 29. Voghamrar |
| | 30. Sel í Starmýrardal |
| | 31. Þangbrandsbrunnur |
| | 32. Pysjubakkar |
| | 33. Styrnishöfn |
| | 34. Fauskasel |

■ Friðað náttúruvætti

Mynd 30. Svæði / staðir sem stefnt er á að verði friðaðir skv. lögum um náttúruvernd nr. 44/1999, svæði / staðir sem njóta friðunar skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001 og svæði / staðir sem stefnt er að verði friðuð skv. þjóðminjalegum nr. 107/2001 á gildistíma Aðalskipulags Djúpavogshrepps 2008 - 2020.



- Staðir sem stefnt er á að verði friðaðir skv. náttúruverndarlögum nr. 44/1999
 1. Kaupstaðakambur
 2. „Sfinx“
 3. Borgargarðskambur
- Byggingar sem njóta friðunar skv. lögum um húsafriðun nr. 104/2001
 1. Langabúð
 2. Faktorshús
 3. Gamla Djúpavogskirkja
- Bygging sem stefnt er á að verði friðuð skv. lögum um húsafriðun nr. 104/2001
 1. Geysir

Mynd 31. Byggingar sem njóta friðunar skv. lögum um húsafriðun nr. 104/2001, byggingar sem stefnt er að verði friðuð skv. lögum um húsafriðun nr. 104/2001 og, staðir / svæði sem stefnt er á að verði friðuð skv. lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 á gildistíma Aðalskipulags Djúpavogshrepps 2008 - 2020.

5.10.2 Þjóðminjaverndarsvæði

Stefnt er að frekari verndun og friðlýsingu þjóðminja og þjóðminjaverndarsvæða.

Í lið 4.20.1 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 segir:

„Þjóðminjaverndarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornminjar, þekktar fornminjar eða friðuð hús skv. þjóðminjalögum.“

Í lið 4.20.2 í sömu reglugerð segir:

„Í aðalskipulagi skal auðkenna og gera grein fyrir þjóðminjum, staðsetningu þeirra og helstu einkennum, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð í samræmi við ákvæði þjóðminjalaga.“

Í 10. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001 segir eftirfarandi: *„Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins. Fornleifavernd ríkisins hefur rétt til að láta rannsaka fornleifar með grefti eða á annan hátt og gera það sem þarf til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en gera skal landeiganda eða ábúanda viðvart um það áður.“*



Í 13. gr. sömu laga segir: *„Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.“*

Í aðalskipulagstillögu er mælt til að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, en ef ekki, skal tilkynna þær til Fornleifaverndar ríkisins, eins og lög gera ráð fyrir.



Auk þeirra minjastaða sem

nú þegar eru friðlýstir (sjá töflu 7) hyggst sveitarstjórn Djúpavogshrepps gera að tillögu sinni að 36 svæði / staðir í sveitarfélaginu verði friðlýstir skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001. Hér er um að ræða fjölda aflagðra bæjarstaða og annarra menningarminja, öll utan þéttbýlisins á Djúpavogi, sem bregða ljósi á búsetu á svæðinu á liðnum öldum (sjá töflu 33).

Umrædd svæði / staðir eru merkt með rauðum þríhyrningi með hvítum punkti á aðalskipulagsuppdraetti og þéttbýlisuppdraetti (sjá einnig mynd 30 og 31).

Tafla 33. Tillaga sveitarstjórnar Djúpavogshrepps um friðlýsingu þjóðminja í sveitarfélaginu skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001

Svæði / staðir	Lýsing
Djúpibotn	Fundarstaður rómverskra peninga frá 3. öld auk fleiri gripa í landi Bragðavalla.
Dys	Í svonefndum Vatnsbotni við fjallsrætur ofan bæjar í Múla er dys og er hald manna að þar sé heygður fornmaður og skip; úr dysinni hefur komið upp fúatimbur og hrossstönn.
Engihlíð	Eyðibýli í Fossárdal, þar sem sögur herma að hafi staðið kirkja. Munnmælasögur herma einnig að í næsta nágrenni hafi verið grafreitir dalsins.
Eskilshaugur / Úlfshaugur / Hrómundarhaugur	Haugar sem tengjast þjóðsögu um bræður þrjá Úlf, Eskil og Hrómund. Bræðurnir voru uppi á landnáms- eða söguöld og völdu sér bústaði í eyjum á Búlandsnesi, Þvottáreyjum í Hamarsfirði og Hrómundarey í Álftafirði. Sagt er að þeir bræður séu heygðir hver á sinni eyjunni sem bera nöfn þeirra. Í Hrómundarey var útræði fyrr á tímum og hefur Guðný Zoega kannað minjar þar á svæðinu og fundið að minnsta kosti merki um sjö grjótgarda, byrgi eða tóftir.
Fauskasel	Eyðibýli í grennd við Þvottáskriður. Þar stóð í árdaga sel sem síðar varð hjáleiga en fór í eyði fyrir mörgum öldum.
Flugustaðahellrar	Þar er sagður bústaður Flugu, völvu þeirrar eða skessu sem örnefni dalsins eru að líkindum sótt til. Hellarnir eru þrír, Búrhellir, Bríkarhellir og Háhellir.
Fossbrekkur	Fornt eyðibýli í Bragðavalladal. Fór í eyði 1609. Var byggt upp aftur 1826-1832. Sauðahús var þar frá Bragðavöllum til 1850.
Grenjaðarstaður	Eyðibýli í Flugustaðadal. Munnmæli herma að Grenjaðarstaður hafi staðið undir Grænbalaflalli og þar hafi verið kirkja. Talið er að mannvirki hafi eyðst í skriðuhlaupi.
Helgurák	Undir hæsta hamrabeltinu neðan undir Stekkahjalla í Hamarsfirði, utan við ytra Grjótgil er gróin rák, nefnd Helgurák eftir stúlku sem sagt er að flúið hafi þangað undan Tyrkjum, árið 1627 og falið sig, meðan ræningjar tóku 13 manns höndum heima á bæ að Hamri og drápu þar lasburða húsfreyju.
Hvannavellir	Eyðibýli í Múladal. Þótt jörðin hafi ekki verið setin í 120 ár sjást þar vegghleðslur af bæjarhúsum, brunnhúsi, hesthúsi, fjárrétt og fjárhúsum á þremur stöðum. Athyglisvert er að aðeins var búið í röska fjóra áratugi á Hvannavöllum (1840-1883).
Kambsel	Eyðibýli í Geithelladal. Bærinn byggðist 1833 sem hjáleiga á gömlu selstæði frá Geithellum. Kambsel fór í eyði 1980. Þar eru hlaðnar rústir.
Markúsarsel	Eyðibýli í Flugustaðadal. Þar var búið áður en selstaða og byggð var upp tekin á 19. öld. Síðar var haft þar í seli frá Flugustöðum frá því snemma á 19.öld, en Markúsarsel fór í eyði 1945. Þar eru miklar grjóthleðslur.
Mosfell	Eyðibýli í Flugustaðadal. Mosfell fór í eyði í kjölfar svarta dauða, en þar mótar greinilega fyrir tóftum.
Myrkvidalur	Hluti af afréttarsvæði Geithella og afbýla á fyrri tíð.
Preststeinn	Steinn nærri Þangbrandsbryggju sem Þangbrandur á að hafa notað sem altari við messugjörð.
Pysjubakki	Afbýli norðan Þvottár út frá samnefndum bæ.
Refstaðir	Eyðibýli í Hamarsdal. Býli sem talið er að farið hafi í eyði í kjölfar svarta dauða.

Tafla 33 (frh). Tillaga sveitarstjórnar Djúpavogshrepps um friðlýsingu þjóðminja í sveitarfélaginu skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001

Svæði / staðir	Lýsing
Ræningjalágar	Ræningjalágar eru oftast nefndar Lágar og skiptast um Lágarás í ytri og innri. Í Innrlág er þjófaklettur og leifar af byrgi, sem þjófar áttu að hafa komið sér upp áður fyrr.
Sel í Búlandsdal	Sel í mynni Búlandsdals austan Búlandsár. Sel þetta kom við sögu í Tyrkjaráninu, en þar handtóku ræningjar 11 manns frá Hálsi. Miklar rústir eru á staðnum og þykir líklegt að þar hafi fornbylíð Búland staðið og setur það Búlandsörnefnin á svæðinu í samhengi. Margt bendir til að Búland hafi í fyrstu verið aðaljörðin en byggð hafist á jörðinni Búlandsnesi samhliða eða eftir að Búland fór í eyði vegna rýrnandi landkosta. Síðar náði kirkjan á Hálsi tókum á hluta af landi Búlands, meðal annars Seli (Búlandi) á austanverðum Búlandsdal.
Sel í Starmýrardal	Þar er sporöskjulaga grjóthringur (8 x 6 m að innanmáli), hlaðinn fyrir 1859 og vallgrónar rústir.
Selnes	Á Selnesi neðan þjóðveggar við Lindarbrekku upp frá Hólmafjöru eru minjar um búsetu.
Styrmishöfn	Frá Styrmishöfn í Álftafirði var útræði allt fram undir miðja 20. öld. Minjar um naust á svæðinu.
Tunguhlíð	Fornt býli á mótum Hofsdals og Flugustaðadals, sem fór í eyði 1890 - 1920 og var þá haft í seli þar frá Markúsarseli. Tunguhlíð fór í eyði 1945.
Túngarður	Grjóthleðsla tveggja daufdumbra bræðra, í miðju ræktaðs lands í nágrenni við bæinn Bragðavelli í Hamarsdal.
Veturhús	Býli í Hamarsdal sem fór í eyði 1946, en þar stendur ennþá haganlega hlaðinn steingarður, nálægt bæjarrústum og eitt reynitré.
Virkishólasel	Eyðibýli í Geithelladal. Þar var búið með hléum á seinni hluta 19. aldar og aftur 1929 - 1942. Síðar var selið notað sem fjárhús frá Geithellum.
Víðines	Eyðibýli í Fossárdal. Þar voru fyrst beitarhús, en 1852 var byggt þar upp. Búið var sleitulaust á staðnum til 1944 og um tíma var þar þríbýli. Þarna eru töluverðar rústir.
Voghamrar	Bústaður Voga-Móra, sem átti sér skjól undir Klofasteini.
Völvuleiði	Á brekkuhjalli örskammt austan bæjarins á Hamri er Völvuleiði.
Þangbrandsbrunnur	Brunnur í landi Þvottár, en gömul munnmæli herma að Þangbrandur hafi vígt brunn þennan. Í brunninum er talið mjög gott vatn og enn er trú manna að vatnið sé heilagt og lækni meinsemdir bæði í mönnum og skepnum.
Þiðrandalág	Í túninu á Hofi er Þiðrandalág, sem er leiði Þiðranda sonar Síðu-Halls.
Þormóðshvammur (hvammar)	Þrískiptur hvammur í Geithelladal. Skiptist í Ystahvamm, Miðhvamm og Innstahvamm. Í Ystahvammi er ból með fjárbyrgi í klettum en í Innstahvammi stóð býlið Þormóðshvammur. Þar var búið 1852-1885 og að líkindum einnig fyrr.

Heimild: Hjörleifur Guttormsson (2002); Andrés Skúlason

Rétt er að vekja athygli á að þar til ofangreind vinna við friðlýsingu hefur náð fram að ganga, munu svæði / staðir sem taldir eru upp í töflu 23, njóta hverfisverndar (sjá nánar *kafli 5.10.3*).

Húsafriðun

Sveitarstjórn gerir að tillögu sinni að unnin verði húsakönnun fyrir sveitarfélagið í samstarfi við Húsafriðunarnefnd ríkisins og að henni lokinni verði tekin ákvörðun um hvort friðuðum húsum í sveitarfélaginu verði fjölgað (sjá einnig *kafla 3.2.3*).

Þá hefur sveitarstjórn Djúpavogshrepps ákveðið að óska eftir B-friðun á húsinu Geysi, sem er í eigu sveitarfélagsins og hýsir aðsetur sveitarstjórnar.



Leiðir til eflingar

- Tillögur sveitarstjórnar varðandi friðun þjóðminja í Djúpavogshreppi eru raktar í töflu 33 og mun tillögunum verða fylgt eftir á aðalskipulagstímabilinu.
- Stefnt skal að friðun þeirra þjóðminja sem merkar þykja samanber skýrslu Fornleifastofnunar Íslands „Menningarminjar í Djúpavogshreppi (FS 239-0319)“ og skal í samstarfi við þjóðminjayfirvöld ákvarða með hvaða hætti þjóðminjum, byggingum og öðrum mannvirkjum sem nefnd eru í *kafla 3.2* verði best haldið til haga og varðveitt til gagns fyrir framtíð svæðisins.
- Viss svæði í skipulagsáætluninni eru sett undir hverfisvernd þar sem þau fá viðurkenningu sem menningarsögulega merkileg svæði án þess að um lögformlega friðun sé að ræða (sjá nánar *kafla 5.10.3*).
- Stuðla þarf að rannsóknum og fræðslu um þær fjölbreyttu þjóðminjar sem finna má í sveitarfélaginu, meðal annars með gerð upplýsingabæklinga, korta og merkinga á þessum stöðum, sem og með því að auðvelda aðgengi að þeim.
- Stefnt skal að frekari viðgerðum og varðveislu eldri bygginga og annarra mannvirkja, sem merk þykja, í sveitarfélaginu (sjá nánar *kafla 4.10.3*).

5.10.3 Hverfisvernd

Skipulagsáætluninni er ætlað að skilgreina stefnu í verndunarmálum sem tryggir varðveislu náttúru- og menningarverðmæta.

Í lið 4.22.1 í skipulagsreglugerð segir um hverfisvernd: „Um hverfisverndarsvæði gilda sérstök ákvæði í skipulagsáætlunum sem sveitastjórnir hafa sett og kveða á um verndun eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, s.s. einstakra bygginga, mannvirkja eða húsabyrpinga, náttúruminja eða trjágróðurs sem æskilegt er talið að vernda vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarsögulegs gildis, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða.“

Þá segir í lið 4.22.2 í sömu reglugerð:

„Gera skal grein fyrir hvaða þættir í umhverfi viðkomandi svæðis skulu njóta forgangs og tiltekinnar verndunar og hvaða réttindi, skyldur og kvaðir eru samfara hverfisvernd fyrir stjórnvöld og borgara varðandi landnotkun og framkvæmdir.“



Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 eru gerðar tillögur um hverfisvernd á fjölmörgum svæðum sem merkileg þykja, ekki síst af hálfu heimamanna, vegna sérstæðrar náttúru, athyglisverðs fugla- og dýralífs, þjóðminja og merkra húsa.

Í aðalskipulagstillögunni er gert ráð fyrir hverfisvernduðum svæðum bæði innan þéttbýlisins á Djúpavogi sem og í dreifbýli. Hverfisvernduð svæði eru gróflega afmörkuð á aðalskipulagsuppráttum.

Í töflum 21 og 22 og á myndum 33 og 34 eru umrædd svæði talin upp og er notast við eftirfarandi viðmið við flokkun þeirra:

- Svæði sem flokkast undir jarðmyndanir:
 - *Um er að ræða svæði sem búa yfir sérstökum jarðmyndunum sem má ekki spilla með jarðraski, óviðeigandi gróðri eða mannvirkjagerð.*
- Svæði sem flokkast undir lífríki:
 - *Um er að ræða svæði sem búa yfir sérstöku lífríki og þar verður að miða við að ekkert sé þar aðhafst sem spillir sérstöðu þess.*
- Svæði sem flokkast undir menningarminjar:
 - *Um er að ræða svæði þar sem ekki má aðhafast neitt, sem rýrir gildi svæðanna sem menningarminja.*
- Svæði sem flokkast undir útsýnisstaði:
 - *Um er að ræða svæði þar sem útsýni er sérstaklega vítt og fagurt.*

Sveitarstjórn sér um að settum ákvæðum hverfisverndar sé fylgt eftir.

Hverfisvernd í þéttbýli

Innan þéttbýlisins á Djúpavogi er gert ráð fyrir fjölda hverfisverndaðra svæða / staða (sjá töflu 34) og er þar komið til móts við vilja fjölda íbúa á Djúpavogi (sjá fylgiskjöl I og II).

Tafla 34. Flokkun svæða og fyrirbæra innan þéttbýlismarkna Djúpavogs sem aðalskipulagstillaga gerir ráð fyrir að njóti hverfisverndar.

	Jarðmyndanir	Lífríki	Menningar- minjar	Útsýnisstaður
Borgarhóll	X			
Bóndavarða	X			X
Fjárrétt við Miðmorgunspúfu			X	
Hraun 1 (Sólhóll)			X	
Hraun 5 (Hraun) og umhverfi þess			X	
Hús í þéttbýli, sem byggð eru fyrir 1940			X	
Hvíldarklettur	X		X	
Höskuldsstaðir			X	
Klettabelti innan þéttbýlismarkanna	X			
Steinar 3 (Dalir)			X	

Tafla 34 frh. Flokkun svæða og fyrirbæra innan þéttbýlismarka Djúpavogs sem aðalskipulagstillaga gerir ráð fyrir að njóti hverfisverndar.

	Jarðmyndanir	Lífríki	Menningar- minjar	Útsýnisstaður
Svalbarðstangi		X		
Svæði umhverfis Djúpavog / Djúpavogshöfn og byggðin þar		X	X	
Svæði við gömlu kirkju, Steina 1 (prestsetur) og 3 (Dali)			X	

Hér á eftir eru talin upp þau svæði sem gerð er tillaga um að hverfisvernda og settur fram rökstuðningur fyrir þeim tillögum og þær meginreglur sem gilda um hvert svæði/stað fyrir sig.

1. Bóndavarða

Á Bóndavörðu er útsýnisskífa og þaðan er mjög gott útsýni til fjalla og út yfir eyjar og sund. Bóndavarða á sér einnig merka sögu en þaðan var gjarnan fylgst með skipum og bátum og er svo enn. Umhverfi Bóndavörðu er sérstakt og í stíl við aðrar fallegar klettastir og strýtur á svæðinu.

Gerð er tillaga um að varðan verði hverfisvernduð sem útsýnisstaður og náttúrufyrirbæri og henni má ekki spilla með jarðraski, trjágróðri eða öðru því sem getur valdið sjónrænni mengun.

2. Fjárrétt við Miðmorgunspúfu

Miðmorgunspúfa er hár og mikill klettur sem er hluti af löngu klettabelti er liggur í austur-vestur stefnu, að hluta með götunni Borgarlandi. Við vesturenda klettabeltisins er Miðmorgunspúfa og bak við hana er hlaðin fjárrétt. Réttin er byggð upp með stuðningi frá náttúrulegum klettabeltum með hlöðnum grjóttveggjum í milli og er álitin mikilvægur minnisvarði til framtíðar um handbragð og aðstæður bænda á svæðinu í fyrri tíð. Réttin hefur því fræðslugildi og gerð er tillaga um hverfisvernd sem söguminjar. Henni og næsta nágrenni má ekki raska eða spilla með neinum hætti.



3. Hraun 1 (Sólhóll)

Byggt um sama leyti og Dalir, þ.e. á fyrri hluta 20. aldar.

Gerð er tillaga um að hverfisvernda húsið vegna sögu og húsagerðar. Heildaryfirbragði þess má ekki spilla með nokkrum hætti.

4. Hraun 5 (Hraun) og umhverfi þess

Um er að ræða húsið Hraun og hlað fyrir framan húsið. Gerð er tillaga um að húsið og



nánasta umhverfi verði hverfisverndað sem söguminjar. Ekki má spilla heildaryfirbragði og samspili húss og nánasta umhverfi þess með nokkrum hætti.

5. Hús í þéttbýlinu sem byggð eru fyrir 1940

Um er að ræða 7 hús sem byggð eru fyrir árið 1940 og eru þau eftirfarandi:

- a. Borgargarður 1 (Borgargerði)
- b. Brekka 8 (Brekka)
- c. Brekka 12 (Gamla Lögberg)
- d. Eyjaland 1 (Holt)
- e. Hlíð 1 (Hlíð)
- f. Markarland 16 (Rjóður)
- g. Vogaland 4 (Framtíð)



Gerð er tillaga að hverfisvernd vegna sögu eða húsagerðar, með fyrirvara um niðurstöður húsakönnunar og eru húsin því ekki merkt sem hverfisvernduð á aðalskipulagsupprætti. Húsunum má ekki spilla með neinum hætti.

6. Hvíldarklettur

Klettur steinsnar norðan við hábrún Kaupstaðaklifs, þar hvíldu menn sig gjarnan á árum áður eftir að hafa gengið upp bratt Klifið, til dæmis með kolapoka á baki. Gerð er tillaga um hverfisvernd sem menningarminjar. Klettinum og næsta nágrenni má ekki raska eða spilla með neinum hætti.

7. Höskuldsstaðir

Um er að ræða eina af fáum þekktum tóftum innan þéttbýlisins. Gerð er tillaga um hverfisvernd sem menningarminjar. Þeim og næsta nágrenni má ekki raska eða spilla með neinum hætti.



8. Klettur innan þéttbýlismarka Djúpavogs

Fjórir meginberggangar skera þéttbýlið í suðvestur-norðaustur stefnu. berggangur gengur frá lóð við Borgarland 1 (Borg), með Borgarlandi, allt austur fyrir Steinsstaði. Þá liggur berggangur frá Hlíð að Víkurlandi og berggangur frá Sjólist með Hammersminni að Brennikletti. Ennfremur teygir berggangur sig frá Eyjalandi, um Bóndavörðu, í stefnu á Langatanga og lítill berggangur (Hlíðarendaklettur) liggur norðaustan við lóð við Steina 5 (Hlíðarhús) að gatnamótum Búlands og Vogalands. Um er að ræða bæði órofin klettabelti og stakar strýtur, sem eru einkennandi fyrir þéttbýlið á Djúpavogi. Gerð er tillaga um hverfisvernd vegna sérstæðra jarðmyndana. Þeim má ekki raska eða spilla með neinum hætti.

9. Steinar 3 (Dalir)

Athyglisvert hús, byggt á fyrri hluta 20. aldar. Var aðsetur læknis á svæðinu frá því að Búlandsnes var lagt niður sem læknissetur og þar til Hlynsalir vour byggðir upp úr 1960.

Gerð er tillaga um að húsið verði hverfisverndað sem menningar- og söguminjar. Heildaryfirbragði þess má ekki spilla með nokkrum hætti.

10. Svalbarðstangi

Tangi milli Gleðivíkur innri og ytri. Í klettum Svalbarðstanga verpur meðal annars töluvert af bjargdúfu og er um að ræða eitt af fáum varpsvæðum hennar á landinu og hefur því svæðið sem slíkt sérstöðu. Gerð tillaga um hverfisvernd vegna fuglalífs og ósnortinnar fjöru. Svæðinu má ekki spilla með jarðraski, trjágróðri eða öðru því sem getur valdið sjónrænni mengun. Öll hugsanleg mannvirkjagerð á svæðinu verður að falla vel að landslagi svæðisins og taka m.a. tillit til þess fugla- og dýralífs sem þar er.

11. Svæði umhverfis Djúpavog / Djúpavogshöfn og byggðin þar

Gert er ráð fyrir hverfisvernd á svæði sem markast af botni Brandsvíkur í suðri. Þaðan liggja mörkin að lóðarmörkum Vogalands 9 (Höfða) í austri, með lóðamörkum að Vogalandi og með götunni að Íshúskletti. Þar sveigja þau til austurs að neðri mörkum íbúðarbyggðar við Vörðu og með þeim til suðvesturs að Hammersminni. Þaðan sjónhending yfir í norðurenda Brennikledds og þaðan yfir í



suðvesturhorn lóðar við Bakka 1 (Geysi). Fylgir línan efri mörkum lóða við Bakka 1 (Geysi) og 3 (Sætún). Þaðan sjónhending yfir í suðausturhorn athafnalóðar við Mörk 3, norður með lóðamörkum að hafnarsvæði og með mörkum hafnarsvæðis fram í sjó í Djúpavogshöfn. Þaðan fylgir markalína fjöruborði yfir í suðurenda tanga í Brandsvík.

Um er að ræða fallega, ósnortna fjöru, umhverfi og byggð við Voginn.

Gerð er tillaga um hverfisvernd vegna ásyndar og lífríkis fjöru, fjölskrúðugs fuglalífs og byggðar umhverfis Voginn, sem er hjarta staðarins. Fjörunni má ekki spilla með jarðraski eða hverju því sem valdið getur mengun.

Þá þarf að vanda til allrar stefnumótunar varðandi skipulagsgerð og framkvæmdir á svæðinu og gæta þess að afhafast ekkert það sem valdið getur sjónrænni mengun eða spillt ásynd merkra bygginga á svæðinu.


12. Svæði við gömlu kirkjuna, Steina 1 (prestsetur) og 3 (Dali)

Gert er ráð fyrir hverfisvernd á svæði sem markast af lóðum gömlu kirkjunnar, Steinum 1 (prestseturs) og 3 (Dala). Gerð er tillaga um hverfisvernd vegna sérstöðu svæðisins í bæjarmyndinni, einkum er átt við rýmið sem húsin mynda sín á milli. Svæðinu má ekki spilla með neinu því sem dregur úr gildi þessa rýmis og húsanna þriggja umhverfis það.





Mynd 33. Helstu svæði í dreifbýli sem njóta hverfisverndar skv. Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020.



Mynd 34. Svæði í þéttbýli sem njóta hverfisverndar skv. Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020.

Hverfisvernd í dreifbýli

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 eru öll svæði, sem eru á Náttúruminjaskrá 1996, hverfisvernduð, að Blábjörgum í Berufirði undanskildum (sjá einnig *kafla 5.10.1*). Ennfremur er í aðalskipulagstillögunni gert ráð fyrir fjölmörgum öðrum hverfisvernduðum svæðum/stöðum (sjá töflu 35), en samkvæmt íbúakönnun meðal íbúa á Djúpavogi var töluverður áhugi á að unnið yrði að einhvers konar friðun svæða í sveitarfélaginu (sjá fylgiskjal I).

Tafla 35. Flokkun svæða utan þéttbýlis sem aðalskipulagstillaga gerir ráð fyrir að njóti hverfisverndar.

	Jarð- myndanir	Lífríki	Menningar- minjar	Útsýnis- staður
Hálsar og Hálsarætur	X		X	X
a. Bjargarrétt			X	
b. Gamli bærin að Búlandsnesi			X	
c. Hálsþorp	X		X	
d. Kambar í Kambshjáleigu	X			
Búlandsnes	X	X	X	
Eyfrejyunes – Sandbrekka		X		
Geithelladalur	X	X		
Hrómundarey			X	
Íbúðarhús af sérstakri gerð			X	
Rauðaskriða	X			
Sjávarbakki norðan Æðarsteinsvita		X		
Starmýrarteigar		X		
Svartagil	X			
Svæði sem stefnt er á að friðlýsa	X	X	X	
Tóftir í landi Lindarbrekku			X	
Þvottáreyjar		X	X	

Hér á eftir eru talin upp þau svæði og fyrirbæri, sem greint er frá í töflu 35 og gerð er tillaga um að hverfisvernda. Settur fram rökstuðningur fyrir þeim tillögum og þær meginreglur sem gilda um hvert svæði eða fyrirbæri fyrir sig.

1. Hálsar og Hálsarætur

Gert er ráð fyrir að hverfisvernda svæði sem skilgreint er í Náttúruminjaskrá 1996 sem Hálsar og Hálsarætur, sjá *kafla 2.7*.

Um er að ræða einstaka tiltölulega óraskaða landslagsheild nærri þéttbýli. Á svæðinu er m.a. að finna mjög fjölbreytilegt landslag með einstæðum jarðmyndunum, skógarreit og góð gróðurskilyrði. Einnig eru þar menningarminjar með mikið fræðslu- og rannsóknargildi.



Mörg svæði og fyrirbæri innan svæðisins eru sérlega áhugaverð og munu lúta sértækum skilyrðum hverfisverndar. Þau svæði eru eftirfarandi:

a. Bjargarrétt

Bjargarrétt er snyrtilega hlaðin fjárrétt undir Hálssum nánar tiltekið í Skógrækt Djúpavogs. Réttin liggur í norður-suður stefnu og u.þ.b. 20 m x 10 m að stærð, girt tveimur háum klettaveggjum á langhlið en hlaðin grjóti fyrir endum. Gerð

er tillaga um hverfisvernd sem söguminjar. Henni má ekki raska eða spilla með neinum hætti.

b. Gamli bærinn að Búlandsnesi

Bærinn, sem stóð við svokallað Setberg, nú í jaðri Skógræktar Djúpavogs, á sér mikla og merkilega sögu. Á svæðinu eru bæjarrústir og fallegar hleðslur annarra húsa er voru hluti af bænum. Búlandsnes var kristfjárrörð.

Tillaga er gerð um hverfisvernd vegna hlaðinna húsatófta. Um er að ræða menningarminjar, sem kalla á uppmælingu og rannsóknir. Þeim og nánasta umhverfi má ekki raska eða spilla með neinum hætti.

c. Hálsþorp

Hálsþorp stóð undir Hálssum sunnanverðum og minjar þar bera lífsbaráttu alþýðufólks við upphaf síðustu aldar gott vitni. Fyrir utan bæjarhólana sjálfa er fjölmennasti minjaflokkurinn útihús hverskonar en einnig eru minjar um útræði og sjósókn. Sammerkt er með býlunum sem stóðu í Hálsþorpi að þar var búið upp á gamla mátann og bæjarhús jafnt sem útihús byggð eftir fornu verklagi. Sökum þess að byggð lagðist af í Hálsþorpi áður en vélar urðu algengar við búskap hafa minjar og tún þar að miklu leyti sloppið við breytingar og skemmdir vegna seinni tíma framkvæmda. Af þeim sökum meðal annars, myndar svæðið undir Hálssum sérstaka minja- og náttúruheild sem tilvalið væri að varðveita sem útivistar- og minjasvæði og kynna það og merkja á viðeigandi hátt. Stórbrotin náttúra og minjahverfi Kambshjáleigu eru sérlega vel fallin til slíkrar kynningar en þar má enn greina merki um allar þær byggingar og garða sem stóðu þegar býlið var yfirgefið.

Gerð er tillaga um hverfisvernd sem menningarminjar og krefst allt jarðrask og mannvirkjagerð úttektar Fornleifaverndar ríkisins.

Ennfremur er gerð tillaga að hverfisvernd vegna jarðmyndana og má svæðinu ekki raska með neinum hætti nema að undangenginni úttekt Umhverfisstofnunar.

d. Kambar í Kambshjáleigu

Fallegar strýtumyndanir og klettakambar undir Hálsarótum í landi Kambshjáleigu. Gerð er tillaga um að svæðið verði hverfisverndað sem náttúrufyrirbæri og því og næsta nágrenni má ekki spilla með jarðraski, óviðeigandi trjágróðri eða öðru því sem getur valdið sjónrænni mengun.



2. Búlandsnes

Gert er ráð fyrir hverfisvernd á Búlandsnesi, sem markast að vestanverðu af fjöru við Kolpúfutanga í suðri og fylgir fjöruborði 50 m inn í land að Straumsnöfum, mitt á milli Hundavogs og Jakobsvogs. Þaðan liggja mörkin í beinni línu í norðaustur vestan Borgargarðsvatns að þéttbýlismörkum við vesturmörk lóðar Djúpavogskirkju og áfram með þéttbýlismörkum að Mönnutanga við austanverðan Djúpavog.

Undanskilið hverfisvernd er þó flugbraut, verslunar- og þjónustusvæði við norðurenda flugbrautar, nytjagarðar og vegir á svæðinu.

Um er að ræða einstaka tiltölulega óraskaða landslagsheild nærri þéttbýli.

Á svæðinu er m.a. að finna mörg fjölbreytileg vötn, bæði ferskvötn og ísölt vötn, sjávarkletta, klettabelti, sendnar fjörur, mólendi, eyjar, flæðilönd og eyrar. Á svæðinu er mjög tegundaríkt fugla- og dýralíf, auk menningarminja með mikið fræðslu- og rannsóknargildi. Gæta verður þess að svæðið haldi gildi sínu og eiginleikum.

Sérlega áhugaverð svæði á Búlandsnesi eru eftirfarandi:

a. Borgargarðsvatn

Vatn (um 6 ha að stærð) á vestanverðu nesinu. Um er að ræða tegundaríkt fuglasvæði, líkt og á við um önnur vötn á Búlandsnesi. Vatnið er árlegur viðkomustaður margra fuglategunda. Vatnið þykir kjörinn staður fyrir áhugamenn um fuglaskoðun og hefur sem slíkt mikið fræðslugildi.

b. Bóndavörðuvatn

Vatn (um 1,4 ha að stærð) austan megin á Búlandsnesi sunnan við Langatanga og skammt austur af Bóndavörðuhrauni. Mikið fuglalíf er á Bóndavörðuvatni sem skýrist að hluta til af töluverðu sefi í og við vatnið vestanvert. Flórgoði og lómur verpa þar að jafnaði ásamt nokkrum andategundum.

c. Breiðivogur

Vatn (um 8 ha að stærð) rétt sunnan við Fýluvog. Vatnið er að hluta til salt þar sem á stórstraumsflóði rennur sjór þvert yfir Grunnasund og í Breiðavog. Vatnið er nokkuð einkennandi fyrir ákveðnar tegundir fugla sem hafa þar fasta árlega viðkomu og eða verpa á svæðinu. Við Breiðavog má oft sjá fugla eins og brandendur, toppendur svo og aðrar tegundir andfugla.



d. Fjörur

Á svæðinu eru bæði malarfjörur og hreinar sandfjörur milli sjávarkletta og fallelgra bergganga. Á nokkrum stöðum má sjá minni hella og helliskúta, s.s. í Teisthólma, Hvaley og Sandey.

e. Fýlúvogur

Vatn (um 4,5 ha að stærð) á Búlandsnesi, í næsta nágrenni við Djúpavog á sér merka sögu þar sem þess er getið að Hamborgarar hafi fyrst fengið leyfisbréf til verslunar við Berufjörð árið 1589. Á svæðinu eru menningarminjar, sem kalla á uppmælingu og rannsóknir.

Einnig er á Fýlúvogi mikið fuglalíf, m.a. mikill fjöldi andategunda. Þar er meðal annars búsvæði mikils fjölda skúfandar sem kemur árlega á vatnið. Þá verpa þar einnig sjaldséðari fuglar eins og skeiðendur og gargendur. Flórgoði og lómur eru sömuleiðis árvissir gestir á Fýlúvogi. Ennfremur verpur hettumáfur mikið við vesturhluta vatnsins.



f. Grjóteyrarvatn

Vatn (um 1,2 ha að stærð) á austanverðu Búlandsnesi vestan Grjóteyrartanga. Við vatnið verpur meðal annars lómur og hefur þar árvissa viðkomu.

g. Grunnasund

Flæðiland, þar sem gætir mikilla sjávarfalla. Sundið er kjörsvæði margra vaðfuglategunda.

h. Hvaleyjarvatn

Vatn (um 0,03 ha að stærð) í Hvaley syðst á Búlandsnesi, við vatnið verpur meðal annars æðarfugl í töluverðum mæli.

i. Landfastar eyjar

Á Búlandsnesi er að finna landfastar eyjar sem margar hverjar voru umflotnar sjó um miðja síðustu öld. Í þeim má finna ýmis ummerki um nytjar (m.a. sláttu og fuglatekju) og mannvistarleifar frá fyrri tíð.


j. Loftskjól

Einstaklega fallegur berggangur er liggur suðvestur-norðaustur yfir Búlandsnes skammt utan við Bóndavörðu.

k. Nýjalón

Grunnt vatn (um 16 ha að stærð) sem tók að myndast og stækka ört eftir 1980.

Vatnið er við langhlið flugvallar, skammt frá Fýlúvogi og Breiðavogi og teygir sig vestur að Hrísey. Fjölbreytt lífríki er á Nýjalóni en þar má meðal annars sjá kríu í varpi í hólma vestan við flugbraut. Þá halda álfir og grafendur ásamt öðrum andategundum sig oft á Nýjalóni og inn af svokölluðum Selabryggjum sem liggja við norðurenda lónsins. Gerð er tillaga um hverfisvernd á útlendi Búlandsness vegna landslagsheildar, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Mikilvægt er að landslagi sé ekki spillt og verður því öll hugsanleg mannvirkjagerð á svæðinu að falla vel að landslagi þess og taka fullt tillit til jarðmyndana og lífríkis. Gæta þarf þess að vatnabúskap sé ekki spillt. Þá ber að vinna að endurheimt votlendis á svæðinu.



Innan þess svæðis á Búlandsnesi sem aðalskipulagstillagan gerir ráð fyrir hverfisvernd, það er á söndunum, hefur um árábil verið efnistaka við suðurenda flugvallarins. Marka skal sérstakar reglur þannig að efnistaka sé unnin í sátt við skilyrði hverfisverndar og þess gætt að möguleikum til útivistar sé ekki ógnað.

3. Eyfreyjunesvík – Sandbrekka

Á svæðinu frá Eyfreyjunesvík að Sandbrekku við Berufjörð, með sjávarbökkum er æðarvarp nýtt frá bænum Framnesi sem stendur á Eyfreyjunesi. Í Eyfreyjunesi er mikilvægur varpstaður meðal annars teistu og bjargdúfu en svæðið er meðal fárra varpsvæða bjargdúfu á landinu.

Um er að ræða fuglasvæði sem er mjög áhugavert til fuglaskoðunar og gerð tillaga um hverfisvernd vegna fuglalífs. Svæðinu má ekki spilla með jarðraski, trjágróðri eða öðru því sem getur valdið sjónrænni mengun. Öll hugsanleg mannvirkjagerð á svæðinu verður að falla vel að landslagi þess og taka tillit til þess fugla- og dýralífs sem þar er.

4. Geithelladalur

Í tillögum að Náttúruverndaráætlun 2004 – 2008 segir: „Gróinn dalur inn af Álfafirði með vöxtulegu kjarri og skógarteigum kringdur litríkum og háum fjöllum. Birkiskógur með sérstæðu gróðurfari, m.a. nokkrar sjaldgæfar fléttur. Tilvalið útivistarsvæði.“ Gerð er tillaga um að dalurinn verði hverfisverndaður vegna gróðurfars og honum má ekki spilla með efnistöku eða öðru jarðraski, né heldur gróðursetningu annarra tegunda en birkis. Þá gilda fyrir skóginn lög um skógrækt frá 1955 og lög nr. 44/1999 um náttúruvernd.

5. Hrómundarey

Landfastar eyjar við norðurenda Starmýrarfjara, þar sem Hrómundur er sagður heygður. Þar eru umtalsverðar menningarminjar, sem sumar hverjar gætu verið mjög gamlar og gætu því haft mikið fræðslugildi.

Gerð er tillaga um að eyjarnar verði hverfisverndaðar sem menningarminjar og þeim má ekki spilla með jarðraski eða öðru því sem getur valdið sjónrænni mengun.



6. Íbúðarhús af sérstakri gerð

Um er að ræða 10 íbúðarhús í dreifbýli með sérstakan byggingarstíl og eru þau talin upp í *kafli 3.2.3*. Gerð er tillaga um hverfisvernd vegna húsgerðar, með fyrirvara um niðurstöður húsakönnunar (sjá *kafli 3.2.3*) og eru húsinn því ekki merkt sem hverfisvernduð á aðalskipulagsuppdraetti. Húsunum má ekki spilla með neinum hætti.

7. Rauðaskriða

Mjög sérkennilegar bergmyndanir og laus möl í hlíðum í Hamarsfirði. Mjög áberandi frá þjóðvegi. Gerð er tillaga um að skriðurnar verði hverfisverndaðar sem náttúrufyrirbæri og þeim má ekki spilla með jarðraski, trjágróðri eða öðru því sem getur valdið sjónrænni mengun.

Gæta verður þess að vernda sérstaklega stórar fastar rauðbergsmyndanir uppi í hlíðum fjallsins og þær sem eru mest áberandi frá þjóðvegi. Efnistaka verði þó leyfð á föstu bergi í takmörkuðum mæli á sérstaklega afmörkuðu svæði sem

gildandi samningur kveður á um. Gengið skal frá vegstæði að rauðabergsnámu með fullnægjandi hætti samkvæmt samningi þegar efnistöku er lokið. Lausu rauðamölinu úr skriðunum má aðeins nýta af Djúpavogshreppi til minniháttar nota t.d. til skreytinga á húsum o.s.frv.

8. Sjávarbakki í Norðurlandi

Fjara frá Sandbrekku við Berufjörð, 100 m belti að Háuklettum við Innri Gleðivík. Mikilvægt varplendi kríunnar er á norðanverðu Búlandsnesi skammt ofan sjávarbakka norðan við Æðarsteinsvíta. Gerð tillaga um hverfisvernd vegna fuglalífs. Landslagi og vatnabúskap má ekki spilla með jarðraski, trjágróðri eða öðru því sem getur valdið sjónrænni mengun. Öll hugsanleg mannvirkjagerð á svæðinu verður að falla vel að landslagi svæðisins og taka tillit til þess fugla- og dýralífs sem þar er.

9. Stormýrarteigar

Stormýrarteigar í Álftafirði eru mjög mikilvægur viðkomustaður anda og vaðfugla. Svæðið er m.a. einn allra mikilvægasti viðkomustaður jaðrakans á landinu, sem fer þar um í þúsundtali á vorin en talið er að um 25% stofnsins fari þar um ár hvert.

Þá fellir talsvert af álfum og grágæsum flugfjaðrir á svæðinu.

Stormýrarteigar eru mjög tegundaríkt fuglasvæði og því mjög eftirsóknarvert fyrir áhugamenn um fuglaskoðun og hefur sem slíkt mikið fræðslugildi. Gerð er tillaga um hverfisvernd vegna lífríkis. Svæðinu má ekki spilla með jarðraski, trjágróðri eða öðru því sem getur valdið sjónrænni mengun. Öll hugsanleg mannvirkjagerð á svæðinu verður að falla vel að landslagi svæðisins og taka tillit til þess fugla- og dýralífs sem þar er.



10. Svartagil

Mjög áberandi framskrið í landi Hvannabrekku er dæmi um mikið framskrið sem sést vel frá Þjóðvegi. Gerð er tillaga um að svæðið verði hverfisverndað sem náttúrufyrirbæri og því má ekki spilla með jarðraski, trjágróðri eða öðru því sem getur valdið sjónrænni mengun.

11. Svæði / staðir sem stefnt er á að friðlýsa

Í töflu 34 eru talin upp 15 svæði / staðir og í töflu 35 eru talin upp 36 svæði / staðir sem sveitarstjórn hefur samþykkt að leita eftir friðun á, á skipulagstímabilinu. Gerð er tillaga um að hverfisvernda þessi svæði / staði uns friðun nær fram að ganga. Þessum svæðum / stöðum má ekki raska eða spilla með neinum hætti.

13. Vitar

Í töflu 14 eru taldir upp vitar í Djúpavogs-hreppi. Gerð er tillaga um að hverfisvernda þá sem menningaminjar, enda sérstök mannvirki, sem bera byggingasögu 20. aldar vitni. Vitunum og nánasta umhverfi þeirra má ekki breyta með neinum hætti.



14. Þvottáreyjar

Eyjaklasi í mynni Hamarsfjarðar.

Eyjarnar eru taldar tólf með

smáhólmum. Í

eyjunum eru

menningarminjar.

Gerð er tillaga um að

eyjarnar verði

hverfisverndaðar sem menningarminjar og þeim má ekki spilla með jarðraski eða öðru því sem getur valdið sjónrænni mengun.



Hverfisvernd er merkt á aðalskipulagsupprætti og þéttbýlisupprætti með hvítum strikum yfir aðra landnotkun (sjá einnig myndir 30 – 34).

Leiðir til eflingar

- Þar sem hverfisvernd felur ekki í sér lögformlega friðun, er mikilvægt að sveitarstjórn gæti þess að hverfisvernduðum svæðum verði ekki spilt heldur verði þau nýtt í þágu fræðslu, rannsókna og ferðamennsku. Vinna þarf að frekari kynningu og upplýsingum um þessi svæði með markvissum hætti.
- Stefnt skal að því að sveitarstjórn óski eftir að Umhverfisstofnun vinni að friðlýsingu þeirra svæði sem hverfisvernd nær til, í náinni samvinnu við landeigendur.

5.10.4 Vatnsvernd

Skipulagsáætluninni er ætlað að skilgreina og flokka vatnsverndarsvæði.

Í lið 4.21.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 segir:

„Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir og flokka verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum. Þá skal einnig gera grein fyrir og flokka verndarsvæði vatnsbóla.“

Í 9. gr. reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn segir: *„Umhverfis hvert vatnsból skal heilbrigðisnefnd ákvarða vatnsverndarsvæði, sem skiptist í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði, sbr. reglugerð um varnir gegn mengun vatns [nr. 533/2001 um breytingu á reglugerð nr. 796/1999]“.*

Í reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns segir:

- *„Til þess að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns og til þess að vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi skulu heilbrigðisnefndir flokka vatn í samræmi við 9. og 10. gr. og með hliðsjón af fylgisskjali með reglugerðinni. Heilbrigðisnefndir skulu skilgreina langtímamarkmið fyrir vatn og miða þau við flokka A og B, sbr. 9. gr.*
- *Flokkun vatns gildir um yfirborðsvatn og grunnvatn hvarvetna á landinu. Á skipulagsupprætti aðalskipulags skulu koma fram langtímamarkmið.*

- *Sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir skulu grípa til aðgerða sem miða að því að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns. Jafnframt skal grípa til úrbóta ef ástand vatns hrakar eða ef það er lakara en ástandsflokkun sbr. 9. gr. gerir ráð fyrir.“*
- Samkvæmt 9. gr. reglugerðarinnar telst flokkur A vera ósnortið vatn og flokkur B lítið snortið vatn.
- Í 11. grein sömu reglugerðar segir: „Aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að ná megi markmiðum um að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns eru [m.a.]:
 - kortlagning viðkvæmra svæða og mengaðra svæða.
 - kortlagning svæða sem skulu njóta sérstakrar verndar vegna sérstöðu eða nytja af ýmsu tagi, svo sem vegna lífríkis, jarðmyndana eða útivistar.
 - að gera aðgerðaáætlanir fyrir vernduð og viðkvæm svæði m.a. með því að framfylgja starfsreglum um góða búskaparhætti og góða starfsemi við aðra starfsemi, svo sem með takmörkunum í skipulagsáætlunum.“
- Í 9. gr. reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri segir:
- „Viðkomandi heilbrigðisnefnd skilgreinir og kortleggur sérstaklega vatnasvæði sem talin eru viðkvæm og hafa lítið viðnám gegn köfnunarefnismengun, eru menguð eða gætu mengast af völdum köfnunarefnis, sbr. viðmiðanir í l. viðauka, ef ekki er gripið til sérstakra aðgerða til verndar.
- Viðkomandi heilbrigðisnefnd sendir Umhverfisstofnun yfirlit og kort yfir vatnasvæði. Stofnunin metur í ljósi aðsendra upplýsinga hvort um viðkvæmt vatnasvæði er að ræða og gefur út lista yfir þau. Viðkvæm vatnasvæði skal tilgreina í skipulagsáætlunum. Við gæðaflokkun og kortlagningu skal fara eftir ákvæðum reglugerðar um varnir gegn mengun vatns eftir því sem við á.
- Við gerð skipulagsáætlana skal byggja á gögnum heilbrigðisnefndar og lista og skal Umhverfisstofnun kynna hlutaðeigandi sveitarfélögum, landbúnaðar-ráðuneyti og Skipulagsstofnun efni listans.“

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 er gert ráð fyrir vatnsverndarsvæði, fyrir þéttbýlið á Djúpavogi, á Búlandsdal og er það sýnt á skipulagsupprætti. Vegna skorts á upplýsingum um vatnsból og vatnsverndarsvæði á einstökum jörðum utan þéttbýlis eru þau ekki sýnd aðalskipulagsupprætti.

Leiðir til eflingar

- Stefna þarf að því að flokkun vatns og skilgreining á langtímamarkmiðum um varnir gegn mengun vatns fari fram í sveitarfélaginu, hið fyrsta. sjá kafla 3.8.1.
- Stefnt er að því að árið 2011 verði lokið við afmörkun vatnsverndarsvæða í sveitarfélaginu og veitingu starfsleyfa fyrir þau vatnsból, sem falla undir ákvæði 12. gr. reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn.
- Stefnt skal að því að öll byggð í dreifbýli hafi fengið viðurkenndar rotþrær fyrir 1. janúar 2011.

5.11 Opin svæði til sérstakra nota

Stefnt er að því að hafa opin svæði til sérstakra nota aðlaðandi og áhugaverð.

Í kafla 4.12.1 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 segir:

„Opin svæði til sérstakra nota eru svæði með útivistargildi á einn eða annan hátt þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við þá starfsemi sem þar er stunduð, s.s. tjald- og hjólhýsasvæði, skruðgarðar, kirkjugarðar, leiksvæði, íþróttasvæði, golfvöllir, [...] skautasvæði, siglingaaðstaða, hesthús og reiðvöllir, rallýbrautir og skotvöllir. Einnig garðlönd og trjáræktarsvæði.“

Þá segir í kafla 4.12.2 í sömu reglugerð:

„Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir þeim svæðum sem skilgreind eru sem opin svæði til sérstakra nota. Gera skal grein fyrir meginráttum svæðanna og skýra helstu atriði sem varða útivistaraðstöðu og tengsl þeirra við byggð.“

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 er gert ráð fyrir opnum svæðum til sérstakra nota bæði innan þéttbýlisins á Djúpavogi og í dreifbýli. Svæðin eru merkt með dökkgrænum lit.

5.11.1 Opin svæði til sérstakra nota í þéttbýli

Aðalskipulagstillagan gerir ráð fyrir nokkrum svæðum til sérstakra nota innan þéttbýlisins á Djúpavogi og er afmörkun þeirra sýnd á þéttbýlisupprætti aðalskipulagsins. Eru svæðin eftirfarandi:

1. Tjald- og hjólhýsasvæði

Í Aðalskipulagi Búlandshrepps og Djúpavogs 1989 – 2009 var gert ráð fyrir uppbyggingu tjaldsvæðis við Miðhús. Svæðið er miðsvæðis í þéttbýlinu, nærri verslun og hvers konar þjónustu sem boðið er upp á. Í íbúakönnun meðal íbúa Djúpavogs kom fram almenn ánægja með tjaldsvæðið og staðsetningu þess. Í núverandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir að svæðið stækki til suðvesturs.

2. Leiksvæði

Gert er ráð fyrir leiksvæðum á eftirfarandi stöðum:

- a. Við Borgarland.
- b. Við enda Brekku.
- c. Við Hamra.
- d. Við tjaldsvæði.

3. Íþróttasvæði

Gert er ráð fyrir íþróttasvæðum á eftirfarandi stöðum:

- a. Íþróttasvæði Neista í Blánni.
- b. KSÍ-sparkvöllur í Vörðu við sundlaug.

4. Útivistarsvæði

Gert er ráð fyrir útivistarsvæðum til sérstakra nota á eftirfarandi svæðum:

- a. Á Bjargstúni.
- b. Á svæði vestan við dvalarheimili aldraðra.
- c. Í fjöru í botni Djúpavogs frá Íshússkletti að hafnarsvæði.
- d. Í fjöru í botni Gleðivíkur ytri frá hafnarsvæði að Sæbakka.
- e. Austan við íbúðarbyggð við Hammersminni.
- f. Milli Borgarlands og Hlíðargötu.



5. Frístundabúskapur

Í Aðalskipulagi Búlandshrepps og Djúpavogs 1989 – 2009 var gert ráð fyrir smábúskap og garðlöndum í lægðinni norðan Borgarlands. Eins og segir í *kafla 4.4* hefur landnotkun á því svæði verið breytt og gerir aðalskipulagstillagan ráð fyrir svæði undir frístundabúskap í Löngulág, sunnan Gleðivíkur innri. Markast svæðið að norðanverðu við lóð spennustöðvar og athafnasvæðis en vesturmörk frístundasvæðisins liggja til suðurs í átt að Borgarhól, þaðan um 200 m til austurs og áfram í nánast hornréttu stefnu til norðurs aftur að mörkum lóðar undir athafnasvæði.

Innan svæða sem ætluð eru fyrir frístundabúskap gilda sértækar reglur, samanber *kafla 4.11.3*.

5.11.2 Opin svæði til sérstakra nota í dreifbýli

Í aðalskipulagstillögunni er víða gert ráð fyrir opnum svæðum til sérstakra nota í dreifbýli og eru þau svæði merkt sérstaklega inn á aðalskipulagsuppdrátt.

Svæðin eru sem hér segir:

1. Tjaldsvæði


- Í Berunesi I.
- Á Eyjólfstöðum.
- Í Gautavík.
- Í Lindarbrekku.

2. Golfvellir

- Í landi Hamars.

3. Skógarreitir

- Svæði Skógræktar Djúpavogshrepps undir Hálsum. Gert er ráð fyrir að svæðið stækki frá núverandi svæði, til samræmis við hugmyndir íbúa (sbr. fylgiskjal I).
- Svæði Skógræktarfélagsins Kvists í landi Bragðavalla.
- Reitur skógræktarfélagsins í Álftafirði í landi Hofs.



4. Nytjagarðar

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 er gert ráð fyrir nytjagörðum á svæði ofan Búlandshafnar í grennd við svæði fyrir akstursíþróttir.

Að öðru leyti skal svæðið markast af hraunum beggja vegna Bláinnar og fylgja því svæði sem ræktað hefur verið og hefur manngerða skurði að geyma.

5. Afmarkað svæði (um 3 ha) fyrir hundaeigendur í þéttbýli

Gert er ráð fyrir sérstöku svæði inn á Hermannastekkom nánar skilgreint þar sem tjaldsvæðið var, um 200 m ofan Hringvegar, þar sem hundaeigendur í þéttbýli geta leyft hundum sínum að ganga lausum. Leggja skal áherslu á að merkja svæði þetta sérstaklega til upplýsingar fyrir hundaeigendur (sjá einnig *kafla 5.11.4*).

6. Svæði (um 1,5 ha) fyrir akstursípróttir ofan Búlandshafnar

Markað hefur verið sérstakt svæði innan girðingar milli ræktaðra túna ofan við Búlandshöfn, fyrir vélhjólbraut. Gert er ráð fyrir að svæðið verði með nýtingamöguleika allt árið fyrir torfæruhjól og innan þess verði eigendum torfæruhjóla leyft að útbúa sérstaka torfærubraut (sjá einnig *kafla 5.11.4*).

7. Reitir innan frístundabyggðar

Innan þeirra reita sem afmarkaðir eru fyrir frístundabyggð skal í deiliskipulagi gera ráð fyrir leiksvæðum, ræktunarsvæðum og öðrum opnum svæðum og sýna samruna þessara svæða við byggðina.

5.11.3 Reglur um frístundabúskap

Um árabíl hefur frístundabúskapur verið stundaður meðal íbúa Djúpavogs. Í aðalskipulagstillögunni er svæði í Löngulág, afmarkað undir slíka landnotkun. Þá er mörkuð skýr stefna og settar eftirfarandi reglur um slíkan búskap innan þéttbýlismarkanna, en þær byggjast á samþykkt sveitarstjórnar og eru eftirfarandi:

1. Lóðin er leigð til 20 ára frá útgáfudegi lóðarleigusamnings en lóðin fellur að þeim tíma liðnum aftur til Djúpavogshrepps. Verði samningurinn þá framlengdur skal samið um leigukjör að nýju.
2. Í leigu eftir lóðina greiðir leigutaki 1% af fasteignamati lóðarinnar. Gjaldtagi á leigu eftir lóðina skal vera í samræmi við reglur sveitarfélagsins hverju sinni um greiðslu fasteignagjalda.
3. Leigutaka er óheimilt, eftir að hann hefur byggt á lóðinni, að framselja eða láta af hendi á annan hátt til einstaklinga, stofnana eða félaga, hluta af óbyggðri lóð þessari. Vilji leigutaki láta af hendi hluta af óbyggðri lóð, ber honum að tilkynna það sveitarstjóra Djúpavogshrepps. Telji Djúpavogshreppur þá rétt að taka við óbyggðum hluta af lóðinni, fellur hann aftur til sveitarfélagsins, þó að óskertum rétti veðhafa í lóðarréttindum. Falli hluti af óbyggðri lóð aftur til Djúpavogshrepps, getur sveitarfélagið, ef sveitarstjórn þykir ástæða til, látið meta umbætur, sem gerðar hafa verið á lóðinni (sem eigi brjóta í bága við lóðarsamning) og keypt þær eftir samkomulagi við leigutaka eða eftir mati óvilhallra, dómkvaddra manna.
4. Með framanrituðum takmörkum er leigutaka heimilt að framselja og veðsetja leigurétt sinn til lóðarinnar í heild, ásamt húsum og mannvirkjum þeim, sem á lóðinni verða gerð og sem eigi fara í bága við lóðarsamning þennan. Réttur veðhafa til veðs í leiguréttinum skal haldast að öllu leyti óskertur, þótt leigutaki hafi ekki fullnægt skuldbindingum þeim, sem hann hefur undirgengist gagnvart lóðareiganda með þessum leigusamningi, enda hvíli skuldbindingarnar á lóðinni og færast yfir á veðhafa eða aðra, sem öðlast leiguréttinn úr höndum hins upphaflega leigutaka. Brot á leiguréttinum varðar því þá, sem síðar fá lóðina til afnota, hinum sömu viðurlögum og hinn upphaflega leigutaka.
5. Leigutaka er skylt að halda uppi girðingum, eða merkjum fyrir lóðinni, sem sveitarstjórn samþykkir.
6. Leigutaki greiðir alla skatta og skyldur, sem hvíla á lóðinni, eða sem kunna að verða lagðar á lóðina til almennra þarfa, Djúpavogshreppi að skaðlausu.
7. Byggingar og önnur mannvirki eru í veði fyrir skilvísun greiðslum leigunnar að óskertum rétti löglegra samningsveðhafa.

8. Verði lóðargjaldið ekki greitt á gjalddaga, má taka það lögtaki samkv. lögum nr. 29 frá 1885, um lögtak og fjárnám, án undangengins dóms eða sáttar.
9. Leigutaki hefur fyrirgert lóðarrétti sínum og lóðin fellur aftur til sveitarfélagsins ef hann brýtur gegn ákvæðum samnings þessa.
10. Innan eins árs frá undirritun samnings þessa skal leigutaki hafa lokið frágangi húss/húsa að utan og flutt brott af henni allt sem til óprýði er. Varðandi umgengni um hina leigðu lóð gilda á hverjum tíma reglur sveitarfélagsins um útlit slíkra svæða og/eða opinberar reglur um umhverfismál, sem sveitarfélaginu ber að sjá til að virtar séu. Geymsla tækja eða hluta, sem ekki tengjast beint frístundabúskap leigutaka er stranglega bönnuð, án leyfis leigusala. Fullnægi leigutaki ekki ákvæðum þessarar greinar, er sveitarstjórn heimilt að láta snyrta hina leigðu lóð og mannvirki á kostnað leigutaka og eftir fyrir mælum heilbrigðisnefndar. Til tryggingar greiðslu fyrir verkið er lögtaksréttur í húsum og öðrum mannvirkjum á lóðinni, samkvæmt lögum nr. 29 frá 1885.
11. Í samræmi við ákvörðun sveitarstjórnar Djúpavogshrepps frá 16. apríl 2003 og með vísan til þess að litið er svo á að í nágrenni við þéttbýlið á Djúpavogi verði eingöngu um frístundabúskap að ræða, er kveðið á um að hámarksfjöldi búfjár, sem ásett yrði að hausti, verði sem hér greinir: Fullorðnar kindur/gimbrar = 10 og hrútar = 2. Sé um hestabúskap að ræða er hámark hesta = 4. Um heimild til að halda annað búfé, eða fjölga því skv. ofanrituðu, þarf að semja sérstaklega.

5.11.4 Reglur um útivistarsvæði á Búlandsnesi.

Vegna almenns áhuga fólks til að nýta svæðið úti á Búlandsnesi til ýmis konar afþreyingar og útivistar, er gert ráð fyrir í aðalskipulagstillögunni, að komið verði á árstíðabundinni nýtingu á svæðinu.

- Tímabilið 1. apríl – 31. ágúst. Öll umferð vélknúinna ökutækja svo og lausra hunda er óleyfileg um sandana, enda önnur svæði skipulögð í þeim tilgangi.
- Tímabilið 1. september – 31. mars. Leyfð er umferð ökutækja um sandana svo og umferð lausra hunda.

Ástæður árstíðabundinnar nýtingar á svæðinu eru að á tímum þar sem umferð vélknúinna ökutækja og lausra hunda er óheimil er gróður, fugla- og dýralíf á viðkvæmu stigi, auk þess sem umrætt tímabil er sá tími sem fólk almennt kys að stunda útivist, svo sem göngur, fugla-skoðun og aðra náttúruupplifun.



Svæðið verður því á umræddu tímabili, auglýst sem fjölskylduvænt útivistarsvæði enda möguleikarnir fjölmargir í þeim efnum.

5.12 Óbyggð svæði

Í gr. 4.13.1 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 segir eftirfarandi:

„Óbyggð svæði eru opin svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks og þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð, þ.m.t. skógræktarsvæði önnur en nytjaskógrækt á bújörðum og landgræðslusvæði.“

Þá segir í gr. 4.13.2 í sömu reglugerð:

„Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir þeim svæðum sem skilgreind eru sem óbyggð svæði.“

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 er gert ráð fyrir óbyggðum svæðum bæði innan þéttbýlismarka Djúpavogs og í dreifbýli.

5.12.1 Óbyggð svæði í þéttbýli

Innan þéttbýlismarka er gert ráð fyrir óbyggðum svæðum á öllum svæðum sem ekki hafa verið skilgreind undir aðra landnotkun. Í aðalskipulagstillögunni er talsvert af óbyggðum svæðum innan þéttbýlisins sett undir skilyrði hverfisverndar, samanber kafla 4.10.3.

5.12.2 Óbyggð svæði í dreifbýli

Í dreifbýli er gert ráð fyrir óbyggðu svæði á Búlandsnesi neðan Hringvegar, frá landamerkjum við Hlauphóla að sunnanverðu og að Teigarhorni að norðanverðu. Að auki er gert ráð fyrir óbyggðu svæði á 100 metra breiðu belti frá fjöruborði til lands, frá Grjótgarðstanga að Kolþúfutanga. Undanskilið skilgreiningunni óbyggð svæði neðan Þjóðvegur er þéttbýlissvæðið á Djúpavogi, svæði til sérstakra nota fyrir akstursípróttir norðan Búlandshafnar, svæði til sérstakra nota fyrir skógrækt, fyrirhugaðir nytjagarðar norðan Búlandshafnar, fyrirhugað losunarsvæði fyrir garðaúrgang o.fl., flugbraut og það sem henni við kemur.

5.13 Samgöngur

Skipulagsáætluninni er ætlað að skilgreina núverandi samgöngukerfi og setja fram nýjar samgönguleiðir.

Samkvæmt gr. 4.16.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 skal í aðalskipulagi „gera grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum samgöngumannvirkjum, s.s. þjóðvegum og höfnum, svo og helstu umferðaræðum og tengingum við þær. Einnig skal gera grein fyrir flugvöllum og áhrifasvæðum þeirra, sbr. ákvæði laga um loftferðir og skipulagsreglur settar á grundvelli þeirra fyrir viðkomandi flugvelli. Gera skal grein fyrir umferð um helstu vegi og önnur helstu samgöngumannvirki við skipulagsgerð og áætlaðri þróun umferðar á skipulagstímabilinu.“



5.13.1 Vegir

Lögð verður áhersla á að auka öryggi vegfarenda með fullkomnum samgöngubótum og viðhaldi vega í sveitarfélaginu.

Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 – 2020 tekur aðeins til stofn- og tengivega í sveitarfélaginu, en í *kafla 3.7.1* er gerð grein fyrir helstu vegum sveitarfélagsins.

Vegir í þéttbýli

Innan þéttbýlisins á Djúpavogi er ekki gert ráð fyrir breytingum á stofn- eða tengivegakerfi. Einungis er gert ráð fyrir uppbyggingu gatna í tengslum við aukna byggð og/eða atvinnustarfsemi.

Vegir í dreifbýli

Þar sem hvorki reglubundnar flug- eða skipasamgöngur eru fyrir hendi í sveitarfélaginu treysta íbúar svæðisins nær alfarið á góðar vegasamgöngur. Í ljósi þess og þeirrar fyrirsjáanlegu aukningar á umferð um Djúpavogshrepp, samanber *kafla 3.7.1*, er nauðsynlegt að lögð verði áhersla á að gæði og öryggi vega á svæðinu aukist.

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 er gert ráð fyrir uppbyggingu heilsársvegar (stofnvegar) um Öxi (Axarvegur), frá botni Berufjarðar að Hringvegi í Skriðdal, þannig að umferð um veginn verði tryggð með öruggum hætti allan ársins hring. Hér er um að ræða gríðarlega samgöngubót fyrir sveitarfélagið, þar sem leiðin um Öxi stýttir vegalengdina frá Djúpavogi til Egilsstaða um 61 km úr 146 km í 85 km, ef miðað er við akstur um Breiðdalsheiði, en um 71 km ef ekið er um firði. Á aðalskipulagsuppdrætti er veglínin sýnd samkvæmt tillögum Vegagerðarinnar dags. í janúar 2008, sem sveitarstjórn hefur samþykkt fyrir sitt leyti svo og veglína um botn Berufjarðar.




Þá gerir aðalskipulagstillagan ráð fyrir jarðgöngum milli Álftafjarðar og Lóns, sem myndu auka öryggi vegfarenda til og frá sveitarfélaginu til mikilla muna, þar sem sneitt yrði hjá varasömum vegarkafla um Hvalnes- og Þvottárskriður. Á aðalskipulagsuppdrætti eru sýndar fyrstu hugmyndir Vegagerðarinnar um legu jarðganganna, en nánari hönnun á vegstæði á eftir að fara fram í samráði við landeigendur og aðra umsagnaraðila.

Á yfirlitskorti er sett fram hugmynd um þverun Hamarsfjarðar.

Einnig sýnir aðalskipulagstillagan breytt vegstæði Hringvegar í Hamarsfirði, milli Vígðalæks og Grjótgarðstanga austan við Valtýskamb sem verið er að framkvæma.

Skýringarkort 8. Fyrirhugað stofnvegakerfi í Djúpavogshreppi.



Leiðir til eflingar

- Lögð er á það rík áhersla að stofnvegakerfi sveitarfélagsins verði styrkt með vegi um Öxi og gerð Lónsheiðarganga.
- Lögð er áhersla á að stofnvegakerfi innan sveitarfélagsins verði komið í gott horf hvað varðar gæði og öryggi, svo sem með lagningu bundins slitlags á malarköflum og afnámi einbreiðra brúa.
- Lögð er áhersla á að gæta þess sérstaklega að vegaframkvæmdir séu í samræmi við markmið sveitarfélagsins í umhverfismálum.
- Stefnt skal að þverun Hamarsfjarðar en slíkt felur í sér verulega styttingu.

5.13.2 Gönguleiðir

Stefnt skal á frekari uppbyggingu gönguleiða í sveitarfélaginu.

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 er gert ráð fyrir lagningu og/eða merkingu margra gönguleiða innan þéttbýlsins á Djúpavogi og í dreifbýli, en samkvæmt íbúakönnun á Djúpavogi (fylgiskjal 1) er ánægja með núverandi gönguleiðir á svæðinu og eru þær talsvert notaðar. Áhugi er á frekari uppbyggingu.

Gönguleiðir í þéttbýli

Innan skilgreinds miðsvæðis, er gert ráð fyrir gönguleið frá Bakka fyrir Voginn og út með Vogalandi að Trítón. Þá er mörkuð gönguleið frá athafnasvæði við Mörk vestur að Markarlandi.

Gert er ráð fyrir gönguleiðatengingu milli Klifs og Brekku, sem og tengingar milli Klifs og íbúðarsvæða við Borgarland, Hlíð, Hraun og Hamra. Einnig er gert ráð fyrir gönguleið frá Borgarlandi að Hömrum, Búlandi og Hrauni.

Þá er í tillögunni mörkuð gönguleið milli tjaldsvæðis og Hammersminnis, um Brennikleitt og framhjá bæjarrústum að Höskuldsstöðum.

Ennfremur er gönguleið frá grunnskóla að austanverðu að útsýnisskífu við Bóndavörðu.

Allar gönguleiðir innan þéttbýlisins eru sýndar á þéttbýlisupprætti aðalskipulagsins.



Gönguleiðir í dreifbýli

Samhliða aðalskipulagsvinnunni hefur verið unnið að gerð gönguleiðakorts í Djúpavogshreppi. Gönguleiðir eru sýndar á skýringarkorti 6 í greinargerð, en ekki á aðalskipulagsupprætti.

Leiðir til eflingar

- Lögð skal áhersla á að vinna að gerð nýrra gönguleiða í samstarfi við áhugamenn og félagasamtök, svo og að lagfæringum á eldri leiðum.
- Leggja skal áherslu á kynningu og merkingar á gönguleiðum.
- Stefnt skal að samstarfi við nágrannasveitarfélög um gerð gönguleiða.

5.13.3 Reiðleiðir

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 er gert ráð fyrir að tengivegur yfir Öxi verði gerður að reiðleið, þegar nýr stofnvegur verður gerður. Mun sú reiðleið tengjast reiðleið yfir Berufjarðarskarð.

Reiðleiðir eru sýndar á skýringarkorti 6 en ekki á aðalskipulagsupprætti.

5.13.4 Aðrar samgöngur

Ekki er gert ráð fyrir reglubundnum flugsamgöngum á skipulagstímabilinu, en fullkomin landingaraðstaða fyrir sjúkraflug er mjög mikilvæg til að tryggja öryggi íbúa og gesta.

Þá er mikilvægt að hafnarmannvirki við Djúpavog séu nýtt í meira mæli en nú er gert.

Leiðir til eflingar

- Mikilvægt er að endurbætur verði gerðar á flugvelli við Djúpavog, þannig að hægt sé að tryggja með öruggum hætti sjúkraflutninga frá svæðinu.
- Vinna skal að því að markaðssetja hafnarmannvirkin við Djúpavog gagnvart fiskiskipum, fraktskipum, skemmtiferðaskipum og skútum.

5.14 Veitur

Skipulagsáætluninni er ætlað að skilgreina núverandi og fyrirhuguð stofnkerfi veitna.

Í kafla 4.17.1 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 segir: „Til veitna teljast stofn- og dreifikerfi veitna, s.s. vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu, fjarskipta og fráveitu. Með stofnkerfi er í reglugerð þessari átt við flutningskerfi, frá upptökum að dreifikerfi. Í [...] aðalskipulagi skal gera grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum stofnkerfum vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu, fjarskipta og fráveitu.

Á öllum skipulagsstigum skal gera grein fyrir helgunarsvæðum veitna í skipulagsgreinargerðum.“

5.14.1 Kalt vatn

Í 8. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns segir: „Á skipulagsupphætti aðalskipulags skulu koma fram langtímamarkmið, sbr. 1. mgr.“

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 er núverandi vatnsból á Búlandsdal fyrir þéttbýlið á Djúpavogi sýnt á aðalskipulagsupphætti, sem og lega vatnslagnar frá vatnsbóli að miðlunartanki nærri Miðmorgunspúfu.

Athygli er vakin á því að við deiliskipulagsgerð fyrir einstök svæði skal gera grein fyrir ástandi vatnsmála, samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Leiðir til eflingar

- Lögð er á það áhersla að nægjanlegt kalt vatn sé aðgengilegt fyrir alla íbúa, dvalargesti og atvinnurekendur á svæðinu og viðhald lagna og mannvirkja sé ávallt í góðu lagi.

5.14.2 Heitt vatn

Eins og fram kemur í kafla 2.4.4, hefur á síðustu árum farið fram leit að jarðhita í sveitarfélaginu. Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 er vinnslusvæði borhola fyrir heitt vatn afmarkað undir Hálsun og er það sýnt á aðalskipulagsupphætti.

Á þessu stigi málsins þykja horfur um árangur góðar, sbr kafla 2.4.4 þó ekki sé hægt að slá neinu föstu í þeim efnum. Framtíðarsýnin í þessum málaflokki byggir því að miklu leyti á því hverjar niðurstöður rannsókna á svæðinu verða.



Leiðir til eflingar

- Ef niðurstöður jarðhitarannsókna verða hagstæðar skal stefnt að lagningu hitaveitu fyrir þéttbýlið á Djúpavogi en slíkt mun skapa ný tækifæri fyrir einstaklinga og fyrirtæki á svæðinu og hafa meðal annars veruleg áhrif á rekstrarkostnað stærstu fyrirtækja og stofnana.

5.14.3 Rafmagn

Í Aðalskipulagi Djúpsvogshrepps 2008 – 2020 er stofnkerfi rafveitu á svæðinu sýnt á uppdráttum. Staðsetning tengivirkis á Teigarhorni er sýnd á aðalskipulagsuppdrætti og staðsetning spennistöðva innan þéttbýlisins er sýnd á þéttbýlisuppdrætti.

Leiðir til eflingar

- Lögð er á það áhersla að raforka sé aðgengileg fyrir alla íbúa, dvalargesti og atvinnurekendur á svæðinu og viðhald lína og mannvirkja sé ávallt í góðu lagi.
- Áhersla verður lögð á það á skipulagstímabilinu að línur verði lagðar í jörð á viðkvæmum stöðum og sem flestir bæir eigi kost á þriggja fasa rafmagn.

5.14.4 Fráveitumál

Í 5. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp hefur heilbrigðisnefnd sveitarfélagsins eftirlit með öllum fráveitum og „skal vinna að því að koma í veg fyrir og draga úr óhreinkun vatns, sjávar og stranda af völdum hvers konar fráveituvatns í umdæminu.“

Eins og fram kemur í *kafla 3.8.4* þá eru fráveitumál þéttbýlisins á Djúpavogi leyst annars vegar með viðurkenndum rotþróum eða útrásum út í Berufjörð. Allar skólpútrásir og rotþrær eru sýndar á þéttbýlisuppdrætti.

Leiðir til eflingar

- Gert er ráð fyrir að ein útrás muni bæstast við á Djúpavogi og er staðsetning hennar fyrirhuguð vestan Svalbarðstanga. Auk þess er gert ráð fyrir framlengingu á þær útrásir sem fyrir eru, í sjó, í þéttbýlinu á Djúpavogi.
- Stefnt er að því að öll hús í dreifbýli sveitarfélagsins verði komin með viðurkenndar rotþrær árið 2011. Reglubundin hreinsun skal fara fram á viðkomandi rotþróum.

Eins og fram kemur í *köflum 3.8.1 og 3.8.4* hefur flokkun vatns, markmiðssetning og rannsóknir á mengun ekki farið fram nema að mjög litlu leyti.

Nauðsynlegt er að rannsóknir fari fram árlega á hugsanlegri mengun frá rotþróum sbr. reglugerðir 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

5.14.5 Fjarskipti

Stefnt er að eflingu fjarskipta í sveitarfélaginu með það að markmiði að allir íbúar þess njóti sömu þjónustu.

Eins og segir í *kafla 3.8.5* er talsverð uppbygging í gangi á svæðinu á sviði fjarskiptamála og í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 er gert ráð fyrir að fyrirbyggjandi áætlanir gangi eftir.

Fjórar endurvarpsstöðar útvarps og sjónvarps í sveitarfélaginu eru sýndar á aðalskipulagsuppdráttum, einungis til skýringar, tvær á aðalskipulagsuppdrætti í mælikvarða 1:5.000 og tvær á aðalskipulagsuppdrætti í mælikvarða 1:50.000.

Þá eru ljósleiðarar sýndir á aðalskipulagsuppdrætti. Einnig er sýnd möguleg varaleið sveitarstjórnar og Landsnets vegna fyrirhugaðrar lagningar ljósleiðara yfir Berufjörð.

Leiðir til eflingar

- Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu fjarskipta í sveitarfélaginu á næstu árum sem stuðli að aukinni þjónustu við íbúa og styrki fræðslu- og atvinnustarfsemi. Þessi uppbygging felst án efa m.a. í því að lagning ljósleiðara heldur áfram og tenging fleiri símstöðva og fjarskiptavirkja við ljósleiðara eiga sér stað.
- Lögð er áhersla á greiðan og öflugan aðgang að fjarskiptum fyrir farsíma og tölvur í öllum byggðum sveitarfélagsins, þar sem íbúar geta reitt sig á þjónustu sem er sambærileg við það besta sem boðið er upp á, á landinu á hverjum tíma.
- Lögð er áhersla á að útsendingar útvarps og sjónvarps verði sambærilegar við það sem best gerist á landinu á hverjum tíma.

5.15 Efnistökusvæði

Stefnt er að því að nýta frekar opnar námur, jafnframt sem fylgt verður reglum um fullnaðarfrágang á efnistökusvæðum

Í kafla 4.9.1 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 segir:

„Efnistökusvæði eru þau svæði á landi, í sjó eða vötnum þar sem fyrirhuguð er efnistaka, s.s. malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám.“

Þá segir í kafla 4.9.2 í sömu reglugerð:

„Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir þeim svæðum þar sem fram fer og fyrirhuguð er efnistaka. Efnistökusvæði utan þéttbýlisstaða skulu sýnd á sveitarfélagsuppdrætti en efnistökusvæði innan þéttbýlis á þéttbýlisuppdráttum aðalskipulags. Gera skal grein fyrir staðsetningu og stærð svæðanna og öðru sem þurfa þykir.“

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 er gert ráð fyrir 33 námum og eru þær taldar upp í töflu 36.



Tafla 36. Staðsetning og umfang efnistökusvæða í Djúpavogshreppi.

Nr	Náma	Jörð	Réttshafi	Gerð náma	Áætluð stærð (þús. m ²)	Áætlað efnismagn (þús. m ³)	Notkunaraðili	Stefna um frágang
N1	Bauluhvammur	Berufjörður I, II & Melshorn	Einkaeign	Malarnáma (fyllingar- og malarslitlagsefni)	90	360	Vegagerðin	Vinna að frágangi þeirra hluta námunnar þar sem efnistöku er lokið. Náman er á Langtímaáætlun Vegagerðarinnar um námufrágang 2004 - 2018.
N2	Berufjarðará	Berufjörður I, II & Melshorn	Einkaeign	Malarnáma (burðarlagsefni)	110	220	Vegagerðin	Vinna að frágangi þeirra hluta námunnar þar sem efnistöku er lokið.
N3	Hemra	Berufjörður I, II & Melshorn	Einkaeign	Malarnáma (burðarlags- og fyllingarefni)	45	130	Vegagerðin	Lokast sennilega er framkvæmd yfir Öxi er lokið.
N4	Innri Víná	Berufjörður I, II & Melshorn	Einkaeign	Malarnáma (burðarlagsefni)	80	160	Vegagerðin	Vinna að frágangi þeirra hluta námunnar þar sem efnistöku er lokið.
N5	Ljósumelar	Berufjörður I, II & Melshorn	Einkaeign	Malarnáma (burðarlags- og fyllingarefni)	80	240	Vegagerðin	Vinna að frágangi þeirra hluta námunnar þar sem efnistöku er lokið.
N6	Selá	Berufjörður I, II & Melshorn	Einkaeign	Malarnáma (burðarlags- og fyllingarefni)	20	60	Vegagerðin	Lokast sennilega er framkvæmd yfir Öxi er lokið.
N7	Ytri Víná	Berufjörður I, II & Melshorn	Einkaeign	Malarnáma (burðarlagsefni)	50	100	Vegagerðin	Vinna að frágangi þeirra hluta námunnar þar sem efnistöku er lokið.
N8	Selá	Bragðavellir	Einkaeign	Malarnáma (burðarlags- og fyllingarefni)	30	60	Vegagerðin	Vinna að frágangi þeirra hluta námunnar þar sem efnistöku er lokið.
N9	Á Söndum við flugbrautarenda*	Búlandsnes	Sveitarfélag	Sandur	3,5	7	Takmörkuð notkun	Sjór gengur yfir námu á flóði.
N10	Fossárvík	Eyjófsstaðir / Lindarbrekka	Einkaeign	Malarnáma (burðarlags- og slitlagsefni)	45	90	Vegagerðin	Vinna að frágangi þeirra hluta námunnar þar sem efnistöku er lokið.
N11	Grjótá	Flugustaðir	Einkaeign	Grjótnáma (varnargarðar)	15	23	Vegagerðin	Vinna að frágangi þeirra hluta námunnar þar sem efnistöku er lokið.

N12	Hofsá ofan brúar	Flugustaðir / Stórhóll / Hof	Einkaeign / Sveitarfélag	Malarnáma (burðarlagsefni)	150	300	Vegagerðin	Vinna að frágangi þeirra hluta námunnar þar sem efnistöku er lokið.
N13	Fjara	Gautavík	Einkaeign	Malarnáma (burðarlagsefni)	20	30	Vegagerðin	Vinna að frágangi þeirra hluta námunnar þar sem efnistöku er lokið.
N14	Geithellaá ofan og neðan brúar	Múli	Einkaeign	Malarnáma (burðarlags- og slitlagsefni)	70	110	Vegagerðin	Vinna að frágangi þeirra hluta námunnar þar sem efnistöku er lokið.
N15	Klettur við Urðarhjalla	Hamar	Einkaeign	Grjótnáma (varnargarðar)	45	180	Vegagerðin / Sveitarfélag	Vinna að frágangi þeirra hluta námunnar þar sem efnistöku er lokið.
N16	Hamarsá ofan og neðan brúar	Hamar / Bragðavellir	Einkaeign	Malarnáma (burðarlags- og slitlagsefni)	35	70	Vegagerðin	Vinna að frágangi þeirra hluta námunnar þar sem efnistöku er lokið.
N17	Áreyrar við Hamarsá	Hamarssel / Bragðavellir	Einkaeign	Malarnáma (burðarlags- og slitlagsefni)	300	600	Vegagerðin	Vinna að frágangi þeirra hluta námunnar þar sem efnistöku er lokið.
N18	Rauðaskriða	Hálsströnd	Sveitarfélag	Malarnáma (fyllingarefni)	30	120	Landeigandi	Vinna að frágangi þeirra hluta námunnar þar sem efnistöku er lokið. Náman er á Langtímaáætlun Vegagerðarinnar um námufrágang 2004 - 2018.
N19	Við Illagil	Hálsströnd	Sveitarfélag	Grjótnáma (steinvinnsla)	20	60	Landeigandi	Vinna að frágangi þeirra hluta námunnar þar sem efnistöku er lokið.
N20	Með Gjóðalsá	Hnaukar / Starmýri I - III	Einkaeign	Möl (burðarlagsefni)	70	140	Vegagerðin	Lokast sennilega þegar framkvæmd vegna Lónsheiðarganga er lokið.
N21	Selá neðan við Vatnshlíðarhnaus	Hnaukar / Starmýri I - III	Einkaeign	Möl (burðarlagsefni)	45	90	Vegagerðin	Lokast sennilega þegar framkvæmd vegna Lónsheiðarganga er lokið.
N22	Selá undir Viðartungum	Hnaukar / Starmýri I - III	Einkaeign	Möl (burðarlagsefni)	20	40	Vegagerðin	Lokast sennilega þegar framkvæmd vegna Lónsheiðarganga er lokið.
N23	Selá ofan og neðan brúar	Hnaukar / Starmýri I - III	Einkaeign	Möl (burðarlags- og slitlagsefni)	60	120	Vegagerðin	Vinna að frágangi þeirra hluta námunnar þar sem efnistöku er lokið.
N24	Eyðikinnagil	Hof	Einkaeign	Grjótnáma (varnargarðar)	5	10	Landgræðslan / Vegagerðin	Vinna að frágangi þeirra hluta námunnar þar sem efnistöku er lokið.
N25	Svartagilslækur	Hvannabrekka	Einkaeign	Möl (fyllingarefni)	70	210	Vegagerðin	Vinna að frágangi þeirra hluta námunnar þar sem efnistöku er lokið.

N26	Kambgil	Kambsel	Einkaeign	Grjótnáma (varnargarðar)	15	15	Landgræðslan / Vegagerðin	Vinna að frágangi þeirra hluta námunnar þar sem efnistöku er lokið.
N27	Fjara	Kelduskógar	Einkaeign	Möl (burðarlagsefni)	30	45	Vegagerðin	Vinna að frágangi þeirra hluta námunnar þar sem efnistöku er lokið.
N28	Krossá	Kross / Krossgerði / Karlsstaðir	Einkaeign	Möl (burðarlags- og steypuefni)	10	20	Vegagerðin / Landeigandi	Vinna að frágangi þeirra hluta námunnar þar sem efnistöku er lokið.
N29	Við Krossanessand	Melrakknes	Einkaeign	Möl (fyllingarefni)	15	30	Vegagerðin	Vinna að frágangi þeirra hluta námunnar þar sem efnistöku er lokið.
N30	Búlandsá	Teigarhorn	Einkaeign	Möl (burðarlags- og slitlagsefni)	40	60	Vegagerðin	Vinna að frágangi þeirra hluta námunnar þar sem efnistöku er lokið. Náman er á Langtímaáætlun Vegagerðarinnar um námufrágang 2004 - 2018.
N31	Fjara við Búlandsá	Teigarhorn	Einkaeign	Möl (steypuefni)	15	30	Landeigandi	Vinna að frágangi þeirra hluta námunnar þar sem efnistöku er lokið. Náman er á Langtímaáætlun Vegagerðarinnar um námufrágang 2004 - 2018.
N32	Hofsá neðan brúar	Tunguhlíð	Sveitarfélag	Möl (burðarlagsefni)	90	180	Vegagerðin	Vinna að frágangi þeirra hluta námunnar þar sem efnistöku er lokið.
N33	Þvottárskriður	Þvottá	Einkaeign	Möl (malarslitlags- og fyllingarefni)	60	360	Vegagerðin	Vinna að frágangi þeirra hluta námunnar þar sem efnistöku er lokið. Náman er á Langtímaáætlun Vegagerðarinnar um námufrágang 2004 - 2018.

Heimild: Vegagerðin

5.15.1 Frágangur efnistökusvæða

Samkvæmt 49. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd kemur meðal annars fram að þegar vinnslutíma efnistökusvæðis lýkur skuli ganga snyrtilega frá því, þannig að sem best falli að umhverfi. Skal sá frágangur vera í samræmi við áætlun um efnistöku. Óheimilt er að láta efnistökusvæði standa ónotað eða ófrágengið lengur en í þrjú ár.

5.15.2 Leyfisveitingar vegna efnistöku

Samkvæmt 47. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 er öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

Sækja þarf um framkvæmdaleyfi til sveitarstjórnar fyrir notkun efnisnáma í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, áður en efnistaka hefst nema um sé að ræða minniháttar efnistöku landeigenda eða umráðamanns eignarlands til eigin nota.

Í 47. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd segir: „*Er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil, án leyfis, minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta verndar skv. 37. gr.*“

Í bráðabirgðaákvæði við lög nr. 44/1999 um náttúruvernd segir: „*Eftir 1. júlí 2008 er efnistaka óheimil, nema að fengnu framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, á þeim svæðum þar sem efnistaka á landi og eða úr hafsbotni innan netlaga var hafin fyrir 1. júlí 1999 og eitt eða fleiri af eftirfarandi atriðum eiga við um efnistöku:*

- a. *áætluð er stækkun efnistökusvæðis um 25.000 m² eða meira.*
- b. *áætluð efnistaka eftir 1. júlí 2008 er 50.000 m³ eða meiri.*
- c. *áætluð er samanlögð stækkun tveggja eða fleiri efnistökuastaða vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði um 25.000 m² eða meira.*
- d. *efnistakan fer fram á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, eða á svæði sem fyrirhugað er að verði friðlýst samkvæmt náttúruverndaráætlun sem samþykkt hefur verið á Alþingi.*

Við veitingu framkvæmdaleyfis skv. 1. mgr. skal fylgja ákvæðum 48. og 49. gr. laga þessara. Ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, skulu gilda um efnistöku sem fellur undir 1. mgr. Eftir 1. júlí 2012 skal afla framkvæmdaleyfis fyrir allri efnistöku á svæðum þar sem efnistaka var hafin fyrir 1. júlí 1999 í samræmi við ákvæði VI. kafla laga þessara.“

Leyfi Umhverfisstofnunar þarf ef efnistaka er fyrirhuguð á friðlýstum svæðum og leita skal eftir umsögn og tilkynna Umhverfisstofnun ef efnistaka er fyrirhuguð á svæðum á náttúruverndarsvæði, sbr. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Samkvæmt 10. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001 þarf leyfi Fornleifaverndar ríkisins ef hugsanlegt er að fornleifar eða friðlýstar minjar spillist.

Þá þarf leyfi Landbúnaðarstofnunar fyrir efnistöku sem getur haft áhrif á lífríki í ám og vötnum.

Efnistaka fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, fari efnistökusvæði yfir tiltekna stærð (sjá kafla 5.2).

5.15.3 Leiðir til eflingar

- Leggja verður áherslu á skipulega nýtingu efnistökustaða og snyrtilegan frágang þar þegar efnistöku lýkur, samanber leiðbeiningarit *Vegagerðarinnar um námur – efnistaka og frágangur*, útgefið í apríl 2002.
- Efnistaka á verndarsvæðum aðalskipulagstillögunnar er bönnuð nema að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og leyfis sveitarstjórnar, nema annað sé tekið fram.

5.16 Úrgangsmál, sorp og sorphirða

Í gr. 4.10. 1 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 segir eftirfarandi: „*Sorpförgunarsvæði eru svæði þar sem fram fer eða fyrirhuguð er förgun á sorpi og öðrum úrgangi, s.s. urðun eða brennsla.*“

Í gr. 4.10.2 sömu reglugerðar segir ennfremur: „*Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir þeim svæðum þar sem fram fer og fyrirhuguð er förgun á sorpi og öðrum úrgangi. Sorpförgunarsvæði utan þéttbýlisstaða skal sýna á sveitarfélagsuppdraetti en sorpförgunarsvæði innan þéttbýlis á þéttbýlisuppdráttum aðalskipulags. Gera skal grein fyrir staðsetningu og stærð svæðanna, áhrifum á aðra landnotkun og öðru sem þurfa þykir.*“

Sorpgámar eru heimilaðir á landbúnaðarsvæðum og frístundabyggðarsvæðum en staðsetning þeirra er ekki gefin upp á aðalskipulagsuppdraetti. Eins og fram kemur í kafla 3.9 er sorpurðunarsvæði fyrir Djúpavogshrepp staðsett í Lóni.

Þá gerir tillagan ráð fyrir losunarsvæði (1,4 ha) fyrir jarðveg, garðaúrgang og steypubrot sunnan undir Grænuhraunum norðan Búlandshafnar.

Ennfremur eru gömul og lokuð urðunarsvæði sýnd með svörtum hring á aðalskipulagsuppdraetti og yfirlitsuppdraetti.

Gert er ráð fyrir að sorpflokkun og móttökustöð fyrir flokkaðan úrgang sé í húsnæði innan hafnarsvæðis í Innri Gleðivík.

Í 4. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs segir m.a.: „*Heilbrigðisnefndir skulu annast eftirlit með meðferð á úrgangi sem fjallað er um í III. kafla reglugerðarinnar. Heilbrigðisnefndir veita starfsleyfi fyrir söfnunarstöðvar og hafa eftirlit með þeirri starfsemi.*“

Í 6. gr. reglugerðarinnar segir: „*Sveitarstjórn skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu. Í dreifbýli er sveitarstjórn heimilt í samráði við heilbrigðisnefnd að setja upp sorpílát í stað þess að sækja heimilisúrgang á hvert heimili. Sveitarstjórn skal í samráði við heilbrigðisnefnd setja upp sorpílát í nánd við sumarbústaðahverfi.*“

Í 8. gr. reglugerðarinnar segir: „*Sveitarstjórn skal semja og staðfesta áætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til minnst tólf ára í senn og skal sú áætlun byggjast á markmiðum landsáætlunar sbr. 5. gr. Í áætluninni skal gera grein fyrir með hvaða hætti sveitarfélagið hyggst ná markmiðum landsáætlunar þ.m.t. leiðum til að draga úr myndun úrgangs, endurnota eða endurnýta úrgang og förgunarleiðum. Þá skal í áætluninni vera yfirlit yfir hentug svæði þar sem úrgangi kann að verða fargað. Heimilt er að gera sameiginlegar áætlanir fyrir svæði einstakra sorpsamlaga og geta sveitarstjórnir falið hlutaðeigandi byggðasamlagi eða heilbrigðisnefnd að semja áætlunina. Endurskoða skal áætlunina á þriggja ára fresti.*“

5.16.1 Leiðir til eflingar

- Að halda áfram að vinna að frekari flokkun á úrgangi.
- Að upplýsingar um losun byggingarúrgangs og spilliefna verði látnar fylgja byggingarleyfi.
- Að vekja áhuga fólks á endurgerð lífræns úrgangs, til dæmis með moltugerð eða safnkassa.

5.17 Náttúruvá og önnur vá

Í *kafla 2.3* er gerð grein fyrir náttúruvá á svæðinu.

Samkvæmt gr. 4.18.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 segir eftirfarandi: „Í [...] aðalskipulagi skal auðkenna og gera grein fyrir svæðum undir náttúruvá, staðsetningu þeirra, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð. Gera skal grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum varnarvirkjum vegna ofanflóða, sjávarflóða og vatnsflóða og hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðum undir náttúruvá og nærliggjandi svæðum og hvernig hún fellur að reglum sem gilda á hverju svæði fyrir sig.“

Á aðalskipulagsupprætti eru merkt inn svæði í Þvottáskriðum þar sem hættu er á grjóthruni.

Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands mun stofnunin vinna að dreifbýlishættumati vegna ofanflóða fyrir allar byggðir landsins. Meðan niðurstöður liggja ekki fyrir mælist Veðurstofan til að Aðalskipulag Djúpavogshrepps 2008 - 2020 sé staðfest með fyrirvara um gerð ofanflóðahættumats, samkvæmt lögum 49/1997 við gerð deiliskipulags og afgreiðslu einstakra byggingar- og framkvæmda-leyfisumsókna.

Heimild: Veðurstofa Íslands

Gæta þarf varúðar við skipulagningu byggðar nálægt ströndinni vegna hættu á landbroti. Fjarlægð frá sjávarbakka og gólfhæðir bygginga þurfa að vera í samræmi við skipulags- og byggingarreglur á lágsvæðum þar sem hættu er á flóðum.

Heimild: Siglingmálastofnun

5.17.1 Miltisbrunagrafir

Eins og fram kemur í *kafla 3.9.1* eru skráðar miltisbrandsgrafir á fjórum stöðum í sveitarfélaginu.

Þar kemur einnig fram að talið sé að miltisbrandsgró geti lifað í jarðvegi í nokkur hundruð ár, en smithætta sé ekki fyrir hendi á þeim stöðum sem grafir finnast nema ef jarðrask á sér stað. Getur þá smithættan orðið lífshættuleg. Er því best að láta slíka staði óhreyfða með öllu.

Hins vegar er mögulegt, sé jarðrask óhjákvæmilegt, að afstýra hættu á smiti við jarðrask, ef rétt viðbrögð eru viðhöfð og aðgát sýnd.

Nauðsynlegt er því að fræða verktaka og framkvæmdaðila um hættuna áður en framkvæmdir hefjast og minna reglulega á mögulega hættu.

Vakni grunur um gröf eða bein og aðrar líkamsleifar koma upp við framkvæmdir, skal kalla á héraðsdýralækni eða heilsugæslulækni, sem taka þá ákvörðun um framhald framkvæmda að höfðu samráð við yfirdýralækni og sóttvarnarlækni.

6. kafli – Svæðisskipulag og um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda



6.1 Breytingar á Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015

Eins og fram kemur í 1. kafla var Djúpavogshreppur aðili að gerð Svæðisskipulags Miðhálandis Íslands 2015 og í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 eru gerðar breytingar frá því. Breytingarnar eru sem hér segir:

- Náttúruverndarsvæði í Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015 eru í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 sýnd sem hverfisvernduð landbúnaðarsvæði á Náttúruminjaskrá 1996.
- Almenn verndarsvæði í Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015 eru í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 sýnd annars vegar sem hverfisvernduð landbúnaðarsvæði á Náttúruminjaskrá 1996 og hins vegar sem landbúnaðarsvæði.
- Önnur svæði í Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015 eru í Aðalskipulagi Djúpavogs 2008 - 2020 sýnd sem landbúnaðarsvæði.
- Merkar fornminjar í Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015 eru í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 sýndar sem tillaga sveitarstjórnar Djúpavogshrepps að friðlýsingu fornminja (sjá töflu 20).

6.2 Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda sbr. lög nr. 106/2000

6.2.1 Tilgangur og hlutverk mats á umhverfisáhrifum

Í gr. 3.3 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 segir hvernig fjalla beri um lög um mat á umhverfisáhrifum í skipulagsáætlunum.

Í 1. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 segir eftirfarandi:

„Markmið laga þessara er:

- *Að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar.*
- *Að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna framkvæmdar sem áhrif hefur á umhverfið.*
- *Að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmdar sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og mótvægisáðgerðir vegna þeirra og eða almenningur komi að athugasemdum og upplýsingum áður en úrskurður um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar er kveðinn upp.“*

6.2.2 Framkvæmdir sem alltaf eru háðar mati á umhverfisáhrifum.

Í 5. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum segir meðal annars eftirfarandi:

- *„Þær framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. viðauka við þessi lög skulu ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum.“*
- Nýir vegir utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis þar sem nýlagning samkvæmt áætlunum er a.m.k. 10 km að lengd.
- Loftlínur utan þéttbýlis til flutnings á raforku með 66 kV spennu eða hærri. Sæstrengir til flutnings á raforku með 132 kV spennu eða hærri og eru 20 km eða lengri.

- Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m² svæði, eða stærra eða er 150.000 m³ eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður ná til samans yfir 50.000 m² svæði eða stærra. Efnistaka á verndarsvæðum.

Samkvæmt lögum nr. 106/2000 eru eftirtaldar framkvæmdir sem sýndar eru í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 háðar mati á umhverfisáhrifum:

- Uppbygging Axarvegjar (939)
- Uppbygging Hringvegjar í botni Berufjarðar
- Jarðgöng um Lónsöræfi
- Efnistökusvæði

6.2.3 Framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum.

Í 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum segir meðal annars eftirfarandi: „Framkvæmdir sem tilgreindar eru í 2. viðauka við lög þessi skulu háðar mati á umhverfisáhrifum þegar þær geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar.“ Ef fyrirhugaðar framkvæmdir falla undir 2. viðauka ber framkvæmdaraðila að tilkynna þær til Skipulagsstofnunar, sem sker úr um hvort þær teljist matskyldar samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum eða ekki.

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 er gert ráð fyrir framkvæmdum sem falla undir eftirfarandi liði í 2. viðauka og gætu því talist matsskyldar:

- Flutningskerfi gass, gufu eða heits vatns; flutningur á raforku með jarðstrengjum utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri og eru grafnir niður eða lagðir í stokk.
- Nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum og ruðningur á náttúrulegum skógi.
- Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til stærra landsvæðis en 20 ha.
- Iðjuver til framleiðslu á rafmagni, gufu og heitu vatni, vatnsorkuver með uppsett rafafli 200 kW eða meira og varmavinnsla úr jarðhitasvæðum sem nemur 2.500 kW hráafli eða meira.
- Efnistaka á landi eða úr hafsbotni þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m² svæði eða stærra eða er 50.000 m³ eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 25.000 m².

Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um matsskyldu framkvæmda og kveður upp úrskurð um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Ákvarðanir og úrskurði Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra.

Í 7. grein sömu laga segir: „Umhverfisráðherra er heimilt, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, að mæla svo um í reglugerð að framkvæmd sem ekki er talin upp í 1. og 2. viðauka við lög þessi skuli háð mati ef sýnt þykir að hún geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Sama gildir um framkvæmd sem varðar alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að. Við ákvörðunina skal ráðherra fylgja viðmiðunum í 3. viðauka við lög þessi og leita álits Skipulagsstofnunar, leyfisveitanda, framkvæmdaraðila og annarra eftir eðli máls hverju sinni.“

7. kafli – Framfylgd aðalskipulags



Framfylgd stefnu aðalskipulags er að hluta til ákveðin í aðalskipulaginu sjálfu, þ.e. það sem leiðir að þeim markmiðum sem sett eru. Eftir staðfestingu aðalskipulagsins þarf nánari útfærslu. Skilgreina þarf verkefni, framkvæmdir, aðgerðir og málsmæðferð m.ö.o. gera þarf framkvæmdaáætlun.

Skipulags- og byggingarlög gera ráð fyrir nokkrum stjórnækjum til að framfylgja aðalskipulagi en auk þess er hægt að beita ýmsum aðferðum við að framfylgja stefnu aðalskipulags.

Lögbundin stjórnækki

Þau stjórnækki sem felast í skipulags- og byggingarlögum í sambandi við framfylgd aðalskipulags eru deiliskipulag, byggingarleyfisveiting og framkvæmdaleyfisveiting. Auk þess gegnir mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, hlutverki við framfylgd skipulagsáætlana.

Fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins sem skilgreindar eru í sveitarstjórnarlögum skipta miklu máli í þessu sambandi.

Deiliskipulag

Aðalskipulag mótar ramma fyrir deiliskipulag einstakra hverfa, svæða eða reita. Í deiliskipulagi eru markmið og ákvæði aðalskipulagsins útfærð nánar.

Sveitarstjórnin sér um að samræmi sé milli aðalskipulags og deiliskipulags.

Byggingar- og framkvæmdaleyfi

Hlutverk leyfisveitenda (byggingar- og skipulagsnefndar, sveitarstjórnar) er m.a. að tryggja að framkvæmdir í sveitarfélaginu verði samkvæmt gildandi skipulagsáætlunum.

Mat á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda

Mat á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda er undanfari framkvæmda sem falla undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum. Í matinu er meðal annars kannað samræmi við samþykktar skipulagsáætlanir og forsendur ákvarðana um viðkomandi framkvæmd skoðaðar nánar með tilliti til umhverfisáhrifa.

Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skulu sveitarstjórnir gera fjárhagsáætlanir um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Gera skal áætlun sem nær til 3ja ára sem setur ramma um gerð árlegrar fjárhagsáætlunar. Við gerð fjárhagsáætlunar gefst tækifæri til að forgangsraða framkvæmdum og verkefnum sem skilgreind hafa verið í aðalskipulagi.

Aðrar aðferðir

Auk lagalega skilgreindra stjórnækja er hægt að beita ýmsum aðferðum við að framfylgja stefnu aðalskipulags. Þær geta til dæmis verið verklagsreglur og gátlistar embættismanna, verkefnaáætlanir, starfshópar um tiltekin mállefni, reglubundin vöktun forsenda, mat á árangri markmiða og Staðardagskrá 21.

Framkvæmda- og verkefnaáætlanir

Stefnu aðalskipulags er hægt að útfæra í framkvæmdaáætlun fyrir einstaka málaflokka sveitarfélagsins. Í framkvæmdaáætlun eru framkvæmdir og aðgerðir tímasettar og kostnaður áætlaður.

Starfshópar

Mögulegt er að skipa starfshópa um tiltekin viðfangsefni sem hafa það að hlutverki að vinna að framfylgd og útfærslu stefnu aðalskipulagsins um viðkomandi málefni.

Verklagsreglur

Verklagsreglur og gátlista má nýta til að gera yfirferð yfir deiliskipulagstillögur og bygginga- og framkvæmdaleyfisumsóknir markvissa og til að gæta samræmis við afgreiðslu mála.

Vöktun og endurskoðun

Reglulegt mat á því hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulag er liður í að framfylgja skipulagsáætluninni. Þannig er með reglulegu millibili skoðað hvernig gengur að ná fram markmiðum skipulagsins og hvort breyttar forsendur kalli á breytingar í stefnu skipulagsins.

Staðardagskrá 21

Aðalskipulag getur verið grundvöllur fyrir Staðardagskrá 21 sem er umhverfisframkvæmdaáætlun sveitarfélagsins, gerð á grundvelli Dagskrár 21, alþjóðlegrar samþykktar um umhverfismál.

Í Staðardagskrá 21 er hægt að skilgreina nánar verkefni, framkvæmdir og áform í umhverfismálum sem ætlað er að stuðla að sjálfbærri þróun. Verkefnum er þá forgangsraðað, kostnaður áætlaður, tímasett hvenær verkefnum skuli lokið og skilgreint hvernig eigi að vinna að framkvæmd þeirra.



Sveitarstjórn Djúpavogshrepps 2006 – 2010, ásamt sveitarstjóra.

8. kafli – Ýmsar hugmyndir



Hér á eftir fara ýmsar hugmyndir sem komu fram við vinnu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 og eru góðra gjalda virði.

- Aukin menningarstarfsemi og efla tengsl við listamenn á staðnum (Sigurður Guðmundsson, Þór Vigfússon o.fl.). Leiga á húsnæði fyrir listamenn / rithöfunda / vísindmenn o.fl. Vinnuskipti milli vísindamanna og sveitarfélagsins.
- Opna bú fyrir ferðamönnum. Efla staði sem hafa náttúruverndar- og þjóðminjaverndargildi.
- Byggja upp jaðarmiðstöð í sveitarfélaginu vegna umferðar um hálendið.
- Skapa fleiri útsýnisstaði og áningarstaði í sveitarfélaginu t.d. í tengslum við vegaframkvæmdir.
- Vistvernd í verki: Vistvernd í verki er alþjóðlegt umhverfisverkefni fyrir heimili. Markmið verkefnisins er að styðja og hvetja fólk til að taka upp vistvænni lífsstíl skref fyrir skref á þeim hraða, sem hver velur sér. Verkefnið er hið eina sinnar tegundar í heiminum svo vitað sé og hafa kannanir sýnt að það skilar miklum og varanlegum árangri í bættri umhverfismeðvitund og hegðun. Vistvernd í verki byggist á hópstarfi þar sem fulltrúar 5 til 8 heimila koma saman til 7 fræðslufunda á um 12 vikna tímabili. Hverjum hópi er fylgt eftir af þjálfuðum leiðbeinanda og allir þátttakendur fá handbók og vinnubók þar sem finna má góð ráð og skrá árangur starfsins. Leiðbeinandi stýrir fyrsta og síðasta fundi en þess á milli starfar hópurinn sjálfstætt en með stuðningi leiðbeinanda.
- Bæta og kynna gönguleiðir á svæðinu. Efna mætti til skipulagðra ferða um merkt náttúru- og minjaverndarsvæði, þar sem eðli þeirra og saga er kynnt (Papey, Hálsþorp, Gautavík, gömul bæjarstæði o.fl.).
- Tryggja þarf að fjölbreytileg og aðlaðandi veitinga- og gístiaðstaða sé fyrir hendi á svæðinu árið um kring.
- Leggja má vinnu í að þróa nýjar leiðir til þess að nýta á fjölbreyttari hátt hráefni til matargerðar sem framleitt er á svæðinu (hreindýr, fuglar o.fl.).
- Leggja má áherslu á að nýting hlunninda verið markviss og fjölbreytt.
- Viðskiptatækifæri í tengslum við vetrarferðamennsku getur verið t.d.; Jeppaferðir, hreindýraskoðun, veiði á villtum dýrum og fiskum, menningarviðburðir, upplifa myrkur og þögn, gönguferðir í vetrarríki, ísklifur, jöklaferðir, fjallgöngur.
- Draumasafn: miðstöð á Íslandi fyrir drauma í íslenskri, menningararfleifð fyrir og nú og það eina sinnar tegundar á landinu. Safnið vinnur að söfnun og skráningu drauma, fræðslu um drauma, að listrænum viðburðum, ráðstefnu- og sýningahaldi og rannsóknum á draumum.
- Enn frekari fræðsla sem tengist Íslendingasögum og sögu héraðsins.
- Verkefni tengd Tyrkjaráninu, einum mesta atburði héraðsins. Mjög áhugavert efni sem nýta mætti til fræðslu og eflingar ferðamennsku í Djúpavogshreppi.

9. kafli – Heimildir



Þær heimildir sem eru fylgiskjöl eru ekki taldar upp í þessari töflu.

1. Aðalskipulag Búlandshrepps og Djúpavogs 1989 -2009. Búlandshreppur og Skipulag ríkisins.
2. Andrés Skúlason, oddviti Djúpavogshrepps.
3. Bragi Gunnlaugsson bóndi Berufirði.
4. Bændasamtök Íslands: Ólafur Dýrmundsson.
5. Erlingur Hauksson – tölvupóstur dags. 26. febrúar 2007.
6. Erlingur Hauksson (2005). Hringormar og fæða fisks, dílaskarfs og landsels við Melrakkane í Hamarsfirði. Hafrannsóknarstofnunin. Fjölrit 115, bls. 21-29.
7. Fasteignamat ríkisins: Jón Ingi Jósafatsson.
8. Ferðamálaráð: Ferðavenjur innanlands árið 2003 Ferðamálaráð Viðhorfsrannsókn. Desember 2003.
9. Gísli Már Gíslason – tölvupóstur 27. febrúar 2007.
10. Gísli Már Gíslason 1977. Íslenskar vatnabjöllur. Náttúrufræðingurinn 47(3-4):154-159.
11. Guðmundur Bernódusson, Guðmundur L. Hafsteinsson og Kristján Sveinsson (2002). Vitar á Íslandi. Leiðarljós á landsins ströndum 1878 – 2002. Kópavogur: Siglingamálastofnun.
12. Gylfi Pálsson – Um Stangveiði á Austurlandi. Frá Langanesi í Lón. Tekið af Netinu 2. mars 2007 af slóðinni <http://www.hugform.net/austurland.htm>
13. Hafrannsóknarstofnunin: Sverrir D. Haraldsson – tölvupóstur dags. 27. febrúar 2007.
14. Hagstofa Íslands: Jóhannes Siggeirsson og Lárus Blöndal.
15. Haraldur Matthíasson (1982). Landið og Landnáma 2. Reykjavík: Örn & Örlygur.
16. Heilbrigðiseftirlit Austurlands.
17. Héraðs- og Austurlandsskógar: Jóhann Þórhallsson, samtal 19. mars 2007.
18. Hjörleifur Guttormsson (2002). Árbók Ferðafélags Íslands 2002. Ferðafélag Íslands.
19. Húsafriðunarnefnd ríkisins.
20. Ingimar Sveinsson (1989). Djúpivogur – 400 ár við Voginn. Búlandshreppur
21. Ingimar Sveinsson (2003). Djúpivogur: Siglt og róð um firði og eyjasund. Djúpavogshreppur.
22. Jarðfræðistofan Stapi: Ómar Smári Bjarkason.
23. Landbúnaðarráðuneytið.
24. Náttúrufræðistofnun: Kristbjörn Egilsson.
25. Náttúrustofa Austurlands: Skarphéðinn Þórisson.
26. Rögnvaldur Guðmundsson. Ferðamenn á Austurlandi. Skýrsla unnin fyrir Ferðamálasamtök Austurlands. Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar: Mars 2006.
27. Samgönguáætlun 2003 – 2007.
28. Samgönguáætlun 2003 – 2014.
29. Siglingamálastofnun: Kristján Helgason.
30. Sigurður Sigurðarson dýralæknir – tölvupóstur 25. júlí 2008.

31. Sigurður Ægisson (1988). Um guðshús í Djúpavogsprestakalli - frá öndverðu til okkar daga. Múlaþing, 16, bls. 25-38.
32. Síminn: Gísli Skagfjörð.
33. Skipulagsstofnun.
34. Skrá um friðlýstar fornminjar 1990 (1. útgáfa). Fornleifavernd.
35. Sveitarstjóri Djúpavogshrepps: Björn Hafþór Guðmundsson.
36. Umhverfisstofnun: Áki Ármann Jónsson.
37. Veðurstofa Íslands: Trausti Jónsson.
38. Vefur Alþingis: www.althingi.is
39. Vefur Beruness: www.simnet.is/berunes
40. Vefur Djúpavogshrepps: www.djupivogur.is
41. Vefur Eyjólfsstaða í Fossárdal: www.djupivogur.is/eyjolfstadir
42. Vefur Ferðamálastofu: www.ferdamalastofa.is
43. Vefur HB Granda: www.hbgrandi.is
44. Vefur Íslandspósts: www.postur.is
45. Vefur Landsambands fiskeldisstöðva: www.lfh.is
46. Vefur Landsnets: www.landsnet.is
47. Vefur Línuhönnunar hf.: www.linuhonnun.is
48. Vefur Nytjaland: www.nytjaland.is
49. Vefur Ríkisútvarpsins: www.ruv.is
50. Vefur Samgönguráðuneytisins: www.samgonguraduneyti.is
51. Vefur Samtaka ferðaþjónustunnar: www.saf.is
52. Vefur Símans: www.siminn.is
53. Vefur Skipulagsstofnunar: www.skipulag.is
54. Vefur Sparisjóðs Hornafjarðar: www.spar.is
55. Vefur Stangveiðifélags Reykjavíkur: www.svfr.is
56. Vefur Veðurstofu Íslands: www.vedur.is
57. Vefur Vegagerðarinnar: www.vegagerdin.is
58. Vefur Veiðimálastofnunar: www.veidimal.is
59. Vefur Vísis: www.visirhf.is
60. Vefur Þróunarfélags Austurlands: www.austur.is
61. Vegagerðin – samtal Reynir Gunnarsson 22. janúar 2008.
62. Veiðimálastofnun – samtal Guðni Guðbergsson 2. mars 2007.

Viðauki



Grunnástand og viðmið til grundvallar mati á áhrifum áhrifapátta á umhverfisþætti.

Umhverfisþáttur	Grunnástand (kaflar í greinargerð)	Viðmið til grundvallar mati á áhrifum áhrifapátta Mun áhrifapáttur hafa áhrif á ...
Landslag og jarðmyndanir	2.1 og 2.4	Viðkvæm svæði? Svæði sem lúta verndun með einhverjum hætti?
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	2.6 og 2.7	Viðkvæm svæði? Svæði sem lúta verndun með einhverjum hætti? Stærð svæða? Mikilvægi svæða? Votlendissvæði? Sjaldgæf vistkerfi, vistgerðir eða búsvæði? Válistategundir?
Gróðurfar	1.6	Viðkvæm svæði? Svæði sem lúta verndun með einhverjum hætti? Stærð svæða? Mikilvægi svæða? Líffræðilegan fjölbreytileika? Votlendissvæði? Sjaldgæf vistkerfi, vistgerðir eða búsvæði? Válistategundir?
Fugla- og dýralíf	2.6	Líffræðilegan fjölbreytileika? Sjaldgæfar tegundir? Válistategundir?
Vatnalíf og fiskistofnar	2.6	Líffræðilegan fjölbreytileika? Sjaldgæfar tegundir? Válistategundir?
Þjóðminjar	3.2	Stærð svæða? Friðuð svæði? Mikilvægi svæða? Húsvernd?
Samfélag og atvinnulíf	3.3 - 3.6	Fjöldi starfa? Fjölbreytni starfa? Samsetningu samfélags? Fjöldi íbúa? Fjöldi dvalargesta?
Útivist og ferðaþjónusta	3.5	Upplifun íbúa og ferðamanna? Aðgengi? Fjöldi ferðamanna? Samsetningu ferðamanna? Lengd dvalartíma? Fjölbreytileika í afþreyingu?
Heilsa og öryggi		Heilsufar íbúa og/eða dvalargesta? Öryggi íbúa og/eða dvalargesta?
Samgöngur	3.7	Aðgengi gangandi, ríðandi og hjólandi vegfarenda? Ferðavenjur og fjöldi ferða? Vegalengdir? Gæði samgöngumannvirkja?
Mengun		Sjónræn gæði? Loftgæði? Hljóðvist? Jarðveg? Ár og/eða læki? Grunnvatn? Gróður og/eða dýralíf?
Önnur landnotkun		Áhrif á áðra landnóktun?

